

JÓRUNN KRISTÍN FJELDSTED

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

Lokaverkefni til MA-gráðu í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Leiðbeinandi : Ingibjörg Ingvadóttir
Lagadeild Háskólans á Bifröst
Sumarönn 2010

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

Efnisyfirlit:

1	INNGANGUR	5
2	I. HLUTI.....	8
2.1	SKILGREINING SKATTHUGTAKSINS.....	8
2.2	TENGL STJÓRNARSKRÁR OG SKATTARÉTTAR.....	9
2.2.1	Formkröfur.....	9
2.2.2	Efniskröfur	10
2.3	ÝMIS HUGTÖK	11
2.3.1	Greiðslugetukenningin	12
2.3.2	Lóðrétt og lárétt jafnræði.....	13
2.3.2.1	Um greiðslugetu- og jafnræðiskenningar	13
2.3.3	Skattbyrði	15
2.3.4	Jaðarskattur	16
2.4	SKATTKERFI	16
2.4.1	Fjölbrepaskattkerfi (Progressive Tax System).....	17
2.4.2	Fast skatthlutfall (Proportional Tax System)	18
2.4.3	Hlutverk skattkerfis	18
2.5	SAMANTEKT I. HLUTA	19
3	II. HLUTI.....	20
3.1	ÞRÓUN SKATTKERFIS Á ÍSLANDI.....	20
3.1.1	Tekjuskattslög nr. 21/1877.....	20
3.1.2	Tekju- og eignarskattslög nr. 74/1921	21
3.1.3	Tekju- og eignarskattslög nr. 46/1954	21
3.1.4	Tekju- og eignarskattslög nr. 40/1978	22
3.1.5	Tekju- og eignarskattslög nr. 75/1981	23
3.1.6	Tekjuskattslög nr. 90/2003.....	23
3.1.7	Tekjuskattskerfið 1988 - 2009	23
3.1.8	Helstu breytingar á skattalögum árin 2009 - 2010	25
3.1.8.1	Helstu breytingar á tekjuárinu 2009:.....	26
3.1.8.2	Helstu breytingar á tekjuárinu 2010:.....	27
3.1.8.3	Breytingar á skattmati 2010	28
3.2	TEKJUHUGTAKIÐ.....	30
3.2.1	Flokkun tekna	32
3.2.2	Tekjufærsla.....	32
3.3	FRÁDRÁTTARHEIMILDIR MANNA	33

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

3.3.1	30. grein tekjuskattslaga nr. 90/2003	34
3.3.2	Helstu frádráttarheimildir	34
3.3.2.1	Ökutækjastyrkur.....	35
3.3.2.2	Dagpeningar	36
3.3.2.3	Hliðstæðar endurgreiðslur	37
3.3.2.3.1	Tímabundin störf fjarri heimili.....	38
3.3.2.4	Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði.....	39
3.3.2.5	Beinn kostnaður	40
3.3.2.6	Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækum	41
3.3.2.7	Um frádráttarheimildir.....	41
3.4	ÍVILNUN.....	42
3.4.1	Auka ívilnun	44
3.5	SKATTAFSLÆTTIR	44
3.5.1	Persónuafsláttur.....	44
3.5.1.1	Réttur til persónuafsláttar.....	45
3.5.1.2	Nýting persónuafsláttar	45
3.5.1.2.1	Meðferð ónýtt persónuafsláttar við álagningu	47
3.5.1.3	Samspil persónuafsláttar, skatthlutfalls og skattleysismarka.....	47
3.5.1.4	Rök með og á móti millifærslu persónuafsláttar á milli hjóna.....	50
3.5.2	Sjómannaafsláttur.....	51
3.5.2.1	Réttur til sjómannaafsláttar	52
3.5.2.2	Útreikningur sjómannaafsláttar	53
3.5.2.3	Nýting sjómannaafsláttar	53
3.5.2.4	Afnám sjómannaafsláttar	53
3.6	BÆTUR Í SKATTKERFINU	54
3.6.1	Barnabætur	54
3.6.1.1	Réttur til barnabóta.....	55
3.6.1.2	Stofn til útreiknings barnabóta	56
3.6.1.3	Um barnabætur.....	57
3.6.2	Vaxtabætur.....	58
3.6.2.1	Réttur til vaxtabóta	58
3.6.2.2	Vaxtagjöld í skilningi 2. mgr. B-liðar 68. gr. tekjuskattslaganna	59
3.6.2.3	Stofn til útreiknings vaxtabóta	60
3.6.2.4	Útreikningur vaxtabóta	61
3.6.2.5	Um vaxtabætur	61
3.6.3	Húsaleigubætur.....	62
3.6.3.1	Réttur til húsaleigubóta.....	63
3.6.3.2	Stofn til útreiknings húsaleigubóta	63
3.6.3.3	Útreikningur húsaleigubóta.....	63
3.6.3.4	Húsaleigubætur eða vaxtabætur?.....	64

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

3.7	HELSTU SKATTAR MANNA	65
3.7.1	<i>Tekjuskattur</i>	65
3.7.2	<i>Útsvar</i>	65
3.7.3	<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	66
3.7.4	<i>Framkvæmdasjóður aldraðra</i>	66
3.7.5	<i>Útvarpsgjald</i>	66
3.7.6	<i>Auðlegðarskattur</i>	66
3.8	SKATTLAGNING HJÓNA.....	68
3.8.1	<i>Skilyrði samsköttunar</i>	69
3.8.1.1	Skilyrði til skráningar sambúðar í Þjóðskrá.....	69
3.8.2	<i>Takmörkuð sérsköttun</i>	70
3.8.2.1	Gildir takmörkuð sérsköttun um hjón?	71
3.8.3	<i>Upphaf og lok réttar til samsköttunar</i>	72
3.8.4	<i>Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins</i>	74
3.8.5	<i>Um skattlagningu hjóna</i>	74
3.8.5.1	Hugleiðing tengd skattlagningu hjóna.....	77
3.8.6	<i>Sérskattað sambýlisfólk</i>	79
3.8.7	<i>Skattlagning barna</i>	80
3.9	SAMANTEKT II. HLUTA	80
4	III. HLUTI.....	85
4.1	DANSKA SKATTKERFIÐ.....	85
4.1.1	<i>Helstu breytingar á dönskum skattalögum vegna ársins 2010.</i>	85
4.2	TEKJUHUGTAKIÐ	86
4.2.1	<i>Flokkun tekna</i>	87
4.2.1.1	Hugtökin persónutekjur og skattskyldar tekjur	87
4.2.2	<i>Tekjufærsla</i>	88
4.3	FRÁDRÁTTARHEIMILDIR MANNA	88
4.3.1	<i>Helstu frádráttarheimildir</i>	89
4.3.1.1	Skattalegir frádráttarliðir.....	90
4.3.1.1.1	Meðhöndlun aksturskostnaðar	90
4.3.1.1.2	Meðhöndlun ferðakostnaðar	93
4.3.1.1.3	Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði.....	95
4.3.1.1.4	Ýmsir frádráttarliðir	96
4.3.1.1.5	Frádráttarliðir sem þurfa samanlagt að ná yfir 5.500 DKK	97
4.3.1.1.6	Frádráttarheimildir sem ekki verður fjallað sérstaklega um.....	99
4.4	BÆTUR Í DANSKA SKATTKERFINU	99
4.4.1	<i>Barnabætur</i>	100

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

4.4.2	Vextir og fjármagnstekjur.....	101
4.5	SKATTFRÁDRÆTTIR SAMSVARANDI SKATTAFLÁTTUM	102
4.5.1	Persónufrádráttur.....	102
4.5.2	Sjómannafrádráttur	103
4.6	HELSTU SKATTAR MANNA	103
4.6.1	Tekjuskattur.....	104
4.6.2	Útsvar	105
4.6.3	Kirkjuskattur	105
4.6.4	Sjúkratryggingagjald	105
4.6.5	Tryggingagjald.....	105
4.6.6	Aðrir skattar	106
4.6.6.1	Skattlagningarþak.....	106
4.7	SKATTLAGNING HJÓNA.....	107
4.7.1	Skilyrði samsköttunar.....	107
4.7.2	Upphaf og lok réttar til samsköttunar.....	108
4.7.3	Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins.....	109
4.7.4	Um skattlagningu hjóna	109
4.7.4.1	Millifærsluheimildir	110
4.7.5	Óvígð sambúð	111
4.8	SKATTLAGNING BARNNA	112
4.9	SAMANTEKT III. HLUTA	113
5	IV. HLUTI	116
5.1	SAMANBURÐUR Á ÍSLENSKA OG DANSKA SKATTKERFINU.....	116
5.1.1	Samantekt samanburðar íslenska og danska skattkerfisins.....	124
5.2	FJÖLSKYLDUVÆNT SKATTKERFI	125
5.2.1	Fjölskylduvænir þættir nú	127
5.2.1.1	Skattfrjálsar meðlagsgreiðslur.....	127
5.2.2	Mismunun skattþegna.....	128
5.2.3	Hvað felst í fjölskylduvænu tekjuskattskerfi?	128
5.2.3.1	Sérstök fjölskylduskattlagning.....	129
5.2.3.2	Auknar frádráttarheimildir	130
5.2.3.3	Barnaskattkort eða nýting skattkorts unglings.....	134
5.2.3.4	Skattaflættir	135
5.2.3.5	Frádráttarbær vaxtagjöld	135
5.2.3.6	Afnám tekjutenginga.....	136
5.2.3.7	Skattfrjálsar endurgreiðslur í stað frádráttar	137
5.2.3.8	Millifærsluheimildir á milli hjóna.....	138

Skattlagning með tilliti til fjölskyldunnar

5.2.3.9	Kostnaður.....	139
5.2.4	<i>Samantekt kaflans fjölskylduvænt skattkerfi</i>	140
5.3	SAMANTEKT IV. HLUTA.....	141
6	NIÐURSTAÐA.....	143
7	LOKAORÐ	148
8	HEIMILDASKRÁ.....	150
9	LÖG OG REGLUGERÐIR	155
9.1	LÖG	155
9.2	REGLUGERÐIR	156
10	DÓMAR OG ÚRSKURÐIR	157
10.1	DÓMAR	157
10.2	ÚRSKURÐIR YFIRSKATTANEFNDAR	157
10.3	ÚRSKURÐIR UMBOÐSMANNS ALÞINGIS.....	157
11	DÖNSK LÖG.....	158

Ágrip

Í þessari ritgerð er leitað svara við rannsóknarspurningunum *Er íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænt?* og *Hvernig má gera tekjuskattkerfið fjölskylduvænna?* Byrjað var á að skilgreina orðin „fjölskylda“ og „fjölskylduvænt“. Því næst var sá hluti íslenska tekjuskattkerfisins sem snýr að skattlagningu manna utan rekstrar skoðaður vel ásamt helstu skattlagningarreglum sem gilda um hjón. Ákveðið var að bera íslenska skattkerfið saman við danska skattkerfið og var það því rannsakað á sama hátt og íslenska skattkerfið og skattkerfin svo borin saman.

Þegar upp er staðið er ekki hægt að gefa einfalt já eða nei svar við spurningunni *Er íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænt?* Skattkerfið miðar við skattlagningu einstaklinga en býr þó yfir ýmsum liðum sem telja má fjölskylduvæna, það er því hægt að segja að *íslenska tekjuskattkerfið sé að einhverju leyti fjölskylduvænt*.

Íslenska tekjuskattkerfið má meðal annars gera fjölskylduvænna með sérstakri fjölskylduskattlagningu, heimila frádrátt vaxtagjalda á móti vaxtatekjum, vaxtagjaldþaki, fleiri frádráttarheimildum, sérstökum fjölskyldufrádrætti, heimild foreldra til að nýta skattkort heimabúandi barna, afnámi tekju- og eignatenginga, og með skattfrjálsum endurgreiðslum á tilteknum kostnaði svo að eitthvað sé nefnt. Er hér að finna svar við spurningunni *Hvernig má gera tekjuskattkerfið fjölskylduvænna?*

Formáli

Hugmyndir koma stundum úr óvæntri átt. Fyrir rúmi ári átti ég samtalið við Dr. Arnar Hauksson þar sem hann spurði út í hvað ég væri að gera þessa dagana. Þegar hann heyrði að ég væri í meistaranámi í skattarétti sagðist hann vera með lokaverkefni fyrir mig. Ég ætти að skrifa um að breyta skattkerfinu á þann hátt að litið væri á fjölskylduna sem fyrirtæki, þannig að hún fengi hluta af kostnaði sínum og þar með talinn kostnað við aðkeypta vinnu fagmanna og sérfræðinga dreginn frá tekjuskattsstofni sínum. Ég hafði upphaflega ætlað mér að skrifa á óskyldu sviði skattaréttar en þótti hugmyndin svo áhugaverð að ég greip hana á lofti.

Eftir töluverða íhugun um hvernig best væri að nálgast efnið ákvað ég að lokum að taka þann pól í hæðina að rannsaka hvort íslenska skattkerfið sé fjölskylduvænt og hvernig megi gera það fjölskylduvænna. Arnari vil ég þakka hans framlag.

Það er ekki laust við að fjölskylda mín hafi tekið þátt í gerð þessarar ritgerðar nauðug viljug en segja má að maðurinn minn hafi verið „einstæður faðir“ í eina tvo mánuði þegar upp er staðið og börnin hafi þurft að sætta sig við verulega takmörkuð afnot af mömmu sinni, stofunni og tölvum heimilsins. Foreldrar mínir voru ekki undanskildir en ég sat löngum stundum heima hjá mömmu og pabba við skriftir og auk þess sem Lárus Fjeldsted faðir minn fékk þá ánægju að lesa ritgerðina yfir. Ég þakka þeim þeirra framlag til þess að ritsmíðin varð að veruleika.

Að lokum vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Ingibjörgu Ingvadóttur, fyrir áhugaverðar athugasemdir sem fengu mann til að hugsa og skilja ritgerðarefnið betur og Sigprúði Þorfinnsdóttur, lögfræðingi, fyrir yfirlestur.

Jórunn K. Fjeldsted

1 Inngangur

Skipulag skattkerfis byggir á samspili pólitískra, lagalegra og félagslegra sjónarmiða. Til félagslegra sjónarmiða má telja grundvallarhugtök eins og greiðslugetu og tekjujöfnun sem orða samfélagslega ábyrgð þjóðfélagsins á einfaldan hátt en átt er við ævagamla hugmynd um að samfélagið beri ákveðna ábyrgð á að íbúar þess hafi til hnífs og skeiðar. Pólitísk sjónarmið lýsa skoðunum stjórnámálanna á hlutverki skattkerfis og lagaleg sjónarmið mynda formlegan ramma utan um skatta og skattheimtu.

Uppbygging íslenska tekjuskattkerfisins virðist að mestu vera einstaklingsmiðuð en ekki fjölskyldumiðuð, t.d. virðist gert ráð fyrir jafnri greiðslugetu einstaklinga og fjölskyldufólks þó svo sé ekki í raun, og telur höfundur að úr því þurfi að bæta með fjölskyldumiðaðri hugsun. Meginástæðan fyrir áhuga mínum á að innleiða fjölskyldumiðaða hugsun í tekjuskattkerfið er að ég álít að þjóðfélagið sem heild beri bæði beina og óbeina ábyrgð á velferð og öryggi barna og má því til stuðnings benda á 16. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem fjallar um tilkynningaskyldu almennings leiki grunur á að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður. Mikilvægi þess að börn alist upp við góðar aðstæður má ekki vanmeta en talið er að ef börn búi við fátækt geti þroska þeirra verið stefnt í hættu.¹ „Fátækt er ekki aðeins óþægilegt ástand heldur hefur hún margvísleg skaðleg áhrif á þroskamöguleika, heilsufar og lífsferil.“² Alist færri börn upp við fátækt þannig að fleiri börn geti nýtt hæfileika sína að fullu skilar það sér væntanlega síðar í betur menntuðu og betur launuðu vinnuafli sem greiðir þar með hærri skatta en ella. Til lengri tíma litið hlýtur því að vera þjóðhagslega hagkvæmt að skattkerfið sé fjölskylduvænt. Uppbygging skattkerfis hefur áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar, t.d. í gegn um persónuafslátt, barnabætur og tekjutengingar, og þar með á lífskjör barna.

Í ljósi þessa þótti mér áhugavert að kanna hvort uppbygging íslenska skattkerfisins sé fjölskylduvæn og á hvern hátt hægt sé að gera það fjölskylduvænna og er það megintilgangur þessarar ritgerðar sem ber nafnið **Skattlagning með tilliti til**

¹ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2004). Bls. 5

² Stefán Ólafsson (2004). Bls. 11

fjölskyldunnar. Í því skyni að svara spurningunum *Er íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænt?* og *Hvernig má gera tekjuskattkerfið fjölskylduvænna?* verður byrjað á að skilgreina orðin „fjölskylduvænt“ og „fjölskylda“. Síðan verður lagður grunnur að svörum við rannsóknarspurningunum í gegn um uppbyggingu ritgerðarinnar. Í því skyni er innihaldi hennar skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta verður farið yfir skatthugtakið, nokkur grundvallarhugtök og gerðir skattkerfa. Annar hluti fjallar um þann hluta íslenska tekjuskattkerfisins sem snýr að skattlagningu manna utan rekstrar. Í þeim hluta er þróun skattkerfisins á Íslandi rakin lauslega fram til dagsins í dag, farið yfir tekjuhugtakið, frádráttarheimildir, ívilnun, bótagreiðslur og skattafslætti. Síðan er fjallað um helstu skatta manna utan atvinnurekstrar og reglur um skattlagningu hjóna, sambúðarfólks og barna. Íslenska tekjuskattkerfið er ekki eyland og nauðsynlegt er að bera það saman við annað tekjuskattkerfi. Fyrir valinu varð að skoða danska tekjuskattkerfið sem gjarnan er notað sem viðmið hér á landi og er fjallað um það í þriðja hluta. Uppbyggingin er sambærileg við umfjöllun um íslenska skattkerfið. Danska skattkerfinu er lýst lauslega. Síðan er farið í tekjuhugtakið, frádráttarheimildir og bóttakerfi. Þá er fjallað um skattlagningu hjóna, sambúðarfólks og barna. Innihald fjórða hluta er samanburður á íslenska og danska tekjuskattkerfinu og umfjöllun um hvaða þættir hins íslenska tekjuskattkerfis geta talist fjölskylduvænir ásamt því að koma með hugmyndir um hvernig gera má tekjuskattkerfið fjölskylduvænna. Verkinu lýkur svo með niðurstöðum og lokaorðum.

„Fjölskylda er hópur fólks sem er tengdur eða skyldur og býr saman að staðaldri og þeir fullorðnu bera ábyrgð á börnunum.“³ Almenn er hugtakið skilið sem svo að barnlaus hjón séu líka fjölskylda en í þessari ritgerð verður hugtakið notað á þann hátt að fjölskylda samanstendur af hjónum/sambúðarfólki eða einstæðu foreldri og börnum undir 18 ára aldri á framfæri foreldra.⁴

Í orðinu fjölskylduvænt felst að ráðstafanir sem gerðar eru í þágu fjölskyldu bæta hag hennar á einhvern hátt. Í því felst meðal annars að skattkerfið sé byggt upp með tilliti til þess að framfærslubyrði fjölskyldu er þyngri en framfærslubyrði einstaklings, og

³ Garðar Gíslason (2001). Bls. 33

⁴ Þar sem um svo margar ólíkar gerðir fjölskyldna er að ræða verður ekki farið út í að sundurgreina hvort um foreldra eða framfæranda er að ræða. Framfærandi telst þannig foreldri í þessari umfjöllun.

að framfærslubyrði fjölskyldu með fjögur börn er þyngri en framfærslubyrði fjölskyldu með eitt barn. Fjölskylduvænar teljast einnig ráðstafanir sem felast í því að minnka skattbyrði fjölskyldunnar og auka þar með ráðstöfunartekjur hennar.

Í þessari ritgerð er ætlunin fyrst og fremst að nálgast umfjöllunarefnið út frá lögfræðilegum sjónarmiðum en vegna eðlis efnisins koma félagsfræðileg, viðskiptafræðileg, hagfræðileg og jafnvel feminísk sjónarhorn við sögu í umfjölluninni.

Umfjöllunarefnið er viðamikið og því er afmörkun nauðsynleg. Mörkin verða dregin við umfjöllun um beina skatta þar sem tekjuskattslög nr. 90/2003 (Tsl.) eru í brennidepli. Innan tekjuskattslaganna er aðeins fjallað um þann hluta tekjuskatts-kerfisins er tekur til skattlagningar manna utan rekstrar en megináherslan er þó á reglur er varða skattlagningu hjóna. Ekki verður fjallað ítarlega um skattaleg áhrif sambúðarslita eða andláts maka. Dýpra verður farið í frádráttarheimildir manna sbr. 30. gr. Tsl. og aðrar lagagreinar sem hafa áhrif á ákvörðun tekjuskattsstofns, skattgreiðslur eða skattbyrði. Tæpt verður á reglum um skattlagningu sérskattaðs sambýlissólks og barna. Breytingar á skattkerfum kosta fjármuni og þær verður að fjármagna. Verður því ekki hjá því komist að minnast á kostnað við breytingar á skattkerfinu og mögulegar fjármögnunarleiðir.

2 I. Hluti

Fyrsti hluti ritgerðarinnar fjallar meðal annars um nokkur mikilvæg hugtök sem snerta skatt og skattlagningu. Þar ber fyrst að nefna skilgreiningu á sjálfu skatt-hugtakinu auk umfjöllunar um hugtökin greiðslugeta, lóðrétt jafnræði, lárétt jafnræði, jaðar- og meðalskattur. Einnig verður fjallað um tengsl skattaréttar og Stjórnarskrár Íslands og að lokum farið yfir helstu gerðir skattkerfa.

2.1 Skilgreining skatthugtaksins

Skattar eru helsta tekjuuppspretta hins opinbera en þar sem ekki er alltaf ljóst af heiti tekjulindar hvort um skatt eða aðrar tekjur hins opinbera er að ræða er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið skattur. Mikilvægt er að greina skatta frá öðrum tekjum hins opinbera þar sem sérstakar reglur gilda um skatta. Bifreiðagjöld eru til dæmis skattur þrátt fyrir heiti tekjulindarinnar.⁵ Margar skilgreiningar á hugtakinu skattur eru til en aðeins verður fjallað um skilgreiningu Jónatans Þórmundssonar sem skilgreinir skatt á eftirfarandi hátt:

„Skattur er greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera.“⁶

Kjarni skilgreiningarinnar er að ekki má mismuna þeim sem eins er ástatt fyrir í efnahagslegu tilliti.⁷ Það þýðir að ekki er heimilt skattleggja einn tiltekinn einstakling en það má skattleggja alla einstaklinga sem tilheyra afmörkuðum þjóðfélagshóp sem eins er ástatt um í efnahagslegu tilliti. Þannig má til dæmis taka þjóðfélagshópinn bændur og skattleggja hann sérstaklega, eftir almennum og efnislegum mælikvarða að sjálfsögðu.⁸ Að auki þarf að miða við einhvers konar efnahagslegan grunn við ákvörðun

⁵ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994) Bls. 14

⁶ Gylfi Knudsen (1994). Bls. 321

⁷ Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 35

⁸ Sjá til hliðsjónar: Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 46 - 47

skattlagningar t.d. ákveðna tegund tekna s.s. fjármagnstekjur.⁹ Lagareglur um skattlagningu verða að vera með þeim hætti að ekki sé nákvæmlega vitað fyrirfram hverjir koma til með að verða skattlagðir og hve háan skatt þeir munu greiða.¹⁰ Jafnframt á greiðandi skatts ekki rétt á sérstöku beinu endurgjaldi gegn greiðslu skattsins¹¹ s.s. staðfestu skattframtali eða læknisþjónustu og hann hefur heldur engin áhrif á hvernig skattgreiðslunni er varið þó vissulega fáist ákveðið endurgjald í formi menntakerfis, samgöngukerfis og annarri þjónustu sem hið opinbera heldur úti.¹²

2.2 Tengsl stjórnarskrár og skattaréttar

Skattaréttur er sú fræðigrein innan lögfræði sem fjallar um réttarreglur er varða skattskyldu manna og lögaðila, skattstofna, skattlagningu, skattheimtu og skatteftirlit.¹³ Hann hefur þá sérstöðu að áskilnaður er í Stjórnarskránni, lögum nr. 33/1944 (Stj.skr.), um að sett lög standi að baki framangreindum réttarreglum þannig að Alþingi getur ekki heimilað stjórnvöldum að setja reglur um skattamál.¹⁴ Sett lög í þrengri merkingu, þ.e. lög sem Alþingi hefur sett, gegna þannig veigamiklu hlutverki innan skattaréttar. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem er æðsta réttarheimildin innan íslensks réttarkerfis¹⁵ setur ríkisvaldinu þannig ákveðinn ramma um hvað því er heimilt að gera og hvernig. Kemur þetta betur fram í form- og efniskröfum Stjórnarskrárinnar sem fjallað verður um í næstu köflum.

2.2.1 Formkröfur

Helstu greinar stjórnarskrárinnar sem varða skatta eru 40. gr., 77. gr. og 78. gr. Innihald ákvæðanna lýsir tilteknum kröfum sem lög um skatta verða að uppfylla og kallast formkröfur. Formkrafa merkir að stjórnvöld eru bundin af lögum í starfi sínu og allar ákvarðanir þeirra og athafnir verða að taka mið af þeim ramma sem lög setja þeim. Það þýðir t.d. að setji Alþingi lög sem stangast á við stjórnarskrá er um ólögmetta og þar af leiðandi ógildanlega ákvörðun að ræða. Taki stjórnvöld ákvörðun sem stangast annað

⁹ Unnar Steinn Bjarndal (2006a). Bls. 24

¹⁰ Gylfi Knudsen (1994), bls. 333, Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 46

¹¹ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 14, Unnar Steinn Bjarndal (2006a). Bls. 23

¹² Sjá til hliðsjónar: Unnar Steinn Bjarndal (2006a). Bls. 24

¹³ Sjá til hliðsjónar: Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 1

¹⁴ Sjá til hliðsjónar: Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2008). Bls. 13

¹⁵ Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2008). Bls. 3 - 4

hvort á við almenn lög sem Alþingi setur eða stjórnarskrána er það einnig ólöglegt og ógildanleg ákvörðun.¹⁶

Í 40. gr. Stj.skr. birtist formkrafan þannig að í greininni segir skýrt og skörinort að til þess að skattlagningarheimild sé gild verði hún að vera lögfest og að sama eigi við ef breyta á skatti eða fella hann niður. Þetta þýðir að ekki má heimila skattlagningu, breytingu á skattlagningarhlutfalli eða hætta innheimtu skatts nema Alþingi hafi samþykkt lög þar að lútandi.¹⁷ 78. gr. fjallar um að skattheimta sveitarfélaga sé einnig háð lagasetningu og innihald 77. gr. tilgreinir að ekki megi setja afturvirk lög eða framselja skattlagningarvald til framkvæmdavaldsins. Þannig má ekki setja lög í dag sem gilda eiga fyrir síðasta ár, t.d. væri óheimilt að breyta skattlagningarhlutfalli síðasta árs. Ekki má heldur setja lög sem heimila stjórnvöldum að taka ákvarðanir um skattlagningu. Um þetta er meðal annars fjallað í Hrd. 2003:2329 (afturvirkni, 77. gr. Stj.skr.) og Hæstaréttardómi nr. 64/1999 (40. og 77. gr. Stj.skr., ekki skýr skattlagningarheimild og framseld til stjórnvalda).

2.2.2 Efniskröfur

Skattalög þurfa líka að uppfylla efniskröfur sem einnig finnast í Stjórnarskránni, nánar tiltekið í 65. gr. og 72. gr. Stj.skr. Í 65. gr. segir að allir séu jafnir fyrir lögum og ekki megi mismuna neinum t.d. eftir kynferði, efnahag eða skoðunum. 72. gr. fjallar svo um friðhelgi eignarréttarins og að almenningsþörf og lagafyrirmæli þurfi til að skylda einhvern til að láta eign sína af hendi. Skuli hann þá fá eign sína bættu að fullu. Í skattgreiðslu er falin ákveðin eignaupptaka en þrátt fyrir ákvæði 72. gr. ber stjórnvöldum ekki að greiða bætur vegna þessa þar sem í stjórnarskránni eru ákvæði sem heimila skattlagningu sbr. 40. gr. Tsl.¹⁸

Efniskröfurnar endurspeglast einnig í skilgreiningu Jónatans Þórmundssonar á skatthugtakinu sem rakin var hér að framan. Samantekið má þá segja: Lagareglur um skattskyldu aðila verða að vera skýrar og ljóst þarf að vera hver skattstofn og

¹⁶ Sjá til hliðsjónar: Róbert R. Spanó (2006). Bls. 102- 103

¹⁷ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 20 - 22

¹⁸ Sjá til hliðsjónar: Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 35

skatthlutföll eiga að vera.¹⁹ Skattar mega ekki mismuna fólki t.d. vegna kynferðis, litarháttar eða búsetu.²⁰ Þannig má til dæmis ekki velja þjóðfélagshóp til skattlagningar á þeim forsendum að hann aðhyllist sérstaka trú. Slík skattlagning telst hvorki almenn né málefnaleg. Við ákvörðun skattlagningar þarf að miða við einhvers konar efnahagslegan grunn t.d. ákveðna tegund tekna eins og launatekjur.

Þrátt fyrir ákvæði 65. gr. Stj.skr. er talið að mismunun sem byggir á málefnalegum grunni sé heimil. Hér er meðal annars verið að tala um mismunun á milli skattþegna í formi tekjujöfnunar eða mismunandi skattlagningu ólíkra tegunda tekna.²¹ Til dæmis er heimilt innan ramma skattalaganna að skattleggja á mismunandi hátt eftir fjölskyldugerð, fjölskyldustærð eða húsnæðisaðstöðu.²² Málefnaleg nálgun felst þá í því að allir sem tilheyra tilteknum þjóðfélagshóp sitja við sama borð og sömu reglur gilda fyrir alla innan hópsins. Þannig teldist það til dæmis ekki ómálefnalegt að vera með sérstaka fjölskylduskattlagningu, enda um tiltekinn þjóðfélagshóp, fjölskyldu, að ræða. Slíkt sjónarmið kemur fram í H:1965/424 (425-426). Skattaðili taldi búnaðargjald sem lagt var á tiltekinn þjóðfélagshóp ólögmaett af þeim sökum. Í dómnum kom fram að „Almenni löggjafinn hefur þannig tvímælalausan, stjórnskipulegan rétt til að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og gjöld eftir málefnalegum og reglulegum sjónarmiðum... að skattgilda tiltekna þjóðfélagshópa á eðlisrökréttan og málefnalegan hátt...“

Þar sem hafa ber form- og efniskröfurnar í heiðri við ákvarðanir um uppbyggingu skattkerfis og barnafjölskyldur myndu í einhverjum mæli njóta skattalegs hagræðis umfram einstaklinga og barnlaus hjón í fjölskylduvænu skattkerfi skiptir máli að málefnaleg mismunun skattþegna sé heimil.

2.3 Ýmis hugtök

Þá er komið að umfjöllun um nokkur hugtök sem þarf að skilja í umræðu um skatta og skattamál. Fyrst verður farið yfir greiðslugetukenninguna, en hún fjallar um getu manns til að greiða skatta. Þá er komið að lóðréttu og láréttu jafnræði. Það má ef til vill segja að

¹⁹ Sjá til hliðsjónar: Ingibjörg Ingvadóttir (1994). Bls. 46, Gylfi Knudsen (1994). Bls. 333

²⁰ Sjá til hliðsjónar: Sigurður Línal (2007). Umfjöllun um Haffjarðararmál. H1986:706. Lög um tekjustofna sveitarfélaga talin raska jafnræði skattþegna á grundvelli búsetu. Bls. 89

²¹ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1994). Bls. 324 og 327

²² Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Blöndal um sjómannaafslátt. Þskj. 371, 237. mál, 123. löggjafarþing. Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0371.html>

Þessi hugtök tengist einhvers konar sanngirnissjónarmiðum, þar sem meðhöndla á þá sem eru í eins stöðu efnahagslega á sama hátt. Næst verður fjallað um skattbyrði (eða meðalskatt) og jaðarskatta. Segja má að þau hugtök meti afleiðingar af uppbyggingu skattkerfisins á skattþegna.

2.3.1 Greiðslugetukenningin

Fræðileg framsetning greiðslugetukenningarinnar kemur frá hagfræðingnum Adam Smith sem taldi að skattþegnar ættu að greiða „til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins í samræmi við getu sína“. Kenningin hefur að einhverju leyti verið höfð til hliðsjónar í skattalöggjöf vestrænna ríkja.²³ Hérlandis var tekið tillit til greiðslugetu við gerð fyrstu skattalaganna sem sett voru á Íslandi rétt fyrir árið 1100, en þá átti hver maður að greiða skatt eftir efnahag sínum.²⁴

Greiðslugeta er meðal annars háð því hverjar hreinar tekjur og framfærslubyrði manns eru þ.e. hve margir eiga að lifa af tekjunum.²⁵ Til að skattgreiðsla endurspegli raunverulega greiðslugetu og til þess að hver skattþegn greiði í raun allt það sem hann er aflögufær um til samfélagsins má ekki undanþiggja tekjur frá skattlagningu samkvæmt fræðunum. Einnig er talið að skattstiginn þurfi að vera stighækkandi þar sem gjaldþol þeirra sem hafa hærri tekjur er meira en þeirra sem hafa lægri tekjur.²⁶ Skattleysismörk og bætur úr sjóðum hins opinbera svo sem barnabætur og almannatryggingabætur hafa líka áhrif á greiðslugetu.²⁷ Í skattkerfinu sem var í gildi til síðustu áramóta var fyrst og fremst tekið tillit til greiðslugetu í gegn um skattleysismörk en upphæð persónuafsláttar hefur mikil áhrif á þau. Þar sem skatthlutfallið var eitt fram á mitt síðast ár var stígandi í meðalskatti vegna persónuafsláttarins.²⁸ Í skattkerfinu sem tók við um síðustu áramót er bæði um skattleysismörk og stigvaxandi skattlagningu launatekna að ræða þannig að skattstigi hefur einnig áhrif á greiðslugetu og skattbyrði.

²³ Sjá til hliðsjónar: Indriði H. Þorláksson (2007). Bls. 24

²⁴ Sjá til hliðsjónar: Unnar Steinn Bjarndal (2006b). Bls. 16

²⁵ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995). Bls. 516

²⁶ Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 24 - 26

²⁷ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 24 - 26

²⁸ Sjá til hliðsjónar: Indriði H. Þorláksson (2007). Bls. 24

2.3.2 Lóðrétt og lárétt jafnræði

Með láréttu jafnræði er átt við að skattborgarar sem eins er statt um efnahagslega greiði jafnháa skatta en með lóðréttu jafnræði að þeir skattborgarar sem eru betur settir eigi að greiða hærri skatta en þeir sem eru verr settir.²⁹ Sem dæmi um lárétt jafnræði má nefna að allir skattþegnar sem hafa sömu mánaðarlaun eiga að greiða jafnháa skatta, en þeir sem eru með t.d. 500.000 kr. tekjur eiga að greiða hærri skatt en þeir sem hafa 100.000 kr. í samræmi við lóðrétt jafnræði. Þetta mætti kalla einu nafni jafnræðiskenningar.

2.3.2.1 Um greiðslugetu- og jafnræðiskenningar

Greiðslugetukenningin byggir á því að hver og einn greiði skatt eftir getu sinni, það sem hann er aflögufær um. Þessi kenning virðist reyndar vera einstaklingsmiðuð og ekki sniðin að því að skattþegn þurfi að framfleyta börnum sínum og jafnvel maka af tekjunum sem hann aflar en það hefur vissulega áhrif á aflögufærni. Ekki er heldur rætt um hvernig gjaldþol skattþegns er metið. Á að nota viðmið sveitarfélaga um lágmarksframfærslukostnað sem er 125.500 kr. fyrir einstakling og 200.000 kr. fyrir hjón? Eða á að miða við þann lágmarksframfærslugrunn einstaklinga sem ESB og Hagstofa Íslands hafa skilgreint, 160.800 kr.?³⁰ Grunnur þess að vera aflögufær hlýtur að byggja á því að viðkomandi geti fyrst séð sjálfum sér og fjölskyldu sinni farborða og fer raunveruleg greiðslugeta því bæði eftir upphæð heildartekna og stærð fjölskyldu. Með einföldu dæmi má einmitt sýna að það er út í hött að ætla að greiðslugeta allra með sömu mánaðartekjur sé sú sama: Fjögurra manna fjölskylda með 400.000 kr. heildarlaun hefur 100.000 kr. á mann til að lifa af á meðan þriggja manna fjölskylda með sömu laun hefur rúmlega 133.000 kr. Sömu tekjur en mishá framfærslubyrði þýðir að greiðslugetan er ekki sú sama í raun og ekki síst þess vegna skiptir máli að fjölskylda sé skattlögð sem heild. Dæmið sýnir jafnframt að þó svo að efnahagsleg staða þessara fjölskyldna sé sú sama í krónum talið er hún það ekki í raun. Það vekur svo upp spurningar um hvort jafnræðiskenningarnar standist. Í grein Rachel Lorna Johnstone, *Tax is a Feminist Issue*, er einmitt bent á að staða tveggja einstaklinga sé aldrei nákvæmlega sú sama.

²⁹ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 13, Johnstone, R. L. (2009). Bls. 40

³⁰ Sjá til hliðsjónar: Björk Vilhelmsdóttir (2010, 25.05).

Jafnræðiskenningarnar einar sér gangi því ekki upp: „Since societies are made up of a range of individuals and it is rare to find two individuals in exactly the same circumstances, it can never suffice alone.“³¹

Í skattkerfinu virðist að stórum hluta gert ráð fyrir að jafnræðiskenningarnar gildi þar sem skattþegnar í sömu stöðu fá sömu meðferð. Þeir fá til dæmis jafnháan persónuafslátt og tekjuskattsþrep og skatthlutföll eru þau sömu fyrir sama skattstofn. Ekki er tekið sérstakt tillit til fjölskyldustærðar við skattlagningu, með þeirri undantekningu þó að heimilt er að nýta persónuafslátt maka og millifæra tekjur á milli skattþrepa samkvæmt reglum sem nánar er fjallað um í kaflanum *Um skattlagningu hjóna* í II. hluta ritgerðarinnar. Indriði H. Þorláksson tekur undir þetta sjónarmið: „Hvað grunngerð tekjuskattskerfisins varðar verður ekki annað sagt en að það samrýmist greiðslugetureglunni og brjóti ekki gegn kröfum um jafnræði.“³²

Barnabætur og vaxtabætur hafa ekki áhrif á skattgreiðslur en hafa engu að síður áhrif á skattbyrði manna og greiðslugetu þar sem viðkomandi fær fjármuni frá ríkisvaldinu til ráðstöfunar. Við útreikning barnabóta er bæði tekið tillit til tekna og stærðar fjölskyldu þar sem fjöldi barna hefur áhrif á upphæð bótagreiðslu sbr. 1. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Lægri tekjur þýða hærri barnabætur og er þannig ákveðið samspil á milli greiðslugetu og framfærslubyrðar manna. Sama gildir um vaxtabætur en meðal annars er tekið tillit til hjúskaparstöðu, tekna, eigna og skuldastöðu við útreikning bóta sbr. B-lið 68. gr. Tsl. Af framangreindu sést að það er flókið að reikna raunverulega greiðslugetu manns og til að byggja enn frekar á greiðslugetu-kenningunni þarf að meta stöðu hvers og eins og skattleggja í samræmi við þá niðurstöðu.

Kannski væri réttara að segja að stjórnvöld líti ekki svo mikið til greiðslugetunnar þegar upp er staðið heldur frekar til þess hve mikilla fjármuna þarf að afla í ríkiskassann og má benda á aðgerðir núverandi ríkisstjórnar sem felast bæði í verulegum skattahækkunum og álagningu nýrra skatta, s.s. auðlegðarskatts sbr. brb.ákv. XXXIII. Tsl., sbr. d-lið 24 gr. l. nr. 128/2009, í því skyni að bregðast við afleiðingum hrunsins. Ef alfarið væri unnið eftir greiðslugetukenningunni myndu skattaálögur lækka þar sem

³¹ Johnstone, R. L. (2009). Bls. 40

³² Indriði H. Þorláksson (2007). Bls. 14

gjaldhæfni stórs hluta manna er verri en áður. Á móti má koma með þau rök að víst sé tekið tillit til greiðslugetu þar sem breytingar á skattkerfinu nú miði að því að færa skattbyrðina til þeirra sem meira hafa á milli handanna. Rétt er að fjölþrepaskattkerfi er byggt þannig upp. En aðstæður í íslensku þjóðfélagi eru engu að síður þannig að greiðslugeta stórs hluta þjóðarinnar er verri en áður, til dæmis vegna launalækkana, skerðingar vinnuhlutfalls eða atvinnumissis á sama tíma og framfærslukostnaður og greiðslubyrði lána hækka verulega.

2.3.3 Skattbyrði

Skattbyrði og greiðslugeta manns eru nátengd hugtök en með skattbyrði er átt við hve mikill hluti af tekjum manns fer í að greiða skatt.³³ Sé skattstofn manns sbr. 61. gr. Tsl., þ.e. mismunur skattskyldra tekna og leyfilegs frádráttar, til dæmis 100.000 kr. og hann greiðir 20.000 kr. í skatta þá er skattbyrði hans 20%.³⁴ Maður með 500.000 kr. skattstofn og sömu skattbyrði, 20%, myndi þá greiða 100.000 kr. af þeirri upphæð í skatta.³⁵ Ef sami maður hins vegar þyrfti að greiða 20.000 kr. í skatt væri skattbyrði hans 4%.³⁶ Skattbyrði má einnig kalla meðalskatt því greiddur skattur getur verið vegna tekna með misháu skatthlutfalli. Sem dæmi um það má nefna að skatthlutfall launatekna og fjármagnstekna er ekki það sama. Meðalskatturinn eða skattbyrðin er samanlagður tekjuskattur allra skattstofna að frádregnum bótum deilt með heildartekjum.³⁷

Skattbyrði stjórnast af samspili tekjuviðmiða, frádráttarliða, persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, skattleysismarka, álagningarhlutfalls og réttar til barna- og vaxtabóta.³⁸ Þessir þættir eru jafnframt helstu stjórnækin sem stjórnvöld hafa til að beita skattkerfinu, bæði til tekjuöflunar og tekjujöfnunar.³⁹ Skattbyrði er því ekki eitthvað sem „gerist bara“ heldur afleiðing af meðvituðum ákvörðunum stjórnvalda.⁴⁰ Og þær ákvarðanir hafa áhrif á hag og afkomu fjölskyldna í landinu.

³³ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 30

³⁴ $20.000/100.000 = 20\%$

³⁵ $500.000 * 20\% = 100.000$ kr.

³⁶ $20.000/500.000 = 4\%$

³⁷ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 88

³⁸ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2007a). Bls. 245, Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 31

³⁹ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 54

⁴⁰ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2007a). Bls. 245,

2.3.4 Jaðarskattur

Jaðarskattur segir til um hve stór hluti af síðustu krónu sem launþegi vinnur sér inn fer í skattgreiðslur eða hve mikið hann fær í vasann.⁴¹ Að sama skapi getur jaðarskattur haft áhrif á hvort það borgar sig að fara út á vinnumarkaðinn, þiggja betur launað starf eða hve stór hluta kjarabóta⁴² skilar sér í vasa launþegans.

Eigi launþegi kost á launahækkun eða betur launuðu starfi þarf hann að hugsa út í hverjar fjárhagslegar afleiðingar þess að þiggja boðið verða. Launþeginn greiðir meiri skatt og hærri tekjur lækka vaxtabætur, barnabætur og húsaleigubætur sem hann kann að eiga rétt á. Reikna þarf með starfstengdum kostnaði svo sem ferðakostnaði til og frá vinnu, vinnufatnaði og hugsanlegum kostnaði við barnagæslu sé heimavinnandi foreldri að fara út á vinnumarkaðinn, ekki síst ef maki hefur nýtt skattkort þess. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að mörg börn hérlendis fara í leikskóla þó svo að foreldri sé heimavinnandi. Barnagæsla gæti því verið fastur kostnaður en ekki starfstengdur. Þegar upp er staðið þarf ekki að vera að ráðstöfunartekjur heimilisins aukist við launahækkun heldur gæti niðurstaðan orðið sú að þær lækki.⁴³ Samspilið á milli skatthlutfalls, tekna og bóta sem lýst er hér, þannig að tekjuhækkun lækki bætur svo mikið að ráðstöfunartekjur launþega minnki þegar upp er staðið, hefur einnig verið kallað fátæktargildra. Tekjutenging bóta og skattheimtu er talin auka líkurnar á því að lágtekjufólk festist í slíkri fátækragildru.⁴⁴

2.4 Skattkerfi

Segja má að um tvær grunngerðir skattkerfa sé að ræða, fjölþrepaskattkerfi (progressive tax system) og skattkerfi sem byggjast á hlutfallslegri skattlagningu (proportional tax system). Það má líka kalla það skattkerfi með föstu skatthlutfalli. Í fjölþrepaskattkerfi eru tekjur skattlagðar með mishárri skattprósentu eftir því sem tekjurnar aukast en skattkerfi sem byggir á hlutfallslegri skattlagningu hefur hins vegar fast skatthlutfall og eru tekjur allra skattgreiðenda skattlagðar með sama skatthlutfalli. Þannig greiða allir sama hlutfall af tekjum sínum, áður en tekið er tillit til persónuafsláttar og skattalegra ívilnana s.s. barnabóta.

⁴¹ Sjá til hliðsjónar: Johnstone, R. L. (2009). Bls. 41

⁴² Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 3, 36 og 54

⁴³ Sjá til hliðsjónar: Ingólfur H. Ingólfsson (2005). Bls. 30 – 31, Johnstone, R. L. (2009). Bls. 48

⁴⁴ Sjá til hliðsjónar: Verslunarráð Íslands (2005, skýrsla). Bls. 55

2.4.1 Fjölpreskattkerfi (Progressive Tax System)

Fjölpreskattkerfi er skattkerfi þar sem tekjum er skipt niður í fyrirfram ákveðin tekjubil sem eru skattlögð með mishárri skattprósentu eftir því sem tekjur hækka. Kostir slíks kerfis eru að það gagnast vel til að stuðla að tekjujöfnun þar sem skattlagning fer stighækkandi með hækkandi tekjum. Tekjujöfnun getur þannig verið innbyggð í skattkerfið í stað þess að fara fram með tekjutengingum t.d. við barna- og vaxtabætur eins og raunin hefur verið héraendis. Með því móti dregur verulega úr áhrifum jaðarskatta og kjarabætur skila sér betur til láglaunafólks.⁴⁵ Annar kostur er að með slíku skattkerfi er hægt að hafa bein áhrif á afmarkaðan hóp skattgreiðenda til dæmis með því að breyta skatthlutfalli í einu skattþrepanna.⁴⁶ Jafnframt dreifist skattbyrði betur eftir greiðslugetu.⁴⁷

Fjölpreskattkerfi er að sjálfsögðu ekki gallalaust. Á meðal gallanna er að sveigjanleiki slíks skattkerfis er minni en skattkerfis með föstu skatthlutfalli.⁴⁸ Hannes Hólmsteinn Gissurarson nefnir að með upptöku fjölpreskattkerfis muni flækjustig skattkerfisins aukast og að fjölpreskattkerfi muni draga úr verðmætasköpun vegna minni vinnuvilja og aukinnar áhættufælni fjármagnseigenda.⁴⁹ Með auknu flækjustigi er yfirleitt átt við að framkvæmd skattheimtu í fjölpreskattkerfi sé flóknari en í skattkerfi með flötu skatthlutfalli. Til dæmis er mjög algengt héraendis að launþegi vinni hjá fleiri en einum vinnuveitanda sem þýðir að vandi getur komið upp í sambandi við í hvaða skattþrepi á að skattleggja hann og svo hafa ýmsar starfsstéttir breytilegar tekjur. Einn mánuðinn gætu tekjur verið mjög háar en hinn mjög lágur. Afleiðing þess er að breytingar við álagningu verða meiri en ella auk þess sem skattframkvæmd og skatteftirlit verða erfiðari.⁵⁰ Fjölpreskattkerfi er einnig talið leiða af sér aukna hættu á skattsvikum. Að lokum má ekki gleyma að slíkt kerfi hefur aukna vinnu launagreiðenda í för með sér t.d. við að fylgjast með í hvaða skattþrepi ber að skattleggja viðkomandi

⁴⁵ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 60

⁴⁶ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 60

⁴⁷ Sjá til hliðsjónar: Hannes Hólmsteinn Gissurarson (2007) bls. 225

⁴⁸ Til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2003, *Greinargerð um fjölpreskatt og viðmiðunarneystaðla*). Bls. 14

⁴⁹ Sjá til hliðsjónar: Hannes Hólmsteinn Gissurarson (2007) bls. 225

⁵⁰ Til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2003, *Greinargerð um fjölpreskatt og viðmiðunarneystaðla*). Bls. 14

launamann.⁵¹ Tvö afbrigði fjölþrepaskattkerfis, heildstætt skattkerfi (Comprehensive Income Taxation) og tvíþætt skattkerfi (Dual Income Taxation) verða nú kynnt lauslega.

2.4.2 Fast skatthlutfall (Proportional Tax System)

Í skattkerfi með föstu skatthlutfalli helst álagningarhlutfallið fast þó tekjur aukist. Upphæð skattgreiðslunnar hækkar þó um leið og tekjurnar auk þess sem skattbyrði þyngist vegna áhrifa skattleysismarka á hlutfall skattgreiðslu af heildartekjum.⁵² Fast skatthlutfall þýðir samt ekki endilega að allar gerðir tekna séu skattlagðar með sama skatthlutfalli heldur aðeins að upphæð teknanna hafi ekki áhrif á skatthlutfallið. Má til dæmis benda á að skatthlutfall launatekna og fjármagnstekna í íslenska skattkerfinu, eins og það var fyrir áramót, var mishátt þó svo skatthlutfallið væri fast.

2.4.3 Hlutverk skattkerfis

Meginhlutverk skattkerfis er að afla tekna til að fjármagna verkefnin sem eru í verkahring hins opinbera en eins og sjá má af fjárlögum hvers árs er skattheimta aðaltekjuöflunartæki ríkisins. Stjórnvöld taka því líka ákvörðun um hvaða skatta skal innheimta, af hvaða tekjum, hvaða skatthlutfalli skal beita og ekki síst hverjir eiga að greiða skattinn og í hvaða mæli skattheimtan á að snerta afmarkaða hópa skattgreiðenda. Einnig er ákveðið með hvaða hætti skuli standa að tekjufjöfnun. Að lokum er ákveðið hvort frádrættir frá skattskyldum tekjum eða reiknuðum skatti verða heimilaðir. Slíkar ákvarðanir eru teknar að hluta til út frá áætluðum kostnaði við verkefnin sem hinu opinbera ber að sinna og að hluta til út frá hvernig efnahagsástandið í þjóðfélaginu er. Er skemmst að minnast ákvarðana núverandi stjórnvalda um skattahækkanir sem eiga rætur sínar að rekja til efnahagshrunsins. Að lokum kemur að lagarammanum þar sem ákvarðanir stjórnvalda eru settar í lagalegan búning með fulltingi Alþingis enda má ekki breyta neinu í skattamálum nema samkvæmt heimild í settum lögum eins og áður hefur komið fram.

⁵¹ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 62

⁵² Sjá til hliðsjónar: Finnur Oddsson, Frosti Ólafsson og Haraldur I. Birgisson (2009, skýrsla). Bls. 26

2.5 Samantekt I. hluta

Hugtakið skattur skiptir miklu máli í umræðu um skattarétt og skattamál þar sem heimildir ríkisvaldsins til að leggja á skatta eru háðar sérstökum reglum. Þessar reglur sem koma meðal annars fram í form- og efniskröfum Stjórnarskrárinnar setja því skattheimtu, sem er aðal tekjuöflunarleið ríkisvaldsins ákveðin mörk.

Í 65. gr. Stj.skr. er skýrt tekið fram að ekki megi mismuna fólki á grundvelli kynferðis, litarháttar eða búsetu. Þrátt fyrir það er þó talið heimilt innan skattaréttar að mismuna skattþegnum byggi sú mismunun á málefnalegum grunni. Til dæmis er heimilt að skattleggja á mismunandi hátt eftir fjölskyldugerð, fjölskyldustærð eða húsnæðisaðstöðu og því teldist fjölskylduskattlagning ekki ómálefnaleg. Það skiptir máli þar sem barnafjölskyldur myndu í einhverjum mæli njóta skattalegs hagræðis umfram einstaklinga og barnlaus hjón í fjölskylduvænu skattkerfi.

Greiðslugeta er kenning sem segir að allir eigi að greiða skatt í samræmi við greiðslugetu sína. Vandinn er sá að raunveruleg greiðslugeta byggir bæði á tekjum launþega og framfærslubyrði hans en í framkvæmd virðist gert ráð fyrir því að greiðslugeta allra með jafnháar tekjur sé sú sama. Þannig fá til dæmis allir jafnháan persónuafslátt og skatthlutföllin eru þau sömu fyrir hvert skattþrep. Barnabætur og vaxtabætur hafa ekki áhrif á skattgreiðslur en hafa engu að síður áhrif á skattbyrði og greiðslugetu manna. Segja má að barnabætur séu undantekning frá þeirri nálgun að greiðslugeta sé jafnmikil óháð framfærslubyrði því fjöldi barna hefur áhrif á upphæð barnabóta. Að reikna raunverulega greiðslugetu manns er flókið og í raun þarf að meta stöðu hvers og eins og skattleggja í samræmi við þá niðurstöðu.

Um tvær grunngerðir skattkerfa er að ræða, fjölþrepaskattkerfi og skattkerfi með föstu skatthlutfalli. En burtséð frá því hvernig skattkerfi er notað við skattheimtu þarf að hafa í huga að aðalhlutverk skattkerfis er að afla tekna auk þess sem það er jafnframt ákveðið stjórnþæki fyrir ríkisvaldið. Þess vegna er mikilvægt að móta stefnu og taka meðvitaðar ákvarðanir um hvernig skattkerfi á að vera ekki síst vegna þess að ákvarðanirnar hafa áhrif á skattbyrði og jaðarskatta og þar með bein áhrif á hag skattþegna.

3 II. Hluti

Annar hluti ritgerðarinnar hefst á því að farið er yfir þróun íslenska tekjuskattkerfisins fram til dagsins í dag. Að því loknu verður rætt um tekjuhugtakið í skilningi tekjuskattslaganna og farið yfir núverandi uppbyggingu tekjuskattkerfisins eins og það snýr að skattlagningu manna utan rekstrar. Þá er verið að ræða um að kynna helstu skatta sem lagðir eru á menn, frádráttarheimildir, ívilnunarákvæði, bótakerfi og skattaflætti en þessir þættir, og þá ekki síst frádráttarheimildir, hafa áhrif á það í hvaða mæli skattkerfi telst fjölskylduvænt. Því næst verður farið yfir reglur um skattlagningu hjóna og samskattaðs sambýlisfólks auk þess sem tæpt verður á skattlagningu sérskattaðs sambýlisfólks og barna.

3.1 Þróun skattkerfis á Íslandi

Fyrstu íslensku skattalögin, svokölluð Tíund, voru samþykkt af Alþingi 1096 eða 1097 en samkvæmt þeim lögum var greiddur 1% eignaskattur af eignum manna.⁵³ Síðan þá hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á skattkerfum og skattlagningu en Íslendingar eru óragir við að prófa nýja hluti. Þannig er búið að prófa hinar ýmsu gerðir skattkerfa eins og eignarskattkerfi, tekjuskattkerfi, fjölþrepaskattkerfi, fjölskyldu-skattlagningu, nettó- og brúttóskattlagningu tekna, samsköttun hjóna, takmarkaða sérsköttun hjóna og skattkerfi með föstu skatthlutfalli. Verður nú farið lauslega yfir það hvernig skattkerfið og ekki síst heimilir frádrættir manna hafa þróast og breyst í gegn um tíðina.

3.1.1 Tekjuskattslög nr. 21/1877

Fyrstu íslensku tekjuskattslögin nr. 21/1877 voru samþykkt árið 1879 og tóku þau við af Tíundinni.⁵⁴ Skatthugtakið var frekar þröngt og var tekjuskattur aðallega lagður á fólk sem starfaði í verslun eða iðngreinum. Þrepaskipting tekjuskattsins fól í sér að 1% - 4% skattur var greiddur af tekjum á bilinu 1.000 kr. til 7.000 kr. Hámarksskatthlutfall, 4%, var greitt af tekjum hærri en 7.000 kr.⁵⁵ Enginn persónu- eða barnafrádráttur var heimill

⁵³ Sjá til hliðsjónar: Ingólfur H. Ingólfsson (2005). Bls. 77

⁵⁴ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 47

⁵⁵ Sjá til hliðsjónar: Unnar Steinn Bjarndal (2007). Bls. 16

en skattleysismörk voru 1.000 kr.⁵⁶ Þá var frádráttur kostnaðar við öflun tekna heimill og fóru reglurnar eftir því um hvaða atvinnugrein var að ræða þannig að um nettóskattlagningu var að ræða.⁵⁷

3.1.2 Tekju- og eignarskattslög nr. 74/1921

Árið 1921 urðu verulegar breytingar á skattkerfinu með fyrstu almennu tekju- og eignarskattslögnum sem voru nr. 74/1921.⁵⁸ Eignarskatti var bætt við og tekjuhugtakið útvíkkað og voru nú reglubundin vinnulaun, rekstrartekjur og tilfallandi tekjur skattskyld.⁵⁹ Ýmsan kostnað sem talinn var rekstrarkostnaður mátti draga frá skattskyldum tekjum s.s. lífeyrisiðgjöld og vaxtagjöld af skuldum. Persónufrádráttur sem var 500 kr. fyrir einstakling, 1.000 kr. fyrir hjón og 300 kr.⁶⁰ fyrir börn yngri en 14 ára var tekinn upp. Hefði skattgreiðandi maka, foreldra sína, börn sín undir 16 ára aldri sem ekki gátu framfleytt sér sjálf eða aðra skylduómaga á framfæri sínu naut hann sama frádráttar vegna þeirra.⁶¹ Einnig var lögfest að hjón skyldu vera samsköttuð⁶² og sett inn ívilnunarákvæði vegna veikinda, mannláts eða slyss.⁶³

3.1.3 Tekju- og eignarskattslög nr. 46/1954

Þetta skattkerfi var mjög fjölskylduvænt. Meðal annars vegna þeirra fjölmörgu frádráttarheimilda sem tengdust hag fjölskyldunnar.⁶⁴ Þar á meðal var frádráttur vegna kostnaðar við stofnun heimilis og frádráttur hluta húsaleigu. Giftar konur og einstæðar mæður sem unnu úti og keyptu heimilisaðstoð máttu draga allt að 2/3 hluta launa sinna frá skattskyldum tekjum, þó ekki hærri upphæð en greidd var fyrir heimilisaðstöðina. Síðan mátti draga ferðakostnað vegna langferða í tengslum við starf manns frá og helming björgunarlauna skipshafna. Auk frádráttarliðanna voru skattleysismörk 1.000 kr. fyrir einstakling og 2.000 kr. fyrir hjón og svo lægri skattstigi fyrir hjón, þar til tekjur náðu 50.000 kr. Persónufrádráttur einstaklings var 6.500 kr., 12.000 kr. hjá hjónum og

⁵⁶ Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 9

⁵⁷ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 9

⁵⁸ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 50

⁵⁹ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 51

⁶⁰ Skv. Ásmundi G. Vilhjálmssyni (1994). Bls. 51 var þessi upphæð 200 kr.

⁶¹ Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 10

⁶² Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 16

⁶³ Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 10

⁶⁴ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 11

að auki var sérstakur frádráttur vegna barna og skyldmenna sem skattgreiðandi hafði á sínu framfæri 4.500 kr. á mann.⁶⁵ Árið 1960 var svo bætt við frádráttarheimild vegna námskostnaðar og heimild til að draga helming launa giftrar konu frá skattskyldum tekjum áður en skattur var lagður á. Persónufrádráttur var einnig aukinn.⁶⁶

3.1.4 Tekju- og eignarskattslög nr. 40/1978

Enn urðu veigamiklar breytingar á skattkerfinu. Skattlagningu hjóna var breytt úr samsköttun yfir í takmarkaða sérsköttun hjóna.⁶⁷ Tekjuhugtakið var rýmkað enn frekar árið 1980 þannig að uppruni tekna skipti ekki lengur máli fyrir skattskyldu þeirra og orðinu gæði var bætt við í tekjuskilgreiningu. Sjálfstæðir atvinnurekendur máttu ekki lengur draga tap af rekstri frá öðrum tekjum sínum.⁶⁸

Nettóskattlagning launatekna var afnumin og heimill frádráttur takmarkaður við ákveðna kostnaðarliði.⁶⁹ Eftirfarandi frádráttarliðir voru felldir niður: helmingur launa giftra kvenna, kostnaður við öflun bóka, tímarita og fl. í vísindalegum tilgangi eða sérfræðiskyni, helmingur björgunarlauna áhafna og hlífðarfata sjómanna. Engu að síður voru enn margir leyfilegir frádráttarliðir í lögnum svo sem: skyldusparnaður, fargjöld vegna langferða á vegum vinnuveitanda, fargjöld vegna ferða á milli heimilis og vinnu, móttekið risnufé, ökutækjastyrkir, hlunnindi í formi fæðis, húsnæðis og fatnaðar sem ekki voru manni til hagsbóta, helmingur greidds meðlags, námsfrádráttur, kostnaður við stofnun heimilis, iðgjöld vegna lífeyrissjóðs, stéttarfélags og fleira, vaxtagjöld, gjafir sem voru að lágmarki 5.000 kr. til menningarmála, vísindastarfa og fleira. Skattþegn gat líka valið um að draga 10% af tekjuskattsstofni sínum frá í stað síðastgreindu frádráttarliðanna eftir ákveðnum reglum.⁷⁰ Ef um hjón var að ræða urðu þau að velja sömu frádráttarreglu.⁷¹ Þegar hér var komið sögu þótti skattkerfið vera orðið ansi flókið

⁶⁵ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 11

⁶⁶ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 11-12

⁶⁷ Sjá til hliðsjónar: Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 16, Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995). Bls. 515

⁶⁸ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 53

⁶⁹ Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 55 - 56

⁷⁰ Helgi V. Jónsson (1993). Bls. 324 - 325

⁷¹ Sjá til hliðsjónar: Jónatan Þórmundsson (1982). Bls. 20

þar sem venjulegur launamaður gat verið með allt að 20 frádráttarliði.⁷² Meginkosturinn fyrir skattþegnana var þó að allir áttu rétt til einhvers frádráttar.

3.1.5 Tekju- og eignarskattslög nr. 75/1981

Lög nr. 40/1978 breyttust fljótlega í lög nr. 75/1981 sbr. 32. gr. laga nr. 25/1981 og voru tekjuskattslögin undir því heiti allt til ársins 2003.

3.1.6 Tekjuskattslög nr. 90/2003

Lög nr. 75/1981 voru endurútgefin sem tekju- og eignarskattslög nr. 90/2003 með lögum nr. 22/2003 til að gera léttar lagfæringar. „Ekki er um efnisbreytingar á lögnum að ræða, heldur einungis einfaldar lagfæringar, svo sem uppfærslu á tilvísunum í lög sem fallið hafa úr gildi og niðurfellingu eða breytingar á ákvæðum sem láðst hefur að gera í tengslum við aðrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða í tengslum við breytingar á öðrum lögum.“⁷³ Eftir að eignaskattur var felldur niður árið 2004 með lögum nr. 129/2004 kallast lögin Tekjuskattslög nr. 90/2003 og eru það tekjuskattslögin sem eru í gildi í dag.

3.1.7 Tekjuskattskerfið 1988 - 2009

Árið 1988 varð grundvallarbreyting á skattkerfinu með upptöku staðgreiðsluskattkerfis.⁷⁴ Þáverandi fjölþrepaskattkerfi var lagt niður og skattkerfi með föstu skatthlutfalli tekið upp í staðinn. Nauðsynlegt þótti að einfalda skattkerfið svo hægt væri að taka upp staðgreiðslukerfi⁷⁵ og var það gert með sameiningu skattstofna og skatthlutfalla og niðurfellingu frádráttarliða. Þannig voru t.d. skattstofnar tekjuskatts og útsvars sameinaðir og sjúkratryggingagjald, kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld felld inn í nýtt skatthlutfall.⁷⁶ Flestir heimilir frádráttarliðir voru felldir niður en eftir stóðu: ökutækjastyrkur, dagpeningar, launagreiðslur embættismanna, fulltrúa og starfsmanna

⁷² Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 12

⁷³ Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 22/2003 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (2002–2003). Þskj. 1098, 675. mál, 128. löggjafarþing. Sótt á vefinn 13.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2003.022.html>

⁷⁴ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 12

⁷⁵ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 49/1987 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Þskj. 596, 342. mál. 109. löggjafarþing, Sótt á vefinn 06.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0596.pdf>

⁷⁶ Sjá til hliðsjónar: Garðar Valdimarsson (2009), Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 12

alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka og að lokum skattfrjálsar tekjur skv. 4. tl. A-liðar 7. gr. Tsl.⁷⁷ Með þessum breytingum var um það bil hrein brúttóskattlagning komin á.⁷⁸ Í stað niðurfelldra frádráttarliða kom fastur skattafsláttur, persónuafsláttur, sem var óháður hjúskaparstöðu eða fjölskyldustærð og sjómannafrádrætti var breytt í sjómannaafslátt. Til að koma í veg fyrir að skattbyrði einstaklinga myndi aukast í kjölfar þessara breytinga var ákveðið að persónuafslátturinn yrði hærri en samanlögð áhrif vegna frádráttarheimildanna. Einnig var ákveðið að heimila millifærslu 80% ónotaðs persónuafsláttar á milli hjóna.⁷⁹ Vaxtagjöld voru ekki lengur frádráttarbær kostnaður en húsnæðisbætur voru teknar upp í staðinn. Þeim var síðar breytt í vaxtabætur.⁸⁰

Með upptöku staðgreiðsluskattkerfis breyttist fyrirkomulag innheimtu skatta. Í stað þess að álagning og greiðsla skatts færi fram ári síðar var skatturinn nú greiddur með bráðabirgðagreiðslu á þeim tíma er skattskyldar tekjur urðu til. Svokallað staðgreiðsluhlutfall sem samanstendur af skatthlutfalli tekjuskatts og meðaltali útsvarshlutfalls var notað við útreikning staðgreiðslunnar. Ef mismunur var á álögðum og greiddum skatti var hann gerður upp við álagningu.⁸¹

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skattkerfinu eftir upptöku staðgreiðslu. Þar á meðal má nefna að sjálfvirkri verðuppfærslu persónuafsláttar var kippt út fljótlega eftir að tekjuskattkerfinu var breytt, þannig að persónuafslátturinn hefur ekki haldið raungildi sínu (ákvæði um vísitölutengingu var þó sett aftur inn árið 2006 sbr. 6. gr. laga nr. 174/2006), tekjutenging bóta var aukin og lífeyrисиðgjöld urðu aftur frádráttarbær frá launum við útreikning tekjuskattsstofns.⁸² Persónuafsláttur er nú að fullu millifæranlegur á milli hjóna sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl. og sérstakur fjármagns-tekjuskattur með 10% skatthlutfalli var tekinn upp á Íslandi árið 1996 með lögum nr. 94/1996.

⁷⁷ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 49/1987 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Þskj. 596, 342. mál. 109. löggjafarþing, Sótt á vefinn 06.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0596.pdf>

⁷⁸ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 49/1987 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Þskj. 596, 342. mál. 109. löggjafarþing, Sótt á vefinn 06.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0596.pdf>

⁷⁹ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 45

⁸⁰ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 45

⁸¹ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 45

⁸² Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 77 - 79

Um mitt síðasta ár varð breyting á skattlagningu fjármagnstekna sem segja má að hafi verið forleikurinn að þeim skattkerfisbreytingum sem áttu sér stað um síðastliðin áramót og nánar verður fjallað um síðar, en skatthlutfall fjármagnstekjuskatts var hækkað úr 10% upp í 15% sbr. 2. mgr. brb.ákv. XXIX. Tsl. Hækkunin náði að vísu aðeins til þeirra einstaklinga sem voru með hærri fjármagnstekjur en 250.000 kr. og hjóna og sambýlisfólks með yfir 500.000 kr. í fjármagnstekjur.

3.1.8 Helstu breytingar á skattalögum árin 2009 - 2010

Í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem gefin var út í júní 2009 kemur fram að ætlunin sé að ná jöfnuði í ríkisfjármálin á rúmum fimm árum en til þess telji stjórnvöld nauðsynlegt að hækka skatta, draga úr útgjöldum ríkisins og endurskoða skattkerfið.⁸³ Á meðal hugsanlegra aðgerða í skattamálum var rætt um að hækka skatthlutfall lögaðila þannig að skattlagning hagnaðs félaga og skattur af arði verði svipuð skattlagningu launatekna og endurskoðun ýmissa frádráttarliða.⁸⁴ Einnig koma breytingar á eignarsköttum og erfðafjársköttum til greina.⁸⁵ Stefnt var á að endurskoðaðar breytingar á skattkerfinu eða áfangar úr slíkri endurskoðun tækju gildi í upphafi ársins 2010.⁸⁶

Frumvarp um víðtæka breytingu á tekjuskattslögum, í raun má tala um skattkerfisbreytingu, varð að lögum nr. 128/2009. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að á meðal ástæðna fyrir þessum breytingum sé veruleg tekjuöflunarþörf ríkisins vegna bankahrunsins og aukin þörf á félagslegri jöfnun innan skattkerfisins. Einnig kemur fram að markmið stjórnvalda með breytingum á skattkerfinu sé að byggja upp kerfi sem getur afað tekna, sé skilvirkt og ekki síst réttlátt. Breytingarnar þurfa líka að vera til þess fallnar að dreifa skattbyrði á sanngjarnan hátt, gæta jafnræðis og vera

⁸³ Til hliðsjónar: Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þskj. 173, 126. mál, 137. Löggjafarþing 2009 – 2010. Sótt á vefinn 08.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/137/s/0173.html>.

⁸⁴ Sjá til hliðsjónar: Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þskj. 173, 126. mál, 137. Löggjafarþing 2009 – 2010. Sótt á vefinn 08.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/137/s/0173.html>.

⁸⁵ Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þskj. 173, 126. mál, 137. Löggjafarþing 2009 – 2010. Sótt á vefinn 08.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/137/s/0173.html>.

⁸⁶ Til hliðsjónar: Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þskj. 173, 126. mál, 137. Löggjafarþing 2009 – 2010. Sótt á vefinn 08.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/137/s/0173.html>.

hlutlausar svo að nokkur atriði séu nefnd.⁸⁷ Með hlutleysi skattkerfis er átt við að skattkerfið hafi lítil sem engin áhrif á ákvarðanir skattþegna, t.d. atvinnuþátttöku.⁸⁸ Fleiri lagabreytingar sem hafa áhrif á tekjuskattslögin voru gerðar og verða helstu breytingar sem verða skattlagningu manna raktar. Upptalningunni er skipt eftir því hvort breytingar tóku gildi á tekjuárinu 2009 eða 2010:

3.1.8.1 Helstu breytingar á tekjuárinu 2009:

- Með lögum nr. 136/2009 voru öll skattumdæmin sameinuð í eitt. Ísland er nú eitt skattumdæmi undir Ríkisskattstjóra sbr. 84. gr. Tsl., sbr. a-lið. 10. gr. laga nr. 136/2009 sem voru samþykkt 29.12.2009.
- 8% hátekjuskattur var lagður á að nýju tímabilið 1. júlí til 31. desember 2009 sbr. 1. mgr. brb.ákv. XXIX Tsl., sbr. brb.ákv. II laga nr. 70/2009. Skatturinn var innheimtur í staðgreiðslu (stofn til útreiknings hans var sá sami og staðgreiðsla er reiknuð af) af skattstofni einstaklinga yfir 700.000 kr. á mánuði sbr. 1. mgr. brb.ákv. XXIX Tsl., sbr. 3. gr. laga nr. 70/2009. Framkvæmdin nú skilur sig frá síðustu álagningu hátekjuskatts þar á undan, árin 2004 (4%) og 2005 (2%), en ekki er miðað við sameiginlegan skattstofn hjóna eins og var sbr. 2. mgr. brb.ákv. IX. Tsl.
- Fjármagnstekjuskattur var 10% í upphafi árs 2009. Frá og með 1. júlí var skatthlutfalli einstaklinga utan rekstrar breytt í 15% sbr. 2. mgr. brb.ákv. XXIX. Tsl., þó þannig að einhleypir með lægri fjármagnstekjur en 250.000 kr. og hjón með lægri fjármagnstekjur en 500.000 kr. greiddu áfram 10% fjármagns-tekjuskatt.
- Skattlagning leigutekna vegna húsnæðis breyttist líka þannig að 70% teknanna mynda skattstofn en 30% eru skattfrjálsar. Breyting í þessa veru tók gildi í júlí 2009 sbr. 2. mgr. brb.ákv. XXIX Tsl.

⁸⁷ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 292, 256. mál. 138. Löggjafarþing. Sótt á vefinn 27.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0292.html>

⁸⁸ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 12

- Auðlegðarskattur upp á 1,25% verður lagður á þá menn sem eiga hreina eign í árslok umfram 90.000.000 kr. ef um einstakling er að ræða og 120.000.000 kr. hjá hjónum sbr. brb.ákv. XXXIII Tsl., sbr. d-lið 24. gr. laga nr. 128/2009.

3.1.8.2 Helstu breytingar á tekjuárinu 2010:

- Meginbreytinguna á skattkerfinu er að finna í 66. gr. Tsl. sbr. 13. gr. laga nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins en þriggja þrepa fjölþrepaskattkerfi tók gildi 1. janúar 2010.
- Skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 29. gr. laga nr. 128/2009 ber launþegi ábyrgð á því að upplýsa launagreiðanda um í hvaða skattstigi skal skattleggja hann starfi launþeginn hjá fleiri en einum vinnuveitanda.
- Frá og með áramótum 2010 verður fjármagnstekjuskattur einstaklinga utan rekstrar 18% og það verður 100.000 kr. frítekjumark af heildarvaxtatekjum manna. Skattlagning leigutekna vegna húsnæðis breytist líka þannig að 70% teknanna mynda skattstofn en 30% eru skattfrjálsar sbr. 3. mgr. 67. gr. Tsl., sbr. c-lið 13. gr. laga nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins.
- Bætt var við frádráttarheimild B-liðar 30. gr. Tsl. með því að veita kaupendum hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði heimild til skattfrádráttar sbr. 3. tl. 1. mgr. B-liðar 30. gr., sbr. 2. gr. 137/2009. Heimildin gildir frá 1. janúar 2010.
- Vísitölubindingu persónuafsláttar var kippt út aftur með a-lið 14. gr. laga nr. 128/2009 og persónuafslætti var breytt í 530.466 kr. sbr. 67. gr. Tsl., sbr. b-lið 14. gr. laga nr. 128/2009. Taka breytingarnar gildi á árinu 2010.
- Skattþrepin verða hins vegar vísitölutryggð og skal miða við launavísitölu. Leiðrétting skal fara fram í upphafi árs í fyrsta sinn fyrir tekjuárið 2011 sbr. 66. gr. Tsl., sbr. 5. tl. a-liðar 13. gr., sbr. 41. gr. laga nr. 128/2009.

- Tekjustofnar til útreiknings barna- og vaxtabóta voru samræmdir á þann veg að frá áramótum munu vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður einnig skerða barnabætur sbr. A-lið 68. gr. Tsl., sbr. b-lið 15. gr. laga nr. 128/2009.
- Ákvæðum A-liðar 68. gr. Tsl. um rétt til að njóta barnabóta var breytt þannig að haldi foreldrar eða framfærendur barns heimili saman en uppfylli ekki skilyrði þess að mega skrá sambúð sína, t.d. vegna þess að annar aðilinn er enn í hjúskap með öðrum en sambúðaraðila, skuli þeim engu að síður reiknaðar barnabætur sem hjón eða sambúðarfólk væru sbr. A-lið 68. gr. Tsl., sbr. a-lið 15. gr. laga nr. 128/2009. Breytingin tók gildi 1. janúar 2010.
- Ákvæðum B-liðar 68. gr. Tsl. var breytt þannig að fólki sem sannanlega er í sambúð og heldur heimili saman þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt eru reiknaðar vaxtabætur sem hjón væru sbr. B-lið 68. gr. Tsl., sbr. c-lið 15. gr. laga nr. 128/2009. Breytingin tók gildi 1. janúar 2010.
- Í 24. gr. laga nr. 128/2009 eru nokkur bráðabirgðaákvæði:
 - ✓ Sjómannaafsláttur verður afnuminn á nokkrum árum sbr. a-lið
 - ✓ Viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum vegna ársins 2009 er 7% á árinu 2010 og nýjar hámarksfjárhæðir við ákvörðun vaxtabóta tilteknar sbr. c-lið. Þessar breytingar eru til hagsbóta fyrir skuldara.

Það er ákveðið áhyggjuefni að vísitölubinding persónuafsláttar var afnumin því persónuafslátturinn mun ekki halda raungildi sínu sjálfkrafa. Því er hætta á að skattbyrði launþega hækki hægt og hljótt með tímanum og geta hækkanði skattgreiðslur haft veruleg áhrif á hag fjölskyldna vegna lægri ráðstöfunartekna. Skattþrepin verða hins vegar vísitölutryggð og það ætti að tryggja að tekjumörkin haldi í við verðbógu.

3.1.8.3 Breytingar á skattmati 2010

Skattmat er mat stjórnvalda á því hvernig verðmeta skuli hlunnindi eða önnur gæði sem launamaður og/eða fjölskylda hans eða aðrir aðilar eru aðnjótandi í tengslum við starf launamanns eða tengsla aðila við fyrirtæki sbr. 118. gr. Tsl. Til hlunninda teljast til

dæmis afnot af bifreið, greiðsla húsaleigu, ókeypis afnot af sumarhúsi og ber að telja slík hlunnindi fram á skattframtali og greiða skatt af þeim í samræmi við skattmat.⁸⁹

Þó vissulega sé ekki um breytingar á skattkerfinu sjálfu að ræða þá hafa orðið nokkrar breytingar á mati yfirvalda á hvað skal teljast til skattskyldra hlunninda og koma þær breytingar fram í skattmati ársins 2010. Verður því farið yfir helstu breytingar á skattmatinu⁹⁰:

- Launagreiðanda er heimilt að greiða starfsmanni allt að 3.000 kr. á mánuði í ferðastyrk til að greiða fargjöld með almenningsvögnum án þess að slík greiðsla teljist til skattskyldra tekna. Enda ætlist launagreiðandi til þess að starfsmaður nýti sér þennan ferðamáta vegna ferða starfsmanns í þágu launagreiðanda skv. lið 2.6. sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.
- Launagreiðanda er heimilt að greiða starfsmanni allt að 3.000 kr. á mánuði vegna kostnaðar við önnur farartæki en bifreið, t.d. reiðhjól, sem nýtt eru vegna ferða í þágu launagreiðanda, án þess að slík greiðsla teljist til skattskyldra tekna skv. lið 2.6., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.
- Sé bifreið launagreiðanda notuð til að koma starfmönnum á milli vinnustaðar og heimilis á tímum þar sem almenningsgöngur eru ekki í boði og kjarasamningur kveður á um slíkt, telst slíkur akstur ekki til skattskyldra tekna starfsmanns. Heimilt er að launþegi noti bifreiðina til að komast til og frá vinnu en honum skal þá einnig skylt að sækja og skila öðrum starfsmönnum launagreiðanda til og frá heimilum þeirra sbr. lið 2.3. sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.
- Styrkur frá launagreiðanda eða stéttarfélagi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við að halda góðri heilsu skal ekki teljast til skattskyldra tekna að

⁸⁹ Stjórnartíðindi (2009, skattmat).

⁹⁰ Stjórnartíðindi (2009, skattmat).

Því marki sem styrkurinn fer ekki yfir 25.000 kr. á ári. Framvísa skal fullgildum reikningi til staðfestingar á greiðslunni sbr. lið 2.6., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda. Í skattmatinu er ekki tiltekið hvað fellur undir kostnað við að halda góðri heilsu.

Breytingarnar á skattmatinu eru að mestu í takt við þá hugsun að skattfrelsi tekna eða heimilir frádrættir þurfi að hafa tengsl við tekjuöflun launamanns. Þannig eru skilyrði þess að greiðslur séu skattfrjálssar að notkun almenningsfarartækis, reiðhjóls eða annars ökutækis séu í þágu launagreiðanda.

Segja má að heimild til þess að launþegi megi taka bifreið launagreiðanda heim gegn því að hann komi öðrum starfsmönnum til og frá vinnustað, við tiltekna aðstæður, án þess að það feli í sér skattskyld hlunnindi fyrir launamanninn eða starfsmennina sé ákveðin hliðstæða við undanþáguna í 1. tl. A-liðar 1. mgr. 7. gr. Tsl. um að rekstur atvinnurekanda á hópþingum til að flytja starfsmenn til og frá vinnu telst ekki til skattskyldra hlunninda hjá starfsmönnum hans. En atvinnurekanda er þannig gert kleift að koma starfsmönnum sínum til og frá vinnu án skattalegra afleiðinga fyrir þá.

Markverðasta breytingin er ef til vill fráhrif frá því að heilsustyrkir séu alfarið skattskyld hlunnindi. Hér er ekki um hin beinu tengsl við tekjuöflun sem almennt er krafist að ræða heldur óbein tengsl. Góð heilsa hefur vissulega áhrif á getu launþega til að stunda starf sitt betur, en kostnaður við að halda henni hefur hingað til verið talinn einkakostnaður launþega, svo þessa viðhorfsbreytingu má telja af hinu góða. Eftirtektarvert er að ekki er sett fram neins konar beinagrind sem rammur af hvers konar kostnað má telja til þess fallinn að viðhalda góðri heilsu.

3.2 Tekjuhugtakið

Tekjuöflun hins opinbera fer að mestum hluta fram með skattlagningu tekna skattaðila, bæði einstaklinga og lögaðila. Skilgreining á því hvað telst vera tekjur og þá sérstaklega skattskyldar tekjur skiptir því verulegu máli í skattalegum skilningi bæði fyrir hið opinbera og skattgreiðendur. Skattlagning tekna manna utan rekstrar hefur ekki síst áhrif á ráðstöfunartekjur einstaklinga og þar með fjölskyldna og skiptir þannig verulegu máli hvort og af hvaða tekjum reikna skal skatta. Tekjur má til dæmis skilgreina sem

mælikvarða á þau gæði sem hægt er að nota til neyslu eða sparnaðar á árinu án þess að rýra eigur sínar.⁹¹

Þegar fyrstu tekjuskattslögin voru sett árið 1877 með lögum nr. 21 var tekjuhugtakið mjög þröngt í skattalegum skilningi en til skattskyldra tekna skv. lögunum töldust launatekjur, tekjur af verslun, iðnaði og eignum öðrum en húseignum.⁹² Tekjuhugtakið var þröngt fram undir 1979 og var skattskylda takmörkuð við reglulegar tekjur af vinnu, atvinnustarfsemi og eignum auk tilfallandi tekna, væri heimild fyrir því í lögum.⁹³

Með tímanum hefur tekjuhugtakið víkkað og ekki síst eftir að orðið gæði varð hluti þess. Gæði eru „hvers konar verðmæti sem skattaðila hlotnast og unnt er að meta til peningaverðs.“⁹⁴ Skilyrði þess að gæði teljist tekjur er að skattaðili eigi kröfu á hendur öðrum. Slík krafa myndast þegar aðili hefur lofað að afhenda skattaðila tiltekin gæði eða fá þau afhent frá honum gegn greiðslu.⁹⁵ Sem dæmi um slíka afhendingu má nefna vinnu launþega. Hann vinnur tiltekið starf gegn loforði um launagreiðslu. Í skattalegum skilningi skiptir miklu máli að hægt sé að meta gæðin til peningaverðs þar sem ekki er hægt að skattleggja eitthvað sem ekki hefur efnahagslegt virði.⁹⁶

Tekjuhugtak nútímans er mjög vítt og ætlað að ná yfir allt sem má skilgreina sem tekjur til að hægt sé að skattleggja sem flestar gerðir tekna. Endurspeglast þetta í upphafsákvæði 7. gr. Tsl. sem fjallar um skattskyldar tekjur: „Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru...“. Reyndar er ekki alveg rétt að ekki skipti máli hvaðan tekjur stafa því þær þurfa að stafa af lögmætum athöfnum. Þannig getur maður ekki haft þjófnað að atvinnu og greitt skatta og skyldur af ágóðanum. Þetta er stutt með ákvæðum 69. gr. Almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem fram kemur að heimilt er að gera ágóða af refsiverðri starfsemi upptækan og 2. tl. 50. gr. Tsl. en þar segir meðal annars að ekki megi draga frá skattskyldum tekjum kostnað vegna fjársekta

⁹¹ Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 37

⁹² Sjá til hliðsjónar: Helgi V. Jónsson (1993). Bls. 320

⁹³ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 78

⁹⁴ Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 78 - 79

⁹⁵ Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 79

⁹⁶ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 78 - 79

eða refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þ.m.t. verðmæti upptækra eigna eða greiðslna eða kostnað við að afla ólögmeats upptæks hagnaðar.

3.2.1 Flokkun tekna

Um skattskyldar tekjur er fjallað í II. kafla tekjuskattslaganna. Kaflinn hefst á 7. gr. sem er meginheimild laganna um hvað telst til skattskyldra tekna. Í greininni er löng og mikil upptalning á hvað fellur undir tekjur án þess að hún sé tæmandi talin og er hnykkt á því í 9. tl. C-liðar 1. mgr. þar sem segir: “Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.” Lagagreinar 8. til 27. eru frekari skýringar á því hvað tekjur eru og í 28. gr. er farið yfir hvað ekki telst til tekna en sú grein er þó ekki tæmandi og er t.d. nokkrar undanþágur að finna í 7. gr. Tsl.

Skattskyldum tekjum er skipt í þrjá flokka, A, B og C tekjur sbr. 7. gr. Tsl. Undir A-flokk falla einstaklingstekjur svo sem launatekjur og hvers konar annað endurgjald fyrir vinnu, starf eða þjónustu svo sem fæði, fatnaður og önnur hlunnindi sbr. A-lið 7. gr. Tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi heyra undir B-flokk sbr. B-lið 7. gr. og fjármagnstekjur tilheyra C-flokki sbr. C-lið 7. gr. Skipting tekna í þessa flokka skiptir miklu máli því hún stjórnar því hvaða skatthlutfall skal nota við skattlagningu tekna og hvaða frádrættir eru leyfilegir. Samanlagðar A og B-tekjur manna að frádregnum leyfilegum frádrætti skv. A- og B-lið 30. gr. Tsl. mynda tekjuskattsstofn og er tekjuskattur reiknaður af honum sbr. 61. gr. Tsl. Fjármagnstekjuskattur reiknast svo af C-tekjum að teknu tilliti til frítekjumarka vaxtatekna og leigutekna af íbúðarhúsnæði sbr. 3. mgr. 66. gr. Tsl. og heimila frádrætti á móti fjármagnstekjum sem er að finna í 30. gr. Tsl. Þar sem lítið er um frádráttarheimildir má segja að brúttótekjur manns séu skattlagðar.⁹⁷

3.2.2 Tekjufærsla

Ekki er samt nóg að tekjur séu skattskyldar. Það þarf einnig að skilgreina á hvaða tímapunkti skal telja tekjur fram til skattlagningar. Í 2. mgr. 59. gr. Tsl. kemur fram að tekjur skuli að jafnaði telja til tekna þegar krafa á hendur einhverjum hefur myndast nema tekjurnar séu óvissar og í 1. mgr. 59. gr. Tsl. segir að tekjuskatt skuli miða við tekjur almanaksárið á undan skattákvörðun.

⁹⁷ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 36

3.3 Frádráttarheimildir manna

Frádráttarheimild (eða skattfrádráttur) er sérstök heimild í tekjuskattslögum til að draga ákveðna kostnaðarliði frá skattskyldum tekjum, áður en tekjuskattur er reiknaður, í því skyni að lækka skattgreiðslur. Slíkar heimildir hafa lengi verið til staðar í skattalögum⁹⁸ og iðulega haft einhvers konar hlutverki að gegna og má nefna örvun fjárfestinga, t.d. í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum sbr. 3. tl. B-liðar 30. gr. Tsl. (2010), heimild skattþegna til að draga kostnað sem þeir verða fyrir við öflun tekna frá tekjuskattsstofni sínum⁹⁹ sbr. t.d. áður gildandi verkfærafrádrátt¹⁰⁰ (1981) og sérstakt tillit til fjölskylduaðstæðna sbr. t.d. áður gildandi barnafrádrátt¹⁰¹ (1921) eða léttu skattbyrði sbr. t.d. núgildandi heimild til frádráttar lífeyrissjóðsiðgjalda sbr. 4. og 5. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. sem dæmi. Við upptöku staðgreiðslukerfisins 1988 féllu flestar frádráttarheimildir út – til að einfalda skattkerfið - en um leið má segja að orðið hafi ákveðin breyting á viðhorfi til þess hvað telst beinn kostnaður við öflun tekna þannig að flestur slíkur kostnaður telst nú einkakostnaður. Má hér nefna viðhorf til kostnaðar við akstur á milli heimilis og vinnu sem dæmi. Í lögum nr. 40/1978 var frádráttarheimild vegna slíks kostnaðar til staðar sbr. umfjöllun í kaflanum Tekju- og eignarskattslög nr. 40/1978 fyrr í þessum hluta, en skv. skattmati 2010 er slíkur kostnaður einkakostnaður sbr. kaflann Ökutækjastyrkur síðar í þessum hluta. Einkakostnað ber launþeganum sjálfum að bera og er hann því ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum.

Frádráttarheimildir hafa tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og var sú saga rakin í kaflanum *Þróun skattkerfis á Íslandi* fyrr í II. hluta ritgerðarinnar. 30. gr. Tsl., sem er næsta umfjöllunarefni, inniheldur flestar núgildandi frádráttarheimildir á móti tekjum manna utan rekstrar og er alveg óhætt að segja ekki sé um auðugan garð að gresja í þeim efnum. Skilyrði þess að útgjöld teljist frádráttarbær frá skattskyldum tekjum er að frádráttarheimild sé til staðar sbr. 1. mgr. 29. gr. Tsl.

⁹⁸ Sjá til hliðsjónar: Helgi V. Jónsson. (1993). Bls. 324

⁹⁹ Sjá til hliðsjónar: Helgi V. Jónsson. (1993). Bls. 324

¹⁰⁰ Sjá til hliðsjónar: Helgi V. Jónsson. (1993). Bls. 325

¹⁰¹ Sjá til hliðsjónar: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Bls. 10

3.3.1 30. grein tekjuskattslaga nr. 90/2003

30. greinin hefur ekki tekið miklum breytingum frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp 1988. Þó er búið, hvað varðar A-tekjur, að bæta við frádráttarheimild vegna ættleiðingarstyrkja, iðgjalda í lífeyrissjóð og frekari útlistun um frádrátt á móti tekjum vegna starfa fyrir alþjóðastofnanir skv. 2. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. Að auki hafa tímabundnar heimildir til frádráttar á fjárfestingnum í atvinnulífínu verið settar inn í greinina sbr. t.d. 1. og 2. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. Sambærileg heimild til frádráttar vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum skv. nánari skilyrðum var einmitt lögfest árið 2009 með lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009.

A-liður 1. mgr. 30. gr. Tsl. fjallar um frádrætti frá A-tekjum manna. Um er að ræða ökutækjastyrk, dagpeninga og hliðstæðar endurgreiðslur á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra auk ættleiðingarstyrks skv. 1. tl. Umfjöllun um launatekjur og staðaruppbót starfsmanna sem starfa hjá alþjóðastofnunum, ríkjasamtökum og í þjónustu íslenska ríkisins á erlendri grund er svo að finna í 2. tl. og í 3. tl. er fjallað um frádrætti frá tekjum skv. 4. tl. A-liðar 7. gr. Tsl. Í tölulið 4. og 5. heimilast bæði launamönnum og mönnum sem eru með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ákveðinn frádráttur iðgjalda í lífeyrissjóði, séreignarsjóði og starfstengda eftirlauna-sjóði af launum. Þá er heimild til að draga fjárfestingu í nýsköpunarfélögum frá skattskyldum A-tekjum að finna í 3. tl. B-liðar 30 gr. 1. mgr. Tsl. eins og minnst var á áðan. Að lokum ber að nefna ákvæðið í 2. mgr. 30. gr. Tsl. um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun annarra tekna en launatekna skv. 1. tl. A-lið 7. gr.

Frádrættir frá C-tekjum manna varða mótreikning tapaðra vaxta sbr. 2. tl. B-liðs 30. gr. Tsl., svokallaða „leigu á móti leigu“, í tilviki íbúðarhúsnæðis sbr. 3. mgr. 30. gr. Tsl. og heimild til að jafna sölutap á móti söluhagnaði vegna sölu sams konar eigna á sama ári sbr. 1. mgr. 24. gr. Tsl.

3.3.2 Helstu frádráttarheimildir

Óhætt er að segja að þær frádráttarheimildir á móti einstaklingstekjum sem skipta meginmáli fyrir hinn almenna launamann séu ökutækjastyrkur, dagpeningar, hliðstæðar endurgreiðslur á kostnaði og iðgjöld í lífeyrissjóði til aukningar lífeyrisréttindum. Verður

nú farið nánar yfir helstu reglur varðandi þessar frádráttarheimildir auk umfjöllunar um 2. mgr. 30. gr. Tsl. og frádráttarbærni fjár-festinga í nýsköpunarfyrirtækjum frá skattskyldum tekjum. Ekki verður fjallað sérstaklega um aðrar frádráttarheimildir.

3.3.2.1 Ökutækjastyrkur

Noti launþegi bifreið sína í þágu vinnuveitanda og þiggi greiðslur fyrir teljast greiðslurnar skattskyldar tekjur í hendi móttakanda sbr. 1.tl. A-liðar 7. gr. Tsl. Á móti er launþeganum heimilt að draga sannanlegan rekstrarkostnað auk hlutfallslegrar afskriftar bifreiðarinnar frá slíkum greiðslum. Fjárhæð frádráttarins má þó aldrei fara fram úr skattmati fjármálaráðherra eða móttekinni upphæð ökutækjastyrks sbr. 1.tl. A-liðar 30. gr. Tsl., sbr. lið 3.1., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.

Skilyrði til að mega nýta sér frádráttinn er að akstursdagbók hafi verið haldin og að þar séu allar upplýsingar um aksturinn skráðar. Sé greiddur styrkur hærri en leyfilegur frádráttur á að skila staðgreiðslu af mismuninum. Akstur á milli heimilis og vinnu telst til einkakostnaðar og er því ekki frádráttarbær frá tekjum, skv. lið 3.1., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰² Til eru þó nokkrir úrskurðir frá Yfirskattanefnd sem staðfesta að allur akstur á milli heimilis og vinnu séu einkakostnaður og skipta hvorki tilefni ferðar né vegalengd á milli vinnu og heimilis máli í því sambandi, en hér verður aðeins minnst lauslega á tvo slíka úrskurði.

Úrskurður Yfirskattanefndar nr. 354/2005: þar sem akstur flugfreyju til og frá Keflavík og svo til og frá Hótel Loftleiðum þangað sem flugfreyjan þurfti að sækja gögn starfs síns vegna var allur talinn í eigin þágu „Matsregla þessi er fortakslaus og er því ekki hægt að draga þá ályktun að tilefni aksturs til og frá vinnu skipti máli.“

Úrskurður Yfirskattanefndar nr. 157/2006 (óbirtur): þar sem akstur háskólakennara á milli Háskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst var talinn akstur á milli heimilis og vinnu þar sem tilgangurinn var að komast í vinnu á Bifröst. „... og er ekki hægt að draga þá ályktun að tilefni aksturs til og frá vinnu eða lengd ferðar skipti máli.“

Til að launþegi fái kostnað sinn viðurkenndan þarf hann að senda skattyfirvöldum sundurliðun á rekstrarkostnaði bifreiðarinnar (eyðublað RSK 3.04). Hafi aksturinn verið undir

¹⁰² Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 159, Helgi V. Jónsson (1993). Bls. 326, Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

2.500 kílómetrum yfir árið þarf þó ekki að skila slíkri sundurliðun en akstursdagbók þarf að halda, sbr. lið 3.1., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰³

3.3.2.2 *Dagpeningar*

Dagpeningum er ætlað að vera endurgreiðsla á kostnaði¹⁰⁴ sem launþegi verður fyrir vegna tilfallandi vinnutengdra ferða á vegum launagreiðanda, utan venjulegs vinnustaðar, hvort sem um gistikostnað, fæðiskostnað eða annan tilfallandi kostnað er að ræða sbr. 1. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. Í því felst að kalli starf manns á reglulegar ferðir er litið svo á að um hluta af reglubundnu starfi hans sé að ræða og að skattmatsreglur varðandi dagpeninga eigi þar af leiðandi ekki við. Á launamaður því ekki rétt á frádrætti á móti greiddum dagpeningum. Sú túlkun bæði skattyfirvalda og annarra úrskurðaraðila liggur ljós fyrir og má benda á úrskurð Yfirskattaneftndar nr. 43/2008 því til áréttingar.

Úrskurður Yfirskattaneftndar nr. 43/2008: „Kærandi var framkvæmdastjóri X ehf., sem hafði með höndum smábátaútgerð, og eigandi alls hlutafjár í félaginu. Skattstjóri felldi niður frádrátt á móti dagpeningagreiðslum frá X ehf. í skattframtölum kæranda. Í úrskurði yfirskattaneftndar kom fram að dagpeningar hefðu fyrst og fremst verið greiddir kæranda vegna reglubundinna ferða hans í tengslum við sjóferðir og undirbúning veiða á bát X ehf. Þegar tilhögun á starfi kæranda var virt og sérstaklega haft í huga að starf hans hefði beinlínis verið fólgið í útgerð og sjósókn á bát launagreiðanda var ekki fallist á að um tilfallandi ferðir utan venjulegs vinnustaðar væri að ræða í skilningi skattmatsreglna fjármálaráðherra þannig að frádráttur eftir reglum um dagpeninga kæmi til álita.“

Dagpeningagreiðslur teljast skattskyld laun hjá launamanni sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. Tsl. en séu greiðslur í samræmi við skattmat fjármálaráðherra má halda þeim utan staðgreiðslu. Sama gildir ef launagreiðandi heldur utan um öll gögn varðandi ferðina s.s. dagafjölda og tilefni ferðar skv. lið 3.2., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰⁵ Launamanni er heimilt að draga upphæð sem jafngildir skattmati fjármálaráðherra frá á móti greiddum dagpeningum sbr. 1.tl. A-liðar 30. gr. Tsl. Sé heimill frádráttur lægri en móttækin dagpeningagreiðsla á að skila staðgreiðslu af

¹⁰³ Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

¹⁰⁴ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 134-135

¹⁰⁵ Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

mismuninum. Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launa-greiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega skv. lið 3.2., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰⁶ Upphæðir leyfilegs frádráttar á móti dagpeningagreiðslum er að finna í reglum um skattmat en upphæðir eru misháar eftir því hvort dagpeningar eru greiddir vegna ferða innan- eða utanlands. Ef um utanlandsferð er að ræða fer upphæð heimils frádráttar á móti dagpeningum jafnframt eftir því hvort um skemmri ferð eða lengri ferð vegna t.d. þjálfunar er að ræða, auk þess sem máli skiptir hvert er ferðast. Greiði launagreiðandi gistingu er heimill frádráttur á móti greiddum dagpeningum bundinn við þá upphæð sem flokkast sem annað. Lengd ferðar innanlands hefur einnig áhrif á upphæð leyfilegs frádráttar, en slíkum ferðum er skipt niður í ½ dag, heilan dag og gistingu eða gistingu og fæði í sólarhring sbr. lið 3.2., sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰⁷

3.3.2.3 Hliðstæðar endurgreiðslur

Dagpeningum er ætlað að mæta tilfallandi ferðakostnaði utan venjulegs vinnustaðar eins og fram hefur komið og á launamaður þá ekki rétt til frádráttar á móti greiddum dagpeningum. En þá má grípa til 1. tl. A-liðar 30. gr. Tsl. sem segir að auk dagpeninga sé heimilt að draga frá kostnað á móti hliðstæðum greiðslum, sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna vinnuveitanda og eru í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra. Þannig telst slík greiðsla frá vinnuveitanda vera endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og þar með skattfrjáls. Þetta sjónarmið kemur fram í Héraðsdómi nr. 119/1998.

Héraðsdómur nr. 119/1998: Vöruflutningabílstjóri sem ók á milli Blönduóss og Reykjavíkur starfs síns vegna þurfti iðulega að gista í Reykjavík og hafði af því gistikostnað. Hann hafði fært greidda dagpeninga á skattframtal sitt og frádrátt á móti. Skattyfirvöld töldu að skattmatsreglur varðandi heimilan frádrátt á móti dagpeningum ættu ekki við í þessu tilviki og snérist ágreiningurinn um hvort frádráttarheimild hefði verið til staðar eða ekki. Niðurstaða dómsins var sú að ekki hefði verið um dagpeningagreiðslu að ræða heldur endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna starfs

¹⁰⁶ Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

¹⁰⁷ Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

bílstjórans. Fallist var á að lækka tekjuskatts- og útsvarsstofn í samræmi við mat dómsins á kostnaði með hliðsjón af matsreglum ríkisskattstjóra en vörubílstjórinn lagði engin gögn fram til að sýna fram á kostnað sinn.

3.3.2.3.1 Tímabundin störf fjarri heimili

Fjölmörg mál sem varða skattalega meðferð dagpeningagreiðslna vegna tímabundinna starfa launþega fjarri heimili hafa komið til kasta Yfirskattanefndar og jafnvel dómsstóla. Flest málin eru vegna tímabundinna starfa erlendis en það er ekki einhlítt. Oftast snýst ágreiningur um hvort launþega sé heimill frádráttur á móti greiddum dagpeningum í samræmi við skattmat. Starfi launamaður erlendis eða dvelji langdvölum á tilteknum vinnustað er ekki litið svo á að hann eigi rétt til frádráttar á móti greiddum dagpeningum þar sem dvalarstaður sé reglubundin starfsstöð hans og þar með sé ekki um tilfallandi ferðir til og frá vinnustað að ræða. Má í þessu sambandi nefna svokallaðan Kamtchaktadóm (Hdr. 124/2000), úrskurð Yskn. nr. 149/2006 og úrskurð Yskn nr. 42/2006.

Hdr. nr 124/2000: Deilt var um skattalega meðferð dagpeninga sem launþegi sem vann við eftirlitsstörf erlendis hafði fengið greidda frá íslenskum vinnuveitanda. Launagreiðandi útvegaði húsnæði. Skattstjóri hafnaði því að frádráttur á móti greiddum dagpeningum í samræmi við skattmatsreglur væri heimill á þeim forsendum að starfsstöð launþegans væri í Kamtchakta og því ekki um tilfallandi ferðir til og frá vinnustað að ræða. Ættu því fyrrnefndar skattmatsreglur ekki við. Hann féllst hins vegar á að heimila frádrátt frá umræddum greiðslum sem næmu 15% af greiddum dagpeningum í samræmi við verklagsreglu Ríkisskattstjóra.

Úrskurður Yfirskattanefndar nr. 149/2006: Í máli þessu var ágreiningur um meðferð tekna kæranda. Hann starfaði sem sérfræðingur hjá framkvæmdastjórnarskrifstofu Evrópusambandsins í Lúxemborg í tvö ár. Í ráðningarsamningi kom fram að sérstaklega yrði samið um greiðslur vegna húsnæðis. Ágreiningurinn snérist um hvort tekjur hans skyldu vera skattfrjálsar á grundvelli þess að hann væri starfsmaður alþjóðlegrar stofnunar sbr. 2. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 eða hvort um skattskyldar tekjur væri að ræða. Sem þrautavarakröfu setti kærandi fram þá kröfu að njóta frádráttar á móti greiddum dagpeningum í samræmi við skattmatt vegna dagpeningagreiðslna sem hann hafði fengið til að vega upp á móti kostnaði við tvöfalt

heimilishald en kærandi hélt heimili bæði í Lúxemborg og á Íslandi. Ekki þótti frádráttur vegna dagpeninga koma til greina þar sem vinnustaður kæranda hefði verið í Lúxemborg á þeim tíma. Skattfyrvöld höfðu heimilað kæranda 15% frádrátt af fengnum dagpeningum „á kostnaðargrundvelli“ í samræmi við úrskurðarvenju. Kröfu kæranda um heimilan frádrátt á móti greiddum dagpeningum í samræmi við skattmatsreglur var því hafnað en heimild 15% frádráttar á móti greiddum dagpeningum staðfest.

Úrskurður Yfirskattanefndar nr. 42/2006: Ágreiningur í þessu máli snérist einnig um heimild til frádráttar á móti dagpeningagreiðslu nema í þessu tilviki var um starfmann sem starfaði innanlands að ræða. Launagreiðandi var með húsnæði á leigu og gistu starfsmenn í því eftir þörfum. Málavextir voru þeir að kærandi starfaði hjá X ehf. sem eftirlitsmaður. Störf kæranda kölluðu á mikla viðveru í E-bæ og mátu skattfyrvöld það sem svo að E-bær væri venjulegur vinnustaður kæranda. Var því kröfum kæranda um frádrátt á móti greiddum dagpeningum hafnað enda skilyrði slíks samkvæmt skattmati ekki uppfyllt, þ.e. að um tilfallandi ferðir utan venjulegs vinnustaðar væri að ræða. Öfugt við sambærileg mál þar sem launþegar unnu erlendis var kæranda ekki heimilaður 15% frádráttur á móti greiddum dagpeningum.

Af þessu má ráða að það virðist skipta máli hvort launþegi sem dvelur langdvölum að heiman vegna tímabundinna starfa sinna gegnir þeim innanlands eða erlendis. Í úrskurðarframkvæmd hefur launþega sem er í tímabundnu starfi erlendis heimilast 15% frádráttur frá greiddum dagpeningum en sama virðist ekki gilda hafi starfið farið fram hérlendis. Einhver kynni að benda á að kostnaður við dvöl erlendis sé hærri en á móti má benda á að upphæðir dagpeninga taka mið af því. Hér virðist því vera um ákveðna mismunun, sem ekki byggir á málefnalegum sjónarmiðum, að ræða.

3.3.2.4 Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði

4. og 5. tl. A-liðar 30. gr. Tsl. tilgreina að launþegum og mönnum í eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga frá launum sínum 4% iðgjöld í lífeyrissjóð annars vegar og allt að 4% í lífeyrissjóð til aukningar lífeyrisréttinda (svokallaða séreignarsjóði) eða starfstengda eftirlaunasjóði hins vegar. Frádráttarheimildin nemur því allt að 8%. Skilyrði er að um reglubundnar greiðslur sé að ræða. Tímabilið 1.03.2009 til 1.10.2010 er þó heimilt að draga 6% launa frá í séreignarsjóð eða starfstengda

eftirlaunasjóði í stað 4% sbr. brb.ákv. XXVI. Tsl. Þannig getur heildarfrádráttur numið allt að 10% eins og stendur.

Frádráttarbærni iðgjalda í lífeyrissjóð hefur ákveðna sérstöðu þar sem lífeyrissjóðsiðgjöld lækka skattstofn launþega og hafa þar með áhrif á skattleysismörk hans.¹⁰⁸ Lækkun skattstofnsins er háð því hlutfalli tekna sem greitt er í lífeyrissjóð en eins og fram hefur komið getur það verið á bilinu 4% - 10% af tekjum. Þeir sem þiggja bótagreiðslur frá hinu opinbera greiða reyndar ekki í lífeyrissjóð og mega fá laun upp á 118.767 kr.¹⁰⁹ áður en skattgreiðslur hefjast. Launþegar mega hins vegar hafa tekjur á bilinu 123.715 kr.¹¹⁰ (4% iðgjöld) til 131.963 kr.¹¹¹ (10% iðgjöld) eftir því hve hátt hlutfall tekna þeirra er greitt í lífeyrissjóð. Iðgjöld í lífeyrissjóð hafa ákveðna sérstöðu þar sem að um sparnað til elliáranna er að ræða. Ráðstöfunartekjur launþegans lækka í bili en hann greiðir jafnframt lægri skatt og er það ástæðan fyrir því að um fjölskylduvænan frádrátt er að ræða.

3.3.2.5 Beinn kostnaður

Í 2. mgr. 30. gr. Tsl. segir: Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. Tsl., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. Tsl. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur tekjunum.

Sem dæmi má taka kennara sem fer í námsferð erlendis og fær styrk til ferðarinnar. Hann má draga kostnað vegna flugs og annars ferðatengds kostnaðar, frá á móti styrknum. Þó ekki hærri upphæð en nemur greiddum styrk. Hann þarf að gæta þess að eiga reikninga til sönnunar þessum kostnaði.

¹⁰⁸ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 48, Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 42

¹⁰⁹ Útreikningur skattleysismarka: Persónuafsláttur = 44.205 kr., neðsta skattþrep = 37,22%.
44.205/0,3722 = 118.767 kr.

¹¹⁰ Útr.: 42.205/37,22% = 118.767. Þar sem lífeyrissjóðsiðgjald er 4% jafngildir 118.797 96% af launaupphæð: 118.797/0,96 = 123.715 kr.

¹¹¹ 118.797 kr. = 90%. 118.797/0,90 = 131.963 kr.

Ákvæði 2. mgr. 30. gr. Tsl. um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun tekna gilda ekki um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur sbr. 3. mgr. 2. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl.

3.3.2.6 Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækum

Nýrri frádráttarheimild sem ætlað er að örva fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum sem eru að auka hlutfé sitt var bætt við B-lið 30. gr. Tsl. með lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Til að falla undir þessa heimild þarf viðkomandi fyrirtæki staðfestingu frá Rannís um að það uppfylli tiltekin skilyrði og vera á skrá hjá Ríkisskattstjóra. Kaupanda er þá heimilt að draga allt að 300.000 kr. á ári frá skattskyldum tekjum sínum ef um einstakling er að ræða en samsvarandi upphæð fyrir hjón er allt að 600.000 kr., gefið að fjárfest hafi verið fyrir sömu upphæð eða meira. Bréfin þarf jafnframt að eiga yfir þrenn áramót.

3.3.2.7 Um frádráttarheimildir

Heimill frádráttur vegna greidds ökutækjastyrks, greiddra dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á það sameiginlegt að vera ekki raunverulegur frádráttur ef svo má komast að orði. Slíkar greiðslur eru tilkomnar vegna kostnaðar sem launþegi varð fyrir en er með réttu rekstrarkostnaður fyrirtækisins sem hann vinnur hjá og væri því ósanngjarnt að launamaður þyrfti greiða skatt. Hins vegar er mjög eðlilegt að sýna þurfi fram á að launþegi hafi í reynd þurft að greiða slíkan kostnað og setja reglur og mörk um hvað má greiða. Um ákveðna viðurkenningu á tengslum tekjuöflunar og kostnaðar launþegans við að afla teknanna er að ræða. Þar sem ráðstöfunartekjur launþegans skerðast ekki og hann þarf ekki að standa skil á skattgreiðslu með þessu móti hljóta frádráttarheimildirnar að teljast fjölskylduvænar.

Frádráttarbærni iðgjalda í lífeyrissjóð hefur ákveðna sérstöðu þar sem lífeyrissjóðsiðgjöld lækka skattstofn launþega og hafa þar með áhrif á skattleysismörk hans.¹¹² Lækkun skattstofnsins er háð því hlutfalli tekna sem greitt er í lífeyrissjóð en eins og fram hefur komið getur það verið á bilinu 4% - 10% af tekjum. Lífeyrissjóðsiðgjöld eru sparnaður sem launþeginn nýtur góðs af síðar. Því er það að þó svo ráðstöfunartekjur

¹¹² Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 48, Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 42

heimilisins aukist ekki nú í krónum talið þá er greiddur skattur lægri og telst því um fjölskylduvæna frádráttarheimild að ræða.

Heimild til að dragan beinan kostnað frá öflun annarra tekna en þeirra sem tilgreindar eru í 1. tl. A-liðar 7. gr. en geta ekki talist atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er ekki alveg í takt við hefðbundna brúttóskattlagningu sem tíðkast í íslenska skattkerfinu. Í því hlýtur að felast að umræddar aðrar tekjur séu taldar af rekstrarlegum toga. Heimild til að beita frádráttarheimildum 31. gr. Tsl. sem fjallar um frádráttarbæran rekstrarkostnað í atvinnurekstri styður það sjónarmið. Þessi heimild hlýtur einnig að teljast fjölskylduvæn þar sem hún lækkar skattgreiðslu eða jafnar hana út eftir því hvort kostnaður er lægri eða jafnhár eða hærri en tekjurnar. Það er þó ekki heimilt að mynda tap sbr. 2. mgr. 30. gr. Tsl.

Heimild til að lækka tekjuskattsstofn vegna fjárfestinga í nýsköpunar-fyrirtækjum er frádráttarheimild með tilgang, sem sé að örva fjárfestingar í atvinnulífinu. En fjárfestingu í fyrirtæki fylgir áhætta og þá ekki síst í núverandi efnahagsástandi. Fjárfesti í nýsköpunarfyrirtæki er heimilt að draga fjárfestingu sína, upp að vissu marki, frá skattskyldum tekjum sínum og það þýðir að ef illa fer og fjárfestingin tapast er viðkomandi þegar búinn að fá megnið af henni til baka með fyrrgreindum frádrætti. Þannig vegur frádráttarheimildin strax að mestu upp á móti hugsanlegu tapi fjármunanna og á þann hátt telst frádráttarheimildin fjölskylduvæn.

Allir framangreindir frádráttarliðir, að iðgjöldum í lífeyrissjóði frátöldum, eiga það sameiginlegt að þó svo að frádráttarliðirnir séu fjölskylduvænir fyrir þær fjölskyldur sem njóta þeirra, þar sem ráðstöfunartekjur þeirra aukast, er markmiðið ekki að stuðla að betri hag fjölskyldunnar t.d. með lægri sköttum. Markmiðið er annars vegar að launþegi beri ekki skaða af endurgreiddum útlögðum kostnaði við öflun tekna sem í reynd er rekstrarkostnaður vinnuveitanda og örva fjárfestingu í atvinnulífi. Iðgjöldin hins vegar eru sparnaður og er ætlunin að njóta ávaxtanna síðar á ævinni. Það má þó ekki gleyma að ávextirnir verða skattlagðir sem launatekjur þegar kemur að því að njóta þeirra.

3.4 Ívilnun

Hægt er að sækja um svokallaða ívilnun hjá Ríkisskattstjóra en það er heimild til lækkunar tekjuskattsstofns skattaðila. Heimild þessa er að finna í 65. gr. Tsl. Ívilnun má

veita í nokkrum tilvikum hafi gjaldþol skattaðila skerst verulega. En með skerðingu gjaldþols er átt við að greiðslugeta manns hafi minnkað verulega t.d. vegna mikils kostnaðar umfram bætur og styrki sem viðkomandi á rétt á eða vegna verulegs eignatjóns sem ekki fæst bætt. Ríkisskattstjóra ber að taka umsókn til afgreiðslu við eftirfarandi aðstæður sbr. 1. – 6. tl. 1. mgr. 65. gr. Tsl., sbr. rglg. nr. 212/1996 :

- 1.tl. Hafi skattaðili haft verulegan kostnað af veikindum, ellihrumleika, slysi eða mannláti umfram bætur og styrki sem kunna að hafa verið veittir. Hægt er að óska eftir ívilnun vegna mannláts hafi hinn látni átt maka eða börn. Ívilnunin felst í venjulegum útfararkostnaði.
- 2.tl. Eigi maður langveikt eða fatlað barn og útgjöld vegna þess eru veruleg, sbr. umfjöllun um 1.tl. sbr. rglg. 212/1996.
- 3.tl. Hafi maður foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
- 4.tl. Eigi maður barn á aldrinum 16 – 21 árs í námi sem ekki er lánshæft. Námið verður að standa yfir í 3 mánuði á ári að lágmarki. Hámarksupphæð er á menntunarkostnaði og sé kostnaður manns hærri vegna náms erlendis þarf að sýna fram á hann. Tekjur námsmanns skerða upphæð ívilnunar.
- 5.tl. Hafi maður orðið fyrir miklu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt frá öðrum. Átt er við að eignatjónið hafi fjárhagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi aðila.
- 6.tl. Hafi maður átt kröfu á hendur öðrum og hún tapast. Kröfur sem myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi falla ekki hér undir.

Skattaðilinn þarf alltaf að sýna fram á í hverju kostnaður hans er fólgin hvort sem um lyfja- og læknskostnað, sérútbúin hjálpartæki eða eitthvað annað er að ræða sbr. rglg. 212/1996. Berist umsókn um ívilnun eftir að kærufresti skv. 99. gr. Tsl. lýkur er ríkisskattstjóra heimilt að taka hana til afgreiðslu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 101. gr. Tsl., sbr. 1. gr. laga nr. 16/2010. Hann má einnig veita ívilnun án umsóknar sbr. 2. mgr. 65. gr. Tsl., sbr. 1. gr. l. nr. 16/2010. Fjármálaráðherra setur nánari reglur fyrir

veitingu ívilnunar sbr. 2. mgr. 65. gr. Tsl. Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra til Yfirskattanefndar sbr. 2. mgr. 101. gr. Tsl., sbr. 2. gr. I. nr. 16/2010. Ívilnun er fjölskylduvæn að því leyti að hún tekur tillit til sérstakra aðstæðna sem koma upp hjá fólki t.d. vegna veikinda barna eða vegna foreldra sem ekki geta séð fyrir sér sjálf.

Mjög markverðar breytingar á þessari lagagrein, sem eiga rætur sínar að rekja til sameiningar skattumdæmanna, hafa átt sér stað. Áður bar skattstjóra að taka umsókn til greina og skjóta mátti úrskurði hans til ríkisskattstjóra. Eftir sameininguna er það ríkisskattstjóri sem fjallar um ívilnunarumsóknir en honum ber að taka umsókn til afgreiðslu. Kæruheimild vegna ívilnana hefur flust til Yfirskattanefndar og nú er það fjármálaráðherra sem setur reglur um hvernig ívilnun skuli háttað.

3.4.1 Auka ívilnun

Sveitarstjórn sveitarfélags er heimilt að lækka eða fella álagt útsvar manns niður telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en Ríkisskattstjóri hefur samþykkt þegar skilyrði 65. gr. Tsl. eru fyrir hendi eins lýst hefur verið. Jafnframt má hún lækka eða fella niður útsvar þeirra sem notið hafa bóta skv. II. og III. kafla laga um almannatryggingar sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3.5 Skattafslættir

Í VI. kafla Tsl. er fjallað um þá skattafslætti sem skattþegn á rétt á. Skattafsláttur er tiltekin upphæð sem er dregin frá reiknuðum skatti. Maður getur annars vegar átt tilkall til persónuafsláttar og hins vegar sjómannaafsláttar skv. 67. gr. Tsl. Hvorki persónuafsláttur né sjómannaafsláttur teljast til tekna sbr. 7. tl. 1. mgr. 28. gr. Tsl. Eftirfarandi er umfjöllun um helstu reglur er varða persónu- og sjómannaafslátt.

3.5.1 Persónuafsláttur

Persónuafsláttur kom inn í skattkerfið í stað fjölmargra frádráttarliða sem felldir voru niður þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp 1988¹¹³ og eiga allir sem verða 16 ára á tekjuári og eldri rétt á honum, en við 16 ára aldur verða menn sjálfstæðir skattaðilar sbr. 6. gr. Tsl. Persónuafsláttur er tilgreind upphæð sem ákveðin er árlega og er nú 530.466 kr. sbr. 1. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl. og skal sú upphæð dregin frá reiknuðum tekjuskatti

¹¹³ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 45

manns sbr. 2. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. Persónuafsláttur var bundinn vísitölu sbr. 6. gr. laga nr. 174/2006 en það ákvæði var numið úr gildi með 14. gr. laga nr. 128/2009. Hjón og samskattað sambýlisfólk geta nýtt persónuafslátt hvors annars en ónýttur persónuafsláttur fellur niður um áramót sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl.

3.5.1.1 Réttur til persónuafsláttar

Þeir sem verða 16 ára á tekjuári og eldri og eru heimilisfastir héraendis sbr. 1. mgr. 66. gr. Tsl. eiga rétt á að nýta sér persónuafslátt en til að geta nýtt hann þarf að fá útgefið skattkort sem er afhent launagreiðanda. Launagreiðandi sér síðan um að nýta heimilan persónuafslátt.

3.5.1.2 Nýting persónuafsláttar

Persónuafsláttur er fyrst og fremst nýttur á móti launagreiðslu hvers launátímabils en geti maður ekki fullnýtt persónuafslátt sinn innan launátímabilsins má nýta ónýttan hluta hans við síðari launagreiðslur. Starfi maður hjá fleiri en einum launagreiðanda og persónuafslátturinn er ekki fullnýttur er heimilt að skipta skattkorti hans í tvö eða fleiri skattkort þar til persónuafslátturinn er fullnýttur. Skattkortin bera þá með sér hve hátt hlutfall persónuafsláttar má nýta hjá hverjum launagreiðanda. Ef skipt er um launagreiðanda á fyrri launagreiðandi að árita upphæð ónýtts persónuafsláttar á skattkort launamanns. Það kemur hvorki fram í A-lið 67. gr. Tsl. né reglugerð nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt að heimilt sé að nýta uppsafnaðan persónuafslátt hjá nýjum vinnuveitanda heldur segir þvert á móti í 2. mgr. 5 gr. þeirrar reglugerðar að það sé óheimilt. Í framkvæmd er það hins vegar svo að beri skattkortið með sér upplýsingar um upphæð slíks uppsafnaðs afsláttar er hann nýttur hjá hinum nýja launagreiðanda. Einnig er hægt að fá útgefið uppsöfnunarskattkort hjá Ríkisskattstjóra sem ber með sér hver upphæð ónýtts persónuafsláttar er.

Í 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl. er heimild til að nýta persónuafslátt maka, og er þá átt við maka í skilningi 62. gr. Tsl. Launagreiðanda er afhent skattkort á nafni makans þar sem tilgreint er hve hátt hlutfall persónuafsláttar hans má nýta í samræmi við 8. gr. rglg. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt. Skilyrði fyrir að millifæra megji afsláttinn hjá sambúðarfólki er að það skili sameiginlegu framtali sbr. 4 gr. breytinga við rglg. 10/1992 nr. 50/2008.

Í 1. mgr. 63. gr. Tsl. kemur fram að að standi hjúskapur eða sambúð aðeins hluta árs hafi hjón og sambúðarfólk ákveðið val um hvort þau telji fram til skatts sem hjón eða einstaklingar. Jafnframt segir að hafi annað hjóna eða sambúðaraðila nýtt persónuafslátt hins skuli nýtt upphæð persónuafsláttar koma þeim fyrrnefnda til góða en dragast frá persónuafslætti hins. Ástæðan fyrir því að ákvæðið var lögfest var að við slit á sambúð þar sem annar makinn nýtti persónuafslátt hins komu oft upp vandamál vegna nýtingar makans á persónuafslætti. Sá maki sem nýtt hafði afsláttinn lenti iðulega í að þurfa að endurgreiða skattinum þá fjárhæð og var það mjög bagalegt þar sem afslátturinn var nýttur í góðri trú. Þetta kemur fram í úrskurði Yfir-skattanefndar nr. 395/2005 en í því máli reyndi á þessa reglu:

Málavextir voru þeir að kærandi var í sambúð og nýtti hluta af persónuafslætti sambýlismanns síns á þeim tíma en hann var þá launlaus. Sambúðinni var slitið um mitt ár og töldu kærandi og fyrrverandi sambýlismaður hennar fram hvort í sínu lagi. Við álagningu var henni gert að endurgreiða þann hluta persónuafsláttar sambýlismannsins sem hún nýtti þar sem að í ljós kom við hlutföllun tekna fyrrverandi sambýlismannsins að hann gat nýtt afsláttinn sjálfur. Álagningin var kærð en skattstjóri staðfesti hana. Var þá málinu vísað til Yfirskattanefndar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að kærandi skyldi halda persónuafslættinum í ljósi ákvæða 1. mgr. 63. gr. Tsl.

Sé maður heimilisfastur á landinu hluta af árinu er honum heimilt að nýta hlutfallslega upphæð persónuafsláttar miðað við fjölda dvalardaga hans sbr. 2. mgr. 69. gr. Tsl. Námsmenn og þeir sem dvelja erlendis vegna veikinda geta þó haldið fullum réttindum sem heimilisfesti veitir sbr. 3. mgr. 69. gr. Tsl.

Á andlátsári manns er persónuafsláttur hans reiknaður til dánardags. Dánarbú hans telst vera lögaðili og greiðir skatt og skyldur í samræmi við það sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. Tsl. Þetta kemur fram í úrskurði Yfirskattanefndar nr. 278/2003:

„Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru dánarbú sem skipt er hér á landi sjálfstæðir skattaðilar.

Við andlát A þann 14. janúar 2001 lauk skattskyldu hans, en jafnframt stofnaðist skattskylda dánarbús hans. Skattskyldu dánarbús lýkur við skiptalok.“

Eftirlifandi maka er þó heimilt að nýta sér persónuafslátt makans í níu mánuði frá og með andlátsmánuði makans sbr. 1. mgr. 63. gr. Tsl.

3.5.1.2.1 Meðferð ónýtt persónuafsláttar við álagningu

Réttur til nýtingar uppsafnaðs ónýtt persónuafsláttar hjá launagreiðanda fellur niður um áramót en tekið er tillit til slíks ónýtt afsláttar við álagningu opinberra gjalda skv. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl.: Sé persónuafsláttur einhleyps manns ekki fullnýttur þegar búið er að reikna tekjuskatt og draga skattaflætti frá er ónýttur persónuafsláttur hans fyrst nýttur á móti útsvari en sveitarfélagið fær útsvarið engu að síður greitt frá ríkinu. Ef enn er ónýttur persónuafsláttur má nýta 18/37 hluta hans á móti fjármagnstekjuskatti eða að hámarki 258.065 kr. en afgangurinn ef einhver er fellur niður. Heimild til að ráðstafa ónýttum persónuafslætti á móti fjármagnstekjuskatti er ætlað að tryggja að tekjur undir skattleysismörkum séu ekki skattlagðar burtséð frá því hvort um almennar tekjur eða fjármagnstekjur er að ræða. Ekki má nýta persónuafslátt að fullu á móti fjármagnstekjuskatti til að skattleysismörk fjármagnstekna og almennra tekna verði svipuð.¹¹⁴

Eigi skattaðili hins vegar samskattaðan maka sbr. 62. gr. Tsl. og persónuafsláttur hans er ekki fullnýttur þegar búið er að reikna tekjuskatt og útsvar og draga skattaflætti frá færast afgangurinn, ef einhver er, yfir til maka og er bætt við persónuafslátt hans. Afslátturinn er þá eins og áður fyrst nýttur á móti tekjuskatti, þá útsvari og síðast því hlutfalli fjármagnstekjuskatts sem leyfilegt er að nýta á móti persónuafslætti. Sé þá enn ónýttur persónuafsláttur fellur hann niður 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl.

3.5.1.3 Samspil persónuafsláttar, skatthlutfalls og skattleysismarka

Fyrir launþega skipta hugtökin persónuafsláttur, skatthlutfall og skattleysismörk miklu máli því samspil þeirra ræður hve stór hluti tekna hans fer í skattgreiðslur og þá um leið

¹¹⁴ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 154/1998 um um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þskj. 318, 278. mál, 123. löggjafarþing, Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0318.html>

hver skattbyrði hans er og ekki síst hve mikið hann hefur til framfærslu fyrir sig og fjölskyldu sína. Tengslin á milli þessara hugtaka eru mjög nán og má lýsa með eftirfarandi jöfnum: Jafna 1.: skattleysismörk*skatthlutfall = persónuafsláttur og Jafna 2.: persónuafsláttur/skatthlutfalli = skattleysismörk.¹¹⁵ Breyting einnar stærðar hefur bein áhrif á aðra og má sýna það með einföldu dæmi:

Jafna 1.: Skattleysismörk eru 66.667 kr. og skatthlutfallið er 30%.
Persónuafsláttur er þá 20.000 kr. ($66.667 * 0,30$).
Jafna 2.: Persónuafsláttur er 20.000 kr. og skatthlutfallið er 30%. Skattleysismörk við 30% skatthlutfall eru 66.667 kr. ($20.000/0,30$).

Ef stjórnvöld ákveða að lækka skatthlutfall en láta skattleysismörk standa í stað lækkar persónuafsláttur í samræmi við Jöfnu 1. Þetta má skýra með dæmi: Skattstofn launþega er 300.000 kr. Skatthlutfall er 35% og persónuafslátturinn er 30.000 kr. Launþeginn greiðir því 75.000 kr.¹¹⁶ í skatt. Nú er ákveðið að lækka skatthlutfallið í 32%. Að öllu öðru óbreyttu lækkar skattgreiðslan í 66.000 kr.¹¹⁷ eða um 9.000 kr. En stjórnvöld ákváðu að skattleysismörkin 85.714 kr.¹¹⁸ ættu að vera óbreytt. Við það lækkar persónuafslátturinn í 27.428 kr.¹¹⁹ Skattgreiðsla af 300.000 kr. er þá 68.572 kr.¹²⁰ Skattgreiðslan lækkar því um 6.428 kr. í stað 9.000 kr. Munurinn er 2.572 kr. Þannig nýtur skattgreiðandinn ekki kjarabótarinnar að fullu heldur greiðir hluta hennar með lækkun persónuafsláttarinnar. Hækki laun t.d. við kjarasamninga skilar hækkunin sér verr til láglaunahópa en skattbyrði hækkar mest hjá þeim vegna þess að lækkun skatthlutfalls vegur ekki upp á móti lækkun persónuafsláttar. Hjá þeim sem hærri hafa launin vegur lægra skatthlutfall hins vegar meira.¹²¹

¹¹⁵ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 42

¹¹⁶ Útr. á skattgreiðslu: $300.000 * 0,35 = 105.000$. $105.000 - 30.000 = 75.000$ kr.

¹¹⁷ Útr. á skattgreiðslu: $300.000 * 0,32 = 96.000$. $96.000 - 30.000 = 66.000$ kr.

¹¹⁸ Skattleysismörk: $30.000/0,35 = 85.714$

¹¹⁹ Breyting á persónuafslætti: $85.714 * 0,32 = 27.428$ kr.

¹²⁰ Skattgreiðsla: $300.000 * 0,32 = 96.000$. $96.000 - 27.428 = 68.572$

¹²¹ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 90

Skattleysismörk eru vinsælt hagstjórnartæki enda ekki eins áberandi að nota þau og breytingar á skatthlutföllum. Hækki tekjur á sama tíma og skattleysismörk standa í stað aukast skatttekjur ríkisins þar sem fleiri skattþegnar fá laun umfram skattleysismörk. Þetta er nokkuð lýmskuleg leið til að hækka skatttekjur og má líkja henni við dulda verðhækkun: Kaffihús býður upp á rétt með djúpsteiktum Camembert osti. Rétturinn kostar 1.500 kr. og í honum eru tvær brauðsneiðar, jarðarber, appelsínusneið, ferskt salat, sulta og fjórir ostbitar. Verðið helst óbreytt næstu þrjú ár en á þeim tíma minnkar innihald réttarins og er ein brauðsneið, tveir ostbitar, pínulítið af fersku salati og helmingi minni sultuskammtur í lokin.

Reyndar hafa lífeyrissjóðsiðgjöld (sbr. fyrri umfjöllun í kaflanum *Frádrættir manna, lðgjöld greidd í lífeyrissjóði*), vaxtabætur, barnabætur og sjómannaafsláttur einnig áhrif á skattleysismörk.¹²²

Stjórnvöldum er samt ákveðin vorkunn. Þau verða að afla nægra tekna til að reka starfsemi sína og allar breytingar sem minnka skatttekjur kosta fjármuni og þær þarf að fjármagna á einhvern hátt. Í skýrslu ASÍ og BRSB *Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks*¹²³ frá 1999 kemur fram, miðað við skattkerfið eins og það var árið 1997, að lækkun skatthlutfalls um 1% kostaði 2,6 milljarða á meðan lækkun hlutfallsins um 1%, óbreytt skattleysismörk og þar með samsvarandi lægri persónuafsláttur kostaði 1,5 milljarð.¹²⁴ Þar kemur einnig fram að hækkun skattleysismarkna um 1.000 kr. kostaði 780 milljónir og af þeirri hækkun rötuðu 385 kr. í vasa einstaklings en 690 til 767 kr. í budduna hjá hjónum eftir því hvernig persónuafsláttur var nýttur.¹²⁵ Að lokum er áréttað að kostnaðurinn við að hækka skattleysismörk um 1.000 kr. sé mun minni en við að breyta persónuafslætti um sömu upphæð.¹²⁶ Það er því gjarnan gert að láta skattleysismörk og persónuafslátt fjármagna skattabreytingar með því að láta breytingar á þessum liðum dragast aftur úr launa- og/eða verðþróun.

¹²² Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 32

¹²³ Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999).

¹²⁴ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 42, Tafla bls. 55

¹²⁵ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 46, Tafla bls. 55

¹²⁶ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 55

Árið 1988 nam persónuafsláttur til dæmis um 65% af meðallaunum.¹²⁷ Sé tekið mið af nútímanum og gert ráð fyrir að meðallaun séu 350.000 kr. og sama hlutfalli persónuafsláttar ættu skattleysismörk að vera 227.500 kr. í stað 118.767 kr.¹²⁸ eins og nú er. Þetta er verulegur munur en ástæðan fyrir breytingunni er að persónuafslátturinn hefur ekki hækkað í takt við verðlag eða launaþróun. Það þýðir að fleiri fá laun umfram skattleysismörk og greiða tekjuskatt en áður.¹²⁹ Fólk með tekjur við og undir skattleysismörkum greiðir engan skatt og þeir sem fá laun umfram þau mörk borga brúsann.¹³⁰ Athyglisvert er að í skattkerfinu sem tók gildi nú um áramót er ekki ákvæði til að tryggja að persónuafsláttur haldi verðgildi sínu, þvert á móti var ákvæði þess efnis kippt út úr lögnum. Það virðist því innbyggt í það kerfi að ná inn frekari skatttekjum eftir því sem laun hækka með því að handstýra þróun persónuafsláttar.

3.5.1.4 Rök með og á móti millifærslu persónuafsláttar á milli hjóna

Heimild til millifærslu persónuafsláttar á milli hjóna og sambúðarfólks fylgja bæði kostir og gallar. Meðal raka fyrir slíkri heimild til millifærslu persónuafsláttar er að með henni sé tekið tillit til þess að fleiri en einn eigi að lifa af launum sé ein fyrirvinna á heimilinu.¹³¹ Ef aðeins annað hjóna er á vinnumarkaði af einhverjum orsökum skiptir máli fyrir afkomu fjölskyldunnar að geta aukið ráðstöfunartekjurnar með því að nýta persónuafslátt hins. Mánaðarleg upphæð persónuafsláttar, nú 44.205 kr., er til dæmis aðeins hærri en kostnaðurinn við framfærslu barns sem er 43.314 kr. (2*21.657 kr.)¹³² á mánuði ef meðlagsgreiðslur eru hafðar til hliðsjónar. Það munar um minna. Frá þeim sjónarhóli hlýtur heimild til að millifæra persónuafslátt á milli hjóna og sambúðarfólks að teljast fjölskylduvænn hluti skattkerfisins.

Á móti kemur að millifærsluheimildin getur orðið til þess að heimavinnandi maki verði bundinn í eins konar átthagabönd að mati R. L. Johnstone. Ástæðan er að nýti annað hjóna skattkort hins getur jaðarskatturinn við að heimavinnandi maki fari út á vinnumarkaðinn

¹²⁷ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2007a). Bls. 242 - 243

¹²⁸ Útreikningur skattleysismarka: Persónuafsláttur = 44.205 kr., neðsta skattþrep = 37,22%. 44.205/0,3722 = 118.767 kr.

¹²⁹ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2006, 18.01).

¹³⁰ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 57

¹³¹ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995). Bls. 516

¹³² Innheimtustofnun sveitarfélaga (2010).

orsakað að það borgi sig engan veginn fyrir fjölskylduna. Þannig gætu ráðstöfunartekjur minnkað með atvinnuþátttöku beggja maka þegar upp er staðið. Karlar hafa iðulegast hærra laun en konur og þess vegna eru það yfirleitt konur sem eru heimavinnandi og lenda í „stofufangelsi“ jaðarskatta. Að mati Johnstone getur heimildin til að millifæra persónuafslátt á milli hjóna og sambýlisfólks þannig unnið á móti jafnrétti kynjanna.¹³³

Sú spurning vaknar samt hvort það eigi að skrifa það á heimild til að millifæra persónuafslátt á milli hjóna og sambúðarfólks. Er sú heimild virkilega vandamálið? Eru ekki launakjör kvenna og tekjutenging við barna- og vaxtabætur meginvandinn hérlandis þegar ákveða þarf hvort fara eigi út á vinnumarkaðinn eða ekki?

Ef tekið er einfalt dæmi um fimm manna fjölskyldu þar sem eru þrjú börn, þar af eitt yngra en 7 ára, og ein fyrirvinna sem er með 450.000 kr. mánaðartekjur (tekjustofn) eru barnabæturnar 450.168 kr. á ársgrundvelli eða 37.514 kr. á mánuði. Fari heimavinnandi makinn út á vinnumarkaðinn og fái 200.000 kr. laun lækka barnabæturnar um 168.000 kr. í 282.168 kr. Það gera 23.514 kr. á mánuði. Mismunurinn er 14.000 kr. Tekjur upp á 300.000 kr. lækka bæturnar í 198.168 kr., eða um 252.000 kr. á ársgrundvelli. Á sama tíma lækka vaxtabætur og skattgreiðslur hækka. Í dæminu sést að auknar tekjur hafa heilmikil áhrif á barnabætur og er því ekki alfarið hægt að skrifa „stofufangelsið“ á millifæranleika persónuafsláttar. Reiknivél RSK var notuð við þessa útreikninga.

3.5.2 Sjómannaafsláttur

Sérstakar ívilnanir til sjómanna eiga sér langa sögu og má rekja hana alveg aftur til ársins 1954 þegar sjómönnum var heimilaður sérstakur hlífðarfatnaðar- og fæðisfrádráttur með lögum nr. 41/1954 um hlífðarfatnaðar- og fæðisfrádrátt.¹³⁴

Sjómannaafsláttur í núverandi mynd, en hann samanstendur af nokkrum frádráttarliðum sem voru sameinaðir, kom inn í skattkerfið árið 1988 við upptöku

¹³³ Sjá til hliðsjónar: Johnstone R.L. (2009). Bls. 43 - 50

¹³⁴ Sjá til hliðsjónar: Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Blöndal um sjómannaafslátt. Þskj. 371, 237. mál, 123. löggjafarþing. Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/123/s/0371.html>

staðgreiðslukerfisins.¹³⁵ Til stendur að sjómannaafsláttur verði endanlega afnuminn á næstu árum en ákvæði þar að lútandi er að finna í brb.ákv. XXX. Tsl.

3.5.2.1 Réttur til sjómannaafsláttar

Rétt til sjómannaafsláttar eiga þeir sem stunda og fá greidd laun fyrir sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi sbr. 1. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl. og eru lögskráðir eða starfa á skipi sem skylt er að lögskrá viðkomandi í skipsrúm á svo sem: fiskiskipi, varðskipi, rannsóknarskipi, sanddæluskipi, ferjuskipi eða farskipi sbr. 2. mgr. og 3. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl.¹³⁶ Skylt er að lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri sbr. 2. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna. Lögskráning gegnir meðal annars því hlutverki að tryggja að þeir sem starfa á skipi séu með tilskilin réttindi eða undanþágu, sjá til þess að tryggingar sjómanna séu í samræmi við lög og reglur auk þess að fylgjast með fjölda vinnudaga um borð.¹³⁷

Þeir sem ráðnir eru til starfa á fiskiskipi undir 20 tonnum eða stunda veiðar á eigin bát eiga jafnframt rétt á sjómannaafslætti þó ekki þurfi að lögskrá þá sbr. 2. mgr. og 4. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl. Réttur til sjómannaafsláttar er þó háður því að tekjur viðkomandi af sjómennsku nemi að minnsta kosti 30% af tekjuskattsstofni hans sbr. 4. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl. Að lokum eiga sjómenn á björgunarskipum¹³⁸, hafnsögumenn¹³⁹ og beitningarmenn í fullu starfi sem ráðnir eru upp á hlut, sbr. 4. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl., rétt til sjómannaafsláttar. Skriflegur ráðningarsamningur þarf að liggja að baki til að beitningarmenn geti nýtt sjómannaafslátt og mega þeir þá reikna sér afslátt í samræmi við fjölda ráðningardaga sbr. 4. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl.¹⁴⁰

¹³⁵ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 85/1991 um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þskj. 236, 205. mál. 115. löggjafarþing, Sótt á vefinn 12.02.10, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/115/s/0236.html>

¹³⁶ Sjá til hliðsjónar: Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Blöndal um sjómannaafslátt. Þskj. 371, 237. mál, 123. löggjafarþing. Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0371.html>

¹³⁷ Greinargerð með frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna. Þskj. 569, 356. mál. 109 löggjafarþing, Sótt á vefinn 15.04.10, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0569.pdf>

¹³⁸ YSKN 386/1995

¹³⁹ YSKN 377/1995, H. 2912:1994

¹⁴⁰ Sjá til hliðsjónar: Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Blöndal um sjómannaafslátt. Þskj. 371, 237. mál, 123. löggjafarþing. Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0371.html>

3.5.2.2 Útreikningur sjómannaafsláttar

Sjómannaafsláttur er ákveðinn árlega og er 987 kr. á dag sbr. 4. mgr. B-liðar 67. gr. Tsl. fyrir árið 2010. Heildarupphæð sem heimilt er að draga frá reiknuðum tekjuskatti fer því eftir fjölda daga sem nýta má sjómannaafslátt fyrir og reiknast fjöldi daga eftir tilteknum reglum sem meðal annars fara eftir fjölda lögskráningardaga, úthaldsdaga og tímalengd ráðningarsamnings. Niðurstaðan er svo margfölduð með sjómannaafslættinum og útkoman er heimill frádráttur. Þessar reglur verða ekki raktar frekar en þær er að finna í reglugerð um persónuafslátt og sjómannaafslátt nr. 10/1992.

3.5.2.3 Nýting sjómannaafsláttar

Sá sem á rétt á sjómannaafslætti, sbr. umfjöllun hér að ofan, skal njóta hans við útreikning launa sbr. 18. gr. rglg. nr. 10/1992. Ónýttan sjómannaafslátt má bæði færa á milli launatímabila og launagreiðanda að því gefnu að fyrri launagreiðandi hafi staðfest skriflega að viðkomandi eigi ónýttan afslátt sbr. 19. gr. rglg. nr. 10/1992. Sé ónýttur sjómannaafsláttur til staðar í árslok fellur réttur til millifærslu uppsafnaðs afsláttar á milli launatímabila niður en tekið er tillit til hans við álagningu opinberra gjalda sbr. 20. gr. rglg. nr. 10/1992.

Sjómannaafsláttur getur ekki orðið hærri en reiknaður tekjuskattur af launum vegna sjómennsku sbr. 1. mgr. 15. gr. rglg. nr. 10/1992 og skal draga frá tekjuskatti áður en persónuafsláttur er dreginn frá. Sé ekki hægt að nýta hann að fullu á móti tekjuskatti fellur hann niður sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu reglugerðar. Ekki er heimilt að millifæra ónýttan sjómannaafslátt á milli hjóna eða samskattaðs sambýlisfólks sbr. 16. gr. rglg. 10/1992.

3.5.2.4 Afnám sjómannaafsláttar

Sbr. brb.ákv. XXX Tsl., sbr. a-lið 24. gr. I. nr. 128/2009 varð ljóst að stefnt er að afnámi sjómannaafsláttar í þremur skrefum á næstu árum. Fyrsta skrefið verður tekið á næsta ári, 2011, og sjómannaafslátturinn á endanlega að vera afnuminn frá og með árinu 2014 en þá falla ákvæði B-liðar 67. gr. Tsl. úr gildi sbr. 2. mgr. brb.ákv. XXX Tsl.

Þar sem sjómannaafsláttur hækkar skattleysismörk þeirra sem hans njóta er ljóst að, að öllu öðru óbreyttu, er um verulega kjaraskerðingu að ræða fyrir sjómenn og aðra þá sem eiga rétt á slíkum afslætti að ræða og munu ráðstöfunartekjur þeirra lækka verulega. Vel má vera að það sé ósanngjarnt og stríði jafnvel gegn ákvæðum

Stjórnarskrárinna að ein starfsstétt njóti skattfríðinda umfram aðrar starfsstéttir og verður ekki lagt mat á það hér. En miðað við núverandi efnahagsástand má líka telja ósanngirni í því að ein starfsstétt þurfi að taka á sig verulegar kjaraskerðingar umfram aðrar starfsstéttir.

3.6 Bætur í skattkerfinu

Fyrir utan frádráttarheimildir og skattafslætti eru fleiri leiðir nýttar til að lækka skattbyrði fólks. Má þar nefna barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur sem er annars vegar ætlað að létta undir með barnafjölskyldum og hins vegar að styðja við fólk sem leigir, kaupir eða byggir eigið húsnæði. Slíkar bætur teljast ekki til tekna sbr. 7. og 9. tl. 28. gr. Tsl. en upphæð þeirra er háð tekjum, og stundum eignum, hjúskaparstöðu og svo stærð fjölskyldu þegar um barna- og húsaleigubætur er að ræða. Verða nú raktar helstu reglur sem gilda um þessar bætur. Fyrst verður fjallað um barnabætur, þá vaxtabætur og að lokum um húsaleigubætur.

3.6.1 Barnabætur

Helstu ákvæði um barnabætur í tekjuskattslögum nr. 90/2003 er að finna í A-lið 68. gr. Tsl. og reglugerð nr. 555/2004 um greiðslu barnabóta auk þess sem minnst er á þær í 7. tl. 1. mgr. 28. gr. Þar kemur fram að barnabætur teljist ekki til tekna. Barnabætur eru greiddar með hverju barni undir 18 ára aldri sem er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr. Tsl. og er heimilisfast á Íslandi sbr. 1. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Barnabætur eru greiddar í fyrsta skipti árið eftir að barn fæðist og í síðasta skipti á árinu sem það nær 18 ára aldri.

Barnabótum er skipt í tvennt, annars vegar í ótekjutengdar bætur með börnum yngri en 7 ára sem er föst upphæð, og hins vegar í tekjutengdar barnabætur sbr. 3. og 4. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Upphæð tekjutengdra barnabóta er reiknuð út frá tilteknum tekjustofni og er upphæð hans ákveðin árlega. Barnabætur byrja að skerðast þegar tekjur fara yfir þau mörk. Síðan skiptir máli hvort sá sem á rétt til barnabóta er einstætt foreldri eða í hjónabandi/sambúð. Skerðingarmörk nú eru 1.800.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 3.600.000 kr. fyrir hjón. Að lokum hefur fjöldi barna á heimili áhrif á upphæð barnabóta því að með fyrsta barni á heimili eru greiddar lægri barnabætur en hinum. Kemur þetta fram í 4. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Samantekið má segja að þeir þættir sem

hafa áhrif á upphæð barnabóta séu hjúskaparstaða framfæranda, tekjur framfæranda og svo aldur og fjöldi barna.

Endanlegar barnabætur eru ákvarðaðar á grundvelli skattframtals við álagningu sbr. 8. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Barnabætur sem greiddar eru út árið 2010 eru því byggðar á tekjuárinu 2009.

Óskertar barnabætur ársins 2010 fyrir árið 2009, á ársgrundvelli, sbr. 3. og 4. mgr. A-liðar 68. gr. eru eftirfarandi:

Óskertar barnabætur hjóna eru:

Með fyrsta barni	kr.	152.331
Með hverju barni umfram eitt	kr.	181.323
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára ¹⁴¹	kr.	61.191

Óskertar barnabætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	kr.	253.716
Með hverju barni umfram eitt	kr.	260.262
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára ¹⁴²	kr.	61.191

Barnabætur eru greiddar út með fjórum greiðslum á ári og eru fyrri greiðslurnar tvær áætlaðar. Greidd upphæð er dregin frá endanlegum barnabótum og mismuninum deilt niður á síðari greiðslurnar tvær sbr. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 555/2004 um greiðslu barnabóta.

3.6.1.1 Réttur til barnabóta

Samkvæmt 1. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. á framfærandi barns rétt á að fá barnabætur greiddar en það er sá aðili sem barn býr hjá í lok árs. Í því tilliti teljast hjón og sambúðarfólk vera framfærendur að jöfnu burtséð frá því hvort þau eru skattlögð eða uppfylli skilyrði þess að vera skattlögð skv. 62. gr. Tsl. eða ekki. Meðlagsgreiðandi telst hins vegar ekki vera framfærandi barns í skilningi laganna sbr. 1. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl.

¹⁴¹ Viðbót vegna barna yngri en 7 ára er ekki tekjutengd

¹⁴² Viðbót vegna barna yngri en 7 ára er ekki tekjutengd

Um áramótin 2009/2010 var 1. mgr. A-lið 68. gr. Tsl. var breytt á þá leið að haldi foreldrar eða framfærendur barns heimili saman en uppfylli ekki skilyrði þess að mega skrá sambúð sína, t.d. vegna þess að annar aðilinn er enn í hjúskap með öðrum en sambúðaraðila, skuli þeim reiknaðar barnabætur sem hjón eða sambúðarfólk væru. Þessi breyting er væntanlega til þess að koma í veg fyrir að foreldri sem raunverulega er í sambúð sé úrskurðaðar barnabætur sem einstæðu foreldri á „tæknilegum“ forsendum þar sem foreldrið telst vera einstætt í skattalegu tilliti en í umfjöllun um 16. gr., sbr. a-lið 15. gr. laga nr. 128/2009, í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum 128/2009 kemur fram að það gerist stundum.¹⁴³

Barnabótum er skipt jafnt á milli hjóna og sambýlisfólks. Sé aðeins annað hjóna skattskyldt hérlendis fær það barnabætur vegna þeirra barna sinna sem heimilisföst eru hérlendis eftir þeim reglum sem gilda um hjón. Leggja þarf fram gögn um tekjur beggja og greiddra barnabóta frá landi hins hjóna.

Í vissum tilvikum má úrskurða barnabætur með barni sem ekki er heimilisfast hérlendis sbr. 6. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Framfærandi er þá skattskyldur hér á landi sbr. 1. gr. Tsl. eða tryggður sbr. 12., 13., eða 14. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, auk þess sem hann er ríkisborgari EES, EFTA eða Færeyja og barnið jafnframt heimilisfast innan þeirra ríkja. Staðfestingu viðkomandi stjórnvalda þarf að leggja fram.

3.6.1.2 Stofn til útreiknings barnabóta

Tekjustofninn sem upphæð barnabóta reiknast út frá er fundinn þannig að við hefðbundinn tekjuskattsstofn sbr. 61. gr. Tsl. bætast tekjur skv. 2. tl. 1. mgr. A-liðs 30. gr. Hér er t.d. verið að tala um laun frá opinberum aðilum á erlendri grund, s.s. alþjóðastofnunum, íslenska ríkinu og fleira. Einnig bætast við fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. Tsl. og fæst þannig stofn til útreiknings barnabóta sbr. 4. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl. Sú breyting átti sér stað um áramótin að tekjustofnar til útreiknings barna- og vaxtabóta voru samræmdir á þann veg að vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður munu einnig skerða barnabætur sbr. A-lið 68. gr. Tsl., sbr. b-lið 15. gr. laga nr. 128/2009. Ef um hjón er að ræða er miðað við samanlagðan tekjustofn þeirra. Sama gildir um sambýlisfólk

¹⁴³ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 292, 256. mál. 138. Löggjafarþing, Sótt á vefinn 27.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0292.html>

burtséð frá því hvort það uppfyllir skilyrði til skráningar sambúðarinnar eða ekki sbr. 4. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl.

Fari tekjur yfir skerðingarmörk sem eru 1.800.000 kr. fyrir einstakling og 3.600.000 kr. fyrir hjón eins og áður kom fram, skerðast barnabæturnar um tiltekið hlutfall af tekjum umfram skerðingarmörkin eftir fjölda barna á heimilinu. Skerðingar-hlutfallið er 2% ef um eitt barn er að ræða, 5% ef þau eru tvö og 7% ef börnin eru þrjú eða fleiri sbr. 4. mgr. A-liðar 68. gr. Tsl.

3.6.1.3 Um barnabætur

Barnabótum er ætlað ákveðið tekjujöfnunarhlutverk til að jafna aðstæður fólks í þjóðfélaginu. Það er þó munur á því hvernig litið er á þær á milli landa. Í flestum OECD ríkjum er álitnið að barnabætur séu tæki til skattajöfnunar á milli þeirra sem hafa börn á framfæri og þeirra sem ekki eru í þeirri stöðu og hafa tekjur því ekki áhrif á barnabæturnar. Hérlandis virðist frekar litið á barnabætur sem félagslega aðstoð við tekjuminni fjölskyldur og hafa tekjur áhrif á upphæð barnabóta.¹⁴⁴ Má segja að því leyttinu til séu íslensku bótakerfin (vaxtabætur meðtaldar) fátækramiðuð og kemur það fram í lágum bótaupphæðum og miklum tekjutengingum.¹⁴⁵ Tekjutengingar við barnabætur hafa áhrif á jaðarskatta fólks og því meiri sem fleiri börn eru á heimilinu. Ef áhrif launahækkunar umfram skerðingarmörk barnabóta eru skoðuð þýðir 100.000 kr. launahækkun að barnabætur lækka um 7.000 kr. eða 7%, miðað við að þrjú börn séu í fjölskyldunni, 5.000 kr. eða 5% ef börnin eru tvö og 2.000 kr. eða 2% ef barnið er aðeins eitt. Líta má svo á að í skerðingarhlutföllunum felist ákveðin refsing fyrir barnmargar fjölskyldur þar sem hlutfallið fer hækkandi með auknum barnafjölda.

Nokkur víðtæk samstaða er um það í þjóðfélaginu að styðja eigi við barnafjölskyldur sem hafa lágur tekjur þó svo að skoðanir á því á hvaða hátt og í hve miklum mæli eigi að veita þeim stuðning séu mismunandi. Á Íslandi er bæði veittur almennur og sértækur stuðningur. Til almenns stuðnings telst niðurgreidd þjónusta sem ætluð er öllum barnafjölskyldum óháð tekjum, má hér nefna heilbrigðisþjónustu, daggæslu- og leikskólajöld en hjúskaparstaða foreldranna getur þó skipt máli fyrir upphæð daggæslu-

¹⁴⁴ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 26

¹⁴⁵ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2004), bls. 4 - 5

og leikskólagjalda. Barnabætur, sem eru háðar bæði tekjum og hjúskaparstöðu aðila, teljast sértækur stuðningur.¹⁴⁶

Barnabætur má telja fjölskylduvænar að því marki sem þær eru skattfrjáls greiðsla, auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar og taka tillit þess að þarfir barnafjölskyldu eru aðrar en þarfir einstaklinga og barnlausra hjóna.¹⁴⁷ Að sama skapi teljast tekjutengingar barnabóta ekki fjölskylduvænar þar sem jaðarskattar fjölskyldu aukast við breytingar sem eiga að hafa kjarabætur í för með sér. Geta slíkar breytingar haft öfug áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar þar sem barnabætur og aðrar tekjutengdar bætur lækka um leið og aðrar tekjur hækka. Það má því segja að barnabætur geti verið tvíeggjað sverð.

3.6.2 Vaxtabætur

Helstu ákvæði um vaxtabætur í tekjuskattslögum nr. 90/2003 er að finna í B-lið 68. gr., reglugerð nr. 990/2001 um greiðslu vaxtabóta og svo er minnst á þær í 7. tl. 1. mgr. 28. gr. þar sem fram kemur að vaxtabætur teljist ekki til tekna. Vaxtabætur eru greiddar til þeirra sem eru skattskyldir héraðs og verða fyrir vaxtagjöldum vegna lána sem tekin eru til öflunar eða byggingar húsnæðis til eigin nota. Sama á við um kaupleiguíbúðir og kaup á búseturétti sbr. 1. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

Tekjur, hrein eign, upphæð vaxtagjalda eða skulda og hjúskaparstaða hafa áhrif á upphæð vaxtabótanna sem eru reiknaðar út við álagningu sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Hafi maður aflað sér íbúðarhúsnæðis en ekki notið vaxtabóta árið á undan reiknast vaxtabæturnar frá þeim ársfjórðungi þegar fyrsta fasteignaveðlán vegna þeirra kaupa er tekið. Vaxtabætur eru reiknaðar hlutfallslega á kaupári sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

3.6.2.1 Réttur til vaxtabóta

Rétt til vaxtabóta eiga menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. Tsl. og greiða vexti af lánum sem tekin voru til að kaupa eða byggja húsnæði til eigin nota. Sama á við ef um kaup á búseturétti eða kaupleigu er að ræða sbr. 1. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. og svo ef endurbótalán er tekið hjá íbúðalánasjóði skv. 2. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Til að fá

¹⁴⁶ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 48

¹⁴⁷ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 48

vaxtabætur þarf að gera grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum á skattframtali sbr. 1. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar.

Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging slíks húsnæðis hefst eða ef Íbúðarlánasjóðslán vegna verulegra endurbóta er tekið sbr. 5. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Honum lýkur við við sölu húsnæðis eða byggingar eða ef íbúðarhúsnæðið telst ekki lengur til eigin nota sbr. 6. mgr. sömu greinar.

Ef sérstakar tímabundnar aðstæður eins og nám, veikindi eða fjarvera vegna atvinnu valda því að eigandi nýtir húsnæði sitt ekki sjálfur veldur það ekki missi réttar til vaxtabóta ef líkur standa til þess að hann muni taka húsnæðið til eigin nota í fyrirsjáanlegri framtíð sbr. 4. gr. rglg. 990/2001. Réttur til vaxtabóta er almennt miðaður við eignarhald á einni íbúð. Skv. 5. gr. rglg. 990/2001 getur maður þó átt rétt til vaxtabóta vegna lána sem tekin eru vegna húsnæðis í byggingu eða húsnæðis sem unnið er að endurbótum á í beinu framhaldi af kaupum. Sama gildir þegar sala íbúðarhúsnæðis er ómöguleg vegna óvenjulegra aðstæðna á fasteignamarkaði. Getur réttur til vaxtabóta haldist í allt að 3 ár við þessar aðstæður.

Útreikning vaxtabóta hjá hjónum og sambýlisfólki sem uppfyllir skilyrði til samsköttunar sbr. 3. mgr. 62. gr. Tsl. í lok tekjuárs skal miða við sameiginlegan tekjustofn beggja. Skv. breytingum á 4. mgr. B-lið 68. gr. Tsl., sbr. c-lið 15. gr. laga nr. 128/2009 sem tóku gildi um áramótin skal sambýlisfólk sem sannanlega er í sambúð og heldur heimili saman einnig njóta vaxtabóta sem hjón burtséð frá því hvort það uppfyllir skilyrði til skráningar sambúðarinnar eða ekki. Vaxtabótum er skipt á milli hjóna og sambýlisfólks að jöfnu sbr. 7. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

Falli maki sem á rétt á vaxtabótum frá og eftirlifandi maki situr í óskiptu búi skal reikna honum vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða í 5 ár eftir andlát maka sbr. 8. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

3.6.2.2 Vaxtagjöld í skilningi 2. mgr. B-liðar 68. gr. tekjuskattslaganna

Vaxtagjöld vegna fasteignalána sem eru að lágmarki til tveggja ára og sannanlega til öflunar húsnæðis til eigin nota mynda rétt til vaxtabóta auk vaxtagjalda af endurbótaláni sem er tekið hjá Íbúðalánasjóði. Sé skammtímalán tekið má jafna vaxtagjöldunum á fjögur ár hið mesta eða sjö ár ef verið er að byggja sbr. 2. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

Til vaxtagjalda teljast: Gjaldfallnir vextir, gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti, afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum. Dráttarvextir teljast einnig til vaxtagjalda en ekki annar kostnaður s.s. innheimtukostnaður sbr. 1. – 3. tl. 2. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. og 1. tl. 1. mgr. 6 gr. reglugerð nr. 990/2001 um greiðslu vaxtabóta.

Hafi kaupandi yfirtekið lán við sölu íbúðar teljast uppsafnaðar áfallnar verðbætur af því láni ekki til vaxtagjalda og sama á við ef skuldari greiðir meira af láni en vera ber samkvæmt skilmálum skuldabréfs sbr. 2. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl., sbr. 4. gr. rglg. 990/2001.

3.6.2.3 Stofn til útreiknings vaxtabóta

Við ákvörðun vaxtabóta þarf að reikna þrjá stofna: vaxtagjaldastofn, tekjustofn og eignastofn en allir þessir þættir hafa áhrif á upphæð vaxtabóta. Byrjað er á að finna stofn vaxtagjalda en hann skal vera lægsta upphæðin af eftirfarandi tölum:

- Vaxtagjöldum sem veita rétt til vaxtabóta sbr. 2. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.
- Ákveðnu hlutfalli eftirstöðva af lánum til öflunar eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eftirstöðva slíkra lána á söludegi hafi eign verið seld eða eftirstöðva lána vegna kaupleigusamnings sbr. 1. mgr. 5. gr. rglg. 990/2001. Hlutfallið fyrir árin 2009 og 2010 er 7% sbr. 1. mgr. brb.ákv. XXVII. og 1. mgr. XXXIII. brb.ákv. Tsl.
- Hámarksupphæð vaxtagjalda sem leyfilegt er að nota til útreiknings vaxtabóta sbr. 3. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Upphæðin er ákveðin árlega. Hámarksupphæðir vaxtagjalda eru nú: 554.364 kr. fyrir einhleypa, 727.762 kr. fyrir einstæð foreldri og 901.158 kr. fyrir hjón og sambúðarfólk sbr. 3. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

Næst þarf að reikna *tekjustofn* en hann er fundinn þannig að við hefðbundinn tekjuskattsstofn sbr. 61. gr. Tsl. bætast tekjur skv. 2. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. Þar er t.d. verið að tala um laun frá opinberum aðilum á erlendri grund, svo sem

alþjóðastofnunum, íslenska ríkinu og fleira. Einnig bætast við fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. Tsl. og fæst þannig tekjustofn til útreiknings vaxtabóta sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Ef um hjón er að ræða er miðað við samanlagðan tekjustofn þeirra. Sama gildir um sambýlisfólk burtséð frá því hvort það uppfyllir skilyrði til skráningar sambúðarinnar eða ekki sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl.

Síðast er *eignastofninn reiknaður*. Eignastofn er eignir sbr. 72. gr. Tsl. að frádregnum skuldum sbr. 75. gr. Tsl., eða hrein eign. Sé sú upphæð hærri en 7.119.124 kr. hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri og 11.390.599 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki skerðast vaxtabætur hlutfallslega. Réttur til vaxtabóta fellur niður fari eign yfir 11.390.599 kr. hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri og 18.224.958 kr. hjá hjónum/sambýlisfólki sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr.

3.6.2.4 Útreikningur vaxtabóta

Í 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. er lýst hvernig útreikningi vaxtabóta skal hagað: Við útreikning vaxtabóta er byrjað á að reikna 6% af tekjustofninum. Þessi upphæð er svo dregin frá stofni vaxtagjalda sem reiknaður er út skv. skilgreiningu 3. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Mismunurinn er reiknaðar vaxtabætur. Næst er kannað hvort eignir muni skerða reiknaðar vaxtabætur sbr. 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. Sé raunin sú er hlutfall skerðingarinnar reiknað út og mismunurinn ef einhver er greiddur til bótaþega. Vaxtabætur geta hæstar orðið 246.944 kr. fyrir einstakling, 317.589 kr. fyrir einstætt foreldri og 408.374 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sbr. 2. mgr. brb.ákv. XXXII. Tsl.

3.6.2.5 Um vaxtabætur

Áður fyrr voru vaxtagjöld frádráttarbær kostnaður en sú frádráttarheimild var felld úr gildi árið 1988 þegar staðgreiðslukerfinu var komið á.¹⁴⁸ Vaxtabætur voru svo lögleiddar 1989 og hafa að stærstum hluta haldist óbreyttar síðan.¹⁴⁹ Vaxtabóta-kerfinu er ætlað að styðja fólk, og þá ekki síst tekjulægra fólk, við að eignast húsnæði með því að greiða niður og jafna greiðslubyrði.¹⁵⁰

¹⁴⁸ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995). Bls. 588

¹⁴⁹ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni.*). Bls. 55

¹⁵⁰ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 27 og 29

Það má líta á vaxtabætur sem eins konar endurgreiðslu á vaxtakostnaði og er upphæð endurgreiðslunnar reiknuð út eftir aðferðunum sem lýst var hér að framan. Með aðstoð reiknivélar fyrir vaxtabætur á vef Ríkisskattstjóra má sjá að ef vaxtagjöld eru 600.000 kr. og eignastofn innan skerðingarmarka að tekjurnar sem mega koma inn á heimili hjóna samanlagt eru í kringum 3.200.000 kr., eða 266.667 kr. á mánuði, en þá er tekjuskerðing farin að hafa lítilsháttar áhrif á upphæð vaxtabóta. Hér er átt við allar þær tekjur sem mynda tekjustofn til vaxtabóta. Einstæðir foreldrar mega hins vegar fá um 395.833 kr. tekjur á mánuði en þá er tekjuskerðing farin að segja til sín. Séu vaxtagjöldin hærrí t.d. 700.000 kr. er tekjuskerðing farin að hafa áhrif á upphæð vaxtabóta við tekjustofn upp á 6.450.000 kr. hjá einstæðum foreldrum, eða 537.500 kr. á mánuði, en 4.900.000 kr. hjá hjónum. Á mánaðargrundvelli eru það 408.333 kr. eða rúmar 202.000 kr. á hvort hjóna. Miðað við sömu forsendur má einstaklingur vinna sér inn í kring um 5.150.000 kr. en þá eru tekjur farnar að skerða vaxtabætur. Það gera 429.137 kr. á mánuði.

Þar sem markmið vaxtabóta er að styðja við þá sem minna mega sín virka þessar launatölur fyrir einstæð foreldri og einhleypa ansi háar, að minnsta kosti er ekki um lág laun að ræða. Ástæðan fyrir þessu er samkrull þeirra þátta sem liggja til grundvallar útreiknings vaxtabóta en þegar verið er að taka tillit til hjúskaparstöðu, eftirstöðva lána, tekjutenginga, eignatenginga og vaxtagjalda á sama tíma til að ákvarða vaxtabætur getur niðurstaðan orðið furðuleg.¹⁵¹

Um vaxtabætur gildir svipað og barnabætur, að því marki sem ráðstöfunartekjur aukast hjá fjölskyldu teljast þær fjölskylduvænar. Tekjutenging vaxtabóta getur valdið því að ráðstöfunartekjur heimilis lækki við launahækkun eða aðrar kjarabætur vegna þess að upphæð vaxtabóta, og annarra tekjutengdra skattfríðinda, lækka á sama tíma og skattgreiðslur hækka.

3.6.3 Húsaleigubætur

Um húsaleigubætur gilda lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur og reglugerð nr. 118/2003. Allar vísanir í lagagreinir í þessum kafla eiga við um lög nr. 138/1997 nema annað sé tekið fram. Helsti munurinn á húsaleigubótum og barna- og vaxtabótum er að

¹⁵¹ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2007b).

sveitarfélög greiða húsaleigubæturnar sbr. 2. mgr. 2 gr. og að til að njóta húsaleigubóta þarf að sækja sérstaklega um þær sbr. 10. gr. Endurnýja þarf umsóknina árlega sbr. 2. mgr. 10. gr. Samkvæmt 9. tl. 1. mgr. 28. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 teljast húsaleigubætur ekki til skattskyldra tekna.

3.6.3.1 Réttur til húsaleigubóta

Til að eiga rétt á húsaleigubótum þarf leigjandi að leigja íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili þar sbr. 1. mgr. 4 mgr. Með íbúðarhúsnæði er átt við húsnæði sem getur talist vera með venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu. Einstaklingsherbergi og húsnæði þar sem eldhúsi og/eða baðhergi er deilt með öðrum falla ekki þar undir sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Nánari útlistun á skilyrðum til að húsnæði teljist íbúðarhúsnæði er að finna í 2. mgr. 7. gr.

3.6.3.2 Stofn til útreiknings húsaleigubóta

Tekjur og eignir hafa áhrif á útreikning húsaleigubóta skv. 9. gr. Til tekna skv. þeirri grein teljast tekjur leigjanda skv. II. kafla Tsl. auk þess sem tekjur allra sem í húsnæðinu búa, þar með talin börn leigjanda, sem eru tvítug og eldri reiknast með tekjum hans. Stundi börn leigjanda nám í sex mánuði eða meira á árinu eru tekjur þeirra þó undanþegnar. Fari árstekjur heimilismanna skv. framansögðu yfir 2.000.000 kr. (166.667 kr. á mánuði) skerðast húsaleigubætur mánaðarlega um 1% af umfram-tekjunum. Bætur frá almannatryggingum og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna í þessu sambandi.¹⁵²

Fari virði samanlagðra eigna allra sem eiga lögheimili í húsnæðinu að frádregnum skuldum yfir 5.918.453 kr.¹⁵³ reiknast 25% þeirrar upphæðar sem umfram er til tekna og leggst við tekjustofn leigjanda. Viðmiðunarupphæðin er ákveðin árlega sbr. 3. mgr. 9. gr.

3.6.3.3 Útreikningur húsaleigubóta

Húsaleigan er grunnurinn að útreikningi húsaleigubótanna en til leigufjárhæðar telst aðeins greiðsla fyrir afnot af húsnæðinu, ekki hússjóður, rafmagn, hiti eða slíkt og upphæð leigunnar þarf að vera innan eðlilegra marka. Sé leigan óeðlilega há er sveitarfélaginu heimilt að færa viðmiðunarupphæðina niður sbr. 8. gr.

¹⁵² Félagsmálaráðuneytið (2010).

¹⁵³ Félagsmálaráðuneytið (2008).

Í 5. gr. kemur fram að húsaleigubætur eru reiknaðar út frá grunni sem er ákveðin upphæð fyrir hverja íbúð og hvert barn sem er á framfæri framteljanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna. Ákvörðun um upphæð bóta er ákveðin árlega.

Grunnfjárhæð hvernar íbúðar er 13.500 kr. Séu börn sem eiga lögheimili hjá honum á framfæri leigjanda bætast 14.000 kr. við þá upphæð vegna fyrsta barns, 8.500 kr. vegna annars barns og 5.500 fyrir þriðja barnið. Að auki reiknast 15% af húsaleigunni á milli 20.000 kr. og 50.000 kr. Sé gert ráð fyrir hámarksupphæð, 30.000 kr., og þremur börnum gera það 46.000 kr. ($30.000 \times 15\% = 4.500 + 13.500 + 14.000 + 8.500 + 5.500 = 46.000$) sem er hámarksupphæð húsaleigubóta. Húsaleigubæturnar geta þó aldrei orðið hærri en 50% af húsaleigunni. Húsaleigubætur greiðast mánaðarlega, eftir á, frá og með mánuðinum sem réttur til bótanna hefur verið sannreyndur sbr. 1. mgr. 13 gr.

Það sama á við um húsaleigubætur og ritað var hér áðan um barna- og vaxtabætur. Bæturnar eru fjölskylduvænar á meðan þær auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar.

3.6.3.4 Húsaleigubætur eða vaxtabætur?

Í lögum og reglugerð um húsaleigubætur kemur ekki fram hvort leigjanda er heimilt að eiga eigið húsnæði. Þar sem ekki er tekið fram að leigjanda sem nýtur húsaleigubóta sé óheimilt að eiga eigið húsnæði má draga þá ályktun að slíkt sé heimilt. Þá vaknar sú spurning hvort aðili í þeirri stöðu eigi rétt á vaxtabótum eða húsaleigubótum en eins og áður hefur komið fram á sá sem ber vaxtagjöld vegna kaupa á húsnæði til eigin nota á rétt á vaxtabótum. Við vissar aðstæður getur eigandi húsnæðis átt rétt til vaxtabóta þó svo hann búi ekki í húsnæðinu sbr. fyrri umfjöllun um vaxtabætur.

Í máli nr. 5060/2007 fékk Umboðsmaður Alþingis einmitt mál af þessum toga til úrlausnar. Málavextir eru þeir að kona sem átti húsnæði fór í nám og ætlaði að búa þar sem skólinn var staðsettur. Hún tók húsnæði á leigu og setti íbúð sína á sölu. Hún sótti um húsaleigubætur en fékk höfnun á þeim forsendum að hún ætti íbúð og hefði fengið vaxtabætur vegna hennar. Ekki var rannsakað hvort hún hefði í raun fengið vaxtabótagreiðslu. Konan vildi ekki una þessu og kvartaði við Umboðsmann Alþingis. Hún taldi að henni bæru húsaleigubætur þar sem hún var með sína íbúð á sölu, hafði ekki eigin not af íbúðinni og hefði ekki hugsað sér að flytja aftur í hana. Umboðsmaður Alþingis tók undir þetta. Konan hefði vissulega getað óskað eftir og átt rétt á að fá

vaxtabætur þar sem hún átti íbúð og var í námi. En í þessu tilviki ætlaði hún sér ekki að flytja aftur í íbúðina og það var lykilatriði. Ákvæði 4. gr. rglg. 990/2001 var talið eiga við og skapa rétt en ekki kvöð fyrir konuna. Umboðsmaður úrskurðaði því konunni í vil.

3.7 Helstu skattar manna

Helstu skattar sem lagðir eru á menn eru: tekjuskattur, útsvar, fjármagns-tekjuskattur, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald. Að auki var með lögum nr. 128/2009 sett inn bráðabirgðaákvæði um svonefndan auðlegðarskatt sem er í raun eignaskattur.

3.7.1 Tekjuskattur

Tekjuskattur rennur til ríkissjóðs. Hann er lagður á menn sbr. 1. mgr. 1. gr. Tsl. og er reiknaður af svokölluðum tekjuskattsstofni sem er nánar skilgreindur í 1. tl. 61. gr. Tsl. Eftir skattkerfisbreytinguna sem tók gildi um áramótin eru nú þrjú skatthlutföll fyrir mismunandi tekjuskattsstofnsbil sbr. 1. mgr. 66. gr. Tsl.: Af tekjuskattsstofni upp að 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur sbr. 1. tl., sé tekjuskattsstofninn á bilinu 2.400.001 kr. til 7.800.000 kr. verður tekjuskattshlutfallið 27,0% sbr. 2. tl. og af tekjum hærri en 7.800.000 kr. verður 33,0% tekjuskattshlutfall sbr. 3. tl. Ef tekjuskattsstofnarnir eru settir fram á mánaðargrundvelli er verið að tala um mánaðartekjur að 200.000 kr. í fyrsta skattþrepi, frá 200.001 kr. upp að 650.000 kr. í miðskattþrepinu og svo verða tekjur hærri en 650.000 kr. skattlagðar í hæsta skattþrepinu.

3.7.2 Útsvar

Útsvar er skattur sem rennur til sveitarfélaga sbr. c-lið 1. mgr. 1 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber að leggja á útsvar á bilinu 11,24% - 13,28% sbr. 23. gr. laga nr. 4/1995. Skatthlutfall sveitarfélaga er ekki alltaf það sama þannig að innheimt er meðalútsvar í staðgreiðslu sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem nú er 13,12%.

Útsvarið er reiknað af sama tekjuskattsstofni og tekjuskattur sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Skatthlutföllin að viðbættu meðaltals útsvari eru 37,22% upp að 200.000 kr. tekjumarkinu, 40,12% á næstu 450.000 kr. og svo 46,12% á tekjur umfram 650.000 kr.

3.7.3 Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur er skattur sem lagður er á tekjur af eignum og rennur til ríkisins. C-tekjur mynda stofn til fjármagnstekjuskatts sem samanstendur einkum af vöxtum, verðbótum, afföllum, gengishagnaði, arði af hlutabréfum, leigutekjum og skattskyldum söluhagnaði sbr. nánar 1. – 8. tl. C-liðar 7. gr. Tsl. Menn njóta 100.000 kr. frítekjumarks af heildarvaxtatekjum sínum og 30% frítekjumarks af leigutekjum af íbúðarhúnaði sbr. 3. mgr. 66. gr. Tsl. Ekki er reiknað útsvar af C-tekjum sbr. 4. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl. Eigi skattþegn ónýttan persónuafslátt þegar búið er að reikna tekjuskatt og útsvar má nota sem svarar 18/37 hluta hans eða allt að 258.065 kr. á móti fjármagnstekjuskatti sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl.

Eins og áður hefur komið fram mega hjón og samskattað sambýlisfólk millifæra ónýttan persónuafslátt til maka. Sé slíkur persónuafsláttur ekki fullnýttur þegar búið er að jafna honum á móti reiknuðum tekjuskatti og útsvari er heimilt að nýta hann á móti fjármagnstekjuskattinum sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl.

3.7.4 Framkvæmdasjóður aldraðra

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra er lagt á alla einstaklinga sem eru á aldrinum 16 – 69 ára í árslok 2008. Einstaklingar með tekjuskattsstofn lægri en 1.143.362 kr. á því ári eru undanþegnir gjaldinu sem er nú 7.534 kr. sbr. 10. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

3.7.5 Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er sérstakt gjald sem rennur til Ríkisútvarpsins ohf. Það er lagt á einstaklinga sem eru skattskyldir skv. 1 gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og er 17.200 kr. á þessu ári sbr. 1. tl. 1. mgr. 11. mr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

3.7.6 Auðlegðarskattur

Í brb.ákv. XXXIII. Tsl. er kveðið á um að næstu þrjú tekjuár, 2009, 2010 og 2011 skuli leggja sérstakan auðlegðarskatt, sem er eignaskattur, upp á 1,25% á þá menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 4.– 9. tl. 3. gr. Tsl. og eiga hreina eign í árslok umfram 90.000.000 kr. ef um einstakling er að ræða og 120.000.000 kr. hjá hjónum sbr. brb.ákv. h-liðar XXXIII. Tsl. Hér er

bæði um menn sem bera fulla skattskyldu á Íslandi og tiltekna menn sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis skv. fyrrnefndum töluliðum 3. gr. Tsl. að ræða.

Helstu atriði ákvæðisins eru: Auðlegðarskattstofn er mismunur eigna og skulda sbr. c-lið og er fundinn út skv. ákvæðum a- og b-liða brb.ákv. XXXIII. Tsl. Í þeim liðum kemur meðal annars fram að draga skuli skuldir frá eignum skv. 73. gr. Tsl. og leiðbeiningar um hvernig skuli fara með skuldir í erlendum gjaldmiðli. Jafnframt koma fram þau nýmæli að í stað þess að telja hlutabréf fram við nafnverði eins og tíðkast hefur skuli nú telja slík bréf fram til auðlegðarskatts á markaðsvirði ef um félög í kauphöll eða á skipulögðum markaði er að ræða en annars skal telja eignarhlutdeild aðila fram við skattalegu bókfærðu eigin fé félags. Auðlegðarskattinn skal miða við auðlegðarskattstofninn sbr. brb.ákv. d-liðar XXXIII. Tsl.

Bent hefur verið á að það sé nær ómögulegt fyrir hinn almenna skattaðila að telja hlutabréfaeign fram við „skattalegu bókfærðu eigin fé“ þar sem í fyrsta lagi skorti skilgreiningu í skattalögunum á því hvað það fyrirbæri sé. Í öðru lagi sé verulegur munur á þeim tíma ársins sem einstaklingar og lögaðilar eiga að standa skil á skattframtölum sínum og í þriðja lagi standi skattframtöl félaga minni hluthöfum almennt ekki til boða og upplýsingar um skattalegt bókfært eigið fé sé ekki að finna í ársreikningum. Í fjórða lagi geti orðið erfitt að sækja slíkar upplýsingar til erlendra félaga.¹⁵⁴

Í brb.ákv. e-liðar XXXIII. Tsl. kemur fram að hjón skuli telja eignir sínar og skuldir fram sameiginlega og að aðila sem situr í óskiptu búi skuli reiknaður auðlegðarskattur á sama hátt og hjónum í allt að 5 ár eftir andlát maka, þó ekki lengur en ákvæðið er í gildi. Auðlegðarstofni er skipt niður á hjón og er hvoru um sig reiknaður auðlegðarskattur. Heimilt er að veita ívilnun eigi ákvæði 65. gr. Tsl. við sbr. brb.ákv. f-liðar XXXIII. Tsl. Eignir barns sem ekki nær 16 ára aldri á tekjuárinu teljast með eignum foreldra eða þeim sem nýtur barnabóta með barninu sbr. A-lið 68. gr. Tsl.

Við álagningu árin 2011, 2012 og 2013 þarf að endurreikna auðlegðarskattstofn fyrir árin 2009, 2010 og 2011 ef ske kynni að eign hafi hækkað í verði. Sé svo er verðhækkunin skattlögð að svo miklu leyti sem hún er umfram skattleysismörk sbr.

¹⁵⁴ Sjá til hliðsjónar: Umsögn KPMG um frv. til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. 256. mál. 138. löggjafarþing 2009–2010. Slóð:<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=256&dbnr=546&nefnd=es> [Sótt á vefinn 14.04.2010]

brb.ákv. h-liðar XXXIII Tsl. Endurmatið þjónar væntanlega því hlutverki að leysa þau vandamál sem skapast vegna ólíkra tímasetninga á skilum skattframtala hjá einstaklingum og lögaðilum. Það er áhugavert að ekki er minnst á það hvernig höndla skuli þær aðstæður að eignir hafi rýrnað.

3.8 Skattlagning hjóna

Áður fyrr var hjónaband karls og konu megin sambúðarformið. Með tímanum varð óvígð sambúð algeng og farið var að berjast fyrir því að réttindi þeirra sem kusu slíkt sambúðarform yrðu jöfn réttindum þeirra sem völdu að ganga í hjónaband. Samkynhneigt fólk hefur einnig barist fyrir rétti til vera í sambúð eða hjónabandi með einstaklingi af sama kyni og njóta sömu réttinda og hjón.¹⁵⁵

Baráttan bar þann árangur að frá 1975 hefur óvígð sambúð verið viðurkennd sem ígildi hjónabands í tekjuskattslögunum þar sem þar sem uppfyllir tiltekin skilyrði getur óskað eftir því að vera skattlagt sem hjón sbr. 3. mgr. 62. gr. Tsl.¹⁵⁶ Samkynhneigðir hafa einnig náð sínum stefnumálum fram en með gildistöku laga um staðfesta samvist nr. 87/1996 var tveimur einstaklingum af sama kyni heimilað að staðfesta samvist sína. Staðfest samvist var hliðstæða hjónabands og veitti þarinn sömu réttindi og hjónum. Réttindi þeirra voru einnig viðurkennd í tekjuskattslögunum sbr. 4. mgr. 62. gr. Tsl. Jafnframt kemur fram í 3. mgr. 62. gr. Tsl. að skilyrðin fyrir því að sambúðarfólk geti verið skattlagt sem hjón eigi einnig við um tvo einstaklinga af sama kyni. 22. júní síðastliðinn var svo merkur dagur fyrir samkynhneigða en þá voru lög um ein hjúskaparlög samþykkt á Alþingi og lög um staðfesta samvist felld úr gildi.¹⁵⁷

Að meginreglu til eru hjón skattlögð á sama hátt og einstaklingar. Í tekjuskattslögunum er þó að finna nokkrar sérreglur er veita hjónum ákveðið skattalegt hagræði umfram einstaklinga. Hér er einkum verið að tala um heimildir hjóna til millifærslu persónuafsláttar sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl., millifærslu tekna á milli skattþrepa sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. og millifærslu ónýtttra frádráttarheimilda sbr. 1 og 2. tl. 1. mgr.

¹⁵⁵ Sjá til hliðsjónar: Frosti Jónsson (2008, 15.04).

¹⁵⁶ Sjá til hliðsjónar: Ásta Kristjánsdóttir (2004, ágúst). Bls. 12

¹⁵⁷ Lög nr. 65/2010 um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), þskj. 836, 485. mál, 138. löggjafarþing, sótt á vefinn 08.07.2010, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2010.065.html>

62. gr. Tsl. Stundum virka reglur þó hjónum í óhag og sem dæmi má nefna skattleysismörk auðlegðarskatts sbr. brb.ákv. h-liðar XXXIII Tsl. en þar má einstaklingur eiga hreina eign upp á 90.000.000 kr. en hjón 120.000.000. Deilt jafnt á hjónin má hvort þeirra um sig eiga 60.000.000 kr.

Eftirfarandi umfjöllun um skattlagningu hjóna nær bæði til vígðrar og óvígðrar sambúðar og þar sem þar samanstendur ýmist af tveimur einstaklingum hvorum af sínu kyni eða af tveimur af sama kyni, verða allar gerðir þar nefndar *hjón* til einföldunar enda séu skilyrði þess að vera skattlögð sem hjón uppfyllt.

3.8.1 Skilyrði samsköttunar

Til að skattleggja þar sem hjón þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt: 1) Hjón verða að vera samvistum sbr. 1. mgr. 62. gr. Tsl. Í lögum er reyndar engin skilgreining á því hvað „að vera samvistum“ þýðir og ber því að líta svo á að hjón séu samvistum, þótt þau búi ekki saman, nema þau séu skilin að borði og sæng, hafi fengið lögskilnaðarleyfi eða líta megi svo á að aðskilnaður hjóna sé undirbúningur fyrir fyrrgreind atriði.¹⁵⁸ 2) Þar í sambúð þarf að hafa skráð sambúð sína í Þjóðskrá eða uppfylla skilyrði skráningar í Þjóðskrá skv. 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, sbr. 3. mgr. 62. gr. Tsl. Einnig þarf parið að hafa búið saman í eitt ár hið minnsta eða eiga barn saman eða eiga von á barni saman til að uppfylla skilyrði samsköttunar. Að auki þarf parið að óska eftir því skriflega við skattstjóra að vera samskattað. Beri annað hjóna takmarkaða skattskyldu hérlendis er hitt þó skattlagt sem einstaklingur sbr. 2. mgr. 63. gr. Tsl.

3.8.1.1 Skilyrði til skráningar sambúðar í Þjóðskrá

Til að mega skrá sambúð sína hjá Þjóðskrá þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Parið verður í fyrsta lagi að eiga sama lögheimili og uppfylla skilyrði II. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þetta gildir líka fyrir pör af sama kyni. Aðilar verða að vera samvistum, vera orðnir 18 ára, vera lögráða, mega ekki vera skyldmenni í beinan legg eða vera kjörbarn og kjörforeldri. Aðilar mega heldur ekki vera í hjúskap eða staðfestri samvist fyrir. Sé hjúskaparstaða aðila óupplýst er honum heldur ekki heimilt að skrá sig í sambúð.¹⁵⁹

¹⁵⁸ Sjá til hliðsjónar: Jónatan Þórmundsson (1982), bls. 18

¹⁵⁹ Sjá til hliðsjónar: Þjóðskrá (2009).

Skattalög gera ráð fyrir því að við 16 ára aldur verði barn sjálfstæður skattaðili og sé þar með talið fullorðið, í skilningi skattalaganna, og njóti þaðan í frá allra réttinda og beri allar skyldur sem fullorðnum ber í samræmi við það. Þó virðist sem 16 ára myndi ekki njóta skattalegs hagræðis af því að vera í sambúð, ef svo bæri undir, þar sem viðkomandi uppfyllir ekki þau skilyrði til að mega skrá sambúð að vera orðinn 18 ára og vera lögráða sbr. fyrri umfjöllun.

3.8.2 Takmörkuð sérsköttun

Hjón voru lengst af samsköttuð hér á landi, meira að segja áður en slík samsköttun var lögfest árið 1921. Fjölskyldan var talin skattaleg eining, enda tekjum ráðstafað í hennar þágu.¹⁶⁰ „Höfuð fjölskyldunnar“, eiginmaðurinn, var skattaðilinn og bar ábyrgð á skattgreiðslum.¹⁶¹ Breyting varð á þessu með lögum nr. 40/1978 þegar takmörkuð sérsköttun hjóna var tekin upp og hvort hjóna skyldi nú vera sjálfstæður skattaðili.¹⁶² Samsköttun hjóna þýðir að eignir og tekjur þeirra eru skattlagðar sem heild án tillits til þess hvor aðilinn aflar tekna eða leggur til eign.¹⁶³ Sérsköttun þýðir hins vegar að hvor aðili telur fram sínar tekjur og eignir og er skattlagður á sama hátt og einstaklingur.¹⁶⁴

Með takmarkaðri sérsköttun er sér- og samsköttun blandað saman þannig að launagreiðslur og skyldar þóknanir eru skattlagðar hjá þeim sem aflaði þeirra en eignir og aðrar tekjur lagðar saman og skattlagðar hjá tekjuhærri aðilanum þegar um hjón er að ræða án tillits til þess hver eigandinn er.¹⁶⁵ Þar sem algjör sérsköttun býður upp á eigna- og/eða tekjutilfærslur til þess hjóna sem hagstæðara er að eigi eign eða afli tekna frá skattalegu sjónarmiði þykir takmörkuð sérsköttun henta betur sem skattlagningaraðferð.¹⁶⁶

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að orðið samsköttun hefur ekki alveg sömu merkingu í skilningi skattalaganna og í daglegu máli. Í daglegu máli þýðir samsköttun að þar skili sameiginlegu skattframtali en í skilningi skattalaganna að tekjur og eignir þars

¹⁶⁰ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 294

¹⁶¹ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995), bls. 515, Jónatan Þórmundsson (1982), bls. 17

¹⁶² Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 301 - 302

¹⁶³ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 297

¹⁶⁴ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 300

¹⁶⁵ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 301

¹⁶⁶ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 301 - 302

séu skattlögð sem ein heild. Í þessu ritverki verður sú merking sem lögð er í samsköttun í skilningi skattalaganna lögð til grundvallar.

3.8.2.1 Gildir takmörkuð sérsköttun um hjón?

Það er ekki sagt með beinum orðum í tekjuskattslögunum að takmörkuð sérsköttun gildi um hjón en það kemur ljóslega fram séu 5., 62., og 67. greinar skoðaðar í samhengi. Ákvæði 1. mgr. 116. gr. Tsl. og 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. styðja þá skoðun.

Í 5. gr. Tsl. kemur skýrt fram að hjón séu sjálfstæðir skattaðilar við skattlagningu og er það meginregla. Samkvæmt því ætti að telja fram allar tekjur og eignir hvors hjóna fyrir sig að frádregnum heimilum frádrætti fram sérstaklega og leggja á skatt samkvæmt því. En svo er ekki í framkvæmd.

1. og 3. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. byggja á sérsköttunarsjónarmiðum en skv. 1. tl. telja hjón tekjur skv. A-flokki fram og draga frá leyfilegan frádrátt skv. 1. mgr. A-liðar 30. gr. Tsl. hvort fyrir sig. Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. tilgreinir að hreinar B-tekjur manna eru einnig sérskattaðar hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum. Vinni bæði hjónin að rekstrinum er farið eftir hlutfallslegu vinnuframlagi hvors fyrir sig til að koma í veg fyrir að tekjum sé skipt á hjón eftir því hvernig hagstæðast er að skattleggja þær sbr. 2. mgr. 3. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. Þegar búið er að leggja A og B tekjur saman eftir því sem við á og draga leyfilegan frádrátt frá finnst tekjuskattsstofn hvors hjóna fyrir sig. Hafi verið tap af rekstri þannig að B-tekjur séu neikvæð tala kemur sú upphæð ekki til frádráttar A-tekjum þannig að það eru aðeins A-tekjur sem mynda tekjuskattsstofn í slíku tilviki sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 61. gr. Tsl.

Tekjur beggja aðila úr C-flokki skal hins vegar leggja saman og skattleggja hjá því hjóna sem er með hærri A-tekjur skv. 2. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. að frádregnum leyfilegum frádrætti.¹⁶⁷ C-tekjur mynda þannig fjármagnstekjuskattsstofn sem fjármagnstekjuskattur er reiknaður af sbr. 3. mgr. 66. gr. Tsl. hjá því hjóna sem er með hærri tekjuskattsstofn vegna A-tekna. Rökin fyrir því að skattleggja C-tekjur hjá því hjóna sem hefur hærri A-tekjur voru að erfitt gæti verið að greina hvort hjóna ætti eignina í raun og veru auk hættu á að hjónin hefðu áhrif á skattgreiðslu sína með því að deila eignum

¹⁶⁷ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 306

niður á þann hátt sem lágmarkar skattgreiðslur þeirra.¹⁶⁸ Samsköttun hjóna eða einhvers konar fjölskylduskattlagning myndi koma í veg fyrir slík vandamál.

Ef leyfilegur heildarfrádráttur annars hjóna sbr. 1 og 2. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. er hærri en samsvarandi tekjur sbr. 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. skal draga mismuninn frá tekjum hins við álagningu sbr. 2. mgr. 62. gr. Tsl., eða með öðrum orðum, ef A, B og C tekjur annars maka eru lægri en heimill frádráttur hans má nota mismuninn á móti tekjum hins. Hér er um millifærsluheimild á milli hjóna og sambýlisfólks að ræða en miðað við heimila frádrætti í núverandi skattkerfi hefur hún ekki mikla raunhæfa þýðingu.¹⁶⁹ Ástæðan er að eins og frádráttarheimildirnar eru settar fram bæði í tekjuskattslögunum og skattmati má frádráttur aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur upphæð teknanna sem hann gengur á móti. Ef hins vegar yrðu gerðar breytingar á skattkerfinu þannig að frádráttarheimildum yrði fjölgað til að gera skattkerfið fjölskylduvænna kæmi þessi heimild sér vel. Millifærsluheimildin er frávik frá meginreglunni sem fram kemur í 5. gr. Tsl. um sérsköttun hjóna og má því telja hana vera ákveðna samsköttunarheimild.

Í 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl. er að finna heimild til að maki megi nýta persónuafslátt hins, þ.e. að hann sé millifæranlegur, og er sú heimild einnig í mótsögn við það að hjón séu sjálfstæðir skattaðilar auk þeirrar staðreyndar að hjón bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum og má ganga að hvoru þeirra sem er og krefja um skattgreiðslur hins sbr. 1. mgr. 116. gr. Tsl. Í 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. kemur fram að sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs maka hærri en 7.800.000 kr. og tekjuskattsstofn hins undir þeirri upphæð er heimilt að skattleggja hluta tekna hins tekjuhærri í miðskattþrepi samkvæmt tilteknum reglum sem nánar verður fjallað um í II. hluta, kaflanum *Um skattlagningu hjóna*. Að teknu tilliti til framangreindra atriða má draga þá ályktun að takmörkuð samsköttun hjóna gildi innan skattkerfisins.

3.8.3 Upphaf og lok réttar til samsköttunar

Í 63. gr. Tsl. er fjallað um hvenær réttur til samsköttunar hefst og fellur niður. Sá réttur hefst að meginreglu til við stofnun hjúskapar sbr. 1. mgr. 62. gr. Tsl. (stofnun staðfestrar

¹⁶⁸ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), bls. 301-302

¹⁶⁹ Sjá til hliðsjónar: Gylfi Knudsen (1993), Bls. 309

samvistar sbr. 4. mgr. 62. gr. Tsl. hafði sömu réttaráhrif) og þegar skilyrði til óvígðrar samskattaðrar sambúðar skv. 3. mgr. 62. gr. Tsl. eru uppfyllt. Pari sem hefur sambúð er þó heimilt að telja fram sem hjón frá upphafi þess árs sbr. 4. másl. 1. mgr. 63. gr. Tsl. Sambúð getur lokið með slitum sambúðar eða andláti maka. Ljúki sambúð með skilnaði ber að skattleggja hjónin sem einstaklinga frá og með deginum sem skilnaðarleyfi er gefið út en hjón fram að þeim degi. Hjón mega þó telja fram sem einstaklingar allt árið sbr. 6. másl. 1. mgr. 63. gr. Tsl.¹⁷⁰ Hafi sambúðinni lokið við fráfall maka miðast lok sambúðar við dánardægur makans og skal eftirlifandi maki telja fram sem einstaklingur þaðan í frá. Honum er þó heimilt að telja tekjur fram eins og um hjón sé að ræða í níu mánuði frá fráfalli maka sbr. 5. másl. 1. mgr. 63. gr.¹⁷¹

Eins og 63. gr. Tsl. er orðuð virðist meginreglan vera sú að skattleggja beri hjón sem slíta samvistum á árinu sem hjón til þess dags er sambúð er slitið en sem einstaklinga þaðan í frá og að ákvæði um að heimilt sé að telja fram sem einstaklingar allt árið sé heimildarákvæði og krefjist jafnvel samþykkis beggja aðila. Í framkvæmd er það ekki svo. Það kemur greinilega fram í úrskurði Yfirsattanefndar nr. 311/2000.

Úrskurður Yfirsattanefndar nr. 311/2000.: Málsatvik voru þau að kærandi og eiginkona hans slitu samvistum. Eiginkonan sendi inn einstaklingsframtal og var lagt á hjónin sem einstaklinga. Kærandi vildi ekki una þessu og taldi fram fyrir sig og frúna fyrrverandi án hennar samþykkis eða atbeina, og skilaði einu sameiginlegu framtali og tveimur einstaklingsframtölum. Bar hann fyrir sig ákvæðin í 63. gr. Tsl. og taldi að þar sem annars vegar væri um skylduákvæði að ræða (sameiginlegt framtal til loka sambúðar) og heimildarákvæði hins vegar (telja fram sem einstaklingur allt árið) bæri að telja fram á þann hátt sem hann gerði en Yfirsattanefnd hafnaði þessum skilningi.

„Samkvæmt framansögðu er aðstaðan sú að álagningu á kæranda og fyrrverandi eiginkonu hans hefur verið hagað með þeim hætti að þau hafa verið skattlögð sem einstaklingar allt tekjuárið 1996. Hvað sem líður þýðingu þeirrar meginreglu, sem fram kemur í 1. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981, sbr. viðhorf þar að lútandi í kæru, og réttmæti þeirrar

¹⁷⁰ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995), bls. 518

¹⁷¹ Sjá til hliðsjónar: Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995), bls. 519-520

álagningar, sem viðhöfð hefur verið, er ljóst að við slíkar aðstæður, sem hér um ræðir, verður almennt að telja að sjónarmið beggja skattaðila verði að liggja fyrir áður en hróflað er við fyrri skattákvörðunum.“

Úrskurður Yfirs kattane fndar nr. 395/2005: í þessum úrskurði segir um skattlagningu hjóna við slit sambúðar sbr. heimildarákvæðum 63. gr. Tsl.:

„Samkvæmt framangreindum frávikum 4.-6. másl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 90/2003 frá umræddri meginreglu er það lagt á vald skattaðila hvort þeir nýta sér þær heimildir sem í þeim felast. Tekið skal fram að í úrskurðaframkvæmd, sbr. úrskurð yfirs kattane fndar nr. 311/2000, hefur verið talið að hvort hjóna um sig geti við hjúskaparslit krafist þeirrar skattmeðferðar sem mælt er fyrir um í 6. másl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 90/2003.“

Af framangreindum úrskurðum má ráða að hvort hjóna fyrir sig geti ákveðið að telja fram sem einstaklingur allt árið án samráðs við maka sinn á skilnaðarári þrátt fyrir orðalag 63. gr. Tsl.

3.8.4 Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins

1. mgr. 116 gr. Tsl. er fjallað um að hjón beri óskipta sameiginlega ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lögð. Sama gildir um sambúðarfólk og þá sem voru í staðfestri samvist. Ábyrgð á skattgreiðslum maka gildir á meðan hjónabandið stendur, þannig má ganga að hvoru hjóna fyrir sig og krefja um greiðslu á sköttum hins. Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 116 gr. Tsl. virðist ekki vera skilyrði að um vanskil sé að ræða til að heimilt sé að krefja annan maka um greiðslu á sköttum hins.

3.8.5 Um skattlagningu hjóna

Hjón telja tekjur skv. A-flokki fram hvort fyrir sig og draga leyfilega frádrætti frá. Sé um B-tekjur að ræða eru þær sérs kattaðar hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum í skilningi 3. tl. 1. gr. 62. gr. Tsl. Hreinar A-tekjur eru lagðar við hreinar B-tekjur ef við á og er samtalan tekjuskattsstofn viðkomandi. Nú þarf að reikna tekjuskatt í réttu skattþrepi. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna umfram 7.800.000 kr. þannig að hluti tekna þess verður skattlagður í hæsta skattþrepinu en tekjuskattsstofn hins lægri en 7.800.000 kr.

Þannig að hluti milliskattþrepsins sé „ónýttur“ skal millifæra tekjur úr hæsta skattþrepi hjá því hjóna sem er með hærri tekjuskattsstofn yfir í milliskattþrep til skattlagningar með lægra skatthlutfalli eftir ákveðnum reglum sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. Frekari millifærslur á milli skattþrepa eru ekki leyfðar. Best er að útskýra þessa heimild til millifærslu tekna á milli skattþrepa með dæmi¹⁷²:

Maki I hefur 5.000.000 kr. í árstekjur. Af þeim skattleggjast 2.400.000 kr. í fyrsta skattþrepi og 2.600.000 kr. í miðþrepi. Hámarksupphæð tekna manns sem skattlögð er í milliskattþrepi er 5.400.000 kr. á ársgrundvelli. Mismunurinn á 5.400.000 kr. og 2.600.000 kr. er 2.800.000 kr. og sú upphæð kallast þá *ónýttur hluti miðskattþreps*. Leyfilegt er að nýta helming „ónýttu“ upphæðarinnar, þó aldrei meira en 2.700.000 kr. til að millifæra tekjur Maki II sem skattleggja á í efsta þrepi yfir í miðþrep. Það má heldur ekki flytja hærri upphæð á milli skattþrepa en skattleggja skal í hæsta skattþrepi.

Þetta virkar á eftirfarandi hátt. Maki II hefur 9.000.000 kr. í árstekjur. Samkvæmt því skattleggjast 2.400.000 kr. á fyrsta skattþrepi, 5.400.000 kr. í miðþrepinu og afgangurinn 1.200.000 kr. á að skattleggjast í hæsta skattþrepinu. Nú vill hins vegar svo vel til að Maki I á „ónýttan“ hluta af miðþrepi og það má nýta 50% eða 1.400.000 kr. til að lækka skattlagningu Maki II. Það eru hins vegar aðeins 1.200.000 kr. af þessum tekjum sem ber að skattleggja í hæsta skattþrepinu og því má aðeins millifæra þá upphæð. Hefði Maki II verið með 9.200.000 kr. í árstekjur hefðu 1.400.000 kr. lent í hæsta skattþrepinu og þá hefði mátt fullnýta millifærsluheimildina.¹⁷³

¹⁷² Við gerð þessa dæmis var höfð hliðsjón af umfjöllun um 14. gr. gr.g. frv. til. l. 128/2009: Greinargerð með frumvarpi til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 292, 256. mál., 138. löggjafarþing, Sótt á vefinn 27.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0292.html>

¹⁷³ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með 14. gr. frumvarps til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 292, 256. mál., 138. löggjafarþing, Sótt á vefinn 27.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0292.html>

Dæmi – hluti 1.

Taflan sýnir útreikning tekjuskatts og meðaltals útsvars Maka I og II áður en til millifærslu kemur.

Skatthlutfall	Maki I	Skattgr.	Maki II	Skattgr.
Tekjuskattsstofn	5.000.000		9.000.000	
37,2%	2.400.000	893.280	2.400.000	893.280
40,1%	2.600.000	1.043.120	5.400.000	2.166.480
46,1%	0	0	1.200.000	553.440
Reiknaður tekjuskattur		1.936.400		3.613.200
Persónuafsláttur		-530.460		-530.460
Skattgreiðsla		1.405.940		3.082.740
Samtals		4.488.680		

Dæmi – hluti 2.

Taflan sýnir útreikning tekjuskatts og meðaltals útsvars Maka I og II eftir millifærslu.

Skatthlutfall	Maki I	Skattgr.	Maki II	Skattgr.
Tekjuskattsstofn	5.000.000		9.000.000	
37,22%	2.400.000	893.280	2.400.000	893.280
40,12%	2.600.000	1.043.120	5.400.000	2.166.480
46,12%	0	0	1.200.000	553.440
46,12%			millif.	-1.200.000
40,12%			1.200.000	481.440
Reiknaður tekjuskattur		1.936.400		3.541.200
Persónuafsláttur		-530.460		-530.460
Skattgreiðsla		1.405.940		3.010.740
Samtals		4.416.680		
Mismunur skattgreiðslu		-72.000		

Með nýtingu millifærsluheimildarinnar greiða hjónin 72.000 kr. lægri skatt en ef ekki væri um slíka heimild að ræða.

Að útreikningi tekjuskattsins loknum eru sjómannaafsláttur, ef við á, og persónuafsláttur dreginn frá. Mismunurinn er tekjuskattur ársins. Síðan er útsvar reiknað og hafi persónuafsláttur ekki verið fullnýttur dregst hann frá upphæð útsvarsins. Eigi annað hjóna ónýttan persónuafslátt er hann færður yfir til hins við uppgjör skattsins.

C-tekjur skal hins vegar að leggja saman, taka tillit til frítekjumarka og leyfilegs frádráttar ef við á og skattleggja hjá því hjóna sem er með hærri A-tekjur. C-tekjurnar eru reiknaðar sér vegna þess að fjármagnstekjuskattshlutfallið er annað (18%). Eins og áður hefur komið fram er heimilt að nýta hluta ónýttts persónuafsláttar á móti fjármagnstekjuskatti.

Útreiknaður tekjuskattur að viðbættu útsvari og fjármagnstekjuskatti að teknu tilliti til reglna um sjómannaafslátt og persónuafslátt er þannig sá skattur sem hjónunum ber að greiða á árinu að frádreginni þeirri staðgreiðslu sem þegar hefur verið innt af hendi. Ákvörðun tekjuskatts og útsvars byggir á sérsköttunarsjónarmiði en fjármagnstekjuskattur á samsköttunarsjónarmiði en skattskuldaábyrgðin er þó sameiginleg sbr. 1. mgr. 116. gr. Tsl. eins og áður hefur komið fram. Þegar hér er komið sögu á eftir að reikna út hvort hjónin eiga rétt á barna- og vaxtabótum. Þegar því er lokið kemur í ljós hvort hjónin eigi eftir að standa skil á skattgreiðslu fyrir árið eða fái endurgreitt vegna barna- og/eða vaxtabóta.

3.8.5.1 Hugleiðing tengd skattlagningu hjóna

Reglunni sem fram kemur í 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. um heimild maka til millifærslu tekna á milli skattþrepa við tilteknar aðstæður er augljóslega ætlað að milda skattlagningu hjóna og samskattaðs sambúðarfólks með hærri tekjur, en hefur óvænta hliðarverkun. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því við álagningu að tekið sé mið af samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna getur komið upp sú staða að tvö heimili með sömu tekjur greiða misháan tekjuskatt eftir því hvort annað eða bæði hjóna afla tekna til heimilisins og hvernig tekjur skiptast á milli þeirra.¹⁷⁴ Á sama tíma eru engar

¹⁷⁴Til hliðsjónar: Gunnar Egill Egilsson (2009).

breytingar á bótaútreikningi í sömu veru, en áfram er miðað við sameiginlegan tekjustofn.¹⁷⁵ Í eftirfarandi töflu má sjá upphæð skattgreiðslna af tilteknum tekjuskattsstofnum miðað við hvernig tekjuöflun skiptist hlutfallslega á milli hjóna.

Heildartekjur	Maki I	Maki II	Skattgreiðsla
18.000.000	Skipting tekna		
	100%	0%	6.541.080
	70%	30%	6.237.480
	60%	40%	6.183.480
	50%	50%	6.165.480
14.000.000			
	100%	0%	4.696.280
	70%	30%	4.428.680
	60%	40%	4.416.680
	50%	50%	4.416.680
7.000.000			
	100%	0%	1.677.880
	70%	30%	1.616.980
	60%	40%	1.608.280
	50%	50%	1.608.280

Skattgreiðslur hjóna eftir tekjudreifingu á milli þeirra, fyrir tekjuskattsstofna upp á 18.000.000 kr., 14.000.000 kr. og 7.000.000 kr., voru reiknaðar út. Eins og sést í töflunni hefur það áhrif á upphæð skattgreiðslu hvort annar eða báðir makar eru á vinnumarkaði. Það kemur best í ljós þegar aðeins annar makinn er á vinnumarkaði en þá er skattgreiðslan hærri en þegar báðir makar aflu tekna - og það þó að persónuafsláttur

¹⁷⁵ Sjá til hliðsjónar: Umsögn Viðskiptaráðs um frv. til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. 256. mál. 138. löggjafarþing 2009–2010. Sótt á vefinn 14.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=256&dbnr=667&nefnd=es> og Umsögn Deloitte um frv. til l. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. 256. mál. Sótt á vefinn 14.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=256&dbnr=586&nefnd=es>

heimavinnandi maka sé nýttur. Þannig greiðir fjölskylda með tekjuskattsstofn upp á 18.000.000 kr. og eina fyrirvinnu 375.600 kr. hærrí skatt en fjölskylda með sömu tekjur og tvær fyrirvinnur sem hafa jafnhá laun. Ef tekjuskattsstofninn er 7.000.000 kr. er munurinn aðeins 69.600 kr. Önnur skipting tekjudreifingar á milli hjóna getur einnig haft áhrif á upphæð skattgreiðslu þeirra en það er ekki einhlítt.

Út frá þessu má álykta að gildandi skattareglur geri ráð fyrir því að greiðslugeta tveggja jafnstórra heimila, með sama tekjuskattsstofn, sé mismikil á þeim forsendum að á öðru heimilinu sé ein fyrirvinna en tvær á hinu þar sem önnur fyrirvinnan færir t.d. 70% teknanna í búið en hin 30%. Þetta virðist vera alveg á skjön við greiðslugetukenninguna og jafnræðiskenningarnar. Jafnvel má ganga svo langt að segja að um mismunun sé að ræða og verður varla séð að málefnaleg rök réttlæti hana. Er því hugsanlega um brot á jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar að ræða.

3.8.6 Sérskattað sambýlisfólk

Pör í sambúð sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 62. Tsl. til að vera samsköttuð þ.e. að hafa búið saman í að minnsta kosti eitt ár, eiga barn saman eða eiga von á barni saman eiga rétt á að vera skattlögð sem hjón. Óski parið ekki eftir slíkri samsköttun er það skattlagt sem einstaklingar og telst þá vera í sérskattaðri sambúð.

Barnabætur og vaxtabætur eru engu að síður reiknaðar út á sama hátt og um hjón sé að ræða sbr. 1. mgr. A-liðar og 4. mgr. B-liðar 68. gr. Tsl. burtséð frá því hvort par óskar samsköttunar eða ekki. Meginmunurinn á sérskattaðri og samskattaðri sambúð að öðru leyti er að sérsköttuðu sambýlisfólki er óheimilt að millifæra og nýta sér ónýttan persónuafslátt hins aðilans sbr. 8. gr. rglg. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt: „Skili sambúðarfólk ekki sameiginlegu skattframtali millifærist persónuafsláttur ekki“. Hvor sambúðaraðili um sig ber ábyrgð á eigin skattgreiðslum og er ekki hægt að krefja hann um greiðslu á skattaskuldum hins. Þá ályktun má draga af 1. mgr. 116. gr. Tsl. sem fjallar um óskipta ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hvors annars en í henni kemur fram að reglur málgreinarinnar eigi jafnframt við um *samskattað* sambúðarfólk og einstaklinga í staðfestri samvist.

3.8.7 Skattlagning barna

Í 6. gr. Tsl. segir að börn sem eru undir 16 ára aldri á tekjuárinu séu ekki sjálfstæðir skattaðilar séu þau á framfæri foreldra sinna. Því ber að telja eignir þeirra og tekjur fram með tekjum og eignum foreldranna að tekjum sem getið er í 1. tl. A-liðar 7. gr. undanskildum. Þær tekjur skulu skattleggjast sérstaklega hjá barninu. Börn fá ekki persónuafslátt en eru með frítekjumark sem er 100.745 kr. sbr. 2. mgr. 66 gr. Tsl. Hafi barnið tekjur umfram þá upphæð er tekjuskatturinn 4% sbr. 2. mgr. 66. gr. Tsl. og útsvar 2% sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Heildarskatthlutfall barns er því 6%.

Aðrar tekjur skattleggjast hjá því foreldri sem hefur hærri hreinar tekjur skv. 1. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl. eða með tekjum þess foreldris eða þess manns sem nýtur barnabóta með barninu sbr. 1. mgr. 64. gr. Tsl.

3.9 Samantekt II. hluta

Uppbygging skattkerfis hefur mikið að segja um það hvort skattkerfi telst fjölskylduvænt eða ekki. Á meðal áhrifapátta eru skilgreining skattskyldra tekna, skattar, fjöldi skattþrepa, skatthlutföll, frádráttarheimildir, skattafslættir og bótakerfi. Í gegn um árin hafa verið gerðar ýmsar breytingar á skattkerfum hérlendis sem oft hafa tengst því að nýjum frádráttarheimildum var komið á eða felldar niður, en óhætt er að segja að frádráttarheimildir spili lykilhlutverk í því hvort og hversu fjölskylduvænt skattkerfi er. Skattlagningarreglur skipta þó líka máli í þessu sambandi.

Núverandi tekjuskattskerfi er byggt þannig upp að nær öll gæði og verðmæti sem hægt er að meta til peninga og launamanni hlotnast eru skattskyld. Skattskyldum tekjum er skipt í þrjá flokka, A, B og C tekjur sbr. 7. gr. Tsl. en skipting tekna í þessa flokka skiptir miklu máli því hún stjórnar því hvaða skatthlutfall skal nota við skattlagningu tekna og hvaða frádrættir eru leyfilegir. Helstu skattar sem lagðir eru á menn eru: tekjuskattur, útsvar, fjármagnstekjuskattur, auðlegðarskattur, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald. Skattþrepin eru þrjú eftir að fjölþrepa skattkerfi var tekið upp um síðustu áramót með gildistöku laga nr. 128/2009. Lægsta skattþrepið er fyrir tekjuskattsstofn upp að 2.400.000 kr., miðþrepið nær yfir tekjuskattsstofn á bilinu kr. 2.400.001 kr. til 7.800.000 kr. en hærri tekjur verða

skattlagðar á efsta skattþrepinu sbr. 66. gr. Tsl. Tekjuskattshlutföllin eru 24,1%, 27,0% og 33,0% sbr. 66. gr. Tsl. Í raun eru tveir skattstofnar til útreiknings á sköttum. Annar fyrir tekjuskatt og útsvar og er nánast um brúttóskattlagningu að ræða því frádráttarheimildir í íslenska skattkerfinu eru frekar frábreyttar og hinn fyrir fjármagnstekjur sem einnig er nánast brúttóskattstofn. Frítekjumörk vaxtatekna og leigutekna af íbúðarhúsnæði sem komið var á um áramótin með gildistöku laga nr. 128/2009 vega þó aðeins upp á móti. Hver maður sem náð hefur 16 ára aldri og er skattskyldur á Íslandi á rétt á persónuafslætti sem dregst frá reiknuðum skatti. Sjómenn og fleiri eiga jafnframt rétt á sjómannaafslætti skv. tilteknum reglum. Sjómannaafsláttur dregst líka frá reiknuðum skatti. Þá getur skattþegn átt rétt á barnabótum eða vaxtabótum eftir nánari reglum þar um.

Hjónum er heimilt að millfæra tekjur á milli efsta og miðskattþrepanna eftir tilteknum reglum sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. Skatthlutfall fjármagnstekjuskatts var hækkað í 18% sbr. 3. mgr. 66. gr. Tsl. og jafnframt voru sett frítekjumörk á vaxtatekjur og leigutekjur af íbúðarhúsnæði. 30. gr. Tsl. sem inniheldur helstu frádráttarheimildir frá tekjum manna utan rekstrar er nær óbreytt frá fyrra skattkerfi að undanskilinni bráðabirgðaheimild um frádrátt á móti skattskyldum tekjum af fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum sbr. 3. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. Lítil breyting var gerð á fyrirkomulagi skattafláttu og bótakerfa, en þó var vísitölubinding persónuafsláttar afnumin, ákveðið að afnema sjómannaafslátt í skrefum og tekjustofni barnabóta var breytt á þann hátt að vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður munu skerða barnabætur. Einnig var skert á skilgreiningu sambúðar hvað varðar barna- og vaxtabætur.

Það voru ekki bara gerðar breytingar á skattkerfinu en ýmsar breytingar urðu á skattmati ársins 2010. Breytingarnar eru að mestu í takt við þá hugsun að skattfrelsi tekna eða heimilir frádrættir þurfi að hafa tengsl við tekjuöflun launamanns. Þannig eru skilyrði þess að greiðslur séu skattfrjálsar að notkun almenningsfarartækis, reiðhjólis eða annars ökutækis séu í þágu launagreiðanda.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að skattkerfinu var breytt og þar á meðal þörf fyrir auknar tekjur í ríkiskassann og sú skoðun stjórnvalda að með fjölþrepaskattkerfi muni

tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins aukast og skattbyrði þar með færast í auknum mæli til þeirra sem hærri hafa launin.¹⁷⁶

Skattkerfið sem var í gildi til áramóta byggði á staðgreiðslukerfinu sem tekið var upp árið 1988. Um skattkerfi með föstu skatthlutfalli var að ræða sem tók við af þágildandi fjölþrepaskattkerfi. Helstu breytingarnar voru að skattstofnar og skatthlutföll voru sameinuð og flestir frádráttarliðir felldir niður. Innheimtu skatta var breytt þannig að bráðbirgðagreiðsla skatts var innt af hendi um leið og unnið var til tekna í stað þess að innheimta skattinn ári síðar. Skattþegnar fengu fastan skattafslátt, persónuafslátt, sem var hærri en samanlögð áhrif niðurfelldra frádráttarliða. Heimild til að draga vaxtagjöld frá var einnig lögð niður en húsnæðisbætur, sem síðar var breytt í vaxtabætur, teknar upp í staðinn.¹⁷⁷

Um áramótin síðustu var uppbygging skattkerfisins á þann hátt að tekjur voru skilgreindar á sama hátt og í núverandi skattkerfi auk þess sem skipting tekna í flokka var eins. Skattar og skattstofnar voru þeir sömu að auðlegðarskatti frátöldum, en um nýjan skatt er að ræða. Skattþrepin og þar með skatthlutföllin voru tvö þar sem hátttekjuskattur var aftur lagður á um mitt ár 2009. Skatthlutfall fjármagnstekjuskatts hækkaði jafnframt úr 10% í 15% á sama tíma. Hækkunin tók að vísu aðeins til einstaklinga og hjóna með fjármagnstekjur yfir ákveðnum mörkum. Frádráttarheimildir voru að mestu þær sömu að frátöldum frádrætti vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Skattafslættir og bótakerfi voru einnig að mestu leyti eins að breytingum á tekjustofni barnabóta og afnámi vísitölubindingar persónuafsláttar undanskyldum.

Meginbreytingin felst því í fjölgun skattþrepa og auðlegðarskatti. Flestir þeirra þátta í núverandi skattkerfi sem geta talist fjölskylduvænir voru því líka til staðar í fyrra skattkerfi. Þó ekki heimild til millifærslu tekna á milli skattþrepa. Helstu þættir íslenska tekjuskattkerfisins sem telja má fjölskylduvæna eru: frádráttarheimildir sbr. A-lið 30. gr. Tsl. og sbr. 2. mgr. B-liðar 30. gr. Tsl., heimild til millifærslu ónýttra frádráttarheimilda sbr. 2. mgr. 62. gr. Tsl., ívilnanir sbr. 65. gr. Tsl., heimild hjóna til að millifæra tekjur á

¹⁷⁶ Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 292, 256. mál. 138. Löggjafarþing. Sótt á vefinn 27.11.2009, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0292.html>

¹⁷⁷ Sjá til hliðsjónar: Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). Bls. 45

milli skattþrepa sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl., persónuafsláttur sbr. A-lið 67. gr. Tsl., heimild til millifærslu persónuafsláttar á milli maka sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl., barnabætur sbr. A-lið 68. gr. Tsl. vaxtabætur sbr. B-lið 68. gr. Tsl., og að lokum skattfrelsi húsaleigubóta skv. 9. tl. 1. mgr. 28. gr. Tsl.

Frádráttarheimildir á móti einstaklingstekjum sem skipta meginmáli fyrir hinn almenna launamann eru ökutækjastyrkur, dagpeningar, hliðstæðar endurgreiðslur á kostnaði og iðgjöld í lífeyrissjóði til aukningar lífeyrisréttindum og er að finna í A-lið 30. gr. Tsl. Framangreindum frádráttarliðum, að iðgjöldum í lífeyrissjóði frátöldum, er ætlað koma í veg fyrir að launþegi greiði skatt af endurgreiddum útlögðum kostnaði sem í raun er rekstrarkostnaður vinnuveitanda og teljast því fjölskylduvænir á þann hátt. Lífeyrissjóðsiðgjöld lækka skattgreiðslur nú og eru í raun sparnaður sem launþeginn nýtur góðs af síðar. Því telst vera um fjölskylduvæna frádráttarheimild að ræða þó að ráðstöfunartekjur heimilisins lækki í krónum talið.

Ívilnun er heimild fyrir hið opinbera til að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem koma upp hjá fólki t.d. vegna veikinda barna eða vegna foreldra sem ekki geta séð fyrir sér sjálf. Það er ekki spurning um að þetta ákvæði teljist fjölskylduvænt þar sem skattstofn þess sem fær ívilnun lækkar.

Persónuafsláttur hefur þó nokkra sérstöðu í skattkerfinu vegna áhrifa hans á skattleysismörk og þar með ráðstöfunartekjur og skattbyrði launþega. Afnáam vísitölubindingar persónuafsláttar er því áhyggjuefni þar sem hættu er á að skattbyrði launþega hækki hægt og rólega við skilyrði verðbólgu en persónuafsláttur mun ekki halda raungildi sínu sjálfkrafa. Í kjölfarið munu skattgreiðslur hækka en ráðstöfunartekjur launþega lækka. Þessi breyting getur því engan veginn talist fjölskylduvæn. Afnáam sjómannaafsláttar mun lækka skattleysismörk þeirra sem hans njóta verulega og hafa þannig áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem rétt eiga á sjómannaafslætti.

Barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur eru skattfrjálsar greiðslur sem hafa áhrif á skattleysismörk og ráðstöfunartekjur fjölskyldna. Við útreikning bóta getur hjúskaparstaða, fjöldi barna, eignir og tekjur haft áhrif á bótaupphæðina. Barnabætur má telja fjölskylduvænar að því marki sem þær eru skattfrjáls greiðsla og auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Að sama skapi teljast tekjutengingar barnabóta ekki

fjölskylduvænar þar sem jaðarskattar fjölskyldu hækka með auknum tekjum. Geta slíkar breytingar haft öfug áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar þar sem barnabætur og aðrar tekjutengdar bætur lækka um leið og aðrar tekjur hækka. Um vaxtabætur og húsaleigubætur gildir sama og um barnabætur, að því marki sem ráðstöfunartekjur aukast hjá fjölskyldu teljast þær fjölskylduvænar. Tekju- og eignatengingar geta jafnframt valdið því að ráðstöfunartekjur heimilis lækki fái launþegi launahækkun eða aðrar kjarabætur. Það má því segja að barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur geti verið tvíeggjað sverð.

Skattlagningarreglur hafa einnig áhrif á það hvort skattkerfi telst fjölskylduvænt eða ekki og eru það einkum heimildir hjóna til samsköttunar og millifærslna á ónýttum skattþrepum og frádráttarheimildum sem skipta máli í því sambandi. Hjón eru að meginstofni til skattlögð á sama hátt og einstaklingar á Íslandi. Í tekjuskattslögunum er þó að finna nokkrar sérreglur er veita hjónum ákveðið skattalegt hagræði umfram einstaklinga. Hér er átt við heimildir hjóna til millifærslu persónuafsláttar sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl., millifærslu tekna á milli skattþrepa sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. og millifærslu ónýttra frádráttarheimilda sbr. 1 og 2. tl. 1. mgr. 62. gr. Tsl.

Vera má að heimild til millifærslu tekna á milli skattþrepa hjá hjónum veiti þeim ákveðið skattalegt hagræði umfram einstaklinga en sú regla getur jafnframt þýtt að tvö heimili með sömu tekjur greiði misháan tekjuskatt eftir atvinnuþátttöku hjóna og tekjudreifingu þeirra á milli.¹⁷⁸ Það er ekki spurning um að millifærsluheimildin er fjölskylduvæn en spurningar um hvort það teljist eðlilegt að tvö heimili með sömu tekjur greiði misháan skatt á þessum forsendum vakna óneitanlega.

¹⁷⁸ Til hliðsjónar: Gunnar Egill Egilsson (2009).

4 III. hluti.

Í III. hluta verður danska skattkerfið kannað. Helstu atriðin sem fjallað verður um eru meðal annars, um hvernig skattkerfi er að ræða og helstu breytingar sem tóku gildi um áramótin. Síðan verður farið yfir tekjuhugtakið, flokkun tekna, helstu skatta manna, frádráttarheimildir og barnabætur. Að því loknu er komið að því að kynna helstu skattlagningarreglur sem gilda um skattlagningu hjóna auk þess að tæpa á skattlagningu sambúðarfólks og barna.

4.1 Danska skattkerfið

Grunnur danska skattkerfisins er fjölþrepa staðgreiðsluskattkerfi. Skattlagning byggir ýmist á brúttó- eða nettótekjum og fer það eftir því hvort um tekjuskatt til ríkisins eða aðra skatta er að ræða. Tekjuskattur til ríkisins er nánast brúttóskattur en aðrir skattar byggja að stórum hluta á nettótekjum þar sem skattgreiðendur eiga kost á fjölmörgum frádráttarheimildum á móti skattskyldum tekjum sínum.

Í eftirfarandi köflum er ætlunin að kynna meginþætti þess hluta danska skattkerfisins sem snýr að mönnum, nýlegar breytingar á skattkerfinu og helstu reglur um skattlagningu hjóna auk þess að tæpa á reglum sem gilda um skattlagningu sambýlisfólks í óvígðri sambúð og skattlagningu barna.

4.1.1 Helstu breytingar á dönskum skattalögum vegna ársins 2010.

Ýmsar breytingar á danska skattkerfinu tóku gildi nú um áramótin. Róttækasta breytingin er án efa sú að tekjuskattsþrepum var fækkað úr þremur í tvö en miðskattþrepið (mellemskat) var fellt niður. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að stjórnvöld vilja lækka jaðarskatta á atvinnutekjur. Fækkun skattþrepa var ekki eina ráðstöfunin sem gripið var til í því skyni að hafa áhrif á jaðarskatta heldur var skatthlutfall lægra tekjuskattsþrepsins (bundskat) lækkað úr 5,04% í 3,67% og tekjumörk (topskattegrænse) hækkuð úr 347.200 DKK í 389.900 DKK.¹⁷⁹

¹⁷⁹ Sjá til hliðsjónar: The Danish Ministry of Taxation (2009, skýrsla til OECD). Bls. 5

Í kjölfar niðurfellingar miðskattþrepsins féll heimild hjóna til að millifæra tekjur á milli skattþrepa niður, en ef tekjur annars maka voru undir tekjumörkum lægsta skattþreps (bundskat) og hinn makinn var með tekjur sem skattleggjast áttu á miðskattþrepi mátti millifæra upphæð samsvarandi upphæðinni sem var undir tekjumörkunum yfir til tekjulægri makans. Millifærsluheimild þessi gildi ekki fyrir efsta skattþrepið (topskat).¹⁸⁰ Þetta er ekki ósvipað núverandi millifærsluheimild íslenska skattkerfisins, nema þar má flytja tekjur af efsta skattþrepi á miðskattþrep eins og fram kom í fyrri umfjöllun *Um skattlagningu hjóna* í II. hluta ritgerðarinnar.¹⁸¹ Fjármagnstekjur (Kapital inkomst), sem skattleggjast á sama hátt og launatekjur, umfram 40.000 DKK hjá einstaklingum og 80.000 DKK hjá hjónum eru nú skattlagðar í efra skattþrepi.¹⁸² Frádráttarþak var sett á ferðakostnað og lífeyrисиðgjöld sem eru greidd í Rentepension¹⁸³ auk þess sem skattlagning hlunninda s.s. fjölmiðlunarhlunnindi (multimediebeskatning), þ.e. afnot af síma, tölvu og nettengingu, var aukin.¹⁸⁴

Skattþrepum fyrir skattlagningu arðs og hagnaðar af hlutabréfum var líka fækkað um eitt og skatthlutföllum breytt. Skatthlutfall neðra skattþreps var 28% en er nú 27%. Einnig voru skatthlutföll efri skattþrepanna 43% og 45% sameinuð í 42% skatthlutfall. Skattlagningarþak (skatteloft), sem er hámarks jaðarskattur sem greiða má af launatekjum, var lækkað úr 59% í 51,5%.¹⁸⁵ Frekari umfjöllun um skattlagningarþakið er að finna síðar í III. hluta í kaflanum *Helstu skattar manna*.

4.2 Tekjuhugtakið

Tekjuhugtakið í skilningi skattalaganna í dönskum skattarétti er svipað og í íslenskum skattarétti en til skattskyldra tekna teljast öll þau gæði sem manni hlotnast og meta má til fjár nema að þau séu sérstaklega undanskilin í skattalögunum.¹⁸⁶ Ekki er skilyrði að tekjur séu greiddar með peningum heldur geta þær einnig verið í formi hlunninda eða

¹⁸⁰ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 1184

¹⁸¹ Sjá til hliðsjónar: Skatteministeriet (2010).

¹⁸² Sjá til hliðsjónar: The Danish Ministry of Taxation (2009, skýrsla til OECD). Bls. 8

¹⁸³ Rentepension er ein þriggja gerða lífeyrissjóða sem hægt er að leggja iðgjöld vegna frjálss lífeyrissparnaðar í.

¹⁸⁴ Sjá til hliðsjónar: The Danish Ministry of Taxation (2009, skýrsla til OECD). Bls. 6

¹⁸⁵ Sjá til hliðsjónar: Skatteministeriet (2010).

¹⁸⁶ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 154

réttinda sem hafa efnahagslegt virði.¹⁸⁷ Dönsk skattalög útiloka ekki skattlagningu tekna sem stafa af ólögumætri starfsemi s.s. vændi.¹⁸⁸

4.2.1 Flokkun tekna

Skattskyldum tekjum manna er skipt í fjóra flokka: Einstaklingstekjur (Personlig indkomst), fjármagnstekjur, hlutabréfatekjur (aktieindkomst) og tekjur af fyrirtækjum með starfsemi á lágskattasvæðum erlendis, svokallaðar CFC-tekjur¹⁸⁹ (CFC-indkomst). Til einstaklingstekna teljast meðal annars laun, hlunnindi, rekstrarhagnaður, framfærslulífeyrir, ellilífeyrir og fleira. Þetta samsvarar A- og B-tekjum manna í íslenska skattkerfinu. Tekjur af hlutabréfum myndu flokkast sem C-tekjur hérlendis en af CFC-tekjum skal greiða tekjuskatt sbr. 1. mgr. 57. gr. a. Tsl. Undir fjármagnstekjur samkvæmt dönskum skattalögum falla meðal annars: vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, gengishagnaður, gengistap, leigutekjur af íbúðarhúsnæði og söluhagnaður af sölu eigna. Hlutabréfatekjur eru arður og söluhagnaður af hlutabréfum.¹⁹⁰

4.2.1.1 Hugtökin persónutekjur og skattskyldar tekjur

Áður en lengra er haldið verður ekki hjá því komist að fjalla um hugtökin persónutekjur (personlig indkomst) og skattskyldar tekjur (skattepligtig indkomst). Hér að framan er því lýst að tiltekna tekjur flokkist sem „personlig indkomst“ sem þýtt var sem einstaklingstekjur. Þegar talað er um „personlig indkomst“ í samhengi við tekjuskattsuppgjör virðist átt við samtölu einstaklingstekna að frádregnu tryggingagjaldi, iðgjöldum í lífeyrissjóð og persónufrádrætti.^{191, 192} Verður því greint á milli þessarar notkunar með því að nota orðið persónutekjur í tengslum við útreikning tekjuskatts.

Skattskyldar tekjur eru persónutekjur að viðbætti nettóútkomu fjármagnstekna og frádregnum heimilum skattalegum frádráttarliðum (ligningsmæssige fradrag) og er í raun

¹⁸⁷ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 154, Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 158

¹⁸⁸ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 156

¹⁸⁹ Sérstakar lagareglur hafa víða verið settar til þess að tryggja að skattlagning CFC-tekna sé í samræmi við skattlagningu í heimalandi. Sjá til hliðsjónar: t.d. greinargerð um frumvarp til laga nr. 46/2009 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Þskj. 618, 366. mál. 136. löggjafarþing. Sótt á netið 06.05.10. Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/136/s/0618.html>

¹⁹⁰ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 170 - 176

¹⁹¹ Sjá til hliðsjónar: Skatteministeriet (2010).

¹⁹² Sjá til hliðsjónar: Lovbekendtgørelse 2006-09-19 nr. 959 om indkomstskat for personer, §10

skattstofn annarra skatta en tryggingagjalds¹⁹³ og tekjuskatts. Hugtakið skattaleggir frádráttarliðir verður skýrt nánar í kaflanum *helstu frádráttarliðir* í þessum hluta ritgerðarinnar.

4.2.2 Tekjufærsla

Meginreglan er að tekjur verða skattskyldar um leið og móttakandi hefur áunnið sér rétt til þeirra og ber að telja tekjur fram á því tekjuári sem þeirra er aflað. Tekjuár nær yfir 12 mánuði og fylgir yfirleitt almanaksárinu þegar um menn er að ræða. Hugtakið tekjuár skiptir miklu máli þar sem það er tímaramminn sem er miðað við innan skattaréttar og ákvarðar á hvaða tímapunkti tekjur verða skattskyldar og þegar um frádráttarheimild er að ræða á hvaða tímapunkti kostnaður telst frádráttarbær.¹⁹⁴

Reglur íslenska og danska skattkerfisins um tekjuhugtakið og tekjufærslu eru svipaðar en þó greinir á milli kerfanna hvað varðar tekjufærslu tekna sem stafa af ólögumatri starfsemi. Í íslenska skattkerfinu þurfa tekjur að stafa af lögumatri starfsemi sbr. 2. tl. 50. gr. Tsl. og 69. gr. Alm. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. fyrri umfjöllun um tekjuhugtakið í íslenskum skattarétti. Danska skattkerfið útilokar hins vegar ekki skattlagningu tekna sem stafa af ólögumatri starfsemi eins og fram hefur komið.

4.3 Frádráttarheimildir manna

Heimildir til að draga kostnað frá skattskyldum tekjum manna í dönskum skattalögum eru mun víðtækari en í íslenskum skattalögum. Skilyrði þess að útgjöld teljist frádráttarbær frá skattskyldum tekjum er að frádráttarheimild sé til staðar í skattalögum og að tiltekin tengsl við tekjuöflun séu fyrir hendi. Með öðrum orðum þurfa frádráttarbær útgjöld að teljast rekstrarkostnaður sem til er stofnað í þeim tilgangi að afla, tryggja og viðhalda tekjum.¹⁹⁵

Einkaútgjöld manna eru þannig að öðru jöfnu ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum þeirra. Hér má nefna útgjöld eins og mat, fæði, klæði, barnagæslu, kostnað við ferðir til og frá vinnu, gleraugu, heyrnartæki, hjólastóla og margt fleira. Hafi launþegi lagt út fyrir gjöldum sem í raun eru rekstrarkostnaður vinnuveitanda getur launþeginn fengið þann kostnað

¹⁹³ Tryggingargjald (Arbejdsmarkedbidrag) er ríkisskattur, samsvarandi tryggingargjaldi héraendis.

¹⁹⁴ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 164 - 165

¹⁹⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 334

bættan án skattalegra afleiðinga. Þá fær hann annað hvort greiðslu frá vinnuveitanda sem telst til skattskyldra tekna og skattalegan frádrátt á móti eða framvísar reikningi frá þriðja aðila og fær skattfrjálsa endurgreiðslu.¹⁹⁶ Launþega ber almennt að halda gögnum, s.s. reikningum, til sönnunar frádráttarkröfum sínum til haga.¹⁹⁷

Eitt meginstef skattaréttar bæði á Íslandi og í Danmörku í tengslum við frádráttarheimildir er að til að útgjöld séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum þarf að vera stofnað til þeirra í því skyni að afla, viðhalda og tryggja tekjur. Í íslenskum skattalögum kemur þetta reyndar betur fram í 31. gr. Tsl. en hún fjallar um frádráttarbæran rekstrarkostnað fyrirtækja enda ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar slíkar heimildir í 30. gr. Tsl., sem fjallar um frádráttarheimildir manna, nema í 2. mgr. þeirrar lagagreinar. Þar kemur m.a. fram að kostnaður við öflun annarra tekna en skv. 1. tl. A-liðar 1. mgr. 7. gr. Tsl. sé frádráttarbær skv. 31. gr. Tsl.

Kannski er rétt að segja að í íslenskum skattarétti sé litið á flesta þá kostnaðarliði sem heimilt er að draga frá tekjum samkvæmt dönskum skattalögum sem einkakostnað en ekki rekstrarkostnað, þó svo að um tengsl við atvinnu launþega sé að ræða.

4.3.1 Helstu frádráttarheimildir

Eftirfarandi er umfjöllun um helstu frádráttarheimildir manna í dönskum skattalögum með þeirri undantekningu þó að um persónufrádrátt, sjómannafrádrátt og vaxtafrádrátt sem eru samsvarandi persónuafslætti, sjómannaafslætti og vaxtabótum í íslenska skattkerfinu verður fjallað í köflunum skattfrádrættir samsvarandi skattafsláttum og bætur í danska skattkerfinu í því skyni að auðvelda samanburð á skattkerfunum.

Flokkun frádráttarheimilda danska skattkerfisins er frekar flókin. En segja má að um þrjár megingerðir frádráttarheimilda sé að ræða í danska skattkerfinu og það eru: 1. **Útlagður kostnaður endurgreiddur samkvæmt reikningi:** Sé útlagður kostnaður endurgreiddur samkvæmt reikningi frá þriðja aðila hefur greiðslan engin skattaleg áhrif

¹⁹⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 336 og 344 - 345

¹⁹⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 339

hjá launþega.¹⁹⁸ 2. **Skattfrjáls endurgreiðsla:** Meginreglan er að endurgreiði vinnuveitandi launþega starfstengd útgjöld er um skattskyldar einstaklingstekjur í hendi móttakanda að ræða.¹⁹⁹ En sé frádráttarheimild til staðar í skattalögum og endurgreiðslan jafnframt í samræmi við skattmat fæst frádráttur á móti þannig að skattaleg áhrif verða engin og greiðslan telst þannig skattfrjáls.²⁰⁰ 3. **Launatengdar frádráttarheimildir:** Launatengdum frádráttarheimildum má í raun skipta í tvennt, annars vegar í frádráttarheimildir vegna útlagðs kostnaðar og hins vegar frádráttarheimildir þar sem frádrátturinn er reiknaður af launum en í raun er ekki um bein fjárútlát að ræða.

Frádráttarliðirnir hafa samheitið skattalegir frádráttarliðir en nettóniðurstaðan, þ.e. persónutekjur að frádregnum skattalegum frádráttarliðum, kallast skattskyldar tekjur.²⁰¹

4.3.1.1 Skattalegir frádráttarliðir

Eftirfarandi er umfjöllun um helstu frádráttarliði danska tekjuskattkerfisins hvort sem um skattfrjálsar endurgreiðslur eða launatengda frádrætti er að ræða. Upphæðir skattmats og annarra viðmiða eiga við tekjuárið 2010 nema annað sé tekið fram:

4.3.1.1.1 Meðhöndlun aksturskostnaðar

Kostnaður við akstur er meðhöndlaður eftir því hvernig hann er tilkominn, þ.e. hvort hann fellur til vegna aksturs á vegum vinnuveitanda eða hvort um akstur á milli heimilis og vinnu er að ræða.

Akstur á vegum vinnuveitanda (Beforderingsfradrag): Endurgreiði atvinnurekandi launþega kostnað vegna notkunar eigin bifreiðar í starfi samkvæmt skattmati telst það vera skattfrjáls greiðsla, gefið að aksturinn sé á forræði vinnuveitandans.²⁰² Fá launþegi slíka skattfrjálsa greiðslu frá vinnuveitanda er honum auðvitað ekki heimilt að draga þennan kostnað líka frá skattskyldum tekjum.²⁰³ Sé endurgreiðsla hærri en sem nemur skattmati telst öll upphæðin til skattskyldra tekna en hafi atvinnurekandi haldið

¹⁹⁸ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 336

¹⁹⁹ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 308

²⁰⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 344 - 345

²⁰¹ Sjá til hliðsjónar: Skat (2010a).

²⁰² Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 333, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 346

²⁰³ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 344 - 345

nákvæma skýrslu um hvernig akstri launþega var háttað getur hann dregið þann hluta greiðslunnar frá skattskyldum tekjum og greitt skatt af mismuninum.²⁰⁴

Kostnaður vegna ferða á milli vinnu og heimilis (Beforderingsfradrag): Kostnaður launþega við ferðir á milli heimilis og vinnu getur í raun ekki talist rekstrarkostnaður þar sem hann stafar af vali launþegans á búsetu.²⁰⁵ Engu að síður er frádráttarheimild vegna slíks kostnaðar til staðar í skattkerfinu.²⁰⁶ Þessi frádráttarheimild sker sig frá sambærilegum frádráttarheimildum á þann hátt að hún byggir ekki á beinum útlögðum kostnaði, tekur aðeins til hluta akstursvegalengdar og að lokum er frádrátturinn ekki háður því að launþeginn hafi raunverulega haft kostnað af ferðum á milli heimilis og vinnu.²⁰⁷

Maður sem stundar launaða vinnu og kemur sér til vinnu á eigin kostnað á þannig rétt á frádrætti frá skattskyldum tekjum. Skattaráð reiknar út kílómetragjald sem er miðað við rekstarkostnað bifreiðar en ekki skiptir máli með hvaða hætti launþegi kemur sér á vinnustað, farartækið getur því eins verið reiðhjól. Frádráttarréttur er fundinn með því að draga 24 kílómetra frá vegalegdinni á milli heimilis og vinnustaðar, margfalda þá útkomu með fjölda vinnudaga og svo með kílómetragjaldi. Frádráttarheimildin er miðuð við hvern unninn dag og er því enginn frádráttur fyrir frídaga eða veikindadaga.²⁰⁸ Útreikningur á upphæð heimils frádráttar er reyndar ekki ósvipaður hérlendum útreikningi á hlunnindum vegna takmarkaðra einkanota af bifreið launagreiðanda skv. lið 2.3. í skattmati 2010, sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.²⁰⁹ Launþegar sem þurfa að greiða hærri kostnað t.d. vegna þess að þeir þurfa að taka ferju til að komast til og frá vinnu geta fengið þann kostnað dreginn frá skattskyldum tekjum sínum gegn framvísun reiknings eða fengið fastan frádrátt skv. skattmati t.d. vegna ferða yfir Stóra-beltisbrúna.²¹⁰ Frá og með árinu 2010 er frádráttur fyrir vegalegd á milli heimilis og vinnu umfram 120 kílómetra 50% af skattmatinu.²¹¹

²⁰⁴ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 345 - 346

²⁰⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 369

²⁰⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 369. Þessari frádráttarheimild var meðal annars komið á til að auka hreyfanleika á vinnumarkaði. : Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 370, tilvísun 186

²⁰⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 369

²⁰⁸ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 355 - 356, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 370 - 373

²⁰⁹ Sjá til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

²¹⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 371-372

²¹¹ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 370, sjá tilvísun 187

Jafnframt geta lágláunamenn reiknað sér viðbótarfrádrátt sem nemur allt að 25% af frádrættinum þó að hámarki 6.000 DKK.²¹² Tekjumörkin eru 248.700 DKK á ársgrundvelli eða 20.725 DKK á mánuði.²¹³

Skattalegur frádráttur vegna aksturskostnaðar á vegum vinnuveitanda: Verði launþegi fyrir kostnaði vegna notkunar eigin bifreiðar á vegum launagreiðanda sem ekki fæst endurgreiddur er honum hvorki heimilt að draga raunverulegan rekstar-kostnað sinn vegna akstursins frá skattskyldum tekjum sínum eða reikna sér frádrátt í samræmi við skattmat vegna aksturs á vegum vinnuveitanda. Þess í stað er launamanni heimilt að reikna sér frádrátt í samræmi við reglur um kostnað vegna ferða á milli vinnu og heimilis.²¹⁴

Meginmunur á meðhöndlun aksturskostnaðar á Íslandi og Danmörku felst í viðhorfi til aksturs á milli heimilis og vinnu. Í íslenskum skattarétti er litið svo á að allur akstur á milli heimilis og vinnu sé í eigin þágu og eru fjölmargir úrskurðir og dómar sem staðfesta það mat s.s. fyrrnefndir YSKN nr. 354/2005 þar sem akstur flugfreyju var allur talinn í eigin þágu „Matsregla þessi er fortakslaus og er því ekki hægt að draga þá ályktun að tilefni aksturs til og frá vinnu skipti máli.“ og YSKN 157/2006 (óbirtur) þar sem akstur háskólakennara á milli Háskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst var talinn akstur á milli heimilis og vinnu. „... og er ekki hægt að draga þá ályktun að tilefni aksturs til og frá vinnu eða lengd ferðar skipti máli.“ Þetta viðhorf kemur jafnframt fram í lið 3.1. í skattmati 2010, sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda þar sem fram kemur að allur akstur á milli heimilis og vinnu teljist í eigin þágu og að einungis skuli leyfa frádrátt þess hluta heildarkostnaðar bifreiðar sem svari til afnota í þágu launagreiðanda.²¹⁵

Í dönskum skattarétti er hins vegar litið svo á að þó svo að kostnaður við akstur á milli heimilis og vinnu sé í eðli sínu einkakostnaður þá verði breyting á við tiltekin mörk, sem virðast dregin við 24 km. Þegar vegalengdin á milli heimilis og vinnustaðar er meiri en 24 km. er farið að tala um meiri háttar útgjöld

²¹² Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 373

²¹³ Skat (2010a).

²¹⁴ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 345

²¹⁵ Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

„merudgifter“ sem mætt er með fyrrnefndri frádráttarheimild auk þess sem stjórnvöld vildu auka hreyfanleika á vinnumarkaði.²¹⁶ Þetta má skilja á þann hátt að það talið sé þjóðfélagslega hagkvæmt að heimila slíkan frádrátt til að búseta hafi minni áhrif á starfsval og/eða atvinnuþátttöku launþega en frádráttarrétturinn hvetur launþega jafnt til þess að vera sveigjanlegir á vinnumarkaði og búa í smærri bæjarfélögum.²¹⁷ Í dönskum skattarétti er líka tekið sérstakt tillit til lengri vegalengda (yfir 120 km.) og aukaferðakostnaðar eins og ferjugjalda.

Á Íslandi kjósa margir að búa í einu sveitarfélagi en starfa í öðru. Þannig er nokkuð um að launþegar búi t.d. í Hveragerði, Selfossi, Keflavík, Akranesi eða Garði en sækji vinnu á höfuðborgarsvæðinu og öfugt. Ljóst er að kostnaður þessara launþega við ferðir á milli heimilis og vinnu fer langt umfram það sem venjulegt getur talist ef „venjulegt“ er til dæmis miðað við þær vegalengdir sem meginþorri launamanna sem býr og starfar á höfuðborgarsvæðinu þarf að ferðast til að stunda vinnu sína. Í Danmörku væri tekið tillit til þessa með því að heimila frádrátt af eignum kílómetrum í samræmi við skattmat auk þess að heimila sérstakan frádrátt vegna ferða í gegn um Hvalfjarðargöng, ef við á, en ekkert slíkt er í boði hérlendis.

Í dönskum skattarétti er launþega líka boðið upp á frádrátt hafi hann nýtt bifreið sína í þágu launagreiðanda en ekki fengið endurgreiðslu á kostnaði sínum, samkvæmt skattmati. Sambærilega frádráttarheimild er ekki að finna í íslenskum tekjuskattslögum.

4.3.1.1.2 Meðhöndlun ferðakostnaðar

Í ferð á vegum launagreiðanda er launþega ætlað að leggja út fyrir gistingu og fæði sjálfur. Launþeginn getur svo fengið útlagðan kostnað til baka annað hvort með skattfrjálsri endurgreiðslu frá launagreiðanda og frádrætti á móti eða með frádrætti frá skattskyldum tekjum á skattframtali sínu. Honum stendur einnig til boða að framvísa reikningi frá þriðja aðila og fá endurgreitt hjá launagreiðanda. Slík greiðsla er skattfrjáls.

²¹⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 355

²¹⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 213

Ferðakostnaður: Þegar launþegi er sendur til starfa annars staðar en á sínum reglubundna vinnustað og vegalengdin á milli þess vinnustaðar og heimilis starfsmanns er of mikil til að sofa heima, og um lágmark 24 klst. ferð er að ræða, telst vera um ferð á vegum vinnuveitanda að ræða.²¹⁸ Kostnað sem launþegi leggur út fyrir vinnuveitanda sinn í slíkri ferð, eins og gistingu og fæði, er hægt að fá endurgreiddan á þrennan hátt. Í fyrsta lagi getur vinnuveitandi endurgreitt kostnað launþega samkvæmt skattmati og er þá um skattfrjálsa greiðslu að ræða. Í öðru lagi getur launþeginn dregið kostnaðinn frá á skattframtali en þá þarf hann að leggja fram gögn til sönnunar ferðakostnaði.²¹⁹ Hámarksfrádráttur vegna ferðakostnaðar er 50.000 DKK á ári.²²⁰ Að lokum getur launþegi lagt fram reikninga frá þriðja aðila og fengið þá greidda hjá vinnuveitanda án skattalegra afleiðinga en þá er heldur ekki um neinn frádráttarrétt vegna útlagðs kostnaðar að ræða hjá launþeganum.²²¹ Í slíkum tilvikum er vinnuveitanda jafnframt heimilt að greiða launþega allt að 25% af skattmati vegna ferðakostnaðar til að veða upp á móti nauðsynjum (fornødenhed) vegna ferðarinnar.²²²

Nokkur munur er á því milli landanna hvað telst ferð á vegum vinnuveitanda. Felst munurinn einkum í því að í Danmörku þarf að vera um sólarhringsferð að ræða til að ferð teljist vera ferð á vegum atvinnurekanda. Á Íslandi teljast styttri ferðir innanlands einnig vera ferð á vegum launagreiðanda, en ferð þarf þó að standa í 6 klst. að lágmarki til að heimild til frádráttar á móti greiddum dagpeningum verði virk, sbr. lið 3.2. í skattmati 2010, sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.²²³

Í báðum löndum er launþega ætlað að greiða ferðakostnað sinn, s.s. gistingu og fæði, sjálfur en munur er á því hvernig staðið er að endurgreiðslu kostnaðarins. Á Íslandi fá launþegar greidda dagpeninga og er heimill frádráttur á móti slíkri greiðslu skv. lið 3.2. í skattmati 2010, sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.²²⁴ Dönskum launþegum standa fjölbreyttari leiðir til boða til að fá frádrátt vegna ferðakostnaðar. Þeir eiga völ á endurgreiðslu, sem er hliðstæð greiðslu

²¹⁸ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 345 - 346

²¹⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 340

²²⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 346 - 348

²²¹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 346 – 348 og 350

²²² Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 348

²²³ Sjá til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

²²⁴ Sjá til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

dagpeninga héraendis, frá launagreiðanda og frádrátt á móti samkvæmt skattmati, kost á frádrætti á skattframtali skv. framlögðum gögnum til sönnunar kostnaði, eða endurgreiðslu frá launagreiðanda samkvæmt framvísun reiknings frá þriðja aðila. Um áramótin síðustu var sett þak á leyfilegan frádrátt ferðakostnaðar í Danmörku en slík takmörkun er ekki í gildi héraendis.

4.3.1.1.3 Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði

Heimild til frádráttar iðgjalda í lífeyrissjóði er tvískipt í Danmörku rétt eins og héraendis. Annars vegar er heimill frádráttur vegna iðgjalda í skyldubundna lífeyrissjóði og hins vegar vegna iðgjalda sem greidd eru í frjálsa lífeyrissjóði. Munur er á meðferð iðgjalda eftir því um hvernig lífeyrissjóð er að ræða.

Skyldubundinn lífeyrissjóður (ATP-bidrag): Launþegar þurfa að greiða í lífeyrissjóð. Greidd er föst upphæð sem miðar við unninn tímafjölda.²²⁵ Heimilt er að draga greitt iðgjald frá skattskyldum launum og er því um frádráttarbæran kostnað að ræða.²²⁶

Frjáls lífeyrissjóður (Pension Ordning): Ekki stendur til að fjalla ítarlega um þær reglur sem gilda um lífeyrissjóðina en ekki verður hjá því komist að tæpa á þeim. Helstu gerðir lífeyrissjóða eru: Kapitalpension, Ratepension og Livrentepension. Hægt er að fá skattalegan frádrátt frá einstaklingstekjum vegna greiddra iðgjalda í frjálsan lífeyrissjóð, mismikinn þó og fer upphæð leyfilegs frádráttar eftir gerð lífeyrissjóðs. Aðgreiningin fer eftir því á hve löngum tíma lífeyririnn er endurgreiddur. Ef greitt er í Kapital Pension þar sem lífeyrir er greiddur út með eingreiðslu er hámarks frádráttur 46.000 DKK en 100.000 DKK vegna Ratepension og Livrentepension þar sem báðar gerðir lífeyrissjóða uppfylla skilyrði um lágmarks endurgreiðslutíma lífeyris sem er 10 ár.²²⁷

Héraendis eru iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda almennt reiknuð í prósentum af launum og er heimilt að draga allt að 4% af iðgjaldsstofni skyldubundins framlags frá skattskyldum launum sbr. 4. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. Sama gildir um framlög í séreignarsjóði, nema að eins og fram kom í kaflanum *Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði* í II. hluta ritgerðarinnar er bráðabirgðaheimild sem heimilar allt að 6% framlag í

²²⁵ ATP – upplýsingasíða (2010).

²²⁶ Lovbekendtgørelse 2006-11-10 nr 1120 Pensionsbeskatningsloven, §18

²²⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 213 – 214, Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 1151 - 1152

séreignarsjóð í gildi. Framlagið er að fullu frádráttarbært frá tekjuskattsstofni. Í Danmörku er ýmist allt framlag launþega frádráttarbært eða sett er þak fyrir hámarksfrádrátt sbr. umfjöllun hér að ofan. Iðgjöldin og heimill frádráttur á móti virðist frekar miðaður við tiltekna upphæðir en prósentustig.

4.3.1.1.4 Ýmsir frádráttarliðir

Heilsustyrkur: Greiði vinnuveitandi læknskostnað launþega eða aðra meðferð sem tengist heilsu hans vegna sjúkdóms eða slyss er sú greiðsla skattfrjáls ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi: greiðslan er hluti af starfsmannastefnu fyrirtækisins og allir starfsmenn eiga kost á að fá slíkan kostnað greiddan. Tilvísun læknis um nauðsyn meðferðar þarf einnig að liggja fyrir.²²⁸

Atvinnuleysistrygging (arbejdsløshedsforsikring): Launþegar eiga val um að greiða iðgjald til að tryggja sig gegn launatapi verði þeir atvinnulausir. Iðgjaldið er frádráttarbært frá skatti.²²⁹

Stéttarfélagsgjöld (kontingenter til fagforening): Félagsgjöld til stéttarféлага sem hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi eru frádráttarbær.²³⁰

Launþegafrádráttur (Beskæftigelsesfradrag): Launþegafrádráttur er skattaívilnun vegna atvinnutekna manna. Draga má launþegafrádrátt sem nemur 4,25% af launum frá launatekjum manna. Frádrátturinn getur þó ekki orðið hærra en 13.600 DKK fyrir árið 2010. Frádráttarheimildin er hluti af tilteknum sérreglum sem ætlað er hvetja skattþegna til tiltekinnar hegðunar.²³¹ Það er ekki sagt beinum orðum í bók Pedersen, J. og fleiri (2009) *Skatteret I*, en gera má því skóna að launþegafrádrættinum sé ætlað að hvetja skattborgara til þess að stunda launað starf.

Hingað til hefur verið litið á greiðslur sambærilegar við heilsustyrk sem skattskyld hlunnindi hérlendis þar sem um persónulegan kostnað sé að ræða en ekki rekstrartengdan. Það viðhorf íslenskra stjórnvalda virðist hafa mildast en sbr. lið 2.9. í skattmati 2010, sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild

²²⁸ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 314

²²⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 359

²³⁰ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 357, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 358

²³¹ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 212 - 213

Stjórnartíðinda²³² telst nú greiðsla frá vinnuveitanda, sem ætluð til að viðhalda góðri heilsu, allt að 25.000 kr. á ári ekki sem skattskyld hlunnindi launamanns. Enn vantar samt upp á að meðhöndlun slíks kostnaðar hérlandis sé sambærileg við það sem gerist í Danmörku en slíkar greiðslur frá launagreiðanda þar eru skattfrjálsar hjá launþega að uppfylltum þeim skilyrðum sem lýst er í umfjöllun um heilsustyrk hér að ofan.

Í Danmörku eru stéttarfélagsgjöld frádráttarbær frá skattskyldum launum en því er ekki að heilsa á Íslandi og íslenskir launþegar eiga ekki vöð á frádráttarbæru iðgjaldi í atvinnuleysistryggingar eða kost á sérstökum launþegafrádrætti.

4.3.1.1.5 Frádráttarliðir sem þurfa samanlagt að ná yfir 5.500 DKK

Fari samanlagður kostnaður eftirfarandi frádráttaliða yfir 5.500 DKK má draga það sem umfram er frá skattskyldum tekjum viðkomandi.²³³ Undir þessa kostnaðarliði falla: vinnuaðstaða í heimahúsi, tvöfaldur húsnæðiskostnaður, fagbókmenntir, ráðstefnu- og námskeiðakostnaður, flutningskostnaður, risna og símakostnaður.²³⁴ Verður nú fjallað nánar um skilyrði fyrir frádrætti þessara kostnaðarliða:

Vinnuaðstaða í heimahúsi (Arbejdsværelse i hjemmet): Almenna reglan er sú að þó svo að launþegi sinni aukavinnu eða yfirvinnu á heimili sínu er kostnaður vegna þessa ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum hans. En hafi launþegi og vinnuveitandi samið um að starfsmaður leggi til vinnuaðstöðu á heimili sínu má draga kostnað vegna hennar frá sé aðstaðan þannig úr garði gerð að launþegi getur ekki nýtt hana á annan hátt og að stærð hennar samsvari a.m.k. 10% fasteignarinnar. Húsbúnaður og/eða innréttingar verða að vera í samræmi við starfsemina og um aðalstarfsstöð launþegans þarf að vera að ræða auk þess sem vinna hans þarf að fara fram á hefðbundnum vinnutíma.²³⁵

Risna (Repræsentation): Launþegi má draga 25% af útlögðum kostnaði vegna risnu frá. Sama gildir þó hann fái sérstaka risnugreiðslu sem er tekjufærð hjá honum.²³⁶

²³² Sjá til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

²³³ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 312

²³⁴ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 343 - 356

²³⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 240 - 242, 356

²³⁶ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 343

Fagbókmenntir (Faglitteratur): Kostnaður við öflun fagbókmennta er frádráttarbær ef nægileg tengsl við tekjuöflun eru fyrir hendi. Slíkt skilyrði er til dæmis ekki til staðar ef atvinnurekandi býður upp á afnot af sambærilegum bókum.²³⁷

Námskeið og ráðstefnur (Kongres- og kursusudgifter): Kostnað vegna námskeiðs eða ráðstefnu til að viðhalda fagþekkingu má draga frá skattskyldum tekjum gefið að viðeigandi tengsl við atvinnu séu fyrir hendi.²³⁸

Símakostnaður (Telefonudgifter): Símtöl í atvinnuskyni eru frádráttarbær. Frádráttarheimildin nær til ekki áskriftar eða fastagjalds.²³⁹

Tvöfalt heimilishald (Dobbelt husførelse): Búi launþegi nálægt vinnustað en fjölskylda hans annars staðar kallast það tvöfalt heimilishald. Því fylgir eðlilega verulegur kostnaður og er launþega heimilt að taka tillit til hans við skattuppgjör að uppfylltum tilteknum skilyrðum: Launþeginn þarf að bera framfærsluskyldu gagnvart maka eða börnum undir 18 ára aldri. Halda þarf tvö heimili í raun og veru og ástæðan fyrir aðskilnaði launþega frá fjölskyldu sinni þarf að vera sú að um tímabundið starf hans á annarri starfsstöð en venjulega er að ræða, ekki vegna tillits til atvinnu maka eða skólagöngu barna. Starfi launþegi lengur en 2 ár á slíkri starfsstöð telst ekki lengur um tímabundið starf að ræða. Launþegi má reikna sér frádrátt skv. skattmati sem er 455 DKK á viku og draga kostnaðinn frá á móti skattskyldum launum. Velji hann þessa leið þarf hann ekki að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings. Honum er líka heimilt að óska eftir frekari endurgreiðslu sé kostnaður vegna tvöfalds heimilshalds hærri og leggja þá fram gögn máli sínu til stuðnings.²⁴⁰

Flutningskostnaður (Flytteudgifter): Þurfi launþegi að flytja vegna starfs síns er kostnaður við flutninginn frádráttarbær ef um er að ræða tilflutning í starfi þ.e.a.s. vinnuveitandi er sá sami. Til flutningskostnaðar telst t.d. flutningur búslóðar, ferðakostnaður fjölskyldunnar og kostnaður við standsetningu húsnæðisins. Endurgreiði atvinnurekandi flutningskostnaðinn er um skattfrjálsa greiðslu að ræða.²⁴¹

²³⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 349

²³⁸ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 352 - 354

²³⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 343

²⁴⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 242 – 243 og 350 - 352

²⁴¹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 358, Sjá einnig: Skat (2009)

Afskrifanlegir rekstrarmunir (Udgift til driftsmidler og it-udstyr): Almennt er heimilt að afskrifa rekstrarmuni eins og verkfæri og hugbúnað séu viðkomandi rekstrarmunir ætlaðir til notkunar við störf launþega. Útgjöldin má þó draga frá að fullu á kaupári hafi kaupin nægileg tengsl við tekjuöflun launþegans ef um hugbúnað er að ræða eða ef kostnaðurinn fer ekki yfir 12.300 DKK á ári.²⁴²

Launþega virðist ætlað að bera hluta af framangreindum kostnaði sjálfur þar sem einungis má draga kostnað umfram 5.500 DKK frá skattskyldum tekjum. Þetta vekur upp þá spurningu hvort hugsunin sé ekki sú sama og á bak við frádráttarheimild vegna kostnaðar við akstur á milli heimilis og vinnu: að um kostnað sem í eðli sínu er einkakostnaður sé að ræða en við tiltekin mörk, sem í þessu samhengi eru 5.500 DKK, verði breyting á. Kostnaður umfram mörkin teljist þá meiri háttar útgjöld „merudgifter“ og ekki sé sanngjarnt að launþegi beri þann kostnað. Íslensk tekjuskattslög innihalda ekki sambærilegar frádráttarheimildir.

4.3.1.1.6 Frádráttarheimildir sem ekki verður fjallað sérstaklega um

Að lokum má nefna að fleiri frádráttarheimildir eru til staðar í danska skattkerfinu eins og frádráttarbært meðlag með börnum,²⁴³ makalífeyrir,²⁴⁴ sérstakur dagforeldrafrádráttur²⁴⁵ og sparnaðarreikningur til að stofna eigið fyrirtæki (indlæg til etableringskonto)²⁴⁶ og fleiri, en ekki verður gerð frekari grein fyrir þeim.

4.4 Bætur í danska skattkerfinu

Í danska skattkerfinu er reynt að létta undir með fólki eins og í íslenska skattkerfinu með greiðslu barnabóta og heimild til að jafna, ekki bara vaxtagjöldum á móti vaxtatekjum, heldur fjármagnsgjöldum á móti fjármagnstekjum eins og nánar verður fjallað um í þessum kafla, en markmiðið er að fara lauslega yfir reglur um barnabætur, meðhöndlun vaxtagjalda og tengsl þeirra við fjármagnstekjur.

Það reyndist ekki mikil umfjöllun um barnabætur (Børnefamilieydelse) í þeim fræðibókum sem notaðar voru til að afla upplýsinga um danska skattkerfið, og var því farin sú

²⁴² Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 350

²⁴³ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 842

²⁴⁴ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 828

²⁴⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 342

²⁴⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 361

leið að notast við upplýsingar af vefjum Skattaráðuneytissins skat.dk og skatteminesteriet.dk til hliðsjónar við þær upplýsingar sem fengust úr lögum um barnabætur.

4.4.1 Barnabætur

Barnabætur er skattfrjáls, ótekjutengd, greiðsla sem ríkið greiðir með hverju barni í Danmörku til 18 ára aldurs²⁴⁷ og er tilgangurinn að veða upp á móti þeim viðbótarkostnaði sem fylgir því að eiga börn.²⁴⁸ Til að öðlast rétt til barnabóta þarf forráðamaður barns að bera ótakmarkaða skattskyldu í Danmörku og barnið verður að vera heimilisfast í landinu. Greitt er út ársfjórðungslega frá og með ársfjórðungnum eftir að barn fæðist eða er ættleitt og til þess dags er barnið verður 18 ára. Móðir barnsins fær barnabæturnar nema barn búi hjá föður sínum, ganga þá barnabætur til hans.²⁴⁹ Upphæð bóta er háð aldri barns og árið 2010 eru barnabætur með barni 0 – 2 ára 16.988 DKK á ári, 13.448 DKK á ári fyrir 3 – 6 ára barn og 10.580 DKK á ári fyrir börn á aldrinum 7 – 17 ára.²⁵⁰ Ekki er að sjá að hjúskaparstaða hafi áhrif á upphæð barnabóta.²⁵¹

Reglur varðandi barnabætur eru mjög svipaðar í Danmörku og á Íslandi. Upphæð barnabóta í Danmörku er þó skipt í þrennt eftir aldri barna og eru tvö þrepanna vegna barna yngri en 7 ára. Barnabætur fara lækkandi eftir því sem börnin eldast. Á Íslandi er líka gerður greinarmunur eftir aldri en hann felst í ótekjutengdum barnabótum vegna barna yngri en sjö ára.

Meginmunurinn á barnabótakerfunum felst þó í því að í Danmörku eru barnabætur ekki tekjutengdar en héraendis eru barnabætur tekjutengdar að undan-skilinni fastri upphæð vegna barna yngri en 7 ára auk þess sem hjúskaparstaða hefur ekki áhrif á upphæð barnabóta. Hugsunarháttur að baki barnabótum virðist líka ólíkur þar sem Danir koma til móts við þann aukakostnað sem fylgir barneignum þannig að allar barnafjölskyldur fá barnabætur burtséð frá efnahag þeirra en á Íslandi virðast barnabætur hins vegar vera félagsleg aðstoð sbr. fyrri umfjöllun í II. hluta ritgerðarinnar í kaflanum *Barnabætur*.

²⁴⁷ Lovbekendtgørelse 2006-09-22 nr. 972 om en børnefamilieydelse.

²⁴⁸ Skat (2010b).

²⁴⁹ Skat (2010b).

²⁵⁰ Skat (2010).

²⁵¹ Skat (2010b).

4.4.2 Vextir og fjármagnstekjur

Samkvæmt skilgreiningu danskra skattalaga eru vextir greiðsla, greidd fyrir afnot af peningum (láni) sem lántaki hefur skuldbundið sig á lögmætan hátt til að endurgreiða, og innt er af hendi eða móttækin með reglubundnum hætti. Vextirnir skulu jafnframt vera reiknaðir sem hlutfall af höfuðstól láns.²⁵²

Samkvæmt fyrrnefndri skilgreiningu teljast vaxtatekjur til fjármagnstekna og eru skattskyldar tekjur hjá móttakanda. Á móti má draga frá vaxtagjöld sem falla undir skilgreininguna.²⁵³ Skattskylda vaxtatekna stofnast þegar kröfueigandi hefur öðlast rétt á að fá greidda vexti af kröfu í sinni eigu.²⁵⁴ Til að frádráttarréttur vaxta verði virkur þurfa vextirnir að vera reiknaðir af skuld sem skattgreiðandi hefur raunverulega stofnað til og ber skylda til að endurgreiða.²⁵⁵ Nokkrar undanþágur eru frá heimilum frádrætti vaxtagjalda frá skattskyldum tekjum og má þar til dæmis nefna dráttarvexti vegna vangoldinna skattaskulda og vaxtakostnað af lánum sem tekin eru til að greiða fasteignagjöld.²⁵⁶

Almennt má jafna vaxtatekjum á móti vaxtagjöldum. Þessi heimild er í samræmi við meðhöndlun fjármagnstekna hjá mönnum í dönskum skattarétti en meginreglan er að jafna má fjármagnsgjöldum á móti fjármagnstekjum.²⁵⁷ Umræðu um fjármagnstekjur er blandað saman við umfjöllun um vexti vegna þess að þær eru meðhöndlaðar sem ein skattaleg heild ásamt vöxtunum.²⁵⁸ Fjármagnstekjur eru skattlagðar á sama hátt og launatekjur og eru slíkar tekjur því hluti skattstofna tekjuskatts og útsvars og hafa áhrif á skattlagningu. Þegar talað er um jákvæðar fjármagnstekjur er átt við að fjármagnstekjur séu hærri en fjármagnsgjöld og öfugt þegar talað er um neikvæðar fjármagnstekjur. Neikvæðar fjármagnstekjur geta lækkað skattstofn.²⁵⁹

Að bera saman vaxtabætur í íslenska skattkerfinu og meðhöndlun fjármagnstekna í því danska er í raun eins og að bera saman appelsínur og epli. Meginmunurinn felst kannski í því að innan íslenska skattkerfisins er tekið ákveðið tillit til vaxtakostnaðar í

²⁵² Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 379

²⁵³ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 378

²⁵⁴ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 384

²⁵⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 388 - 389

²⁵⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 392 - 393

²⁵⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 378

²⁵⁸ Sjá til hliðsjónar: Skat (2010a).

²⁵⁹ Sjá til hliðsjónar: Skat (2010a).

gegn um vaxtabætur, en til að eiga slíkan rétt þarf að uppfylla tiltekin skilyrði eins og rakið var í umfjöllun um vaxtabætur og þær ná aðeins yfir mjög afmarkaða tegund vaxtagjalda. Tillitið felst í endurgreiðslu hluta vaxtakostnaðar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til þeirra sem rétt eiga á vaxtabótum. Annan fjármagnskostnað verður skattþegn að bera sjálfur og greiða skatt af fjármagnstekjum sínum.

Í danska skattkerfinu eiga skattþegnar rétt á því að jafna fjármagnsgjöldum sínum á móti fjármagnstekjum. Það er einnig munur á skattlagningunni þar sem nettófjármagnstekjur skattleggjast á sama hátt og laun í Danmörku en á Íslandi er sérstakur fjármagnstekjuskattur. Að auki er um brúttóskattlagningu fjármagnstekna að ræða á Íslandi fyrir utan frítekjumark vaxtatekna hjá mönnum utan rekstrar. Frítekjumark vaxtatekna er vissulega kostur þó meiri hagar hefði verið af því fyrir fjölskyldur að frítekjumarkið næði yfir fjármagnstekjur almennt og er þá átt við að ekki eigi að skipta máli hvort fjármagnstekjurnar stafi af inneign í banka eða hagnaði af hlutabréfasölu svo að dæmi sé nefnt. Nánar verður fjallað um skattlagningu fjármagnstekna í Danmörku síðar í þessum hluta ritgerðarinnar, í kaflanum *Helstu skattar manna*.

4.5 Skattfrádrættir samsvarandi skattafsláttum

Í danska skattkerfinu eru persónufrádráttur (personfradrag) og sjómanna-frádráttur (havfradrag) skattfrádrættir en í því felst að leyfileg upphæð er dregin frá skattstofni áður en skattur er reiknaður út. Þetta er alveg öfugt við aðferðina sem notuð er í íslenska skattkerfinu þar sem sambærilegir liðir, persónuafsláttur og sjómannaafsláttur, eru afslættir, þ.e. dregnir frá eftir að búið er að reikna skattinn út. Engu að síður var ákveðið að fjalla um persónu- og sjómannafrádrátt í sérstökum kafla til að einfalda samanburð skattkerfanna.

4.5.1 Persónufrádráttur

Þeir sem bera fulla skattskyldu í Danmörku eiga rétt á persónufrádrætti. Fyrir 18 ára og eldri er frádrátturinn 42.900 DKK en 32.200 DKK fyrir börn undir 18 ára. Persónufrádráttinn má nýta á móti tekjuskattstofni neðra skattþreps, og skattstofnum

kirkjuskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars. Hjónum er heimilt að millifæra ónýttan persónufrádrátt yfir til maka.²⁶⁰

4.5.2 Sjómannafrádráttur

Þeir sem hafa tekjur af sjómennsku mega nýta sér sjómannafrádrátt sem nemur allt að 41.800 DKK á móti skattskyldum tekjum. Ef sjómennska er stunduð hluta ársins lækkar frádrátturinn hlutfallslega. Til að mega nýta frádráttinn verða launakjör að vera í samræmi við venjuleg kjör sjómanna og að auki þarf sjóferð að standa í að minnsta kosti 12 klst. Nýti sjómaður sér frádráttinn fellur réttur hans til að nýta sumar frádráttarheimildir niður. Má þar nefna ökutækjastyrk, launatengda frádrætti, iðgjöld í stéttarfélag og ferðakostnað.²⁶¹

Reglur um persónuafslátt og persónufrádrátt virðast vera nokkuð líkar. Meðhöndlun sjómannafrádráttarins í Danmörku er hins vegar gjörólík meðhöndlun sjómannaafsláttar á Íslandi. Nýting sjómannafrádráttar hefur nefnilega þau áhrif að réttur til nýtingar ýmissa annarra frádráttarheimilda fellur niður sbr. framansagt.

Í íslenska skattkerfinu heldur sjómaður sem nýtir sjómannaafslátt sinn rétti til annarra frádráttar, eigi hann yfirhöfuð slíkan rétt. Fáir sjómaður til dæmis greidda dagpeninga á hann rétt á frádrætti á móti svo lengi sem skilyrði fyrir frádrætti á móti greiðslu dagpeninga eru uppfyllt sbr. fyrri umfjöllun um heimilan frádrátt á móti greiddum dagpeningum.

4.6 Helstu skattar manna

Helstu skattar sem lagðir eru á menn eru tekjuskattur, útsvar (Kommune skat), sjúkratryggingagjald (Sundhedsbidrag), tryggingagjald og kirkjuskattur (Kirkeskat) og skiptast þeir á milli ríkis og sveitarfélaga. Í hlut ríkisins koma tekjuskattur, sjúkratryggingagjald og tryggingagjald en sveitarfélögin fá útsvar og kirkjuskatt.²⁶² Einnig er reiknaður skattur af tekjum af hlutabréfum og CFC-tekjum en slíkur skattur reiknast sérstaklega. Eftirfarandi er umfjöllun um helstu skatta og skattstofna þeirra.

²⁶⁰ Lovbekendtgørelse 2006-09-19 nr. 959 om indkomstskat for personer, §10

²⁶¹ Lovbekendtgørelse 2005-05-27 nr. 386 om beskatning af søfolk, § 3 og § 4, Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 341 - 342

²⁶² Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 1184 - 1187

4.6.1 Tekjuskattur

Skattstofn tekjuskatts samanstendur af persónutekjum og jákvæðum fjármagnstekjum að frádregnum persónufrádrætti en skattalegar frádráttarheimildir nýtast ekki við útreikning tekjuskatts. Tekjuskattur reiknast því nánast af brúttólaunum. Tekjuskattsþrepi eru tvö og eru tekjumörk neðra skattþreps fyrir persónutekjur 389.900 DKK en síðan tekur hærra skattþrepið við. Skatthlutföllin eru 3,67% á lægra skattþrepi en 15% á því hærra.²⁶³

Fjármagnstekjur, sem eins og áður hefur komið fram skattleggjast á sama hátt og launatekjur, geta haft áhrif á tekjuskattsstofninn þar sem jákvæðar nettófjármagnstekjur bætast við persónutekjur en neikvæðar nettófjármagnstekjur geta ekki lækkað tekjuskattsstofn. Jákvæðar fjármagnstekjur allt að 40.000 DKK skattleggjast á neðra tekjuskattsþrepi en restin, ef einhver er, á hærra skattþrepinu. Til að finna út hvort greiða beri skatt á efra skattþrepi er framlagi í lífeyrissjóð (sem er frádráttarbært á neðra skattþrepi) og fjármagnstekjum umfram 40.000 DKK bætt við persónutekjur til að finna skattstofn efra skattþreps. Upphæðin sem þannig fæst er dregin frá tekjumörkunum og jákvæður mismunur skattlagður með 15% skatthlutfalli.²⁶⁴

Í stuttu máli samanstendur skattstofn neðra skattþreps af persónutekjum allt að 389.900 DKK að viðbættum jákvæðum fjármagnstekjum allt að 40.000 DKK. Skattstofn efra skattþreps nær svo yfir persónutekjur hærri en 389.900 DKK að viðbættum fjármagnstekjum umfram 40.000 DKK og iðgjöldum í lífeyrissjóði.

Munur á skatthlutfalli tekjuskatts á Íslandi og í Danmörku vekur athygli þar sem skatthlutfallið sem fer til ríkisins í Danmörku er svo lágt (3,67% og 15%) miðað við skatthlutfallið sem ríkið innheimtir hér (24,1%, 27% og 33%). Líklegasta skýringin er að skipting verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga í Danaveldi sé mjög ólík því sem gerist hérlendis. Skýringin gæti líka að einhverju leyti falist í því að tekjuskatturinn er að mestu brúttóskattur í Danmörku en útsvarið nettóskattur og skatthlutfallið því hærra.

²⁶³ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 82 - 83

²⁶⁴ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 82 - 83

4.6.2 Útsvar

Útsvar er tekjuskattur sem rennur til þess sveitarfélags sem skattþegn býr í. Skattstofn útsvarsins er skattskyldar tekjur að frádregnum persónufrádrætti og skatthlutfall er ákveðið af hverju sveitarfélagi fyrir sig, innan ákveðins ramma þó. Þar sem um mishátt skatthlutfall á milli sveitarfélaga er að ræða er notað meðal-skatthlutfall í staðgreiðslu sem er 24,9% fyrir árið 2010.²⁶⁵

Í báðum löndum er útsvar innheimt með meðalskatthlutfalli þar sem sveitarfélögin eru með mishátt útsvar. Á Íslandi er skattstofn tekjuskatts og útsvars sá sami en svo er ekki í Danmörku. Þar mynda skattskyldar tekjur skattstofn útsvars og skattlagningin byggist því á nettóskattlagningu.

4.6.3 Kirkjuskattur

Kirkjuskattur er skattur sem er innheimtur af þeim sem eru í þjóðkirkjunni (Folkekirken) og er reiknaður á sama hátt og útsvar.²⁶⁶ Skatthlutfallið er 0,7%.²⁶⁷

4.6.4 Sjúkratryggingagjald

Sjúkratryggingagjald er skattur sem rennur til ríkisins. Það reiknast af sama skattstofni og útsvar og er ætlað að fjármagna heilbrigðisþjónustu. Skatthlutfallið er 8%.²⁶⁸

4.6.5 Tryggingagjald

Tryggingagjald er ríkisskattur²⁶⁹ sem er reiknaður og dreginn af launum, hlunnindum og öðrum tekjuskattsskyldum tekjum manna sem eru skattskyldir í Danmörku og er það því launþeginn sem greiðir gjaldið. Skatthlutfallið er 8% og er reiknaður skattur dreginn frá skattskyldum launum.²⁷⁰ Þessi skattur er stundum kallaður brúttóskatturinn því að enginn frádráttur frá skattstofninum er leyfður.²⁷¹

²⁶⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 81 og Skat (2010a)

²⁶⁶ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 1186

²⁶⁷ Skat (2010a)

²⁶⁸ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 81 og 83

²⁶⁹ Sjá til hliðsjónar: § 1. Lov 2009-06-12 nr. 471 om arbejdsmarkedsbidrag (arbejdsmarkedsbidragsloven) som ændret ved L 2009-12-16 nr. 1278

²⁷⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 793 -794, The Danish Ministry of Taxation (2009, skýrsla til OECD). Bls. 5

²⁷¹ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 794 -795

Á Íslandi er tryggingagjaldið nú 8,35%²⁷² og meginmunurinn er að launa-greiðandinn greiðir þetta gjald en ekki launþegar eins og í Danmörku.

4.6.6 Aðrir skattar

Tekjur af hlutabréfum skattleggjast ekki með öðrum skattskyldum tekjum heldur samkvæmt sérreglum.²⁷³ Það eru einnig tvö skattþrep fyrir skattlagningu arðs og hagnaðar af hlutabréfum. Neðra skattþrepið er fyrir tekjur af hlutabréfum upp að 48.300 DKK en hærra tekjur eru skattlagðar í efra skattþrepinu. Skatthlutföllin eru 28% fyrir lægra skattþrepið en 42% fyrir það hærra.²⁷⁴ Tekjur af erlendum fyrirtækjum sem falla undir CFC-tekjur skattleggjast með 25% skatthlutfalli.²⁷⁵

Hérlendis teljast tekjur af hlutabréfum til fjármagnstekna og eru skattlagðar sem slíkar með 18% skatthlutfalli og er ekkert frítekjumark vegna slíkra tekna hjá mönnum utan rekstrar. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 24. gr. Tsl. er þó heimilt að jafna tap af sölu hlutabréfa á móti hagnaði innan ársins. Ekki er ætlunin að fjalla sérstaklega um CFC-tekjur.

4.6.6.1 Skattlagningarþak

Í dönskum skattalögum er að finna reglu um hámarksskattlagningu, svokallað skattlagningarþak (skatteloft) sem er 51,5%. Skattlagningarþakinu er ætlað að tryggja að skattþegnar greiði aldrei hærra hlutfall af tekjum sínum í skatta, hvort sem um ríkis- eða sveitarfélagsskatta er að ræða, en sem nemur 51,5%. Með því að leggja prósentutölu allra skatta sem viðkomandi skattþegn greiðir saman að kirkjuskatti og tryggingagjaldi undanskildum og draga 51,5% frá kemur í ljós hvort skatthlutfallið fer yfir skattlagningarþakið. Sé mismunurinn hærra en 0 er hann dreginn frá skatthlutfalli efra skattþreps tekjuskatts og tekjuskatturinn reiknaður af þeirri útkomu.²⁷⁶ Aðferðina má sjá í eftirfarandi dæmi:

Dæmi: Úsvar: 24,9%, sjúkratryggingagjald: 8%, skatthlutföll efra og neðra skattþreps: 3,67%, 15%. Skatthlutföllin eru lögð saman: $24,9 + 8,0 + 3,67 + 15 = 51,57$.

²⁷² Ríkisskattstjóri (2010).

²⁷³ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 68

²⁷⁴ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 78 og 84

²⁷⁵ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 79 og 85

²⁷⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 89 - 90

$51,57 - 51,5 = 0,07$. Þetta þýðir að skatthutfall efra skattþreps er lækkað um 0,07% og verður því $15 - 0,07 = 14,93\%$ ²⁷⁷

4.7 Skattlagning hjóna

Fram til ársins 1970 voru hjón samsköttuð í Danmörku. Maðurinn var skattaðilinn og bar einnig ábyrgð á greiðslu skatta þeirra. Árið 1970 var þessu breytt og hvort hjóna um sig varð sjálfstæður skattaðili.²⁷⁸ Hjón eru samt ekki sérsköttuð að fullu heldur er um takmarkaða samsköttun að ræða.²⁷⁹ Þar af sama kyni getur staðfest samvist sína og er þá skattlagt sem hjón en lög þar að lútandi tóku gildi árið 1989.²⁸⁰ Orðið hjón á þá einnig við um þau sem er skattlagt sem hjón rétt eins og í fyrri umfjöllun. Nú verða helstu atriði sem varða skattlagningu hjóna rakin auk þess sem tæpt verður á skattlagningu sambúðarfólks og barna.

4.7.1 Skilyrði samsköttunar

Til að skattleggja megi þau sem hjón þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt en að öðrum kosti er parið skattlagt sem einstaklingar.

1. Hjónabandið þarf að vera löglegt. Til að hjónaskattlagning falli niður þarf þó að liggja fyrir úrskurður dómstóla um að hjónabandið sé ólöglegt.²⁸¹

2. Báðir aðilar verða að bera ótakmarkaða skattskyldu í Danmörku. Ef annað hjóna flytur úr landi og telst ekki bera ótakmarkaða skattskyldu í kjölfarið teljast hjónin ekki lengur vera samvistum í skilningi skattalaga.²⁸²

3. Hjón þurfa að vera samvistum. Að vera samvistum er lykilhugtak í skatta-legum skilningi þar sem samsköttunarreglur byggja á því. Í hugtakinu felst að hjón halda heimili saman og hafa sameiginlegan fjárhag. Stundum eru hjón aðskilin tímabundið til dæmis vegna ósættis eða vegna þess að starf annars þeirra krefst fjarveru þess frá heimilinu. Ef

²⁷⁷ Dæmi er fengið úr heimildinni Skat (2010a).

²⁷⁸ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 669

²⁷⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 804

²⁸⁰ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 670, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 831

²⁸¹ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 671

²⁸² Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 805 - 806, Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 671

ekki er talin ástæða til að ætla að aðskilnaðurinn sé varanlegur er litið fram hjá þessu og hjónin njóta samsköttunar.²⁸³

Í báðum löndum er gerð krafa um að hjón séu samvistum til að eiga rétt á samsköttun. Á Íslandi er ekki skilgreint í lögum hvað felst í því að vera samvistum og ber því að líta svo á að hjón séu samvistum burtséð frá því hvort þau búa saman eða ekki, nema þau hafi fengið lögskilnaðarleyfi, séu skilin að borði og sæng eða líta megi svo á að aðskilnaður sé undanfari skilnaðar.²⁸⁴ Í Danmörku eru formkröfur settar fram og skýrt hvað felst í þeim: t.d. þarf fjárhagur hjóna að vera sameiginlegur og þau þurfa halda heimili saman til að teljast vera samvistum sbr. umfjöllun hér að ofan. Formkröfur varðandi samvistir hjóna virðast því vægari hérlendis.

4.7.2 Upphaf og lok réttar til samsköttunar

Réttur til samsköttunar stofnast þegar par gengur í hjónaband og eru hjón samsköttuð frá upphafi þess tekjuárs er hjúskapur hefst. Þetta er að vísu ekki sagt beinum orðum í fræðibókum þeim sem umfjöllun um danska skattkerfið byggir á en byggt á umfjöllun kaflans hér á undan um skilyrði til samsköttunar og eftirfarandi umfjöllun um lok réttar til samsköttunar er óhætt að draga þá ályktun.

Hjúskap lýkur í skilningi skattalaganna ef aðskilnaður hjóna er varanlegur, ef óskað er eftir skilnaði í kjölfar tímabundins aðskilnaðar, við skilnað eða skilnað að borði og sæng og að lokum getur hjúskap lokið með andláti maka. Við lok hjúskapar fellur réttur til samsköttunar niður frá og með þeim degi eða ef ekki er um formleg hjúskaparslit eins og skilnað að ræða, frá og með lokum tekjuársins sem sambúð lýkur. Í báðum tilvikum eru hjónin skattlögð sem einstaklingar allt tekjuárið nema sambúðin hafi varað til loka ársins. Ljúki hjúskap vegna andláts maka er eftirlifandi maki skattlagður í samræmi við lög um dánarbú.²⁸⁵

²⁸³ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 671, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 805

²⁸⁴ Sjá til hliðsjónar: Jónatan Þórmundsson (1982), bls. 18

²⁸⁵ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 672, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 805 - 806

4.7.3 Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins

Á dönsku er orðið „subsidiær“ notað um gagnkvæma ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins. Þetta orð þýðir skv. netorðabókinni Snöru (sjá snara.is) „til vara“ og lýsir vel hvernig þessari gagnkvæmu ábyrgð er háttað. Í því felst að ábyrgð maka á skattaskuld hins vaknar ekki nema sá maki sem til skattaskuldar hefur stofnað sé ekki fær um að greiða skuldina. Það er jafnframt skilyrði til að ábyrgðin gildi að hjónin hafi verið samvistum í skilningi skattalaganna á þeim tíma sem til skattaskuldar var stofnað. Skilgreiningin á „til vara“ þýðir einnig að ekki er hægt að ganga beint að maka skuldarans og krefja hann um greiðslu skattsins heldur verður fyrst að reyna að innheimta skuldina á annan hátt t.d. með fjárnámi hjá þeim maka sem skuldar skatt.²⁸⁶

Þessi útfærsla er ólík þeirri sem leið sem farin er héraendis en samkvæmt íslenskum lögum er sameiginleg óskipt ábyrgð á skattgreiðslum maka sem gildir á meðan hjónabandið stendur, þannig má ganga að hvoru hjóna fyrir sig og krefja um greiðslu á sköttum hins. Ekki er skilyrði að um vanskil sé að ræða skv. 1. mgr. 116 gr. Tsl. til að heimilt sé að krefja annan maka um greiðslu á sköttum hins. Í dönskum skattarétti er það skuldarinn sjálfur sem ber aðalábyrgð á skattskuld sinni og það þýðir að byrja þarf á því að krefja hann sjálfan um greiðslu auk þess sem beina þarf innheimtuaðgerðum að skuldarinum áður en gengið er að maka.

4.7.4 Um skattlagningu hjóna

Skattlagning hjóna fer í meginatriðum fram á sama hátt og skattlagning ein-staklinga, þannig eru tekjur hjóna flokkaðar á sama hátt og hjá einstaklingum, í einstaklingstekjur, fjármagnstekjur, tekjur af hlutabréfum og CFC-tekjur auk þess sem skattstofnar tekjuskatts, útsvars og annarra skatta eru fundnir á sama hátt og lýst er í kaflanum *Helstu skattar manna* í III. hluta. Meginreglan er að tekjur, frádráttarbær gjöld, eign eða skuld skuli telja fram hjá því hjóna sem vann fyrir tekjunum, á frádráttarrétt, á eignina eða er ábyrgt fyrir skuldinni.²⁸⁷ Tekjur af sjálfstæðum rekstri hjóna eru skattlagðar hjá

²⁸⁶ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 683, Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 823

²⁸⁷ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 807 - 808

Því hjóna sem sér um daglegan rekstur fyrirtækisins, ekki skiptir höfuðmáli hver eigandinn er.²⁸⁸ Hjónin eru svo skattlögð hvort í sínu lagi.

4.7.4.1 Millifærsluheimildir

Reglur um samsköttun geta þó haft áhrif á uppgjör tekna og útreikning skattstofna vegna heimilda til að millifæra ónýttar frádráttarheimildir eða ónýttan hluta tekjuþreps fjármagnstekna og tekna af hlutabréfum á milli maka. Þessar reglur eru hluti sérreglna sem gilda um skattlagningu hjóna og hafa það markmið að taka tillit til þess að ákveðið fjárhagslegt samband er á milli þeirra auk þess að draga úr skattlagningu fjölskyldna þar sem aðeins er ein fyrirvinna.²⁸⁹ Helstu millifærsluheimildir sem til staðar eru:

Persónufrádráttur: Séu laun annars hjóna svo lág að persónufrádráttur þess nýtist ekki að fullu má yfirfæra mismuninn til maka og draga frá tekjum hans.²⁹⁰

Neðra skattþrep tekjuskatts: Sé annað hjóna með jákvæðar fjármagnstekjur en hitt með neikvæðar má millifæra mismuninn á milli hjóna og nýta hann við útreikning skattstofns. Fjármagnstekjur allt að 80.000 DKK fyrir hjón skattleggjast á neðra skattþrepi.²⁹¹

Efra skattþrep tekjuskatts: Almennt reiknast tekjuskattur á efra skattþrepi hjá hvoru hjóna fyrir sig. En þar sem heimilt er að millifæra neikvæðar fjármagnstekjur yfir til þess hjóna sem er með jákvæðar fjármagnstekjur og samnýta tekjumörk (grunnfjárhæð) fjármagnstekna til skattlagningar á neðra skattþrepi (80.000 DKK samanlagt) geta reglur um samsköttun haft áhrif á skattstofn tekjuskatts á efra skattþrepi. Til að reikna út hvort og hve mikið af fjármagnstekjum ber að skattleggja á efra skattþrepinu er farið í gegn um ferli eins og sýnt er í eftirfarandi dæmi: Annað hjóna er með neikvæðar fjármagnstekjur upp á 10.000 DKK en hitt með 100.000 DKK. jákvæðar fjármagnstekjur. Þá er byrjað á því að draga 10.000 DKK frá jákvæðu fjármagnstekjunum og eftir standa 90.000 DKK. Þá er 40.000 DKK grunnupphæð til skattlagningar á neðra skattþrepi dregin frá og til skattlagningar eru þá 50.000 DKK. Hinn makinn á þá enn eftir að nýta sína grunnupphæð og eftir að hún er millifærð standa eftir 10.000 DKK sem ber að

²⁸⁸ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 674 - 675

²⁸⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 804 - 805

²⁹⁰ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 818

²⁹¹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 819 - 820

skattleggja á efra skattþrepi hjá þeim maka sem hefur hærri persónutekjur að viðbættum lífeyrissjóðsiðgjöldum.²⁹²

Hagnaður eða tap af hlutabréfum: Hafi annað hjóna hagnast á hlutabréfaviðskiptum en hitt tapað má jafna tapi annars á móti hagnaði hins og greiða þannig aðeins skatt af nettóupphæðinni. Hagnaður af slíkum viðskiptum allt að 96.600 DKK hjá hjónum, þar sem heimilt er að millifæra ónýttan hluta grunnupphæðar til maka, skattleggst á lægra skattþrepi en skattþrepin eru tvö eins áður hefur komið fram. Ágóði umfram grunnupphæð er skattlagður á herra skattþrepinu. Þannig skiptir innbyrðis eignaskipting hlutabréfa hjóna ekki máli. Tap af hlutabréfum sem ekki er hægt að nýta á móti hagnaði á tekjuárinu yfirfærast til næsta tekjuárs.²⁹³

Nokkur munur er á skattlagningu hjóna á milli skattkerfanna og birtist þessi mismunur á ýmsan hátt. Til að byrja með njóta hjón í Danmörku ríkari frádráttarheimilda en hjón hérlendis. Einnig er ólík meðferð á fjármagnstekjum. Á Íslandi eru allar tekjur af eignum skilgreindar sem fjármagnstekjur og er brúttóskattlagning á slíkum tekjum að frítekjumarki vaxtatekna manna utan rekstrar, frítekjumarki leigutekna og heimild til að jafna tapi af sölu hlutabréfa á móti samsvarandi hagnaði innan ársins undanskildum sbr. umfjöllun um *fjármagnstekjuskatt*. Heimild til að millifæra hagnað og tap á milli maka er ekki fyrir hendi en fjármagnstekjur eru engu að síður skattlagðar hjá því hjóna sem er með hærri A-tekjur. Í Danmörku falla tekjur af hlutabréfum ekki undir fjármagnstekjur og eru skattlagðar sér. Fjármagnstekjur, þ.m.t. vaxtatekjur, eru hins vegar skattlagðar á sama hátt og launatekjur og er um nettóskattlagningu að ræða. Hjónum er heimilt að millifæra hagnað og tap af hverri tekjulind sín á milli.

4.7.5 Óvígð sambúð

Par í óvígðri sambúð á ekki rétt á að vera skattlagt sem hjón samkvæmt dönskum skattalögum og teljast báðir aðilar sjálfstæðir skattaðilar og eru skattlagðir sem slíkir.²⁹⁴ Par sem býr í óvígðri sambúð hefur yfirleitt sameiginlegan fjárhag og á sameiginlegar eignir rétt eins og hjón

²⁹² Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 820 - 822. Sjá tilvísun 37, bls. 821

²⁹³ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 819 og 822

²⁹⁴ Sjá til hliðsjónar: Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 688

en þar sem samsköttun er ekki til staðar er sá möguleiki fyrir hendi að parið skipti eignum á milli sín þann hátt sem er hagkvæmast fyrir það skattalega séð. Einnig er hætt á að samningar sem parið gerir hvort við annað séu ekki í samræmi við veruleikann vegna skattalegra hagsmuna. Vegna þessa eru gerðar ríkari kröfur til þess að ráðstafanir sem parið gerir sín á milli byggist á skriflegum samningi sem er bæði hlutlaus og sanngjarn. Það á t.d. við þegar annar makinn ræður hinn til starfa í fyrirtæki í sinni eigu. Sérstaklega þegar um starf er að ræða þar sem erfitt að er ganga úr skugga um raunverulegt vinnuframlag. Sem dæmi má nefna störf við ræstingar og þjónustustörf. Þegar þar í sambúð á og rekur fyrirtæki saman þarf eignarhlutdeild og skipting hagnaðar að byggja á skriflegum samningi. Heimild til að draga vaxtagjöld frá tekjum nær aðeins til þess sem skráður er lántaki. Við sambúðarslit tekur hvor aðili sínar eignir en ekki er ætlunin að ræða nánar um skattalegar afleiðingar sambúðarslita.²⁹⁵

Þar í óvígðri sambúð á Íslandi getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum valið hvort það vill vera í samskattaðri eða sérskattaðri sambúð sbr. umfjöllun um skattlagningu hjón og sérskattað sambýlisfólk í kaflanum *Skattlagning hjóna* í II. hluta ritgerðarinnar. Í Danmörku hefur sambúðarfólk ekkert val þar sem ekki er boðið upp á samsköttun þar á óvígðri sambúð.

4.8 Skattlagning barna

Börn eru sjálfstæðir skattaðilar án tillits til aldurs eða þess hvort börn búi hjá foreldrum sínum eða ekki. Skattskyldar tekjur þeirra eru að flestu leyti metnar á sama hátt og hjá fullorðnum og gerninga á milli barns og foreldris skal almennt höndla á sama hátt og væri gerningurinn á milli óskyldra aðila. Þó gilda nokkrar samsköttunarreglur sem er ætlað að draga úr hættunni á því að málamyndasamningar séu gerðir á milli foreldra og barna til að tryggja hagkvæmari skattlagningu.²⁹⁶ Hér má nefna reglu um að fái barn arðberandi gjöf frá foreldrum eða öðrum nátengdum er gjöfin og arður af henni skattlagður hjá gefandanum þar til barnið verður 18 ára.²⁹⁷ Starfi barn á vegum foreldra sinna þarf ekki að gefa laun þess upp til skatts fyrr en það verður 15 ára gamalt en launin eru þá heldur ekki frádráttarbær kostnaður hjá foreldrunum.²⁹⁸ Fái barn lífeyri

²⁹⁵ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 832 - 834

²⁹⁶ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 837 - 838

²⁹⁷ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 839

²⁹⁸ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 840

eða skyldar greiðslur t.d. vegna fráfalls foreldris greiðir það skatt af þeim. Þau fá líka persónufrádrátt, sem er lægri en hjá fullorðnum, og þurfa að greiða tryggingagjald, eins og aðrir sem eru skattskyldir í Danmörku.²⁹⁹

Verulegur munur er á skattlagningu barna á Íslandi og Danmörku. Hér á landi er ekki litið á börn sem sjálfstæða skattaðila fyrr en þau verða 16 ára. Það þýðir að tekjur þeirra og eignir eru samskattaðar með tekjum foreldra þeirra, að launatekjum undanskildum. Íslensk börn njóta ekki persónuafsláttar en hafa frítekjumark og skatthlutfall á tekjur umfram frítekjumarkið lægra en hjá fullorðnum sbr. umfjöllun um *Skattlagningu barna*. Á dönsk börn er hins vegar litið sem sjálfstæða skattaðila og greiða þau skatta og skyldur á sama hátt og fullorðnir, en persónufrádráttur þeirra er þó lægri en hjá fullorðnu fólki sbr. fyrri umfjöllun.

4.9 Samantekt III. hluta

Danska skattkerfið er byggt upp á þann hátt að til skattskyldra tekna teljast öll þau gæði sem manni hlotnast og meta má til fjár nema að þau séu sérstaklega undanskilin í skattalögunum.³⁰⁰ Ekki er skilyrði að tekjur séu greiddar með peningum heldur geta þær einnig verið í formi hlunninda eða réttinda sem hafa efnahagslegt virði.³⁰¹ Skattskyldum tekjum manna er skipt í fjóra flokka: Einstaklingstekjur, fjármagnstekjur, hlutabréfatekjur og CFC-tekjur. Skipting tekna í flokka skiptir máli því hún stjórnar því hvaða skatthlutfall skal nota við skattlagningu tekna og hvaða frádrættir eru leyfilegir á móti tekjunum. Helstu skattar sem lagðir eru á menn eru tekjuskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald, tryggingagjald og kirkjuskattur. Grunnur danska skattkerfisins er fjölþrepa staðgreiðsluskattkerfi og eru tekjuskattsþrepin tvö eftir breytingar á skattkerfinu sem tóku gildi um síðustu áramót. Tekjumörkin á milli skattþrepanna eru 389.900 DKK og skatthlutföllin 3,67% fyrir lægra skattþrepið en 15% fyrir hærra skattþrepið. Fjármagnstekjur eru skattlagðar á sama hátt og launatekjur og eru tekjumörkin 40.000 DKK fyrir einstaklinga en 80.000 DKK fyrir hjón. Skattstofn fjármagnstekna er reiknaður af nettófjármagnstekjum sem þýðir að heimilt er að draga fjármagnskostnað frá á móti tekjunum. Það eru einnig tvö skattþrep fyrir

²⁹⁹ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 794 og Skat (2010a).

³⁰⁰ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 154

³⁰¹ Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). Bls. 154, Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 158

skattlagningu arðs og hagnaðar af hlutabréfum. Neðra skattþrepið er fyrir tekjur af hlutabréfum upp að 48.300 DKK en hærra tekjur eru skattlagðar í efra skattþrepinu. Skatthlutföllin eru 28% fyrir lægra skattþrepið en 42% fyrir það hærra.³⁰² CFC-tekjur skattleggjast með 25% skatthlutfalli.³⁰³

Nokkrir skattstofnar eru notaðir við útreikning skatta: skattstofn tekjuskatts, skattstofn útsvars en kirkjugjald og sjúkratryggingagjald reiknast af sama skattstofni. Síðan eru skattstofnar tryggingagjalds, tekna af arði og hlutabréfum og CFC-tekna. Tekjuskattsstofninn byggir nánast á brúttóskattlagningu á meðan fjölmargar frádráttarheimildir bjóðast við útreikning á skattstofni útsvars. Gildir því nettóskattlagning um útsvar og aðra skatta sem reiknast af sama skattstofni. Arður og tekjur af hlutabréfum og CFC-tekjur skattleggjast sérstaklega en arður og tekjur af hlutabréfum flokkast sem fjármagnstekjur héraðs og eru því skattlagðar sem slíkar. Tryggingagjald er brúttóskattur sem launþegar greiða.

Um fjölmargar frádráttarheimildir er að ræða og má þar á meðal nefna: aksturskostnað, kostnað við ferðir á milli heimilis og vinnu, ferðakostnað, launþega frádrátt, iðgjöld í lífeyrissjóð, ýmsa frádráttarliði sem launþegi þarf sjálfur að bera kostnað af upp að 5.500 DKK en má draga mismuninn frá skattskyldum tekjum, persónufrádrátt og sjómannafrádrátt. Líklega hafa fæstar þessara frádráttarheimilda verið heimilaðar með hag fjölskyldunnar í huga en þar sem skattgreiðslur launþegans lækka og ráðstöfunartekjur hans aukast teljast þær vera fjölskylduvænar. Í danska skattkerfinu eru engir skattaflættir og eru persónufrádráttur og sjómannafrádráttur því skattfrádrættir. Sé sjómannafrádráttur nýttur fellur réttur til nýtingar ýmissa annarra frádráttarheimilda niður. Skilyrði þess að útgjöld teljist frádráttarbær frá skattskyldum tekjum er að frádráttarheimild sé til staðar í skattalögum og að nægileg tengsl við tekjuöflun séu fyrir hendi

Barnabætur í Danmörku eru skattfrjálsar tekjur en þær eru ekki tekjutengdar. Þær hafa því áhrif á skattleysismörk og ráðstöfunartekjur bótaþega en ekki jaðarskatta. Það

³⁰² Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 78 og 84

³⁰³ Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 79 og 85

þýðir að launahækkarnir eða aðrar kjarabætur munu ekki valda því að barnabætur lækki. Barnabætur eru því fjölskylduvænar.

Skattlagning hjóna fer í meginatriðum fram á sama hátt og skattlagning einstaklinga. En þó er reglur að finna í danska skattkerfinu sem veita hjónum skattalegt hagræði umfram einstaklinga. Hér er aðallega um reglur varðandi millifærsluheimildir t.d. persónufrádrátt og neikvæðar fjármagnstekjur og heimildir til samnýtingar tekjuprepa, s.s. fjármagnstekjur og hlutabréfatekjur, að ræða. Þessar reglur geta hafa áhrif á útreikning skattstofna.

Í dönskum skattalögum er einnig að finna reglu um hámarksskattlagningu, svokallað skattlagningarþak. Skattlagningarþakinu er ætlað að tryggja að skattþegnar greiði aldrei hærra hlutfall af tekjum sínum í skatta, hvort sem um ríkis- eða sveitarfélagsskatta er að ræða, en sem nemur 51,5%. Reyndar getur skatthlutfallið orðið hærra í raun það sem tryggingagjald upp á 8% og kirkjuskattur sem er 0,7% eri ekki innifalin í þessari prósentu. Hér má spyrja sig hvort að mat stjórnvalda sé að greiðslugeta skattþegna, eða aflögufærni þeirra til hins opinbera, sé ríflega helmingur tekna þeirra sbr. *Greiðslugetukenningin*, I. hluti ritgerðarinnar.

5 IV. Hluti

Fjórði hluti samanstendur af samanburði á milli íslenska og danska skattkerfisins sem byggir á umfjöllun um íslenska tekjuskattskerfið í II. hluta og danska skattkerfið í III. hluta ritgerðarinnar. og umfjöllun um hvað felst í fjölskylduvænt skattkerfi og tillögum um hvernig hægt sé að gera skattkerfi fjölskylduvænna. Jafnframt verður lítillaga minnst á kostnað við slíkar breytingar.

5.1 Samanburður á íslenska og danska skattkerfinu

Íslenska og danska skattkerfið eiga það sameiginlegt að gerðar voru breytingar sem tóku gildi um áramótin. Óhætt er að segja að sumar þeirra hafi verið nokkuð róttækar og má þar nefna upptöku fjölþrepaskattkerfis á Íslandi og niðurfellingu miðskattþrepsins (mellemskat) í Danmörku. Þannig eru nú þrjú tekjuskattþrep á Íslandi í stað eins áður (tveggja á þeim tímabilum sem hátekjuskattur var lagður á) og tvö tekjuskattþrep í Danmörku. Samsvarandi breytingar áttu sér stað við skattlagningu arðs og tekna af hlutabréfum í Danmörku, en skattþrepunum var einnig fækkað í tvö. Skattlagningarþakið, sjá nánar umfjöllun í II. hluta ritgerðarinnar í kaflanum *Skattlagningarþak*, var einnig lækkað en íslenska skattkerfið inniheldur ekki sambærileg mörk fyrir hámarks skattlagningu. Fjallað var um helstu breytingar á skattkerfunum í II. og III. hluta ritgerðarinnar, köflum *Helstu breytingar á tekjuárinu 2010* og *Danska skattkerfið*.

Tekjuhugtakið í skilningi skattalaganna í dönskum skattarétti og í íslenskum skattarétti er svipað en til skattskyldra tekna teljast öll þau gæði sem manni hlotnast og meta má til fjár nema að þau séu sérstaklega undanskilin í skattalögunum sbr. fyrri umfjöllun í *samantektum fyrir I. og II. hluta* ritgerðarinnar. Munur er á því hvernig skattskyldar tekjur manna eru flokkaðar á milli landa. Á Íslandi er um þrjá flokka, A, B og C tekjur að ræða en fjóra í dönskum skattarétti. Einstaklingstekjur fjármagnstekjur, hlutabréfatekjur og CFC-tekjur. Skipting tekna í flokka skiptir máli því hún stjórnar því hvaða skatthlutfall skal nota við skattlagningu þeirra og hvaða frádrættir eru leyfilegir á móti tekjunum og á það við í báðum löndum sbr. *Samantektir I. og II. hluta* ritgerðarinnar.

Á Íslandi er einn skattstofn fyrir tekjuskatt og útsvar og er nánast um brúttóskattlagningu að ræða því frádráttarheimildir í íslenska skattkerfinu eru frekar frábreyttar. Síðan er annar skattstofn fyrir fjármagnstekjur sem einnig er nánast brúttóskattstofn. Frítekjumörk vaxtatekna og leigutekna af íbúðarhúsnæði sem komið var á um áramótin með gildistöku laga nr. 128/2009 vega þó aðeins upp á móti. Í Danmörku eru hins vegar nokkrir skattstofnar: skattstofn tekjuskatts, skattstofn útsvars en kirkjugjald og sjúkratryggingagjald reiknast af sama skattstofni. Síðan eru skattstofnar tryggingagjalds, tekna af arði og hlutabréfum og CFC-tekna. Tekjuskatts-stofninn byggir nánast á brúttóskattlagningu á meðan fjölmargar frádráttarheimildir bjóðast við útreikning á skattstofni útsvars. Gildir því nettóskattlagning um útsvar og aðra skatta sem reiknast af sama skattstofni. Arður og tekjur af hlutabréfum og CFC-tekjur skattleggjast sérstaklega í Danmörku en arður og tekjur af hlutabréfum flokkast sem fjármagnstekjur héraðs og eru því skattlagðar sem slíkar. Tryggingagjald er brúttóskattur sem innheimtur er í báðum löndum. Munurinn felst í því að í Danmörku greiða launþegar tryggingagjaldið en á Íslandi standa atvinnurekendur skil á því. Sjá nánar í II og III. hluta ritgerðarinnar, *Helstu skattar manna*.

Eftirtektarvert er að verulegur munur er á tekjuskattshlutföllum og skatthlutfalli útsvars í Danmörku. Þannig eru tekjuskattshlutföllin 3,67% og 15% en útsvarshlutfallið 24,9%. Hugsanleg skýring gæti verið að sveitarfélög sjái um stóran hluta opinberra verkefna, en svo gæti líka verið að bakgrunnur skattstofnanna sé blekkjandi. Tekjuskattsstofninn samanstendur nefnilega nánast af brúttótekjum á meðan skattstofn útsvars er nettótekjur eins og komið hefur fram. Það er einnig munur á skatthlutföllum tekjuskatts og útsvars á milli Íslands og Danmerkur þar sem tekjuskattshlutfallið er mun hærra héraðs (Danmörk 3,67% og 15%, Ísland: 24,1%, 27% og 33%) en útsvarshlutfallið lægra (Danmörk 24,9%, Ísland: 13,12%). Skýringin gæti verið sú að verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga í Danaveldi sé mjög ólík því sem gerist héraðs sbr. umfjöllun í II. og III. hluta ritgerðarinnar, *Tekjuskattur*.

Í Danmörku er boðið upp á fjölmargar frádráttarheimildir, t.d. eru stéttarfélagsgjöld frádráttarbær frá skattskyldum launum þar en því er ekki að heilsa á Íslandi. Það bjóðast einnig fjölmargir aðrir frádráttarliðir, sbr. umfjöllun í kaflanum *Frádráttarheimildir manna*, III. hluta. Má hér nefna sem dæmi: ferðakostnað, risnu, tvöfalt heimilishald,

heilsustyrki, vinnuherbergi og launþegafrádrátt. Sömu sögu er ekki að segja um heimila frádrætti innan íslenska skattkerfisins þar sem tiltölulega fáa frádráttarliði er að finna. Nefna má ökutækjastyrki, dagpeninga og fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtæki sem dæmi um slíkar heimildir.

Stór hluti launþega á Íslandi nýtur nánast einskis frádráttar á móti skattskyldum tekjum sínum en það eru ekki næstum allir sem ferðast á vegum vinnuveitanda, nota bifreið sína í hans þágu eða eiga fjármuni til að leggja í fjárfestingar. Þó fá allir launþegar einhvern frádrátt vegna skyldubundinna lífeyrissjóðsiðgjalda. Danir hins vegar bjóða upp á fjölbreyttar frádráttarheimildir og fá allir launþegar einhvern frádrátt vegna launþegafrádráttar, skyldubundinna lífeyrissjóðsiðgjalda og frádrátt vegna kostnaðar við ferðir á milli heimilis og vinnu. Að þessu leyti er óhætt að telja uppbyggingu danska skattkerfisins fjölskylduvænni en þess íslenska þar sem heimill frádráttur lækkar skattgreiðslur og hækkar þar með ráðstöfunartekjur viðkomandi skattþegns og fjölskyldu hans um leið. Um frádráttarheimildir er fjallað í II. og III. hluta ritgerðarinnar í kaflanum um *Frádráttarheimildir manna*.

Viðhorf til frádráttarheimilda er svipað í báðum löndum: Einkautgjöld manna eru almennt ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum manna og til að útgjöld séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum virðast þurfa að vera einhvers konar tengsl við tekjuöflun sbr. ökutækjastyrk. Á sum útgjöld sem launþegi stofnar til í því skyni að afla tekna er engu að síður litið á sem einkakostnað sem hann á að bera sjálfur og má hér nefna dagvistun barns. Dagvistunin er nauðsynleg til að launþeginn geti unnið og er því atvinnutengdur kostnaður. En þar sem um einkakostnað launamanns er að ræða er ekki tekið tillit til hans við skattlagningu og á það við í báðum löndum.

Akstur á milli heimilis og vinnu er einnig skýrt dæmi um kostnað sem til fellur vegna tekjuöflunar. Í íslenskum skattarétti er haldið stíft við að þessi kostnaður sé einkakostnaður og því beri launamanni enginn frádráttur vegna hans. Nýlegar breytingar á skattmáti 2010 í þá veru að starfsmanni sé heimilt að fara heim á bifreið vinnuveitanda, að uppfylltum skilyrðum sem rædd voru í kaflanum *Breytingar á skattmáti 2010* í II. hluta ritgerðarinnar, án þess að það teljist til skattskyldra hlunninda vekja reyndar upp spurningar um hvort þetta viðhorf stjórnvalda hafi mildast eitthvað,

en það á eftir að koma í ljós. Í dönskum skattarétti er hins vegar litið svo á að þó um einkakostnað sé að ræða verði breyting á þegar um meiri háttar útgjöld sé að ræða. Mat yfirvalda í Danmörku virðist vera að þurfi launþegi að ferðast lengri vegalengd en 24 km. til og frá vinnu eða taka ferju til að stunda vinnu sé um meiriháttar útgjöld að ræða og er tekið tillit til þess með því að heimila launþegum frádrátt í samræmi við skattmat. Ástæðan fyrir því að dönsk stjórnvöld telja ástæðu til að taka tillit til meiriháttar útgjalda hjá launþegum gæti verið sú að litið sé til greiðslugetu viðkomandi, að í raun sé hann ekki aflögufær nema upp að tilteknu marki og þá sé það stjórnvalda að grípa inn í með frádráttarheimildum til að ráðstöfunartekjur skerðist ekki úr hófi fram. Er þetta í samræmi við greiðslugetukenninguna sem lýst er í hluta I í kaflanum *Greiðslugetukenningin*. Frekari umfjöllun er að finna í í II. og III. hluta ritgerðarinnar, *Ökutækjastyrkur og Meðhöndlun aksturskostnaðar*.

Bæði dönskum og íslenskum skattþegnum er gert að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð, svokallaðan skyldubundinn lífeyri. Þeir eiga einnig val um að greiða iðgjöld í sjóði sem kallast séreignarsjóðir hérlandis. Á móti þessum greiðslum eiga launþegar rétt á frádrætti frá skattskyldum launum sínum eftir tilteknum reglum. Á Íslandi er launþega heimilt að greiða allt að 10% af launum sínum í lífeyrissjóð eins og stendur, 4% í skyldubundinn lífeyrissjóð og 6% í séreignarsjóð, og fær hann þá samsvarandi frádrátt af skattskyldum tekjum sínum á móti. Í Danmörku er ýmist allt framlag launþega frádráttarbært eða sett er þak fyrir hámarksfrádrátt sbr. fyrri umfjöllun og virðist sem að frádráttarheimildir iðgjalda séu miðaðar við krónutölu frekar en hlutföll eins og hér á landi. T.d. er framlag í skyldubundinn lífeyrissjóð föst upphæð sem tekur mið af vinnustundum auk þess sem þökin sem sett voru fyrir hámarksfrádrætti eru líka gefin upp sem föst upphæð. Nánari umfjöllun er að finna í II. og III. hluta ritgerðarinnar, *Iðgjöld greidd í lífeyrissjóði*.

Kannski er rétt að segja að í íslenskum skattarétti sé litið á flesta þá kostnaðarliði sem heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum samkvæmt dönskum skattalögum sem einkakostnað en ekki rekstrarkostnað, þó svo að um tengsl við atvinnu launþega sé að ræða. Minnst var á það að spurning væri um hvort nýlegar breytingar á skattmati væru til marks um að viðhorf stjórnvalda til einkakostnaðar séu að breytast en þar er launþegum nú heimilað að taka á móti heilsustyrk, innan ákveðinna viðmiðunarmarka,

án þess að um skattskyld hlunnindi sé að ræða sbr. kaflinn *Breytingar á skattmati 2010* í II. hluta ritgerðarinnar. Enn vantar samt upp á að meðhöndlun slíks kostnaðar sé sambærileg við það sem gerist í Danmörku þar sem slíkar greiðslur frá launagreiðanda eru skattfrjálsar hjá launþega að uppfylltum tilteknum skilyrðum sbr. kaflinn *Ýmsir frádráttarliðir* í III. hluta ritgerðarinnar.

Í Danmörku eru engir skattaflættir, aðeins skattfrádrættir en á Íslandi er þetta blandað og er hægt að fá skattfrádrátt (s.s. frádrátt á móti dagpeningum), skattaflátt og tekjutengdar barnabóta- eða vaxtabótagreiðslur. Þannig fær fólk persónufrádrátt, sjómannafrádrátt, vaxtafrádrátt og ótekjutengdar barnabætur í Danaveldi í stað persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, vaxta- og barnabóta, sem að mestu eru tekjutengdar, eins og tíðkast hérlendis. Persónuafsláttur skiptir töluverðu máli vegna áhrifa hans á skattleysismörk. Tilurð hans í íslenska skattkerfinu er sú við upptöku staðgreiðslukerfisins árið 1988 voru flestar frádráttarheimildir sem í gildi voru felldar niður. Í staðinn kom persónuafsláttur og var hann hafður svo hár að upphæð hans var hærri en samanlögð áhrif niðurfelldra heimilda sbr. I. hluta ritgerðarinnar, kafla *Tekjuskattkerfið 1988 - 2009*. Á þeim tíma nam hann um 65% af meðallaunum sbr. kaflann *Samspil persónuafsláttar, skatthlutfalls og skattleysismarka* í II. hluta. Á þessum tíma voru fjölmargir frádráttarliðir í boði og skattkerfið fjölskylduvænt á þann hátt. Persónuafslætti var þannig upphaflega ætlað það hlutverk að sjá til þess að skattþegnarnir yrðu ekki verr settir í nýju skattkerfi. Sá kostur er við bætur umfram frádráttarheimildir að bæturnar eru greiddar út til bótaþega í peningum og hann getur því ráðstafað þeim að vild. Meginmunurinn á skattaflætti og skattafrádrætti er að skattafrádráttur dregst frá áður en skattur er reiknaður en skattafláttur eftir að búið er að reikna skatt og er sú aðferð hagkvæmari fyrir launþega. Þá er átt við að 40.000 kr. afsláttur af reiknuðum skatti komi sér betur en 40.000 kr. frádráttur af skattskyldum tekjum. En burtséð frá því hvort um skattaflátt eða skattfrádrátt er að ræða lækkar skattgreiðsla viðkomandi skattþegns og þar með aukast ráðstöfunartekjur hans og sá sem fær skattafláttinn fær meira í sinn vasa.

Þannig má segja að íslenskir launþegar hafi meira upp úr persónu- og sjómannaafslættinum en danskir launþegar upp úr persónu- og sjómannafrádrætti. Einnig má segja að þetta atriði í íslenska skattkerfinu sé fjölskylduvænna en í því danska

þar sem áhrif á ráðstöfunartekjur eru meiri. Reglur um persónufrádrátt og persónuafslátt eru frekar líkar og er t.d. heimilt að millifæra ónýttan frádrátt/afslátt á milli hjóna í báðum löndum. Sjómannafrádráttur sker sig hins vegar frá sjómannaafslætti á þann hátt að sé sjómannafrádráttur nýttur er óheimilt að nýta aðra heimila frádrætti s.s. ökutækjastyrk, launatengda frádrætti, iðgjöld í stéttarfélag og ferðakostnað. Nánari umfjöllun má finna í II. og III. hluta ritgerðarinnar, *Skattafslættir og Skattfrádrættir samsvarandi skattafsláttum*.

Reglur um barnabætur í Danmörku og á Íslandi eru svipaðar. Upphæð barnabóta í Danmörku er þó skipt í þrennt eftir aldri barna og eru tvö þrepanna vegna barna yngri en 7 ára og fara barnabætur lækkandi eftir því sem börnin eldast. Á Íslandi er líka gerður greinarmunur eftir aldri en hann felst í ótekjutengdum barnabótum vegna barna yngri en sjö ára. Hérlandis er barnabótum skipt jafnt á milli hjóna og sambýlisfólks en í Danmörku fær móðirin barnabæturnar, nema að barnið búi hjá föður sínum. Meginmunurinn á barnabótakerfunum felst þó í því að í Danmörku eru barnabætur ekki tekjutengdar en hérlandis eru barnabætur tekjutengdar að undan-skilinni fastri upphæð vegna barna yngri en 7 ára. Hugsunarháttur að baki barnabótum virðist líka ólíkur þar sem Danir eru að koma til móts við þann aukakostnað sem fylgir barneignum þannig að allar barnafjölskyldur fá barnabætur burtséð frá efnahag þeirra en á Íslandi virðast barnabætur hins vegar vera félagsleg aðstoð sbr. fyrri umfjöllun í kaflanum um *Barnabætur*, II. hluti ritgerðarinnar. Barnabætur eru óneitanlega fjölskylduvænar að því marki sem þær eru skattfrjáls greiðsla og auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar en eins og barnabótakerfið er hérlandis getur það reynst tvíeggjað sverð eins og áður hefur verið komið inn á í umfjöllun í II. hluta í kaflanum *Um barnabætur*.

Skilgreining og meðferð fjármagnstekna og þar með vaxtagjalda er gjörólík. Á Íslandi eru allar tekjur af eignum skilgreindar sem fjármagnstekjur og er því sem næst brúttóskattlagning á slíkum tekjum, þó þannig að það er frítekjumark á vaxtatekjum manna utan rekstrar, frítekjumark á leigutekjum af íbúðarhúsnæði og heimilt er að jafna tapi af sölu hlutabréfa á móti samsvarandi hagnaði innan ársins. Fjármagnstekjur eru svo skattlagðar sérstaklega eins og fram kom fyrir í þessum kafla. Í Danmörku teljast vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, gengishagnaður, gengistap, leigutekjur af íbúðarhúsnæði og söluhagnaður af sölu eigna til fjármagnstekna. Hér er því um

nettóskattlagningu að ræða. Fjármagnstekjur eru skattlagðar á sama hátt og launatekjur og eru því hluti af skattstofnum tekjuskatts og útsvars og geta haft áhrif á skattlagningu launþega eins og rakið var í kaflanum *Tekjuskattur* í II. hluta ritgerðarinnar. Meðhöndlun vaxtagjalda á Íslandi er gjörólík. Ekki er heimilt að jafna slíkum gjöldum á móti samsvarandi tekjum. Þó býðst skattaleg ívilnun vegna vaxtagjalda sem falla til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota í formi vaxtabóta. Vaxtabætur eru bæði tekju- og eignatengdar og háðar hjúskaparstöðu auk þess sem þak er sett á hámarksbætur. Nánari umfjöllun er í köflunum *Um vaxtabætur* og *Vextir og fjármagnstekjur* í II. og III. hluta ritgerðarinnar.

Í báðum löndum er samkynhneigðum pörum heimilt að ganga í hjónaband sbr. nýsamþykkt lög þar að lútandi á Íslandi eða staðfesta samvist sína eins og tíðkast í Danmörku og var heimilt á Íslandi til 22. júní sl. Þar í staðfestri samvist hefur sömu réttarstöðu og hjón. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum getur þar í óvígðri sambúð á Íslandi óskað eftir því að vera samskattað og er það þá skattlagt sem hjón. Þetta á einnig við um pör þar sem báðir aðilar eru af sama kyni sbr. umfjöllun í kaflanum *Skilyrði sambúðar* í II. hluta. Óski þar í sambúð ekki eftir samsköttun er það skattlagt sem einstaklingar sbr. kaflinn *Sérsköttuð sambúð*, II. hluta. Í Danmörku er sambærileg samsköttunarheimild þar í óvígðri sambúð ekki fyrir hendi og er parið því ætíð skattlagt á sama hátt og einstaklingar sbr. kaflinn *Óvígð sambúð*, III. hluta.

Hjón eru að meginstofni til skattlöggö á sama hátt og einstaklingar í báðum löndum. Jafnframt gilda ákveðnar sérreglur um skattlagningu hjóna, svokallaðar samsköttunarreglur, sem gera það að verkum að hjón njóta ákveðins skattalegs hagræðis umfram einstaklinga. eru það fyrst og fremst millifærsluheimildir sem skilja á milli. Til að beita megi samsköttunarreglum við skattlagningu hjóna eru gerðar ákveðnar formkröfur. Þannig þurfa báðir makar að bera ótakmarkaða skattskyldu í landinu auk þess að vera samvistum. Sbr. kaflinn *Skattlagning hjóna* í II. hluta og kaflinn *Um skattlagningu hjóna* í III. hluta ritgerðarinnar.

Samsköttunarreglur eru um margt líkar, litið er á hjón sem sjálfstæða skattaðila, takmörkuð sérsköttun gildir, einstaklingstekjur eða A-tekjur eru taldar fram hjá þeim sem þeirra aflar og hagnaður af sjálfstæðum rekstri er talinn fram hjá því hjóna er stendur fyrir

rekstrinum. Samsköttunarreglur hjá löndunum tveimur eru þó engan veginn samhljóða. Í Danmörku eru eignir, skuldir og fjármagnstekjur taldar fram hjá þeim er á eign, skráður er fyrir skuld og á tilkall til fjármagnstekna. Á Íslandi eru eignir og skuldir hjóna taldar fram sameiginlega sbr. 80. gr. Tsl. en fjármagnstekjur skatt-lagðar hjá því hjóna sem hefur hærri A-tekjur. Dönsk hjón njóta mun ríkari frádráttarheimilda en íslensk hjón, enda fjölmargar frádráttarheimildir í boði innan danska skattkerfisins. Heimildir til að millifæra tekjur og gjöld á milli hjóna eru einnig fjölbreyttari, sjá einnig kaflann *Millifærsluheimildir* í III. hluta. Þannig mega dönsk hjón millifæra persónuafslátt, fjármagnstekjur og samnýta skattþrep fjármagnstekna og arðs og tekna af hlutabréfum. Sambærileg heimild og er nú í íslensku tekjuskattslögunum til að millifæra launatekjur á milli skattþrepa hefur þó verið felld niður í dönskum tekjuskattslögum sbr. *Danska skattkerfið* í III. hluta. Fyrir utan fyrrgreinda heimild til millifærslu tekna á milli skattþrepa mega íslensk hjón einnig millifæra persónuafslátt og ónýttar frádráttarheimildir sín á milli. Sjá nánari umfjöllun í II. og III. hluta ritgerðarinnar, *Um skattlagningu hjóna*.

Hjónabandi, staðfestri samvist og samskattaðri sambúð fylgir sú kvöð að bera ábyrgð á skattgreiðslum maka síns. Ísland og Danmörk útfæra þessa kvöð á mismunandi hátt. Samkvæmt íslenskum skattalögum bera hjón og samskattað sam-búðarfolk sameiginlega óskipta ábyrgð á skattgreiðslum maka á meðan hjónabandið stendur, má því ganga að hvoru hjóna fyrir sig og krefja um greiðslu á sköttum hins. Af orðalagi 1. mgr. 116 gr. Tsl. má ekki ráða að það sé skilyrði að um vanskil sé að ræða áður en krefja má maka um greiðslu á sköttum hins sbr. *Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins* í II.hluta. Í dönskum skattarétti ber skuldarinn sjálfur aðalábyrgð á skattskuld sinni sem þýðir að fyrst þarf að krefja hann sjálfan um greiðslu auk þess sem beina þarf innheimtuaðgerðum að skuldaranum áður en gengið er að maka sbr. *Gagnkvæm ábyrgð hjóna á skattgreiðslum hins* í III.hluta.

Meginmunur á skattlagningu barna á Íslandi og Danmörku felst í því að í Danmörku er litið á barn sem sjálfstæðan skattaðila. Hér á landi er hins vegar ekki litið á börn sem sjálfstæða skattaðila fyrr en þau verða 16 ára. Dönsk börn greiða því skatta og skyldur á sama hátt og fullorðnir, en persónufrádráttur þeirra er þó lægri en hjá fullorðnu fólki. Tekjur og eignir íslenskra barna eru samskattaðar með tekjum og eignum foreldra þeirra, að launatekjum undanskildum. Þau njóta ekki persónuafsláttar en hafa

frítekjumark og skatthlutfall á tekjur umfram frítekjumarkið er lægra en hjá fullorðnum. Umfjöllun er að finna í II. og III. hluta, *Skattlagning barna*.

5.1.1 Samantekt samanburðar íslenska og danska skattkerfisins

Íslenska og danska skattkerfið eru bæði fjölþrepaskattkerfi, með mismörgum skattþrepum þó. Tekjuhugtakið er mjög svipað en skattlagning teknanna er ólík. Þannig eru mun fleiri skattstofnar í danska skattkerfinu og jafnframt standa dönskum launþegum mun fleiri frádráttarheimildir til boða. Óhætt er að segja að íslenska skattkerfið innihaldi frekar fáar frádráttarheimildir. Skattlagning í íslenska skattkerfinu er því að mestu brúttóskattlagning en meira er um nettóskattlagningu í því danska. Þó er tekjuskattsstofninn því sem næst brúttótala. Íslenska skattkerfið býður hins vegar upp á tvenns konar skattaflætti, persónuafslátt og sjómannaafslátt, en enga skattaflætti er að finna í danska skattkerfinu eins og áður hefur komið fram.

Í báðum löndum er litið svo á að hjón séu sjálfstæðir skattaðilar og gildir takmörkuð sérsköttun. Dönsk hjón njóta mun ríkari frádráttarheimilda en íslensk hjón, enda fjölmargar frádráttarheimildir í boði innan danska skattkerfisins. Heimildir til að millifæra tekjur og gjöld á milli hjóna eru einnig fjölbreyttari. Þannig mega dönsk hjón millifæra persónuafslátt, fjármagnstekjur og samnýta skattþrep fjármagnstekna og arðs og tekna af hlutabréfum. Sambærileg heimild og er nú í íslensku tekjuskattslögum til að millifæra launatekjur á milli skattþrepa hefur þó verið felld niður í dönskum tekjuskattslögum. Fyrir utan fyrrgreinda heimild til millifærslu tekna á milli skattþrepa mega íslensk hjón einnig millifæra persónuafslátt og ónýttar frádráttarheimildir sín á milli.

Þegar upp er staðið virðist grunnhugmyndin að baki bæði íslenska og danska skattkerfinu vera sú sama, að leggja skatt á skattþegnana á réttlátan og sanngjarnan hátt þannig að þeir sem hafa meira á milli handanna greiði meira en hinir. Þannig er hugmyndafræðin að baki greiðslugetukenningunni sem reifuð er í kaflanum *Greiðslugetukenningin* í I. hluta ritgerðarinnar, um að hver og einn greiði skatta í samræmi við getu sína, fléttuð saman við bæði skattkerfin.³⁰⁴ Greiðslugetan virðist þó ekki metin á sama hátt, í íslenska skattkerfinu er hún að mestu metin út frá

³⁰⁴ Sjá til hliðsjónar: Pedersen, J. og fleiri (2009). Bls. 38. Þar er fjallað um greiðslugetukenninguna í dönskum skattarétti. Að öðru leyti vísast í umfjöllun um greiðslukenninguna fyrir í ritgerðinni.

brúttótekjum enda nánast enginn leyfilegur frádráttur. Persónuafsláttur, barna- og vaxtabætur hafa þó einnig áhrif á greiðslugetu skattþegnanna. Innan danska skattkerfisins fer viðmiðunin eftir því hvort verið er að tala um greiðslur til ríkis eða sveitarfélaga og er ýmist miðað við brúttó- eða nettótekjur, en frádráttarheimildir eru þó verulega fleiri en í íslenska skattkerfinu.

5.2 Fjölskylduvænt skattkerfi

Fjölskyldan er einn af hornsteinum þjóðfélagsins en í henni elst næsta kynslóð skattborgara upp, börnin sem koma til með að standa undir hjólum efnahagslífsins sem fullorðið fólk. Lífskjör barna í uppvextinum skipta miklu máli eins og komið var inn á í *Inngangi* ritgerðarinnar en uppbygging tekjuskattkerfis getur haft veruleg áhrif á skattbyrði og þar með ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Sem hefur svo áhrif á lífskjör barnanna. Fjölskylduvæn uppbygging tekjuskattkerfis er því mikilvæg.

Fjölskylduvænt skattkerfi tekur mið af hag barnafjölskyldna og býður því upp á fjölbreytt skattfríðindi fyrir fjölskyldur t.d. í formi frádráttarheimilda og bóta. Markmiðið með þessum kafla er að skoða með hvaða hætti hægt er að gera íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænna en það er nú. Það er því nærtækt að líta til frænda vorra Dana til fá hugmyndir að skattfríðindum sem telja má fjölskylduvæn.

Í danska skattkerfinu eru fleiri skattstofnar en héraendis. Við útreikning flestra þessara skattstofna er boðið upp á skattlagningu nettótekna, heimildir til að millifæra tap tekjulinda á milli hjóna og samnýtingu tekjuþrepa. Í nettóskattlagningu felst að um frádráttarliði sé að ræða á móti tekjum og í danska skattkerfinu er einmitt boðið upp á margvíslegar frádráttarheimildir. Það er jafnframt kostur við danska skattkerfið að ekki virðist mikið um tekjutengingar t.d. eru barnabætur ekki tekjutengdar. Jafnframt er meira um að dönsk skattyfirvöld viðurkenni tengsl á milli tiltekinna útgjalda sem í eðli sínu eru einkaútgjöld og tekjuöflunar sbr. frádrátt vegna ferða á milli heimilis og vinnu en um þessa þætti var fjallað í III. hluta ritgerðarinnar.

Vel má vera að framangreind atriði hafi ekki verið hugsuð með hag fjölskyldunnar sem slíkrar að leiðarljósi en þau hafa óneitanlega áhrif á ráðstöfunar-tekjur skattþegns,

og þar með fjölskyldu hans, til hins betra. Er því óhætt að tala um þá sem fjölskylduvæna í ljósi þeirrar skilgreiningar sem sett var fram í *Inngangi* ritgerðarinnar:

Í orðinu fjölskylduvænt felst að ráðstafanir sem gerðar eru í þágu fjölskyldu bæta hag hennar á einhvern hátt. Í því felst meðal annars að skattkerfið sé byggt upp með tilliti til þess að framfærslubyrði fjölskyldu er þyngri en framfærslubyrði einstaklings, og að framfærslubyrði fjölskyldu með fjögur börn er þyngri en framfærslubyrði fjölskyldu með eitt barn. Fjölskylduvænar teljast einnig ráðstafanir sem felast í því að minnka skattbyrði fjölskyldunnar og auka þar með ráðstöfunartekjur hennar.

Eldri íslensk tekjuskattkerfi voru einnig skoðuð í leit að hugmyndum sem gætu nýst til að gera skattkerfið fjölskylduvænna, en eins og áður hefur komið fram hafa Íslendingar verið óragir að prófa eitt og annað í skattamálum. Í skattkerfinu 1954 var t.d. lægri skattstigi fyrir fjölskyldur auk sérstaks barnafrádráttar, árið 1960 var námsfrádráttur heimill og árið 1984 var samnýting skattþrepa hjóna upp að ákveðnu marki heimiluð með l. nr. 121/1984. Sjá nánar í l. hluta, *Þróun skattkerfa*. Í núverandi skattkerfi eru ýmsar millifærsluheimildir til staðar og auk þess er boðið upp á skattafslætti sem er hagstæðari kostur en frádráttarheimild. Að lokum er nokkrar frádráttarheimildir að finna í skattkerfinu. Framangreindir þættir eiga það sameiginlegt að auka ráðstöfunartekjur og má því telja þá fjölskylduvæna.

Eftirfarandi umfjöllun felur í sér að þjóðfélagshópurinn fjölskylda, og hér er rétt að áréttta að verið að tala um barnafjölskyldu sbr. fyrri skilgreiningu í *Inngangi*, mun að einhverju leyti njóta skattalegra fríðinda umfram aðra þjóðfélagshópa. Það er misjafnt hvað fólki finnst um að tilteknir þjóðfélagshópar njóti skattfríðinda og sumum finnst það jafnvel ósanngjarnt en líta má á málið frá því sjónarhorni að um jöfnun ævitekna sé að ræða. Á þeim hluta starfsævinnar sem fólk stendur í barnauppleidi hefur það oftast lægri tekjur og skuldar meira en þegar líða fer á starfsævina.³⁰⁵ Fríðindi sem fjölskyldan fær á meðan hún telst barnafjölskylda má því líta á sem útlagðan kostnað ríkisins eða bara fjárfestingu sem fæst til baka síðar.

³⁰⁵ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 48

Stuðningur við barnafjölskyldur, þannig að það sé fjárhagslega hagkvæmt að eiga börn, stuðlar einnig að því að fleiri litlir skattborgarar líti dagsins ljós. Foreldrar hafa þá frekar efni á því að eignast börn og leggja þannig grunn að framtíðarskatttekjum þjóðarinnar. Það hljómar ef til vill kaldranalega að tala um fjölskylduna sem einhverskonar uppeldisstöð fyrir skattþegna en ekkert þjóðfélag þrífst eða dafnar án skattgreiðenda.

5.2.1 Fjölskylduvænir þættir nú

Helstu þættir íslenska tekjuskattskerfisins sem telja má fjölskylduvæna að mati höfundar eru: Skattfrelsi meðlagsgreiðslna sbr. 2. tl. A-liðar 7. gr. Tsl., frádráttarheimildir sbr. 30. gr. Tsl. heimild til millifærslu ónýtttra frádráttarheimilda sbr. 2. mgr. 62. gr. Tsl., ívilnanir sbr. 65. gr. Tsl., heimild hjóna til að millifæra tekjur á milli skattþrepa sbr. 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl., persónuafsláttur sbr. A-lið 67. gr. Tsl., heimild til millifærslu persónuafsláttar á milli maka sbr. 2. mgr. A-liðar 67. gr. Tsl., barnabætur sbr. A-lið 68. gr. Tsl. vaxtabætur sbr. B-lið 68. gr. Tsl., og að lokum skattfrelsi húsaleigubóta skv. 9. tl. 1. mgr. 28. gr. Tsl. Hagur fjölskyldunnar hefur varla alltaf verið hafður til hliðsjónar þegar þessir þættir komu inn í tekjuskattskerfið, t.d. frádráttarheimildir A-liðar 30. gr. Tsl., en þeir eru engu að síður fjölskylduvænir á þann hátt að þeir bæta hag fjölskyldunnar á einhvern hátt t.d. með auknum ráðstöfunartekjum launþega og þar með fjölskyldna þeirra. Er það í samræmi við skilgreininguna á orðinu fjölskylduvænt sem sett var fram í *Inngangi*.

Búið er að fjalla um alla framangreinda þætti íslenska tekjuskattskerfisins sem teljast fjölskylduvænir í II. hluta ritgerðarinnar að skattfrjálsum meðlagsgreiðslum sbr. 2. tl. A-liðar 7. gr. Tsl. undanskildum.

5.2.1.1 Skattfrjálsar meðlagsgreiðslur

Það er óneitanlega fjölskylduvænt að greitt meðlag teljist ekki til skattskyldra tekna í hendi móttakanda. Hér er tekið tillit til þess að báðum foreldrum ber að taka jafnan þátt í framfærslu barna sinna og að barnsmeðlag, sem er framlag þess foreldris sem barn býr ekki hjá, eigi ekki að bera skatt af þeim sökum, enda hefur greiðandinn þegar greitt skatta og skyldur af meðlagsgreiðslunni.

5.2.2 Mismunun skattþegna

Að gera breytingar á tekjuskattskerfinu með sérstöku tilliti til hags barnafjölskyldna hefur óumflýjanlega í för með sér að einstaklingum og barnlausum hjónum sé mismunað. Þá er spurning hvort slík mismunun standist jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar en samkvæmt henni má ekki mismuna neinum eftir t.d. kynferði, efnahag eða skoðunum. Þrátt fyrir þetta ákvæði er þó talið að heimilt sé að mismuna skattþegnum sé sú mismunun byggð á málefnalegum grundvelli. Það má til dæmis mismuna skattþegnum á þann hátt að skattlagning sé mismunandi eftir fjölskyldugerð, fjölskyldustærð eða húsnæðisaðstöðu án þess að það teljist vera mismunun á grundvelli 65. gr. Stj.skr.³⁰⁶ Þannig er heimilt að skattleggja einn þjóðfélagshóp umfram annan á málefnalegum grunni sbr. H:1995/424 sem rakinn var í l. hluta í kaflanum *Efniskröfur*.

Það er ekki til einhlítt svar við því hvort eftirfarandi umfjöllun feli ómálefnalega mismunun í sér þar sem um margar ólíkar tillögur er að ræða. Sem dæmi má nefna að ef aðeins barnafjölskyldur fengju launþegafrádrátt eða frádráttarheimild vegna aksturs á milli heimilis og vinnu væri væntanlega um mismunun sem bryti í bága við jafnræðisregluna að ræða enda engin málefnaleg rök fyrir því að aðeins þessum hópi bæri slíkur frádráttur umfram aðra. Útgáfa barnaskattkorts eða sérstakur fjölskyldufrádráttur myndi hins vegar ekki teljast ómálefnaleg mismunun enda heimilt að mismuna á grunni fjölskyldustærðar.

Ekki er ætlunin að leggja til að skattþegnum sé mismunað á ólögmetan hátt. Er því rétt að nálgast efnið þannig að teldist mismunun ómálefnaleg skuli einstaklingar og barnlaus hjón njóta þeirra skattalegu ívilnana sem hér er rætt um til jafns við barnafjölskyldur en teljist mismunun málefnaleg njóti barnafjölskyldur einar góðs af.

5.2.3 Hvað felst í fjölskylduvænu tekjuskattskerfi?

Á meðal leiðanna til að byggja upp fjölskylduvænt skattkerfi er að líta á fjölskylduna sem rekstrareiningu og vera með sérstaka fjölskylduskattlagningu. Önnur útfærsla er að breyta bótagreiðslum en hægt er að breyta skerðingarhlutföllum vegna tekna,

³⁰⁶ Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Blöndal um sjómannaafslátt. Þskj. 371, 237. mál, 123. löggjafarþing. Sótt á vefinn 07.01.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0371.html>

viðmiðunartekjum, upphæð hámarksbóta og afnema tekjutengingar alfarið. Einnig má auka frádráttarheimildir, gefa út barnaskattkort³⁰⁷, heimila nýtingu skattkorta unglunga sem eru á framfæri foreldra sinna og heimila skattfrjálsa endurgreiðslu á kostnaði í stað þess að veita frádráttarheimild. Að lokum er hægt að blanda þessum möguleikum saman á ýmsan hátt.

Þar sem óheimilt er að breyta sköttum eða leyfilegum frádráttum án þess að fyrir liggja skýr heimild í lögum þarf einnig að íhuga hvort og hvaða breytingar á tekjuskattslögunum væru nauðsynlegar til framkvæma einhverjar af eftirfarandi tillögum. Allar lagatilvísanir í þessum kafla eiga við tekjuskattslögin nema annað sé tekið fram.

5.2.3.1 Sérstök fjölskylduskattlagning

Sérstök fjölskylduskattlagning felur í sér að líta á fjölskylduna sem rekstrar-einingu. Að henni koma rekstraraðili/aðilar sem leggja til eignir s.s. húsbúnað, fasteign, bifreið og rekstrarfé s.s. laun eða fjármagnstekjur. Tilgangur rekstrarins er að sjá fyrir fjölskyldunni og eiga þak yfir höfuðið. Ýmis útgjöld fylgja rekstrinum eins og kaup á mat, fatnaði, og tryggingum og þegar börn eru í spiliinu eykst rekstrarkostnaðurinn verulega. Einnig verður fjölskyldan fyrir útgjöldum vegna húsnæðis, reksturs bifreiðar, námskostnaðar og kostnaði við lántökur. Hluti þessa kostnaðar tengist tekjuöflun beint eins og kostnaður við akstur á milli vinnu og heimilis, barnagæsla, námskostnaður og greiðslur af námslánum en innan íslenska skattkerfisins er ekki tekið tillit til þess heldur litið á fyrrgreindan kostnað sem einkakostnað launþegans.

Í núverandi skattkerfi gildir takmörkuð sérsköttun hjóna. En þar sem hjón hafa almennt sameiginlegan fjárhag og eru ein heild að því leyti er ekki óeðlilegt að líta á þau sem rekstrareiningu og skattleggja sem slíka. Slíkt fyrirkomulag samræmist grundvallarreglunni um gjaldþol og fellur þannig að hugmyndafræði skattaréttarins, „samsköttunarreglur hjóna og barna samrýmast meginreglu um gjaldhæfi ... á þann hátt, að hin skattskylda og skattlagða eining (fjölskyldan, hjón og börn á ómagaaldri) svarar til þess aðila, sem í reynd ráðstafar tekjunum.“³⁰⁸ Með þessu móti væri

³⁰⁷ Átt er við skattkort sem heimilar foreldrum tiltekinn frádrátt frá skattskyldum tekjum sínum fyrir hvert barn. Sjá: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 67

³⁰⁸ Gylfi Knudsen (1993). Bls. 294 og 298

raunveruleg greiðslugeta fjölskyldunnar fundin og tekið tillit til þess hve margir eiga að lifa af þeim tekjum sem aflað er til heimilisins svo sem komið hefur verið að í kaflanum *Greiðslugeta* í I. hluta ritgerðarinnar.

Í fjölskylduskattlagningu felst sem sagt að hjón séu samsköttuð sem heild og að við álagningu sé miðað við sameiginlegar tekjur þeirra þannig að skattþrep og frádráttarheimildir hjóna séu fullnýtt. Einstæðir foreldrar falla að sjálfstöðu líka undir skilgreininguna um fjölskyldu og fjölskylduskattlagningu en það þarf ekki að gera sérstakar ráðstafanir varðandi skattlagningu tekna þeirra þar sem aðeins er um eina fyrirvinnu að ræða. Hugsa mætti sér að sérstakur fjölskylduskattstigi þar sem skatt-hlutfallið er lægra en við almenna skattlagningu væri notaður eins og var t.d. í skattkerfinu sem var í gildi 1954 sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta. Einnig væru þó nokkrar frádráttarheimildir í boði sbr. t.d. tillögur síðar í þessum hluta.

Til að koma fjölskylduskattlagningu á þarf að breyta lagagreinum um skattlagningu hjóna þannig að þau verði skattlögð sem ein heild. Breytingarnar mega þó ekki draga úr skattalegu hagræði hjóna af samsköttunarreglum frá því sem nú er. Þá er til dæmis átt við samkvæmt núgildandi reglum um útreikning barnabóta eru tekjumörk hjóna 3.600.000 kr. en einstæðs foreldris 1.800.000 kr. Yrði tekju-mörkunum breytt þannig að þau væru 1.800.000 kr. bæði fyrir fjölskyldur og einstæð foreldri vegna þess að fjölskylda væri nú ein skattaleg heild væri að ræða hefði hagur hjónanna rýrnað verulega við slíka breytingu og það er ekki markmiðið. Framkvæmd slíkrar skattlagningar þarf ekki að vera flókin ef launatekjurnar eru skattlagðar á sama hátt og launatekjur einstaklings við staðgreiðslu en endanlegt uppgjör skatta og frádráttar fer fram við álagningu.

5.2.3.2 Auknar frádráttarheimildir

Með aukningu frádráttarheimilda fyrir fjölskyldur má hafa veruleg áhrif á skattbyrði og þar með ráðstöfunartekjur þeirra. Eftirfarandi tillögur eiga sér ýmist fyrirmynd í eldri innlendum tekjuskattkerfum eða í danska skattkerfinu. Fyrsta tillagan er þó byggð á upprunalegri hugmynd að þessari ritgerð eins og vikið er að í *Formála*.

A) Frádráttur *aðkeyptar vinnu fagmanna og tiltekinna sérfræðinga* frá tekjuskattsstofni. Heimild til að draga þjónustukaup, þ.e. vinnu, frá tekjuskattsstofni lækkar skattgreiðslur og eykur þar með ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með tekjur

umfram skattleysismörk og er því fjölskylduvæn aðgerð sbr. fyrri skilgreiningu. Þessi frádráttarheimild er dæmi um frádrátt sem myndi gilda fyrir alla skattþegna, ekki bara fjölskyldur, og henni mætti beita á ýmsan hátt. Til dæmis væri hægt að heimila fullan frádrátt á móti þeirri fjárhæð sem eytt var í þjónustukaup, heimila frádrátt af hluta þeirrar fjárhæðar, setja þak á frádráttarheimild eða leyfa frádrátt ákveðinnar upphæðar á móti þjónustukaupum fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Á þann hátt væri tekið tillit til stærðar fjölskyldunnar. Það má jafnframt afmarka frádráttarheimildina þannig að aðeins tiltekin þjónusta félli undir hana. Líklega þyrfti að bæta frádráttarheimild við 30. gr. Tsl.

Fyrir utan það að auka ráðstöfunartekjur getur slík heimild orðið til þess að glæða efnahagslífið. Fólk getur frekar leyft sér að fara út í framkvæmdir vitandi það að stór hluti kostnaðarins skilar sér til baka. Hvati til að kaupa þjónustuna „svart“ – sem felst yfirleitt í því að virðisaukaskattur er felldur niður – hverfur eða minnkar þar sem hagurinn af því að fá alla upphæðina eða góðan hluta hennar til baka vegur þyngra. Svört atvinnustarfsemi ætti því að minnka og skattskil og ekki síst virðisaukaskattsskil ættu að batna. Skatttekjur vegna minni svartrar atvinnustarfsemi ættu þannig að vega upp á móti minnkun skatttekna vegna lægri tekjuskattsstofns. Frádráttarheimild af þessum toga felur þannig óbeint skatteftirlit í sér.

Með lögum nr. 92/2010 var samþykkt bráðabirgðaheimild til að draga 50% af vinnu án virðisaukaskatts við viðhald og endurbætur íbúðar- og frístundahúsnæðis til eigin nota frá tekjuskattsstofni vegna tekjuáranna 2010 og 2011. Er alveg óhætt að halda því fram að um ákveðna samsvörun á milli þessarar bráðabirgðaheimildar og upphaflegrar hugmyndar að þessari ritgerð sé að ræða. Heimilan frádrátt skal draga frá tekjuskattsstofni þess aðila sem hefur hærri tekjuskattsstofn. Vinnuliður verður að lágmarki að vera 50.000 kr. til að heimildin verði virk en hámark slíks frádráttar er 200.000 kr. fyrir einstakling en 300.000 kr. fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk.³⁰⁹ Skilyrði til þess að njóta frádráttarins er að staðin hafi verið skil á fullgildum reikning vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts auk þess að skila inn launamiða eða öðrum gögnum að ósk Ríkisskattstjóra. Sækja þarf um frádráttinn um leið og óskað er eftir

³⁰⁹ Lög nr. 92/2010 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds). Þskj. 1411, 506. mál, 138. löggjafarþing, Sótt á vefinn 11.07.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/1411.html>

endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hér að ofan var rætt um áhrif þess að heimila sambærilegan frádrátt af þjónustukaupum og var tekið undir þau sjónarmið í greinargerð með frumvarpinu.³¹⁰

Útfærslan á bráðabirgðaheimildinni er nokkurs konar blanda af þeim mögu-leikum sem lýst var til að útfæra slíka frádráttarheimild: Tegund frádráttarbærrar þjónustu er afmörkuð, draga má ákveðið hlutfall keyptrar þjónustu frá og að lokum er einnig þak á heimilum frádrætti.

B) Frádráttur *aðkeyptrar heimilisaðstoðar*. Þessi hugmynd felur í sér að greidd laun vegna aðkeyptrar heimilisaðstoðar séu gerð frádráttarbær frá tekjuskattsstofni fjölskyldufólks. Væntanlega yrðu launatengd gjöld sem fylgja því að hafa starfsfólk einnig að vera frádráttarbær. Með því að mega draga slíkan kostnað frá skattskyldum tekjum hefðu fleiri efni á aðkeyptri heimilisaðstoð. Það hefur svo í för með sér að útvinnandi fjölskyldufólk getur dregið úr álaginu sem fylgir heimilishaldi og þá sinnt fjölskyldunni betur. Það telst fjölskylduvænt þó hagurinn birtist ekki í krónum. Þessi hugmynd á sér fyrirmynd í skattkerfinu sem var í gildi árið 1954 sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta. En þá var giftum konum og einstæðum mæðrum sem unnu úti heimill frádráttur á móti keyptri heimilisaðstoð. Væntanlega þyrfti að bæta frádráttarheimild við 30. gr. Tsl. Það myndi líklega falla undir málefnalega mismunun að aðeins fjölskyldufólk gæti nýtt sér slíka heimild. Því til stuðnings má benda á að í greinargerð með frumvarpi til l. 92/2010 er minnst á að íhugað hafi verið að leyfa sambærilega frádráttarheimild, einkum ætlaða öldruðum.³¹¹ Í núverandi skattkerfi er enginn hvati fyrir þann sem kaupir heimilisaðstoð að gefa hana upp til skatts en með frádráttarheimild yrði hann fyrir hendi.

C) Frádráttur vegna *aksturs á milli heimilis og vinnu*. Þessi hugmynd á sér bæði fyrirmynd í danska skattkerfinu og því skattkerfi sem var í gildi árið 1978 en þá var slíkur frádráttur heimill í íslenskum skattalögum sbr. Tekju- og eignaskattslög 40/1978 sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta ritgerðarinnar. Hagur fjölskyldu af slíkri heimild fælist í lægri

³¹⁰Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds). Þskj. 893, 506. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi, Sótt á vefinn 01.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0893.html>

³¹¹Sjá til hliðsjónar: Greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds). Þskj. 893, 506. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi, Sótt á vefinn 01.04.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0893.html>

skattgreiðslu launþega og þar með hærri ráðstöfunartekjum. Eðli frádráttarheimildarinnar er þannig að allir launþegar myndu mega nýta sér hana, að öðrum kosti væri væntanlega um ómálefnalega mismunun að ræða. Með slíkri heimild yrði sú túlkun danskra skattfirvalda að þó svo að í eðli sínu sé um einkaútgjöld að ræða séu tengslin við tekjuöflun samt nægilega sterk til að hægt sé að heimila fyrrgreindan frádrátt yfirfærð á íslenskt skattkerfi. Útfærslan gæti þá verið svipuð og hjá Dönum. Til að heimila slíkan frádrátt gæti hugsast að setja þyrfti nýja frádráttarheimild í 30. gr. Tsl. en líklega væri nóg að gera breytingar á lið 3.1 í skattmati þar sem fram kemur að akstur á milli heimilis og vinnu sé í eigin þágu og sé því ekki frádráttarbær frá tekjum sbr. auglýsingu nr. 1088/2009 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda.³¹²

D) Frádráttur vegna *tvöfalds heimilishalds*. Þurfi maki að búa fjarri heimili og fjölskyldu í lengri eða skemmri tíma vegna atvinnu sinnar og nauðsynlegt er að halda tvö heimili af þeim sökum fylgir því verulegur kostnaður og er þá meðal annars verið að tala um húsnæði, símakostnað, fæði og ferðakostnað. Ekki er hægt að bæta launamanni þennan kostnað með dagpeningum samkvæmt reglum núgildandi skattkerfis þar sem þeim er ætlað að vega upp á móti kostnaði vegna tilfallandi ferða á vegum vinnuveitanda. Sú túlkun úrskurðaraðila liggur ljós fyrir og má meðal annars benda á úrskurð Yfirskattanefndar nr. 43/2008 sem rætt var um í kaflanum *Dagpeningar* í II. hluta í því sambandi.

Heimild til að draga útgjöld vegna þessa frá skattskyldum tekjum, annað hvort samkvæmt reikningi eða skattmati myndi vega upp á móti kostnaðinum og þar með auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. En áður en farið er út að breyta eða bæta við lagagreinum þarf að athuga hvort ekki sé hægt að útvíkka núverandi túlkun heimildar til endurgreiðslu hliðstæðs kostnaðar sem finna má í 1. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Tsl. þannig að hún nái yfir tvöfalt heimilishald. Að öðrum kosti þarf að bæta nýrri frádráttarheimild við 30. gr. Tsl.

Í danska skattkerfinu, en þaðan er hugmyndin komin, er tekið á þessu með því að heimila frádrátt vegna tvöfalds heimilishalds, eftir ákveðnum reglum, í þeim mæli sem

³¹² Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Bls. 159, Helgi V. Jónsson (1993). Bls. 326, Sjá einnig til hliðsjónar: Stjórnartíðindi (2009, skattmat 2010).

slíkur kostnaður fer yfir 5.500 DKK á ársgrundvelli, sbr. *Frádráttarliðir sem þurfa samanlagt að ná yfir 5.500 DKK* í III. hluta, eða 115.896 íslenskar krónur.³¹³ Við útfærslu á slíkri frádráttarheimild mætti hafa danska skattkerfið til hliðsjónar.

E) *Launþegafrádráttur*. Slíkur frádráttur, sem væri sambærilegur við launþegafrádrátt í Danmörku, kemur öllum launþegum vel en það teldist mjög líklega ómálefnaleg mismunun væri slíkur frádráttur aðeins heimill fjölskyldufólki. Launþegafrádráttur telst einnig vera fjölskylduvænn á þann hátt að hann lækkar skattgreiðslur launþega og eykur þar með ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Slíkur frádráttur á sér ákveðna hliðstæðu í föstum 10% skattfrádrætti sem var á meðal frádráttarliðanna sem felldir voru út 1988 við upptöku staðgreiðslukerfisins sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta ritgerðarinnar.

D) *Frádráttur afborgana námslána*. Frádráttarheimild af þessum toga myndi ná til allra sem eru í þeirri stöðu að greiða námslán. Hugmyndin á sér hliðstæðu í heimild til frádráttar námskostnaðar sem tók gildi árið 1960 sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta ritgerðarinnar. Slík heimild hefur áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldu og telst því vera fjölskylduvæn.

5.2.3.3 *Barnaskattkort eða nýting skattkorts unglings*

Taka má upp barnaskattkort sem er hugsað sem viðbót við persónuafslátt foreldranna. Fæst þá viðbótarafsláttur sem er föst upphæð fyrir hvert barn undir 18 ára aldri á framfæri foreldra.³¹⁴ Skyld hugmynd er að heimilt sé að nota skattkort unglings sem býr á heimilinu og er ekki á vinnumarkaði. Jafnvel gæti þessi hugmynd náð til eldri barna, þ.e. 18 ára eða eldra, hjóna sem búa á heimilinu og eru til dæmis í námi. Þannig myndi nýting skattkorts viðkomandi vega upp á móti kostnaðinum við að börn búi heima.³¹⁵ Einnig mætti hugsa sér að heimila barnafrádrátt eins og leyfilegt var í skattkerfinu sem var í gildi árið 1954 sbr. *Þróun skattkerfis* í I. hluta, sem væri viss upphæð fyrir hvert barn. Slíkan frádrátt mætti einfaldlega nefna fjölskyldufrádrátt þar sem tekið er tillit til stærðar fjölskyldu með honum. Með framangreindum hugmyndum er tekið tillit til þess

³¹³ Gengi Seðlabanka 31.07.2010, sótt á vef Seðlabankans <http://sedlabanki.is/?PageID=7> 2.08.10: 21,072 * 5.500 = 115.896 kr.

³¹⁴ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 67

³¹⁵ Sjá til hliðsjónar: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um frv. til I. nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Þskj. 528, 256. mál, 138. löggjafarþing. Sótt á vefinn 10.07.2010, Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=256&dbnr=548&nefnd=es>

að greiðslugeta fjölskyldu er önnur en einstaklinga og barnlausra hjóna. Það er einnig tekið á því að framfærslubyrði fjölskyldu er háð fjölda barna á framfæri foreldra en um það var meðal annars rætt í *Inngangi* og í kaflanum *Greiðslugeta* í I. hluta ritgerðarinnar.

Til að hægt sé að gefa út sérstök barnaskattkort þarf annað hvort að bæta nýrri málsgrein við 67. gr. eða bæta nýrri lagagrein við tekjuskattslögin. Sama á við ef heimila á nýtingu skattkorts unglings eða eldra barns á heimili foreldra. Ef um frádráttarheimild er að ræða þarf væntanlega að bæta henni við 30. gr. Tsl.

5.2.3.4 Skattafslættir

Í stað frádráttarheimilda eins og rætt er um hér að framan væri hægt að setja sömu liði inn sem skattafslætti. Fjölskyldan fengi meira út úr því fjárhagslega og hlýtur það að vera fjölskylduvænna.

5.2.3.5 Frádráttarbær vaxtagjöld

Fyrirkomulag danska skattkerfisins er meðal annars fjölskylduvænt á þann hátt að draga má vaxtagjöld frá vaxtatekjum. Í raun er það þannig að nettófjármagnstekjur eru skattlagðar. Það má því jafna fjármagnstekjum á móti fjármagnsgjöldum. Jafnframt er hjónum heimilt að jafna tapi á móti hagnaði sínum á milli. Frádráttarbærni vaxtagjalda er heldur ekki takmörkuð við lán vegna öflunar eigin íbúðarhúsnæðis. Þessi útfærsla hentar fjölskyldu vel á þann hátt að skattleysismörk hækka (frítekjumörk tiltekinna fjármagnstekna í núverandi skattkerfi hafa að sjálfsögðu sömu áhrif), skattgreiðslur hennar lækka og ráðstöfunartekjur aukast. Það telst líka kostur að vaxtakostnaðurinn er ekki bundinn við vaxtagjöld vegna kaupa á húsnæði. Má nefna vaxtakostnað vegna kaupa á bifreið og vexti af yfirdráttarheimild sem dæmi um vaxtakostnað af öðrum toga.

Einnig mætti hugsa sér afnám vaxtabótakerfisins í núverandi mynd og setja fasta frádráttarbæra upphæð í staðinn, eins konar vaxtagjaldapak, óháð tekjum og eignum. Ástæðan er ekki síst sú að núverandi fyrirkomulag nýtist ekki endilega tekjulágu og eignalitlu fólki eins og til er ætlast þar sem útreikningsreglur leiða oft til einkennilegrar niðurstöðu³¹⁶ eins og sjá má í II. hluta í kaflanum *Vaxtabætur*. Vaxtagjaldapak nýtist öllum fjölskyldum sem og barnlausum hjónum og einstaklingum, ella væru góðar líkur á

³¹⁶ Sjá til hliðsjónar: Stefán Ólafsson (2007b).

að ekki væri um málefnalega mismunun að ræða. Tillit væri tekið til hærri framfærslubyrðar fjölskyldu með herra vaxtabaki fyrir fjölskyldur. Jafnvel mætti útfæra hugmyndina þannig að vaxtabakið væri alfarið háð fjölskyldustærð. Þannig er tekið tillit til hærri framfærslubyrði fjölskyldu eins og minnst var á hér framar. Þá væri tiltekin upphæð leyfð til frádráttar skattskyldum tekjum burtséð því um hvernig vaxtagjöld er að ræða og án tillits til tekna eða eigna. Hér þarf að hafa í huga að um frádráttarheimild er að ræða en ekki bætur sem eru greiddar út eins og vaxtabætur. Með því móti hafa jaðarskattar, eins og í núverandi vaxtabótakerfi, ekki áhrif á ákvarðanatöku launþega t.d. um hvort fara eigi út á vinnumarkaðinn eða þiggja betur launað starf. Kjarabætur myndu einnig skila sér betur í vasa launþega og þar með auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar.

Breyting á vaxtabótakerfi á þann hátt að vaxtagjaldaþak verði sett í stað núverandi reglna krefst verulegra breytinga á B-lið 68. gr. Tsl. Enn frekari breytinga er þörf ef nettóskattlagning fjármagnstekna er tekin upp en þá þarf að fella B-lið 68. gr. úr tekjuskattslögunum og bæta frádráttarheimild við 30. gr. Einnig kæmi ný lagagrein til álita.

Að lokum mætti hugsa sér að afnema tekju- og eignatengingar í núverandi vaxtabótakerfi. Allir sem bera vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til íbúðarkaupna fá þá frádrátt vegna vaxtagjalda sinna óháð tekjum. Það myndi þýða að áhrif jaðarskatta vegna vaxtabóta hyrfu og ekki væri lengur hætta á að kjarabætur eða launahækkningar hafi neikvæð áhrif á ráðstöfunartekjur af þeim völdum. Er ekki hægt að segja annað en að það teljist fjölskylduvænt. Ákveðið tillit er tekið til mismunandi framfærslubyrði við útreikning vaxtabóta með hámarki leyfilegra vaxtagjalda eftir hjúskaparstöðu og er vart hægt að telja það ómálefnalegt. Betra væri þó að einnig væri tekið tillit til fjölda barna. Niðurfelling tekju- og eignatenginga við vaxtabætur kallar á breytingar á B-lið 68. gr. Tsl. um vaxtabætur.

5.2.3.6 Afnám tekjutenginga

Meingallinn við tekjutengingar er að þær hækka jaðarskatta³¹⁷ og geta haft þau áhrif að kjarabætur hafi þveröfug áhrif og minnki ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar þegar upp er staðið. Afnám tekjutenginga, og eignatenginga þar sem við á, við bótagreiðslur eykur ráðstöfunartekjur fjölskyldu og lækkar jaðarskatta og er því fjölskylduvæn.

³¹⁷ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 67

Sem dæmi má taka afnám tekjutengingar við barnabætur. Líta má á barnabætur sem tekjutilfærslur eða jöfnun ævitekna eins og áður hefur komið fram en á þeim tíma sem fólk er að hefja lífsbaráttuna og koma sér upp fjölskyldu hefur það oftast lægri tekjur en síðar á starfsævinni. Greiðslu barnabóta til þeirra má því skoða sem fyrirframgreiðslu sem er svo endurgreidd síðar á ævinni með hærri skattgreiðslum. Afnám tekjutenginga barnabóta væri mikilsverð kjarabót fyrir þessar fjölskyldur og tæki tillit til þess að framfærslubyrði barnafjölskyldu er þyngri en hjá einstaklingum og barnlausum hjónum þó svo að heildarlaun séu þau sömu í krónum talið.³¹⁸ Niðurfelling tekjutengingar við barnabætur kallar á breytingar á A-lið 68. gr. Tsl. um barnabætur. En slík breyting yrði ein mesta kjarabótin sem fjölskyldur gætu fengið.

Það myndi líka teljast fjölskylduvænt að breyta skerðingarhlutföllum en eins og þau eru í dag er mun hærri frádráttur eftir því sem börnin eru fleira og eins og minnst hefur verið á áður má segja að um hálfgerða refsingu sé að ræða fyrir að eiga stóra fjölskyldu. Það mætti annað hvort hafa þetta öfugt við núverandi kerfi þannig að mestur frádráttur er fyrir fyrsta barn eða fasta upphæð fyrir hvert barn.

Varðandi sambærilegar breytingar á vaxtabótum er vísað í umfjöllun í kaflanum hér á undan.

5.2.3.7 Skattfrjálsar endurgreiðslur í stað frádráttar

Launþegar með tekjur við eða undir skattleysismörkum greiða ekki skatta. Frekari heimildir, t.d. eins og þær tillögur sem ræddar voru hér að framan, til að draga kostnað frá skattskyldum tekjum breytir engu fyrir þetta þá, þ.e.a.s. skattgreiðslur lækka ekki og sama má segja um ráðstöfunartekjur.

Væri farin sú leið að heimila skattfrjálsar endurgreiðslur á tilteknum útlögðum kostnaði t.d. einhverjum þeirra frádráttarliða sem minnst var á hér að framan s.s. tvöföldu heimilishaldi eða aðkeyptri þjónustu hefði það mun meiri áhrif hag launþega en hefðbundin frádráttarheimild. Viðkomandi þarf vissulega að leggja út fjármuni en fær þá svo endurgreidda og það hefur áhrif á ráðstöfunartekjur hans. Færa þyrfti sönnur á kostnað viðkomandi með framlögðum gögnum til að fá endurgreiðslu. Útfærsla á slíkri

³¹⁸ Sjá til hliðsjónar: Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Bls. 48

endurgreiðsluheimild þyrfi ekki að vera flóknari en endurgreiðsla virðisaukaskatts. Heimild til endurgreiðslu útlagðs kostnaðar er heimild sem allir skattþegar myndu njóta, enda þess eðlis að annars væri um mismunun að ræða sem ekki teldist málefnaleg.

Sá galli er til dæmis á bráðabirgðaheimild, sem áður hefur verið minnst á, til að draga aðkeypta vinnu við viðhald og endurbætur frá tekjuskattsstofni, að hún mun ekki koma fjölskyldum með tekjur við eða undir skattleysismörkum til góða en skattfrjáls endurgreiðsla myndi skipta verulegu máli fyrir fjölskyldur í þeirri stöðu. Ef sú leið er farin þarf að bæta lagagrein þar að lútandi við tekjuskattslögin. Ákveða þarf hvaða útlagður kostnaður fellur undir slíka endurgreiðsluheimild auk þess sem aðlaga þarf 28. gr. Tsl. til að undanskilja endurgreiðslur frá skattskyldum tekjum.

5.2.3.8 Millifærsluheimildir á milli hjóna

Í núverandi tekjuskattkerfi er heimilt að millifæra tekjur á milli skattþrepa hjá hjónum eftir tilteknum reglum (líklegt er að fyrirmyndina að þessu sé að finna í sambærilegri heimild í lögum nr. 121/1984 eða dönskum skattalögum eins og þau voru fyrir áramót), millifæra persónuafslátt og ónýttar frádráttarheimildir. Aðalástæðan fyrir því að minnst er á millifærsluheimildir í þessari umræðu, þar sem slíkar heimildir eru þegar fyrir hendi í tekjuskattslögunum, er að hnykkja á því að millifærsluheimildir skipta miklu máli til þess að skattkerfi sé fjölskylduvænt. Þannig má fullnýta eða a.m.k. nýta þær skattalegu ívilnanir sem í boði eru betur sem hefur svo þau áhrif að skattgreiðslur lækka og ráðstöfunartekjur hækka. Eru því millifærsluheimildir fjölskylduvænn þáttur skattkerfis.

Önnur ástæða fyrir því að ræða millifærsluheimildir frekar er heimild sú til að millifæra tekjur á milli skattþrepa hjá hjónum sem fram kemur í 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Tsl. Það er að vísu búið að ræða þetta áður í II. hluta ritgerðarinnar, í kaflanum Hugleiðing tengd skattlagningu hjóna, en er engu að síður viðeigandi umfjöllunarefni í hér. Reglunni um heimild maka til millifærslu tekna á milli skattþrepa við tiltekna aðstæður er augljóslega ætlað að milda skattlagningu hjóna og samskattaðs sambúðarfólks með hærri tekjur og hjónin borga vissulega lægri skatta en ef umrædd millifærsluheimild væri ekki til staðar sbr. Dæmi I og II í kaflanum Um skattlagningu hjóna í II. hluta. Engu að síður getur komið upp sú staða að tvö heimili með sömu tekjur greiða misháan tekjuskatt eftir því hvort annað eða bæði hjóna afla tekna og innbyrðis tekjuskiptingu á

milli þeirra.³¹⁹ Sem dæmi má nefna tvær fjölskyldur með 18.000.000 kr. tekjur. Skattur er reiknaður annars vegar miðað við eina fyrirvinnu og hins vegar tvær. Tekjudreifing á milli hjóna er þannig að annað aflar 70% tekna en hitt 30%.

Heildartekjur	Maki I	Maki II	Skattgreiðsla
18.000.000	Skipting tekna		
	100%	0%	6.541.080
	70%	30%	6.237.480

Miðað við þessar forsendur getur munað 303.600 kr. á skattgreiðslu þeirra eftir því hvort annað eða bæði hjóna vinna úti. Það skýtur skökku við að skattgreiðslur geti verið misháar hjá fjölskyldum í sömu efnahagslegu stöðu á þeim forsendum að á öðru heimilinu sé ein fyrirvinna en tvær á hinu. Jafnvel má ganga svo langt að segja að um hér sé um mismunun að ræða og verður varla séð að málefnaleg rök réttlæti hana. Er því hugsanlega um brot á jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar að ræða. Það virðist því ljóst að grípa þarf til ráðstafana til að leiðrétta þennan mun og væri hagkvæmast fyrir fjölskyldur að miðað væri við sameiginlegan tekjuskattsstofn þeirra. Best væri að sjálfsgöðu að hjón með misháar tekjur mættu fullnýta öll skattþrepin með millifærslum og er það í anda hugmynda um fjölskylduskattlagningu svo sem fyrr hefur verið rætt.

5.2.3.9 *Kostnaður*

Ekki verður hjá því komist að íhuga kostnað við að koma fjölskylduvænu skattkerfi á. Séu gerðar breytingar á skattkerfinu þannig að fjöldi þeirra sem annað hvort greiðir engan skatt eða lægri skatt eykst er afleiðingin sú að skatttekjur hins opinbera dragast saman. Útgjöld hins opinbera dragast hins vegar ekki saman á móti, nema síður sé og einhvers staðar verður að fá fjármagn til að standa undir velferðarkerfinu og öðrum verkefnum sem opinberir aðilar koma að. Hið opinbera hefur þá val um að hækka skatthlutföll, breyta tekjumörkum skattþrepa, lækka persónuafslátt eða finna upp nýja skatta. Einnig mætti bæta við skattþrepum til að skattleggja verulega háar tekjur. Fjöldi skattþrepa er reyndar það atriði sem Jón Steinsson telur vera megingallann á núverandi tekjuskattkerfi. Hann telur að skattþrepin séu of fá þannig að virkilega háar tekjur séu

³¹⁹ Til hliðsjónar: Gunnar Egill Egilsson (2009).

ekki skattlagðar nóg og bendir á fyrirkomulagið við skattlagningu tekna í Bandaríkjunum því til stuðnings.³²⁰ Reyndar væri líka hægt að leita út fyrir tekjuskattskerfið og beita óbeinum sköttum til tekjuöflunar en þá þarf að gæta þess að vinstri höndin viti hvað sú hægri er að gera. Með því er átt við að fjölskyldur sem njóta skattaávilnana séu ekki skattlagðar í óhófi á öðrum sviðum, t.d. með hækkun virðisaukaskatts, í staðinn.

5.2.4 Samantekt kaflans fjölskylduvænt skattkerfi

Búið er að ræða ýmsar leiðir til að gera skattkerfið fjölskylduvænna. Þar á meðal var sérstök fjölskylduskattlagning en slík skattlagning gæti til dæmis falist í sérstökum fjölskylduskattstiga. Einnig mætti auka frádráttarheimildir, bæta við skattafsláttum, breyta bótakerfum eða taka upp skattfrjálsar endurgreiðslur. Áhrif þessara leiða eru mismunandi fyrir fjölskyldur.

Frádráttarheimildir auka til dæmis ráðstöfunartekjur fjölskyldna með hærri tekjur þar sem tekjuskattsstofn þeirra lækkar og skattgreiðslur í kjölfarið en nýtist ekki fjölskyldum með svo lágar tekjur að þær greiða ekki skatt. Sama má segja um skattafslátt, hann gagnast fjölskyldum sem greiða skatt. Fyrir tekjulágar fjölskyldur myndi skattfrjáls endurgreiðsla útlagðs kostnaðar, t.d. vegna þeirra frádráttarliða sem ræddir voru hér fyrr, hins vegar skipta miklu máli til að auka ráðstöfunartekjur þeirra.

Afnám tekjutengingar við vaxta- og barnabætur gæti reynst fjölskylduvæn kjarabót og ekki síst þar sem gildandi fyrirkomulag bótakerfa getur reynst tvíeggjað sverð og stuðlað að því að ráðstöfunartekjur lækki í stað þess að aukast.

Í stað þess að afnema tekjutengingu vaxtabóta mætti hugsa sér að leggja vaxtabótakerfið niður og annað hvort taka upp nettóskattlagningu fjármagnstekna eins og Danir eða heimila fastan frádrátt vaxtagjalda, Vaxtagjaldaþak, á móti skattskyldum tekjum, ef sú leið væri farin þarf að hafa í huga að um frádráttarheimild er að ræða en ekki bætur sem eru greiddar út eins og vaxtabætur. Vaxtagjöldin væru ekki bundin við vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Slík aðgerð er fjölskylduvæn þar sem hún eykur ráðstöfunartekjur fjölskyldna.

³²⁰ Jón Steinsson (2009, 03.12).

Millifærsluheimildir hjóna og heimildir til að hjón megi samnýta skattþrep skipta miklu til að skattkerfi sé fjölskylduvænt, með því móti eru skattgreiðslur þeirra lágmarkaðar sem hefur svo aftur áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar.

Ekki verður hjá því komist að íhuga kostnað við að koma fjölskylduvænu skattkerfi á. Fjölgun skattalegra ívilnana hvort heldur í formi frádráttarheimilda, skattaafslátta, breytinga á bótakerfum eða breytingar á skattlagningarreglum hefur óhjákvæmilega í för með sér að skattgreiðendum fækkar eða þeir greiða lægri skatt sem þýðir að tekjur hins opinbera dragast saman. Áður en hægt er að gera slíkar breytingar verður því að ákveða hvernig fjármagna eigi slíkar breytingar. Hið opinbera hefur til dæmis val um hækkun skatthlutfalla, breytingu á tekjumörkum skattþrepa, lækkun persónuafslátta eða finna upp nýja skatta. Einnig mætti bæta við skattþrepum. Einnig er hægt að leita út fyrir tekjuskattkerfið og beita óbeinum sköttum til tekjuöflunar.

5.3 Samantekt IV. hluta

Í fjórða hluta voru íslenska og danska skattkerfið borin saman og að auki fjallað um ýmsar leiðir til að gera skattkerfi fjölskylduvænna.

Íslenska og danska skattkerfið eiga ýmislegt sameiginlegt en geta samt ekki talist lík skattkerfi. Þó tekjuhugtakið sé svipað er meðferð tekna ólík, bæði flokkun þeirra og skattlagning. Dönsk hjón njóta mun ríkari frádráttarheimilda en íslensk hjón, enda fjölmargar frádráttarheimildir í boði innan danska skattkerfisins en ekki er hægt að segja það sama um íslenska skattkerfið. Skattlagning í íslenska skattkerfinu er því að mestu brúttóskattlagning en meira er um nettóskattlagningu í því danska en það er ekki algilt. Heimildir hjóna til að millifæra tekjur og gjöld sín á milli og samnýta skattþrep eru einnig fjölbreyttari í danska skattkerfinu en því íslenska. Grunn-hugmyndin að baki báðum skattkerfunum virðist þó vera sú sama, að leggja skatt á skattþegnana á réttlátan og sanngjarnan hátt þannig að þeir sem hafa meira á milli handanna greiði meira en hinir.

Eins og fram kom í kaflanum *Fjölskylduvænt skattkerfi* í IV. hluta ritgerðarinnar er um margar leiðir að velja til að gera skattkerfi fjölskylduvænt og er meðal annars búið að ræða um fjölskylduskattlagningu, auknar frádráttarheimildir, breytingar á bótakerfum, barnaskattkort eða frádrætti, aukna skattaafslætti og skattfrjálsar endurgreiðslur. Þegar hugsanlegur hagur fjölskyldna af framangreindum hugmyndum

um hvernig gera má skattkerfið fjölskylduvænna er metinn skipta heildartekjur fjölskyldunnar meginmáli um hvort og hvernig hugmyndirnar nýtast til að auka ráðstöfunartekjur hennar. Flestar framangreindra hugmynda gagnast fjölskyldum með tekjur umfram skattleysismörk. En hafi fjölskylda svo lágar tekjur að hún greiðir ekki skatt munu auknar frádráttarheimildir, hækkun skattleysismarka eða barnaskattkort ekki hafa áhrif á ráðstöfunartekjur hennar. Skattfrjálsar endurgreiðslur á útlögðum kostnaði myndu hins vegar auka ráðstöfunartekjur fjölskyldu í þeirri stöðu. Það skiptir samt máli að skattkerfið sé byggt upp á þann hátt að breytist staða fjölskyldunnar síðar til dæmis vegna launahækkunar eða annarra kjarabóta muni tekjurnar skila sér í vasa fjölskyldunnar en ekki hins opinbera vegna áhrifa jaðarskatta. Það skiptir því máli fyrir barnafjölskyldur almennt að uppbygging skattkerfisins sé fjölskylduvæn.

6 Niðurstaða

Uppbygging skattkerfis hefur mikið að segja um það hvort skattkerfi telst fjölskylduvænt eða ekki. Á meðal áhrifaþátta eru skilgreining skattskyldra tekna, skattar, fjöldi skattþrepa, skatthlutföll, frádráttarheimildir, skattaflættir og bótakerfi, tekju- og eignatengingar en samspil þessara þátta ræður hversu fjölskylduvænt skattkerfið er. Að auki myndi heimild til skattfrjálsra endurgreiðslna á tilteknum útlögðum kostnaði stuðla að fjölskylduvænna skattkerfi. Það er þó óhætt að segja að frádráttarheimildir spili lykilhlutverk í því hvort og hversu fjölskylduvænt skattkerfi er. Skattlagningarreglur hafa einnig áhrif á það hvort skattkerfi telst fjölskylduvænt eða ekki og eru það einkum heimildir hjóna til samsköttunar og millifærslna á ónýttum skattþrepum og frádráttarheimildum sem skipta máli í því sambandi

Núverandi skattkerfi sem tók gildi um síðustu áramót með gildistöku laga nr. 128/2009 er þriggja þrepa fjölþrepaskattkerfi. Skattkerfið er byggt þannig upp að nær öll gæði og verðmæti sem hægt er að meta til peninga og launamanni hlotnast eru skattskyld. Skattskyldum tekjum er skipt í þrjá flokka, A, B og C tekjur sbr. 7. gr. Tsl. en skipting tekna í þessa flokka skiptir miklu máli því hún stjórnar því hvaða skatthlutfall skal nota við skattlagningu tekna og hvaða frádrættir eru leyfilegir. Helstu skattar sem lagðir eru á menn eru: tekjuskattur, útsvar, fjármagnstekjuskattur, auðlegðarskattur, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald. Um tvo skattstofna er að ræða annan fyrir tekjuskatt og útsvar og hinn fyrir fjármagnstekjur. Báðir skattstofnar samanstanda nánast af brúttótekjum en lítið er um frádráttarheimildir í íslenska skattkerfinu. Hver maður sem náð hefur 16 ára aldri og er skattskyldur á Íslandi á rétt á persónuafslætti sem dregst frá reiknuðum skatti. Sjómenn og fleiri eiga jafnframt rétt á sjómannaafslætti skv. tilteknum reglum. Sjómannaafsláttur dregst líka frá reiknuðum skatti. Þá getur skattþegn átt rétt á barnabótum eða vaxtabótum eftir nánari reglum þar um.

Frádráttarheimildir gegna veigamiklu hlutverki í því hvort skattkerfi telst fjölskylduvænt eða ekki enda hafa þær veruleg áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldna. Það er ekki margar slíkar heimildir að finna í íslensku tekjuskattslögunum. Frádráttarheimildir á móti einstaklingstekjum sem segja má skipta meginmáli fyrir hinn almenna

launamann eru ökutækjastyrkur, dagpeningar, hliðstæðar endurgreiðslur á kostnaði og iðgjöld í lífeyrissjóði til aukningar lífeyrisréttindum og er að finna í A-lið 30. gr. Tsl. Þessar frádráttarheimildir eiga það allar sameiginlegt að hafa tengsl við atvinnu launamanns og er því ekki hægt að segja að þeim hafi verið komið á með hag fjölskyldunnar sérstaklega í huga. Engu að síður greiðir launþeginn lægri skatta en ella og frádráttarheimildirnar auka ráðstöfunartekjur hans og uppfylla því skilyrði þess að teljast fjölskylduvænar. Iðgjöld í lífeyrissjóð skera sig þó úr að þessu leyti þar sem að um sparnað til elliáranna er að ræða. Ráðstöfunartekjur launþegans lækka í bili en hann greiðir jafnframt lægri skatt og er það ástæðan fyrir því að um fjölskylduvænan frádrátt er að ræða. Í Danmörku eru fjölmargar frádráttarheimildir og má telja að danska skattkerfið sé fjölskylduvænna en það íslenska að þessu leyti. Til að gera íslenska skattkerfið fjölskylduvænna er þörf á að bæta fleiri frádráttarheimildum við. Ýmsar hugmyndir að mögulegum frádráttarheimildum voru raktar í IV. Hluta, í kaflanum *Auknar frádráttarheimildir*, þar á meðal heimild til aðkeyptar vinnu fagmanna og tiltekinna sérfræðinga, frádrátt vegna aksturs á milli heimilis og vinnu og barnafrádrátt.

Persónuafsláttur skiptir miklu máli vegna áhrifa hans á skattleysismörk og þar með ráðstöfunartekjur launþega. Hækkun persónuafsláttar myndi til dæmis hækka skattleysismörk launþega og auka ráðstöfunartekjur hans um leið. Þar af leiðandi má telja að tilvist hans sé fjölskylduvæn. Afnáam vísitölubindingar persónuafsláttar er því áhyggjuefni þar sem hætta er á að skattbyrði launþega hækki hægt og rólega við skilyrði verðbólgu en persónuafsláttur mun ekki halda raungildi sínu sjálfkrafa. Í kjölfarið munu skattgreiðslur hækka en ráðstöfunartekjur launþega lækka. Þessi breyting getur því varla talist fjölskylduvæn. Sjómanna afsláttur hefur einnig áhrif á skattleysismörk þeirra sem hans njóta. Afnáam sjómannaafsláttar mun lækka skattleysismörk þeirra verulega og hafa þannig áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem rétt eiga á sjómannaafslætti.

Barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur eru skattfrjálsar greiðslur sem hafa áhrif á skattleysismörk og ráðstöfunartekjur fjölskyldna. Við útreikning bóta getur hjúskaparstaða, fjöldi barna, eignir og tekjur haft áhrif á bótaupphæðina. Barnabætur má telja fjölskylduvænar að því marki sem þær eru skattfrjáls greiðsla og auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Að sama skapi teljast tekjutengingar barnabóta ekki fjölskylduvænar að því leyti sem barnabætur lækka með hækkandi tekjum. Áhrif launahækkunar á

ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar geta því verið öfugar. Um vaxtabætur og húsaleigubætur gildir það sama og um barnabætur, að því marki sem ráðstöfunartekjur aukast hjá fjölskyldu teljast þær fjölskylduvænar. Tekju- og eignatengingar geta jafnframt valdið því að ráðstöfunartekjur heimilis lækki fái launþegi launahækkun eða aðrar kjarabætur. Það má því segja að barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur geti verið tvíeggjað sverð. Afnáam tekju- og/eða eignatengingar við vaxta- og barnabætur gæti reynst fjölskylduvæn kjarabót sem þýddi að skattkerfið yrði fjölskylduvænna um leið.

Í stað þess að afnema tekjutengingu vaxtabóta mætti hugsa sér að leggja vaxtabótakerfið niður og annað hvort taka upp nettóskattlagningu fjármagnstekna eins og Danir eða heimila fastan frádrátt vaxtagjalda, Vaxtagjaldapak, á móti skattskyldum tekjum. Vaxtagjöldin væru ekki bundin við vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Slík aðgerð er fjölskylduvæn þar sem hún eykur ráðstöfunartekjur fjölskyldna.

Ein leiðin sem nefnd var í því skyni að gera íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænna er að heimila skattfrjálsar endurgreiðslur á tilteknum útlögðum kostnaði sbr. IV. Hluta, *Skattfrjálsar endurgreiðslur í stað frádráttar*. Ástæðan fyrir að nefna þá leið er að launþegar með tekjur við eða undir skattleysismörkum greiða ekki skatta. Auknar frádráttarheimildir, hækkun skattleysismarka eða barnaskattkort munu því ekki hafa nein áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra. Skattfrjáls endurgreiðsla á útlögðum kostnaði myndi hins vegar auka ráðstöfunartekjur launþega í þeirri stöðu og þá fjölskyldu hans um leið.

Einnig var rætt um að sérstök fjölskylduskattlagning gæti gert skattkerfið fjölskylduvænna. Í þeirri hugmynd felst að hjón eru samsköttuð sem heild og miðað sé við sameiginlegar tekjur við skattlagningu. Með því móti eru skattþrep þeirra og frádráttarheimildir fullnýtt. Að auki væri nauðsynlegt að slíkt skattkerfi innihéldi frádráttarheimildir. Einstæðir foreldrar falla að sjálfsgöðu líka undir skilgreininguna „fjölskylda“ og fjölskylduskattlagning. Einnig mætti hugsa sér að innleiða sérstakan fjölskylduskattstiga þar sem skatthlutfallið er lægra en við almenna skattlagningu.

Búið er að reifa stóran hluta þeirra atriða sem stuðla að því að skattkerfi sé fjölskylduvænt en það má ekki gleyma því að skattlagningarreglur skipta líka máli í þessu

sambandi og eru það einkum heimildir hjóna til samsköttunar og millifærslna á ónýttum skattþrepum og frádráttarheimildum sem skipta máli í því sambandi.

Með samsköttun gefst hjónum tækifæri til að fullnýta skattþrep sín, tekjumörk og millifærsluheimildir en með því móti eru skattgreiðslur þeirra lágmarkaðar sem hefur svo aftur áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar. Samsköttun hjóna er ekki fyrir hendi í íslenska skattkerfinu nema hvað varðar fjármagnstekjur, en þær eru lagðar saman og skattlagðar hjá því hjóna sem hefur hærrí A-tekjur. Aðrar tekjur eru skattlagðar hjá hvoru hjóna fyrir sig. Væri álagning tekjuskatts og útsvar miðuð við samanlagðan tekjuskattsstofn hjóna við álagningu þannig að tekjumörk hvers skattþreps nýttust að fullu myndi það lækka skattgreiðslu hjónanna. Innan íslenska skattkerfisins er þó aðeins heimilt að millifæra tekjur á milli skattþrepa í samræmi við þær reglur sem lýst var í II. hluta í kaflanum *Um skattlagningu hjóna*. Einnig er heimilt að millifæra persónuafslátt á milli maka og samnýta frítekjumörk fjármagnstekna. Jafnframt er heimild til millifærslu ónýttra frádráttarheimilda fyrir hendi. Að þessu leyti má því telja að íslenska skattkerfið sé fjölskylduvænt að hluta.

Það má samt ekki gleyma að meginhlutverk skattkerfis er að afla tekna til að fjármagna verkefni sem eru í verkahring hins opinbera. Stjórnvöld taka því ákvarðanir um hvaða skatta skal innheimta, af hvaða tekjum, hvaða skatthlutfalli skal beita og ekki síst hverjir eiga að greiða skattinn og í hvaða mæli skattheimtan á að snerta afmarkaða hópa skattgreiðenda. Einnig er ákveðið með hvaða hætti skuli standa að tekjujöfnun. Að lokum er ákveðið hvort frádrættir frá skattskyldum tekjum eða reiknuðum skatti verða heimilaðir. Slíkar ákvarðanir eru teknar að hluta til út frá áætluðum kostnaði við verkefni sem hinu opinbera ber að sinna og að hluta til út frá hvernig efnahagsástandið í þjóðfélaginu er.

Eigi að koma fjölskylduvænu skattkerfi á þarf að íhuga kostnaðinn sem það hefur í för með sér. Fjölgun skattalegra ívilnana hvort heldur í formi frádráttarheimilda, skattaafsláttar, breytinga á bótakerfum eða breytingar á skattlagningarreglum hefur óhjákvæmilega í för með sér að skattgreiðendum fækkar eða að þeir greiða lægri skatt og þá dragast tekjur hins opinbera saman. Áður en hægt er að gera einhverjar breytingar verður því að ákveða hvernig eigi að fjármagna þær. Hið opinbera hefur til dæmis val um að hækka skatthlutföll, breyta tekjumörkum skattþrepa, lækka

persónuafslátt eða finna upp nýja skatta. Einnig mætti bæta við skattþrepum eða leita út fyrir tekjuskattskerfið og beita óbeinum sköttum til tekjuöflunar

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið sagt má draga þá ályktun að íslenska tekjuskattskerfið sé ekki byggt upp í þeim tilgangi einum að vera fjölskylduvænt en það er að mestu miðað við skattlagningu einstaklinga. Það sést til dæmis á því að allir hafa jafnháan persónuafslátt og að tekjuþrepin eru þau sömu fyrir alla burtséð frá því hve margir eiga að lifa af tekjum launþega. Í reynd vantar heilmikið upp á til að skattkerfið geti talist fjölskylduvænt s.s. að miðað sé við raunverulega greiðslugetu fjölskyldu, samsköttun hjóna og sambýlisfólks, fjölbreyttar frádráttarheimildir og bótakerfi sem ekki eru tekju- eða eignatengd og jafnvel skattfrjálsar endurgreiðslur. Þó eru einnig ýmsir þættir í skattkerfinu, eins og áður hefur verið rætt, sem telja má fjölskylduvæna að því marki sem þeir auka ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar.

Ef til dæmis er litið til nágrannaþjóðar okkar Danmerkur er uppbygging skattkerfisins svipuð að þessu leyti. Til dæmis er miðað við skattlagningu einstaklinga og allir fá sama persónuafslátt. Engu að síður býðst hjónum að samnýta flest tekjuþrep, þó ekki vegna launatekna, millifærsluheimildir eru fyrir hendi auk fjölmarga frádráttarliða þannig að flestir ef ekki allir njóta einhvers frádráttar af skattskyldum tekjum. Danska skattkerfið er sem sagt ekki hannað í þeim tilgangi að vera fjölskylduvænt en inniheldur engu að síður fjölmarga liði sem telja má fjölskylduvæna og stendur því framur íslenska tekjuskattkerfinu að þessu leyti.

Niðurstaðan er sú að það er ekki hægt að gefa einfalt já eða nei svar við spurningunni *Er íslenska tekjuskattskerfið fjölskylduvænt?* Uppbygging skattkerfisins er miðuð við skattlagningu einstaklinga en þó inniheldur það ýmsa þætti sem telja má fjölskylduvæna eins og rakið hefur verið í undanfarandi umfjöllun, það er því hægt að segja að *íslenska tekjuskattskerfið sé að einhverju leyti fjölskylduvænt*. Þá stendur eftir spurningin *Hvernig má gera tekjuskattskerfið fjölskylduvænna?* Í stórum dráttum má segja að til þess að skattkerfið verði fjölskylduvænna þurfi meðal annars að gæta þess að taka tillit til stærðar fjölskyldunnar, samskatta hjón, bæta inn frádráttarheimildum og draga úr tekjutengingum. Eða með öðrum orðum breyta áherslunni á skattlagningu brúttótekna í skattlagningu nettótekna.

7 Lokaorð

Í viðleitni við að svara rannsóknarspurningunum *Er íslenska tekjuskattkerfið fjölskylduvænt?* og *Hvernig má gera tekjuskattkerfið fjölskylduvænna?* sem hafðar voru að leiðarljósi við gerð þessarar ritgerðar var fjallað ítarlega um þann hluta íslenska tekjuskattkerfisins sem snýr að skattlagningu manna utan atvinnurekstrar og sérstaklega þær reglur sem gilda um skattlagningu hjóna og fleira sem tengist skattkerfinu. Meðal annars var fjallað um greiðslugetu og tengslin við framfærslu- og skattbyrði auk umfjöllunar um nánin tengsl persónuafsláttar, skattleysismarka og skatthlutfalla. Tvær grunngerðir skattkerfa voru kynntar og farið yfir þær breytingar sem gerðar voru á tekjuskattkerfinu og tóku gildi um áramótin. Frádráttarheimildir voru ekki undanskildar umræðu auk þess sem sköttum og skattlagningu hjóna voru gerð góð skil. Síðan fjallað var um þann hluta danska tekjuskattkerfisins sem snýr að skattlagningu manna utan rekstrar, og sérstaklega þær reglur sem gilda um skattlagningu hjóna, á sambærilegan hátt og íslenska skattkerfið og voru skattkerfin tvö svo borin saman í kjölfarið. Að lokum var rannsóknarspurningunum svarað.

Ekki er hægt annað en að minnast á frétt sem birtist í Fréttablaðinu 22. júlí sl. og fjallar um vinnu við endurskoðun á skattkerfinu í heild sinni. Í fréttinni kemur fram að í kjölfar skattkerfisbreytingarinnar sem tók gildi um síðustu áramót skipaði fjármálaráðherra nefnd sem hefur það hlutverk að yfirfara skattkerfið í heild sinni og gera tillögur um frekari breytingar á skattkerfinu. Vonir standa til að tillögur að nýju skattkerfi verði lagðar fram um áramót. Nefndin er meðal annars að skoða hvaða fjöldi skattþrepa í skattkerfinu er heppilegur ásamt uppstokkun bótakerfis en ætlunin er að flytja tekjutengingar inn í skattkerfið þar sem ekki gengur að bæði skattar og bætur séu tekjutengdar, en tekjutenging er ein tegund skattlagningar. Nýtt barnatryggingakerfi og húsnæðisbótakerfi eru einnig í skoðun. Barnatryggingakerfi er ætlað að taka við af barnabótakerfinu og er talið að slíkt kerfi geti betur mætt hag barnmargra lágtekjufjölskyldna, hvatt fólk til atvinnuþátttöku og auðveldað leiðina úr atvinnuleysi. Húsnæðisbótakerfi á að leysa vaxtabóta- og húsaleigukerfin af hólmi. Eftir fréttinni að dæma standa óskir stjórnvalda til þess að móta skattkerfi sem styður enn frekar við þær

fjölskyldur sem eiga á hættu að lenda í fátæktargildru og mæta betur framfærslupörf vegna barna og húsnæðis.³²¹ Eins og fram hefur komið standa vonir til að nýtt kerfi verði lagt fram um áramótin. Ekki kemur fram hvort það þýði að ætlunin sé að nýtt kerfi taki gildi þá, en vonandi verður þó tekinn góður tími í að veða og meta kosti og galla fyrirhugaðara breytinga og haft samráð við hagsmunaaðila auk þess að meta hvort þær muni skila tilætluðum árangri áður en breytingar verða gerðar.

Ljóst er að eins og stendur er ekki hægt að treysta á stöðugleika í skattamálum nema síður sé. Vinnsla þessarar ritgerðar hófst í nóvember 2009 og segja má að varla hefði verið hægt að finna áhugaverðari tíma til að skrifa um skattkerfi og breytingar á því, enda var skattkerfinu sem höfundur hóf skriftir um kollvarpað um áramótin og nýtt skattkerfi innleitt og það án mikils fyrirvara. Má jafnvel búast við því að skattkerfinu verði gjörbreytt á nýjan leik um næstu áramót.

Tíminn sem varið hefur verið í vinnu við ritgerðina er búinn að vera mjög lærdómsríkur. Ýmsar greinar tekjuskattslaganna skiljast betur og þá ekki síst gildandi reglur um skattlagningu hjóna og frádrætti. Jafnframt er aukinn skilningur á samspili skattbyrði, skattleysismarka, tekjujöfnunar og fleira nú fyrir hendi. Það var mjög áhugavert að kynna sér danska tekjuskattkerfið þó sú vinna hafi ekki verið alltaf verið átakalaus, þar sem stundum þurfti fleiri en eina og fleiri en tvær tilraunir til að skilja efnið. Þegar upp er staðið má segja að höfundur hafi annars vegar öðlast dýpri þekkingu á þeim reglum sem gilda um skattlagningu hjóna og hins vegar þurft að móta sér skoðanir á tekjuskattkerfinu í tengslum við rannsóknarefnið og er það aðeins af hinu góða.

³²¹ Skattkerfið dragi úr... (2010, 22.07)

8 Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). *Skattaréttur 1*. Reykjavík: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar.

Ásmundur G. Vilhjálmsson (1995). *Skattaréttur 3*. Reykjavík: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar.

Ásta Kristjánsdóttir (2004). Hugleiðing um skattlagningu sambúðarfólks. *Tíund*, ágúst. 12 – 14. Sótt af http://rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2004_08.is.pdf. 24.02.2010

ATP – upplýsingasíða (2010). *ATP Livslang Pension - pension hele livet*
http://www.atp.dk/X5/wps/wcm/connect/ATP/atp.dk/erhverv/pens/atp/privat_virksomhed/hvad_koster_det/satser_for_2009/satser_for_2009-2010.htm, sótt 11.07.2010

Björk Vilhelmsdóttir (2010, 25.05). Mætum vaxandi fátækt. *Fréttablaðið*.

Edda Rós Karlsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). *Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks*, Reykjavík: Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sótt á <http://eldrivefur.asi.is/upload/files/Skattask%C3%BDrsla%20AS%C3%8D%20og%20BSRB2.pdf> 16.11.2009

Félagsmálaráðuneytið (2008). *Húsaleigubætur*. Sótt af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Husaleigubotabaklingur_11_utgafa.pdf 06.12.2009

Félagsmálaráðuneytið (2010). *Hækkun viðmiðunarfjárhæðar eignamarka vegna húsaleigubóta*. Sótt af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4733> 17.04.2010

- Finnur Oddsson, Frosti Ólafsson og Haraldur I. Birgisson (ritstjórar) (2009, skýrsla). *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar*. Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands. Sótt á http://www.vi.is/files/Fjarmal%20hins%20opinbera_240079415.pdf 06.02.2010
- Fjármálaráðuneytið (2003, *Greinargerð um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslustaðla*), *Greinargerð um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslustaðla*. Sótt af http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Fjoltrepanefnd-070403.pdf 02.11.2009.
- Fjármálaráðuneytið (2008, *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*). *Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni*. Skýrsla nefndar. Sótt á <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adrarskyrslur/Isenska-skattkerfid-samkeppnishaeafni-og-skilvirkni.pdf> 29.09.2009
- Frosti Jónsson (2008, 15.04). Breyttir tímar. *Fréttabréf Samtakanna '78 í apríl 2008*. Sótt af http://www.samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=115:breyttir-timar&catid=20:samfelag-og-saga&Itemid=102 01.12.2009
- Garðar Gíslason (2001). *Þjóðfélagsfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. Bls. 33
- Garðar Valdimarsson (2009). *Skattabreytingar – innlegg á upplýsingafundi*.
Upplýsingafundur hjá Deloitte 09. desember.
- Gunnar Egill Egilsson (2009). *Boðaðar skattabreytingar*. Upplýsingafundur hjá Deloitte 09. desember.
- Gylfi Knudsen (1993), Skattlagning hjóna og sambýlisfólks, *Úlfjótur*, 46 (4), 293 –318
- Gylfi Knudsen (1994), Ættarmark álögunnar, *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. September 1994*. Ritnefnd: Katrín Jónasdóttir [et. al]. Reykjavík: Orator, 309 – 339.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson (2007), Jöfnuður og sanngjörn skattlagning, *Stjórnmal og Stjórnsýsla – veftímarit*, 2. tbl. 3. árg. 211 – 229, sótt 19.10.09 af <http://stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2007h/hannes07.pdf>

- Helgi V. Jónsson (1993). Frádráttur frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns. *Úlfjótur*, 46 (4), 319-344.
- Indriði H. Þorláksson (2007). Skattapólitík - Er skattkerfið sanngjarnt og hvernig nýttast ívilnanir þess? *Stjórnmal og Stjórnsýsla – veftímarit*, 1. tbl. 3. árg. 11 – 33. Sótt 19.10.2009 af <http://stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/eg2007v/indridi.pdf>.
- Ingibjörg Ingvadóttir (1994). *Skattaréttur og reglur um reiknað endurgjald*. (2. útgáfa). Kandidatsritgerð, sölueintak: Háskóli Íslands, Lagadeild.
- Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2008). *Drög ætluð til kennslu*. Námsefni fyrir fyrirlestur í Aðferðafræði lögfræðinnar 29 - 30.07.08. Háskólinn á Bifröst: sumar 2008.
- Ingólfur H. Ingólfsson (2005). *Þú átt nóg af peningum...þú þarft bara að finna þá!* Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Innheimtustofnun sveitarfélaga (2010). Sótt 07.07.2010 á: <http://www.medlag.is/>
- Johnstone R.L. (2009). Tax is a Feminist Issue. *Lögfræðingur*, 1 tbl. 3. árg. 38 – 55.
- Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (2007). Persónufrádráttur eða persónuafsláttur. *Tíund*, ágúst. 8-12. Sótt af http://www.rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2007_08.is.pdf 15.10.2009.
- Jón Steinsson (2009, 03.12). *Er fjölþrepaskattkerfi okkur ofviða?* Sótt af <http://www.visir.is/article/20091203/SKODANIR03/571345613> 04.12.2009
- Jónatan Þórmundsson (1982). Skattskylda einstaklinga. *Tímarit lögfræðinga*, 32(1), 2-29.
- Michelsen, A., Askholt, S., Bolander, J., Engsig, J. (2007). *Lærebog om indkomstskat* (12. útg.). Danmörk: Jurist- og Ökonomforbundets Forlag.
- Pedersen, J. og fleiri (2009). *Skatteretten 1*. København: Thomson Reuters Professional, (5. Útg.).

- Ríkisskattstjóri (2010). *Orðsending 1/2010 - staðgreiðsla*. Sótt af http://www.rsk.is/ws/cm/file/rsk_0601_1_2010.is.pdf 24.05.2010
- Róbert R. Spanó (2006). Stjórnsýsluréttur. Í Róbert R. Spanó (ritstjóri), *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði* (bls: 99 – 147). Reykjavík: Codex
- Seðlabanki Íslands (2010). *Gengi gjaldmiðla*. Sótt á <http://sedlabanki.is/?PageID=7> 2.08.2010
- Sigurður Líndal (2007). *Um lög og lögfræði I, Grundvöllur laga - Réttarheimildir*. (2. útgáfa endurskoðuð 2007). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Skat. (2009). *Flytteudgifter*. Sótt af <http://www.skat.dk/SKAT.aspx?old=1714530&vld=203011&chk=203011#pos> 16.03.2010
- Skat (2010). *Hvor meget får jeg i børnefamilieydelse?* Sótt af <http://www.skat.dk/SKAT.aspx?old=133788&vld=202283&i=4#i133788> 26.03.2010
- Skat (2010a). *Skatteberegning - hovedtrækkene i personbeskatningen 2010*. Sótt af http://www.skm.dk/tal_statistik/skatteberegning/7945.html#procenter, 20.03.2010
- Skat (2010b). *Børnefamilieydelse*, sótt af <http://www.skat.dk/SKAT.aspx?old=133785&vld=202283&i=1&action=open#i133785> 20.05.2010
- Skatteministeriet (2010). *Forårspakke 2.0 - indfasning af ændringerne i personbeskatningen i 2010 til 2019*, sótt af http://www.skm.dk/tal_statistik/skatteberegning/7740.html?rel, 05.05.2010
- Skattkerfið dragi úr tekjutengingu bóta (2010, 22.07). *Fréttablaðið*. Bls. 4.
- Stefán Ólafsson (2004). *Umhverfi barna í velferðarríkjum*. Reykjavík: Borgarfræðasetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Sótt af <http://www.borg.hi.is/childwelfare.pdf> 26.10.2009.
- Stefán Ólafsson (2006, 18.01). Stóra skattalækkunarbrellan. *Morgunblaðið*. Sótt af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1061352 26.02.2010

- Stefán Ólafsson (2007a). Skattastefna Íslendinga. *Stjórnmal og Stjórnsýsla – veftímarit*, 2 tbl. 3. árg. 231 – 263. Sótt af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2007h/stefan07.pdf> 15.10.2009
- Stefán Ólafsson (2007b). *Um vaxtabætur og húsnæðisstefnu - minnisblað – nóvember 2007*. Sótt af thjodmalastofnun.hi.is/Um%20vaxtabætur%20og%20húsnæðisstefnu.doc 04.03.2010
- Stjórnartíðindi (2009). *Skattmat 2010*. B-deild. Auglýsing 1088/2009. Birt: 31.12.2009. Sótt af <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=44e1e003-41f3-4a30-8cd3-5854fb4649e6> 24.05.10
- The Danish Ministry of Taxation (2009, skýrsla til OECD). *Danish Tax Reform 2010, Paper to the OECD WP 2 meeting November 2009*. The Danish Ministry of Taxation. Sótt af http://www.skm.dk/public/dokumenter/engelsk/Danish%20Tax%20Reform_2010.pdf, 26.03.10
- Unnar Steinn Bjarndal (2006a). Um skatta og skattheimtu. *Tíund*, ágúst. 23 – 25. Sótt af http://www.rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2006_08.is.pdf 22.10.2009
- Unnar Steinn Bjarndal (2006b). Skattalöggjöf til forna. *Tíund*, nóvember. 16 – 18. Sótt af http://www.rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2006_11.is.pdf. 22.10.2009
- Unnar Steinn Bjarndal (2007). Megineinkenni skattalöggjafarinnar. *Tíund*, apríl. 16 – 18. Sótt af http://www.rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2007_04.is.pdf. 22.10.2009
- Verslunarráð Íslands (2005, skýrsla). *15% landið Ísland*. Skýrsla Verslunarráð Íslands til Viðskiptabings 2005. Reykjavík: Verslunarráð Íslands. Sótt á <http://www.vi.is/files/935365325Endanleg%20%C3%BAtg.%20sk%C3%BDrslu%20V%C3%8D%202005.pdf> 08.10.2009
- Þjóðskrá (2009). *Beiðni um skráningu í sambúð*. Sótt af <http://www.thjodskra.is/media/eydublod/sambud.pdf> 07.12.2009

9 Lög og reglugerðir

9.1 Lög

Lög um tekjuskatt nr. 21/1877

Lög um tekju- og eignarskatt nr. 74/1921

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög nr. 33/1944, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Lög um hlífðarfatnaðar- og fæðisfrádrátt nr. 41/1954

Lög um tekju- og eignarskatt nr. 46/1954

Lög um tekju- og eignarskatt nr. 40/1978

Lög nr. 25/1981, Tekjuskattur og eignaskattur

Lög um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981

Lög nr. 121/1984 (tekju- og eignaskattur)

Lög um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987

Hjúskaparlög nr. 31/1993

Lög um um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996

Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum nr. 22/2003

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum nr. 129/2004

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum nr. 174/2006

Lög um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum nr. 46/2009

Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 70/2009

Lög um tekjuöflun ríkisins nr. 128/2009

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og fleiri lögum. nr. 136/2009

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum nr. 137/2009

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. 152/2009

Lög um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum (leiðrétting vegna laga um tekjuöflun ríkisins). nr. 16/2010

Lög um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög) nr. 65/2010

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds). nr. 92/2010

9.2 Reglugerðir

Reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt

Reglugerð nr. 212/1996, um ívilnanir

Reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta.

Reglugerð nr. 118/2003, um húsaleigubætur

Reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta.

Reglugerð nr. 50/2008, um breytingu á reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt, með síðari breytingum

10 Dómar og úrskurðir

10.1 Dómar

Héraðsdómur nr. 119/1998

Héraðsdómur nr. 124/2000

Hrd. 1965:424 (425-426)

Hrd 1986:706

Hrd. 1994 :2912

Hrd. 2003:2329

Hæstaréttardómur: nr. 64/1999

10.2 Úrskurðir Yfirskattanevndar

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 377/1995

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 386/1995

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 311/2000

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 278/2003

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 354/2005

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 395/2005

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 42/2006

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 149/2006

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 157/2006

Úrskurður Yfirskattanevndar nr. 43/2008

10.3 Úrskurðir Umboðsmanns Alþingis

Úrskurður Umboðsmanns Alþingis nr. 5060/2007

11 Dönsk lög

Lovbekendtgørelse 2006-09-22 nr. 972 om en børnefamilieydelse, sótt af Karnov,

http://www.thomson.dk/pls/onl/ilselog.ip_login 26.3.10

Lovbekendtgørelse 2006-09-19 nr. 959 om indkomstskat for personer, sótt af Karnov,

http://www.thomson.dk/pls/onl/online_forside_pack.forside 26.3.10

Lovbekendtgørelse 2005-05-27 nr. 386 om beskatning af søfolk, sótt af

Karnov, http://www.thomson.dk/pls/onl/online_forside_pack.forside 26.3.10

Lovbekendtgørelse 2006-11-10 nr. 1120 Pensionsbeskatningsloven, sótt af Karnov,

http://www.thomson.dk/pls/onl/online_forside_pack.forside 26.03.10

Lov 2009-06-12 nr. 471 om arbejdsmarkedsbidrag (arbejdsmarkedsbidragsloven) som ændret ved L 2009-12-16 nr. 1278 sótt af Karnov,

http://www.thomson.dk/pls/onl/ilselog.ip_login 20.05.2010